

---

# FORNLEIFAR Á VESTDALSEYRI:

## DEILISKRÁNING Á ÞORPINU OG NÁNASTA NÁGRENNI

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR  
OG KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2019  
FS692-17191



*Ljósmynd á forsiðu er af Vestdalseyri. Til hægri við miðju sést grunnur Gránufélagshússins NM-252:040 og leifar hafskipabryggju NM-252:043.*

*Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir*

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## EFNISYFIRLIT

|   |     |
|---|-----|
| 1. INNGANGUR.....                           | 5   |
| 2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF..... | 7   |
| 3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....    | 9   |
| 4. YFIRLIT UM SÖGU SVÆÐIS .....             | 13  |
| 5. FORNLEIFASKRÁ.....                       | 29  |
| 6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....                  | 179 |
| HEIMILDASKRÁ.....                           | 197 |

### Viðauki

Kort af skráningarsvæðinu

## Samantekt

Í skýrslunni er að finna skráningu Fornleifastofnunar Íslands ses á 26 ha stóru svæði innan jarðarinnar Vestdals í Seyðisfirði. Skráningin var unnin fyrir landeiganda, Seyðisfjarðarkaupstað, en uppi eru ýmsar hugmyndir um framtíðarnýtingu svæðisins. Úttektarsvæðið náði yfir hið gamla þorpsland á Vestdalseyri en að auki yfir töluvert svæði til norðausturs og inn í heimatún jarðarinnar Vestdals. Við úttektina voru margvíslegar heimildir kannaðar, loftmyndir skoðaðar og sömuleiðis gamlar ljósmyndir. Einnig var rætt við heimildamenn um svæðið. Við vettvangsúttekt var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum. Minjarnar voru því eins og gefur að skilja mjög fjölbreytilegar, en innan úttektarsvæðis voru skráðar minjar um hefðbundinn landbúnað og sjávarútveg, margvíslegar þéttbýlisminjar sem og herminjar.

Svæðið var skráð sumarið 2017. Skráðar voru 219 minjar innan úttektarsvæðis. Er það gríðarlegur fjöldi minja á ekki stærra svæði og endurspeglar það að hluta til hversu margir bjuggu á svæðinu allt frá miðri 19. öld og fram yfir hernámsárin.

### *Efnisorð*

Fornleifaskráning, deiliskráning, nýminjar, þéttbýlisminjar, herminjar, Vestdalseyri,

## Summary

This report is about a detailed survey by The Institute of Archeology in Iceland of a 26 ha area within the property of the farm Vestdalur in Seyðisfjörður, NE Iceland. The survey was done on the request of the landowner, the community of Seyðisfjörður. The survey took place in connection to possible development of the area in the future. The surveyed area covered the town of Vestdalseyri that developed in the middle of 19th century and was not fully abandoned until over a century later. The area also included most of the homefield of the farm of Vestdalur and numbers of tenant farms.

The survey took place in the summer of 2017. It revealed 219 archaeological sites. This is a very high number for the size of the investigated area but can be explained by how densely populated the area was (in Icelandic standards) and the fact that the area was later occupied by the English and U.S. army during WWII.

### *Keywords*

Archaeology, detailed survey, 20th century archaeology, WWII, Vestdalseyri




# 1. Inngangur

Á vormánuðum 2017 fól Seyðisfjarðarkaupstaður Fornleifastofnun Íslands ses að vinna deiliskráningu á Vestdalseyri við Seyðisfjörð. Svæðið sem skráningin náði til var um 26 ha stórt. Innan þess er þorpið Vestdalseyri en svæðið náði talsvert norðaustur fyrir sjálft þorpið og yfir stóran hluta gamla heimatúns lögbýlisins Vestdals. Úttektarsvæðið er nú í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Ástæða þess að ráðist var í úttekt á umræddu svæði er að í gegnum tíðina hafa komið fram ýmsar hugmyndir um framtíðarnýtingu þess og snýr sú síðasta að gerð náttúrubaða og aðstöðu henni tengdri á sjálfri eyrinni.<sup>1</sup>

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var unnin heimildaúttekt og bætt við hana meðan á vettvangsskráningu stóð og eftir að henni lauk. Rætt var við heimildamenn á meðan skráningunni stóð og á úrvinnslustigi og fá þeir kærar þakkir fyrir ómetanlega hjálp, sér í



*Á kortinu er staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út sýnd með rauðum punkti.  
Íslandskort: Gísli Pálsson.*

---

<sup>1</sup> Erindi til Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna uppbyggingar á Vestdalseyri. Bréf frá Dýra Jónssyni til bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar, dagsett 24. ágúst 2015.

lagi Vilborg Dagbjartsdóttir sem einnig las yfir drög að skýrslunni og miðlaði af örlæti af þekkingu sinni á Eyrinni. Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingafulltrúi var skrásetjurum innan handar og eru honum færðar kærar þakkir fyrir hjálpina. Fornleifafræðingarnir Bjarki Borgþórsson og Sigurður Snæbjörn Stefánsson (sem hafið höfðu skráningu á Vestdalseyri sumarið á undan) deildu gögnum sínum með skrásetjurum á úrvinnslustigi rannsóknar og fá kærar þakkir fyrir. Minjastofnun Íslands fær einnig þakkir fyrir lán á GPS-staðsetningartækjum.

Um þá heimildaúttekt sem unnin var áður en vettvangsvinna hófst sáu þau Kristjana Vilhjálmisdóttir og Gylfi Helgason. Vettvangsvinnan var unnin í júlí 2017 og fór úrvinnsla fram veturinn 2017-2018. Um vettvangsrannsóknir sáu þær Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir en Elín sá aukinheldur um skýrslugerð en Lilja Laufey Davíðsdóttir um kortagerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er að finna sögulegt yfirlit um rannsóknarsvæðið. Í fimmta kafla er sjálf fornleifaskráin, þ.e. lýsing á þeim minjum sem skráðar voru ásamt , ljósmyndum og uppmælingum. Í sjötta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær minjar sem fundust innan þess.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Áður en svæðið var rannsakað á vettvangi var gerð heimildaúttekt, talað við staðkunnuga og loftmyndir og kort könnuð. Frekari upplýsingar bættust hins vegar við á vettvangs- og úrvinnslustigi, gamlar ljósmyndir komu í leitirnar og textabrot um lífið í þorpinu bættust við hédan og þaðan. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka rannsóknarsvæðis „í hættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé misbráð eftir því hvar þær eru innan reitsins og hvernig endanlegt fyrirkomulag mannvirkja verður. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Úttektarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu þessari fellur allt innan þess landsvæðis sem áður tilheyrði Vestdal og virðist Vestdalseyrin ætíð hafa verið skilgreind sem hluti af Vestdalsjörðinni, jafnvel þótt lengst af hafi merkin verið um Vestdalsá, austan þorpsins.

Við skráningu er hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-252:150). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðisins. Við úttektina var stuðst mikið við geysifallegt kort af Vestdalseyri og Vestdal sem Sigurður Jónsson byggingaverkfræðingur og starfsmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar fann í fórum bæjarins og lagði til. Kortið er hvorki merkt ártali né höfundu en ljóst er að það er a.m.k. gert áður en kirkjan var flutt í Seyðisfjarðarkaupstað, „inn í bæ“ árið 1921. Líklegast er reyndar að það hafi verið gert á árunum 1913-17 eins og sambærilegt kort frá Seyðisfirði en ekki verður um það fullyrt og því aðeins vitnað í það sem Kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Kortið er einstæð heimild um bæjarmynd Vestdalseyrar, staðsetningu og fjölda húsa, kálgarða og annarra mannvirkja á Vestdalseyri í upphafi 20. aldar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

### Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstæðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Eins og áður kom fram var aðeins skráður hluti jarðarinnar Vestdalseyrar eða um 26 ha stór deiliskipulagsreitur. Ýmsar minjar voru þekktar utan svæðis en ekki skráðar enda miðaðist skráningin við uppgefin mörk skipulags frá sveitarfélaginu. **Í fornleifaskránni eru þeir staðir sem voru utan úttekarsvæðis (en innan marka Vestdalsjarðarinnar) einkenndir með ljósgráum lit á texta.**





## 4. Yfirlit um sögu svæðis

Rannsóknarsvæðið sumarið 2017 var sem fyrr segir í landi Vestdals, um 2,5 km NNA við Seyðisfjarðarkaupstað. Úttektarsvæðið var um 26 ha stórt og náði yfir gamla kaupstaðarland þéttbýlisins á Vestdalseyri og inn í heimatún Vestdals. Samtals voru skráðar 229 minjar og reyndust 219 þeirra innan úttektarmarka. Telst þetta gríðarlegur fjöldi minja á ekki stærra svæði en skýrist það að mestu af hinni löngu (á íslenskan mælikvarða í það minnsta) sögu þéttbýlis á svæðinu en verslun hófst á Vestdalseyri um miðja 19. öld. Nánar verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skráningar og einkennum minja í 6. kafla en hér verður gerð tilraun til að stikla á stóru um sögu jarðarinnar og þá sér í lagi þéttbýlisins á Vestdalseyri. Ljóst er að saga þorpsins er gríðarlega áhugaverð og full ástæða væri til að leggjast í ítarlegri úttekt á ljósmyndum, skjölum, manntölum og öðrum heimildum en þessi rannsókn gefur rúm fyrir og rita ítarlega um sögu og þróun þorpsins á Vestdalseyri. Að sama skapi væri gagnlegt að ljúka skráningu í landi Vestdals til að dýpka þekkingu á svæðinu enda talsverður fjöldi minja utan þess svæðis sem var til úttektar að þessu sinni. Umræddar minjar eru jafnt þéttbýlisminjar af ýmsum gerðum sem og annars konar minjar, t.d. áhugaverðar minjar um vegagerð og nýtingu úthaga að ógleymdu einum merkasta fornleifafundi síðari ára við Vestdalsvatn 2004 þar sem jarðneskar leifar ríkulega búinnar manneskju fundust og með henni meiri fjöldi perla en nokkurt fordæmi er fyrir hér á landi.

### *Upphaf byggðar*

Lítið er vitað um upphaf byggðar í Vestdal eða Védal eins og hann er kallaður í elstu þekktu heimild um jörðina sem er máldagi Þykkvabæjarklausturs frá því snemma á 16. öld.<sup>2</sup> Frekari rannsókna á upphafi og þróun byggðar í Seyðisfirði er þörf en samkvæmt Landnámu nam Bjólfur Seyðisfjörð allan og bjó þar til æviloka og sonur hans Ísólfur eftir hans dag, líklega í Firði. Samkvæmt Landnámu gaf Bjólfur í heimanmund með Helgu dóttur sinni stórt landsvæði við norðanverðan Seyðisfjörð að Vestdalsá, og fellur því Vestdalur þar undir.<sup>3</sup> Þarna, eins og reyndar lengst af, virðist gert ráð fyrir að Vestdalur og Vestdalsá séu á merkjum milli Vestdals og Fjarðar.

---

<sup>2</sup> DI IX, 191.

<sup>3</sup> ÍF I, 306.

Nokkuð hefur verið ritað um landnám og byggðapróun á Seyðisfirði og í því samhengi má nefna grein Sigurðar Vilhjálmssonar um Seyðisfjörð til siðaskipta sem birtist í fyrsta árgangi Múlapings, grein Hjálmars Vilhjálmssonar bróður hans „Hugleiðingar um landnám í Seyðisfirði“ sem birtist í sama riti áratug síðar, bók Hjalta Þórissonar *Horft af bjarhlaði* og *Byggðasögu*

Vestdalur og hjáleiga í Manntalinu 1703. Þjóðskjalafn Íslands:

[http://manntal.is/myndir/geymsluskur\\_stafræn\\_afrit/Rentukammer/IS\\_THI\\_0038\\_1928\\_011\\_D\\_D1\\_0001\\_01/Mulasysla\\_2\\_012.jpg](http://manntal.is/myndir/geymsluskur_stafræn_afrit/Rentukammer/IS_THI_0038_1928_011_D_D1_0001_01/Mulasysla_2_012.jpg)

*Seyðisfjarðar* eftir séra Kristján Róbertsson.<sup>4</sup> Frekari fornleifarannsókn er þörf til að setja fram kenningar á grundvelli fornleifafræði um byggðapróun í firðinum (og þ.m.t. í Vestdal) en þó má færa rök fyrir því að jörðin hafi byggst snemma. Ýmsar vísbendingar styrkja þá tilgátu og má nefna stærð og gæði jarðnaðis, sú staðreynd að þar var bænhús eða kirkja á fyrri öldum og síðast en ekki síst sjálft bjarheitið. Að auki má bæta við hinum ríkulega legstað sem fannst við Vestdalsvatn fyrir nokkrum árum. Kuml eru jafnan talinn sjálfstæður og óbyggjandi vitnisburður um forna búsetu. Fundinn við Vestdalsvatn er þó ekki hægt að telja kuml í hefðbundnum skilningi og því ekki hægt að ganga út frá beinum tengslum við Vestdal. Engu að síður má færa fyrir því góð rök að Vestdalur hafi byggst snemma, líklega strax á landnámsöld og hefur jörðin að líkindum haldist í samfelldri byggð í gegnum aldirnar.

<sup>4</sup> Sigurður Vilhjálmsson. 1966, Hjálmar Vilhjálmsson. 1976, Hjalti Þórisson. 1995 og Kristján Róbertsson. 1995.

Lítið er vitað um eignarhald Vestdals á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Jörðin var konungseign á 17.-18. öld og var orðin Þykkvabæjarklausturseign í lok aldarinnar en var þó lengi í bændaeign.<sup>5</sup>

Litlar heimildir eru um hjáleigubýggð í Vestdal framan af. Hugsanlegt er að einhver býli hafi tilheyrt jörðinni um aldir þótt elstu heimildina um slíkt virðist aðeins vera að finna í manntalinu frá 1703. Þar er getið um eina hjáleigu innan marka Vestdals þar sem bjuggu tveir ábúendur, og er líklegast að þar sé átt við Vestdalsgerði (NM-252:005) þótt hjáleigan sé reyndar ekki nafngreind.<sup>6</sup> Það ár eru samtals 16 ábúendur skráðir til heimilis í landi Vestdals, þar af tveir á hjáleigunni, og var jörðin með fjölmennustu býlum í Seyðisfirði. Ekki er getið um aðra byggð innan landamerkja Vestdals fyrr en á seinni hluta 19. aldar og í tengslum við verslun og iðnað á Vestdalseyri. Þar til jörðin hefur verið skráð í heild sinni er engan veginn hægt að útiloka að fleiri hjáleigur hafi á einhverju skeiði byggst upp innan hennar þótt ekki hafi fundist um það merki innan deiliskipulagsreitsins.

Rétt fyrir aldamótin 1800 komst Vestdalur í eigu Sveins Sveinssonar hreppstjóra og á 19. öld bjuggu hann og afkomendur hans á jörðinni og áttu ýmsar jarðir og jarðarparta á svæðinu. Greinilegt er að jörðin hefur þá verið góð bújörð enda er Vestdalur talinn upp í Sýslu- og sóknarlýsingu ásamt Dvergasteini og Hánefsstöðum sem best húsaði bærinn í Dvergasteins- og Mjóafjarðarsóknum um 1840.<sup>7</sup> Þá er jörðin reyndar aðeins metin á 9 hdr. sem telst aðeins í lakara meðallagi en í sóknarlýsingu er sagt að þar sé gott tún og nægur heyskapur auk þess sem þar sé „sæmilegur útigangur og lagleg afrétt, líka nokkur silungsveiði.“<sup>8</sup>

Framan af er líklegast að búskapur í Vestdal hafi verið fremur hefðbundinn þótt sjósókn hafi án efa alltaf verið mikilvægur hluti af afkomunni samhliða landbúnaði. Í sóknarlýsingu frá miðri 19. öld er þó reyndar gert fremur lítið úr fiskveiðum bænda við Seyðisfjörð og þær sagðar minni en áður þar sem fiskur gangi ekki inn í fjörðinn fyrr en um miðjan júní í fyrsta lagi og sé horfinn um miðjan október og bændur geti einfaldlega ekki séð af þeim mannafla sem þarf í fiskveiðar í stærri stíl á þessu tímabili.<sup>9</sup>

---

<sup>5</sup> Sveitir og jarðir í Múlþingi. II. bindi, 482 og The Old Icelandic Land Registers, 319.

<sup>6</sup> Manntalið frá 1703 er nú hægt að nálgast á vef Þjóðskjalasafns Íslands: [http://manntal.is/myndir/geymsluskjar\\_stafræn\\_afrit/Rentukammer/IS\\_THI\\_0038\\_1928\\_011\\_D\\_D1\\_0001\\_01/Mulasysla\\_2\\_012.jpg](http://manntal.is/myndir/geymsluskjar_stafræn_afrit/Rentukammer/IS_THI_0038_1928_011_D_D1_0001_01/Mulasysla_2_012.jpg)

<sup>7</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874. 2000: 250.

<sup>8</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874. 2000: 249.

<sup>9</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874. 2000: 252.

Lengst af hafa sjálfsagt flest mannvirki á jörðinni verið byggð í sjálfu heimatúninu í kringum bæinn þótt úthagar hafi vissulega verið nýttir og Vestdalur nytjaður til beitar, sláttu og mótekju enda eru þekktar heimildir um a.m.k. 2-3 sel og beitarhús á þeim slóðum. Einhver mannvirki hafa einnig verið við ströndina s.s. varir, uppsátur og naust. Lítið er vitað um lendingar og uppsátur í landi Vestdals fyrr en á allra síðustu öldum en vel er mögulegt að gert hafi verið út frá Vestdalseyri fyrr (þar hafi verið lendingar og uppsátur) enda hafnarskilyrði góð frá náttúrunnar hendi. Ekki hafa þó fundist heimildir til að staðfesta þetta og elsta heimildin sem fannst um umsvif á sjálfri Vestdalseyri er frá miðri 19. öld þegar verslunarrekstur hefst á svæðinu.

#### *Upphaf þéttbýlismyndunar á Vestdalseyri*

Samkvæmt Byggðasögu Seyðisfjarðar hafði fyrirtækið Örum & Wulff þegar augastað á Vestdalseyri fyrir verslunarrekstur árið 1800 þótt ekkert hafi orðið að ráðagerðum á svæðinu fyrr en um öldina miðja. Örum & Wulff hófu verslunarrekstur á Vestdalseyrinni árið 1851.<sup>10</sup> Svo virðist sem fyrirtækið hafi hafið reksturinn með miklum metnaði og reist þar sex hús, a.m.k. var það sá fjöldi húsa sem talinn var upp þegar þeir seldu reksturinn, fjórtán árum síðar.<sup>11</sup> Kaupendur að eignum á Vestdalseyri árið 1865 voru amerískir hvalveiðimenn sem hugðu á stórfelldar hvalveiðar og rekstur á eyrinni og hefur það verið talinn fyrsti vísir að vélvæðingu á Austurlandi.<sup>12</sup> Forsvarsmenn fyrirtækisins, þeir Thomas Roys og Gustav Liljendahl komu strax með þrímastra tréskip, kolaskip og gufubát og hófu hvalveiðar vorið 1865. Þeir urðu hins vegar fyrir talsverðum skakkaföllum fyrsta árið. Í októbermánuði sama ár er birt frásögn í Norðanfara um það hvernig óveður lék skip þeirra félaganna:

„Nóttina milli þess 12. og 13. f. m. hafði á Seyðisfirði komið, sem hér, mikið norðanveður, sem sleit upp tvö skip hvalaveiðmannsins Roys, fyrst gufuskipið, er rak að landi niður undan Vestdal, hvar brotnaði gat á það og fylltist af sjó; skipverjar, sem allir voru syndir, fengu með herkjum bjargað sér í land. Hitt skipið var nýkomið frá Englandi hlaðið með kol; það rak upp að gufuskipinu og sökk þar á kaf framan við marbakkann. Mennirnir komust með illan leik, sumir hálfnaktir, því allir höfðu verið í sofum, upp á hitt skipið og svo í land. Kolaskipið hafði verið ábyrgt, en hitt ekki.“<sup>13</sup>

---

<sup>10</sup> Kristján Róbertsson. 1995: 111-112.

<sup>11</sup> Smári Geirsson. 2015: 60.

<sup>12</sup> Smári Geirsson. 1989, 223, Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 10.

<sup>13</sup> Norðanfari, 7. október 1865: 64.

Í nóvembermánuði sama ár kemur fram í Norðanfara að þeir félagar séu nú farnir af landi brott og aldrei hafi orðið að því að þeir hafi brætt rengi og þvesti eða malað bein í bræðslu- eða mölunarvélinni sem þeir hafi búið um í einni Vestdalseyrar búðinni. Þess í stað hafi þeir brætt hval sinn í skipum sínum en mikið farið til spillis.<sup>14</sup> Þeir félagar voru hins vegar ekki af baki dottnir og snéru aftur sumarið 1868 og þá voru framleiddar 2330 lýsistunnur á svæðinu.<sup>15</sup>



*Ljósmynd af Vestdalseyri árið 1866, þegar svæðið var í eigu amerískra hvalveiðimanna. Á myndinni má sjá að stórt og mikið hús er risið niður á eyrinni og fleiri hús þar hjá og a.m.k. tvö hús ofar á eyrinni. Myndin birtist áður í bókinni Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 10. Höf. J. H. Hansen. Eigandi Þjóðminjasafn Íslands.*

Eitthvað virðist rekstur hvalveiðistöðvar á Vestdalseyri hafa gengið brösuglega þar sem þeir félagar ákveða að selja hana strax árið 1868 og tók þá danskur hvalveiðimaður Hammer eða Hammert og fyrirtækið Det danske Fiskeriselskab við svæðinu en átti það aðeins um tveggja ára skeið áður en hollenska fyrirtækið De Nederlandske Walvieschvaart keypti hús og tæki og hélt áfram hvalveiðum, árið 1870.<sup>16</sup>

Þrátt fyrir að talsverð umsvif fylgdu þessum fyrsta iðnrekstri á Vestdalseyri virðist þéttbýlismyndun hafa orðið hæg fyrstu áratugin. Þegar sóknarmanntal er gert árið 1871 eru skráð fimm býli á Vestdalseyri og samtals 23 íbúar.<sup>17</sup> Árið 1873 kaupir Gránufélagið þau hús sem standa á Vestdalseyri sem eru þá enn sex talsins og hefur rekstur fastaverslunar á svæðinu. Tveimur árum

---

<sup>14</sup> Norðanfari, 23. desember 1865: 69-70.

<sup>15</sup> Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar. 1995: 10.

<sup>16</sup> Eimreiðin. 1903: 98-99.

<sup>17</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir árin 1871-1883.



síðar er Vestdalseyri viðurkennd sem löggildur verslunarstaður.<sup>18</sup> Kaup Gránufélagsins mörkuðu upphaf mikils blómaskeiðs á Vestdalseyri sem varaði í um þrjá áratugi.

### *Blómaskeið Vestdalseyrar*

Mikil uppbygging varð á Vestdalseyri á árunum 1873-1912 og verður hér aðeins dregið á helstu þætti í sögu þorpsins.

Til að átta sig á þróun byggðar á svæðinu má skoða fjölda heimila og íbúa á Vestdalseyri á umræddu skeiði. Árið 1855 voru tvö heimili á Vestdalseyri og 12 íbúar og fimm árum síðar voru heimilin þrjú og íbúar 16.<sup>19</sup> Íbúatalan færist hægt upp á við á þessu skeiði, árið 1871 eru sem fyrr segir íbúarnir orðnir 23 og heimilin fimm.<sup>20</sup> Gríðarleg fjölgun íbúa (og heimila) átti sér stað á 9. áratug 19. aldar en 1884 eru skráðir íbúar á Vestdalseyri orðnir 128 og heimilin 24. Hérist sá fjöldi



*Teikning af verslunarhúsunum á Vestdalseyri um 1870 (NM-252:092, 034, 146 254). Myndin birtist áður í Skólasögu Seyðisfjarðar, 27 og Árbók Ferðafélagsins 2005, 224 og er þar merkt „eftir ljósriti úr fótum Einars Vilhjálmssonar“.*

<sup>18</sup> Kristján Róbertsson.1995: 111.

<sup>19</sup> *Alþýðublaðið*. 1936: 2, 6-8 og Húsakönnun Seyðisfjarðarkaupstaðar. 1995: 11.

<sup>20</sup> Mannfölsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir Vestdalseyri árin 1871-1883.

eitthvað áfram og voru íbúar 117 og heimilin 25 árið 1894.<sup>21</sup> Langflest húsanna sem skráð voru í þorpinu voru byggð á þessu 20 ára tímabili (sjá kafla um bústaði/býli aftarlega í skýrslu). Fljótlega upp úr 1900 virðist strax byrja að draga úr íbúafjöldanum á Vestdalseyri og árin 1905 og 1915 eru skráðir 66-68 íbúar sem bjuggu á 16 heimilum fyrra árið en á aðeins 12 það síðara.<sup>22</sup> Svo virðist sem íbúafjöldi hafi haldist nokkuð stöðugur frá upphafi 20. aldar og fram á fjórða áratuginn þótt heldur hafi dregið úr honum.

Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur sem ólst upp í þorpinu á fjórða áratugnum voru a.m.k. 50-60 íbúar í þorpinu þegar hún man fyrst eftir sér en talsvert fækkaði í þorpinu á næstu árum eins og betur verður gerð grein fyrir síðar í kaflanum.<sup>23</sup> Mannfjöldaþróun á Vestdalseyri sýnir svo ekki verður um villst að eftir hæga uppbyggingu á árunum 1850-1870 tekur við mikið þensluskeið í þorpinu eftir 1870 fram undir aldamótin en þá fer fljótlega að draga úr íbúafjöldanum og hann nær aldrei fyrri hæðum, þrátt fyrir að í þorpinu hafi búið á bilinu 50 til 70 manns allt fram undir seinni heimsstyrjöldina. Eftir stríðslok bjuggu aðeins örfáir einstaklingar í þorpinu og það féll svo endanlega í eyði 1963.

Á blómaskeiði Vestdalseyrar var það nokkuð stórt þorp á íslenskan mælikvarða. Eitt af því sem má hafa til marks um stærð og uppgang byggðar á Vestdalseyri á síðustu áratugum 19. aldar er sú þjónusta sem þar blómstraði. Fyrsti skósmiður Austurlands hóf einmitt störf í þorpinu 1875 og á næstu árum störfuðu þar nokkrir skósmiðir og úrsmiðir.<sup>24</sup> Járnsmiður var einnig á svæðinu en árið 1885 auglýsir Þórarinn Finnbogason í Vestdal á Seyðisfirði ýmislegt til sölu sem smíðað hefur verið hjá honum s.s. grasljái, torfljái, steypustálshamar, sykurtangir, skrár, hrífur, hnífa o.fl. og segir einnig hægt að fá þessa muni hjá S. Jónssyni verslunarstjóra á Vestdalseyri.<sup>25</sup> Árið 1892 kemur fram í auglýsingu í Austrá að nýr járnsmiður sé kominn til Odds Sigurðssonar í Vestdal og ári síðar auglýsir Sveinn Brynjólfsson á Vestdalseyri að hann kaupi gamalt járn, blý, zink, tin kopar og o.fl. og hefur þá væntanlega fengist við járnsmíði.<sup>26</sup>

---

<sup>21</sup>Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir Vestdalseyri árin 1894-1903. Samkvæmt Byggðasögu Seyðisfjarðar var samanlagður íbúafjöldi innan landamerka Vestdals 210 íbúar árið 1884 og var á bilinu 200-300 um nokkurra ára skeið eftir það. Kristján Róbertsson. 1995: 57, 116.

<sup>22</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir Vestdalseyri árin 1904-1912 og 1913-1918.

<sup>23</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir. 1984: 18-19.

<sup>24</sup> Smári Geirsson. 1995: 272, 287 og 280.

<sup>25</sup> Austri. 18. apríl 1885: 16.

<sup>26</sup> Smári Geirsson. 1989: 206-207.

Á Vestdalseyri hefst prentsaga Seyðisfjarðar og var stunduð blómleg blaðaútgáfa þar á tímabili. Þar var gefinn út Austri (hinn eldri 1883-87 og yngri um skeið) og Skapti.<sup>27</sup> Árið 1883 keyptu áhugamenn um blaðaútgáfu prentsmiðjuna Skuld á Eskifirði, fluttu hana til Seyðisfjarðar og komu upp á Vestdalseyri<sup>28</sup> og í þorpinu var um skeið gefið út fyrsta kvennablað Íslands, *Framsókn*.<sup>29</sup> Talsverð blaðaútgáfa var í þorpinu a.m.k. til 1902. Vitað er að prentsmiðjur voru í Glaðheimahúsinu (NM-252: 034) og á Kirkjuhvoli (NM-252:004). Hallgrímur Einarsson rak ljósmyndastofu á Vestdalseyri á árunum 1895-1901 en Björgúlfur Thorlacius rak stofuna fyrir hann 1902-1903. Brynjólfur Sigurðsson lærði hjá Hallgrími og

rak ljósmyndastofuna fyrir hann 1901 og keypti hana svo 1905 og rak ljósmyndastofu á Vestdalseyri 1905-1907 en flutti hana þá inn í bæ (þ.e. til Seyðisfjarðar).<sup>30</sup> Í þorpinu var talsverð verslun og var m.a. rekin bókabúð í Ármannshúsi (Pálshúsi NM-252:029) um skeið. Félagslíf virðist hafa verið með blómlegra móti sem dæma má af grein Þorsteins Erlingssonar í

**Verzlunarmönnum**  
**Gránufélags**  
**á Vestdalseyri**

gjörast hér með kunnugt, að verslan hér breytist frá þessum degi þannig: að allar vörur verða seldar gegn skuldlausri verslan og gegn peningaborgun fyrir fastákveðið verð, svo billega sem frakast er unt, en um leið hverfa allar prósentar burtu sem áður hafa átt sér stað.

Vöruverðið er nú ákveðið á aðalvörum og aðrar vörur þar eftir.

| Ráður           | pr. pd. | 8 1/4 a. |
|-----------------|---------|----------|
| Rágmjöl         | — —     | 8 1/4 "  |
| Bákkabygg       | — —     | 10 "     |
| Baunir          | — —     | 13 "     |
| Hveiti nr. 2    | — —     | 10 "     |
| Flórmöl         | — —     | 13 "     |
| Heil hrisgrjón  | — —     | 12 1/4 " |
| Hálf hrisgrjón  | — —     | 11 "     |
| Caflí           | — —     | 60 "     |
| Candisikössum   | — —     | 27 "     |
| Melis í Topp.   | — —     | 25 "     |
| do. í k. höggv. | — —     | 25 "     |
| Þúðursykur      | — —     | 21 "     |
| Múntóbak        | — —     | 290 "    |
| Róltóbak        | — —     | 290 "    |
| Export          | — —     | 45 "     |
| Skonrok         | — —     | 20 "     |
| Kringlur        | — —     | 28 "     |
| Tvíbakur        | — —     | 40 "     |
| Rúsinur         | — —     | 24 "     |
| Grænvápa        | — —     | 20 "     |

Nægar birgðir til af öllum vörum, allir velkomnir á Vestdalseyri, þið kaupði ekki billegri vörur annarstaðar.

Vestdalseyri 4. mars 1906.  
**E. Th. Hallgrímsson.**

*Auglýsing frá verslun frá Gránufélagsins á Vestdalseyri sem birtist í Austri, 17. mars árið 1906. Af henni má sjá helstu vörur sem félagið bauð þar til sölu.*

<sup>27</sup> Kristján Róbertsson. 1995. 116.

<sup>28</sup> Smári Geirsson. 1989: 27.

<sup>29</sup> Smári Geirsson. 1989: 35-36, Þorleifur Hauksson. 2011: 7.

<sup>30</sup> Smári Geirsson. 1989: 55, 57.



Eimreiðinni rétt eftir aldamótin 1900 en þar lýsir hann söng og dansleikjahaldi í þorpinu og segir þar bæði vera lestrar- og bindindisfélag.<sup>31</sup>

Á níunda áratug 19. aldar hélt uppbygging áfram á Vestdalseyri. Greinilegt er að menn hafa talið þorpið talvert mikilvæga miðstöð eða jafnvel þungamiðju Seyðisfjarðar á þessum tíma



*Vestdalseyri 1895. Á myndinni má sjá Gránufélagshúsið (NM-252:040) nýbyggt, fyrir miðri mynd, pakkhús hægra megin við það (NM-252:042) og Glaðheima (NM-252:034) ofar og utar. Kirkjan (NM-252:002) er lengst til hægri á mynd en nær Vestdalsá eru nokkur af íbúðarhúsunum í þorpinu, Kirkjuholshúsinn, Guðnahús, Jónshús í byggingu o.fl. Myndin birtist áður í Ísland Howells, bls. 157.*

þar sem ákvörðun var tekin um að færa kirkjuna frá Dvergasteini og í þorpið árið 1882. Upphaflega stóð hún á stalli fyrir ofan byggðina í um áratug (NM-252:143) en fauk þá af grunni sínum og var í kjölfarið færð neðar í þorpið (NM-252:002) þar sem hún stóð fram til 1922 þegar hún var flutt inn til Seyðisfjarðar.

Árið 1884 eru skráðir 128 íbúar í þorpinu og á þessum tíma er fjölbreyttur iðnaður og þjónusta á svæðinu, m.a. gisti- og veitingaþjónusta í húsinu Glaðheimum (NM-252:034). Greinilegt er að ágangur ferðamanna á svæðinu er talsverður á þessum tíma. Það ár birtist til að mynda auglýsing í Austra frá Ólafi Ásgeirssyni verti í Glaðheimum sem kvartar yfir því að ferðamenn sleppi hestum sínum í Gerðistúni sem hann er meðeigandi að og hótar hann að taka

---

<sup>31</sup> Þorsteinn Erlingsson, 1903:102-103. Rétt er að ítreka að bæði hús og iðnaður var innan landareignar Vestdals en utan úttektarreits og því ekki fjallað um þær minjar og starfssemi hér. Þar var t.d. s.k. Grúðahús þar sem bruggaður var Kína-lífseliksír eins og frægt var.

hesta sem hann finnur í túninu á hús og leysa þá ekki þaðan nema að eigendur greiði fyrir það tjón sem þeir hafa valdið.<sup>32</sup> Allt bendir til að uppgangur hafi á þessu skeiði verið mikill í þorpinu og það endurspeglar sú staðreynd að kennslufyrirkomulagi á Seyðisfirði var breytt árið 1885 þannig að ákveðið var að kennt skyldi á Fjarðaröldu frá október til janúarloka en á Vestdalseyri frá febrúar og til vors.<sup>33</sup> Í upphafi var húsnæði fyrir skóla á Vestdalseyri leigt en árið 1892 er hafist handa við byggingu skólahúss að undirlagi heimamanna og góðtemplarastúku og var húsið ætíð einfaldlega nefnt Skólinn (NM-252:031).<sup>34</sup> Veturinn 1894-1895 var einnig rekinn sérstakur skóli fyrir stúlkur á Vestdalseyri. Hann hélt fröken Helga Austmann í húsi Rósu Vigfúsdóttur en ekki varð skólahaldið langlíf.<sup>35</sup>

Árið 1894 markaði nokkur þáttaskil í sögu Vestdalseyrar. Þá varð gríðarlegur bruni á svæðinu sem lagði í rúst níu hús og brunnu þau flestöll til grunna, m.a. sjálft Stórhúsið (NM-252:092) þar sem í voru mörg „íbúðarherbergi“, sölubúð, fjögur geymsluhús, tveir kolaskúrar, einn fiskiskúr, einn hjallur, einn nótabátur og einn fiskibátur.<sup>36</sup> Ljóst er að tjónið í brunanum var gríðarlegt og til að bæta gráu ofan á svart fauk kirkjan á Vestdalseyri af grunni sínum nokkru síðar og skemmdist talsvert en var endurbyggð neðar í þorpinu í kjölfarið. Þessi áföll hafa sett svip sinn á þorpið og þróun þess og svo virðist sem það hafi aldri náð fyrri hæðum þótt vitanlega hafi þar fleira spilað inn í. Þrátt fyrir það virðist strax hafa verið farið í uppbyggingu niður á Eyrinni og þar voru fljótlega risin nokkur hús aftur (a.m.k. fyrir aldamótin 1900), m.a. Gránufélagshúsið (NM-252:040) sem áður stóð áður inni í bæ (á Seyðisfirði) og var þar kallað Liverpool. Þrátt fyrir að verslunarhús hafi strax verið byggð aftur eftir brunann virðist mesta útpensluskeiði þorpsins lokið um aldamótin. Afar fá ný hús risu í þorpinu á næstu áratugum og ekki fundust heimildir um að önnur hús hafi verið flutt þangað eftir miðjan 10. áratuginn. Á þessu skeiði fer þá að bera á að hús séu flutt úr þorpinu og inn í bæ (Seyðisfjörð). Strax árið 1895 er Sigfúsarhús (NM-252:085) auglýst til sölu ásamt geymsluhúsi, virðist það hafa verið keypt og flutt inn í bæ í kjölfarið. Svipaða sögu er að segja um fleiri hús á Vestdalseyri sem flutt voru til Seyðisfjarðar s.s. Rekdhshús (NM-252:097) sem flutt var inn á Fjarðaröldu 1899, Myndahúsið (NM-252:093) sem flutt var til Seyðisfjarðar 1912, Ónefnt hús nærri Sigfúsarhúsi sem líklega var flutt í kringum aldamótin 1900 (fremur en það hafi einfaldlega verið rífið), Eyjólfs hús (NM-252:051 og er reyndar utan úttektarsvæðis) og sjálf kirkja Vestdalseyrar sem bæði voru flutt árið 1921. Eftir að kirkjan var flutt tók kvenfélag Eyrarinnar sig til og lét reisa félagsheimili á gamla kirkjugrunninum.

---

<sup>32</sup> Austri. 10. maí 1884: dálkur 120.

<sup>33</sup> Steinn Stefánsson. 1989: 27.

<sup>34</sup> Steinn Stefánsson. 1989: 28-29.

<sup>35</sup> Steinn Stefánsson. 1989: 28.

<sup>36</sup> Árbók Ferðafélagsins. 2005: 225.

Var það hús næstu áratugi miðstöð menningarlífs í þorpinu, þar voru haldnir dansleikir og leikrit sett upp og eftir að herinn nam svæðið voru þar gjarnan bíósýningar.

Árið 1905 eru íbúar á Vestdalseyri orðnir helmingur af því sem áður var og strax árið 1909 kemur fram í Austra að skólanefnd hafi ákveðið að leggja niður barnaskólann á Vestdalseyri. Því var harðlega mótmælt í grein í blaðinu og sagt að á svæðinu séu nærri 20 börn á skólaskyldualdri. Af þessu virðist ekki hafa orðið þótt skólahald hafi eitthvað verið skorið niður á svæðinu. Skólanum var ekki lokað fyrr en 1936.<sup>37</sup>

Árið 1912 afsalaði Gránufélagið sér eignum á Vestdalseyri til Sameinuðu Íslandsverslunarinnar og virðast hún hafa átt stóran hluta svæðisins næstu árin, allt fram til 1926 þegar Seyðisfjarðarkaupstaður kaupir landið.<sup>38</sup> Sú brotakennda mynd sem fékkst af þorpinu á þessu skeiði bendir til þess að nokkuð hafi verið tekið að halla undan fæti á þessu skeiði. Í auglýsingu sem birtist í Hæni 1925 auglýsir Benedikt Jónasson eftirfarandi hús á Vestdalseyri til sölu: Pálshús, Hjalla, Stóru-Pétursborg, Litlu-Pétursborg, Bergþórshús, Guðnahús og Haraldsstaði en ekki er ljóst hversu greiðlega gekk að selja.<sup>39</sup> Árið 1925 virðist Sameinaða Íslandsverslunin vera komin í strand með verslanir sínar víða um land, sama ár auglýsa þeir a.m.k. átta verslanir sínar til sölu, m.a. hús og fleiri eignir á Vestdalseyri/Vestdal. Í auglýsingunni kom fram að eftirfarandi eignir væru til sölu á Vestdalseyri: „Sölubúð, mörg geymsluhús, sláturshús, fiskþvottahús, járnbrautir, bryggjur, 9 íbúðarhús, jörðin Vestdalseyri, jörðin Vestdalur, 3 mótorbátar, lítillsháttar vörubirgðir og útistandandi skuldir“.<sup>40</sup> Þrátt fyrir þetta urðu þessi umskipti ekki endalok verslunar á Vestdalseyri en þar var rekin verslun allt fram til 1935. Þá var verslun á staðnum lokað og eftir það þurftu íbúar að sækja allan varning inn til Seyðisfjarðar.<sup>41</sup>

---

<sup>37</sup> Austri 25. september 1909: á forsiðu.

<sup>38</sup> Kristján Róbertsson. 1995: 191.

<sup>39</sup> Hæni 6. júní 1925: 4. Húsin eru áfram auglýst í sama blaði í 28. - 29. tbl. sama ár. Haraldshús er raunar fyrir utan sjálft þorpið og mörk úttektarsvæðis.

<sup>40</sup> Dagblað 11. janúar 1926: 4.

<sup>41</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir. 23. desember 1984: 18.



Í grein um Vestdalseyri frá 1936 kemur fram að þorpið sé þá á hraðri leið til niðurníðslu en orðrétt segir í greininni að: „nú horfi til fullkominnar auðnar á Vestdalseyri. Verslunarhúsin eru í eyði og tóm. Atvinnuleysi eins og mest getur orðið. Húsin ganga úr sér, eitt af öðru, og týna tölunni, en þau sem enn lafa uppi flest komin að hruni“.<sup>42</sup> Sama ár voru skólaskyld börn á Vestdalseyri aðeins 11 talsins og tekin ákvörðun um að loka skólanum þar. Þessi ákvörðun réði sjálfsagt endanlega örlögum þorpsins þar sem samgöngur á vetrum voru ekki með þeim hætti að gott væri að treysta á göngur barna á milli þorpanna samanber lýsingu Þorsteins Erlingssonar á vetrarfærinu á þessum slóðum frá því um 1900: „Vegalengdirnar gera hér mikið til að skilja menn að og slíta samböndin, því fyrst er Vestdalseyrin að kalla má algjörlega einangruð á vetrum og þangað ófærur og öræfi, og vegakostnaðurinn hér hefir gert Seyðisfjörð einn af þeim fáu stöðum á þessari jörðu, þar sem mönnum þykir ódýrra að kaupa sér vatnsstígvél en að gera göturnar svo góðar að þær sé færar stígvéla- eða skinnsokkalaust.“<sup>43</sup>

Vilborg Dagbjartsdóttir, rithöfundur sem var fædd og uppalin á Vestdalseyri hefur með skrifum sínum gefið góða innsýni inn í lífið á Vestdalseyri á þessum árum. Vilborg er fædd 1930 og þrátt fyrir að þorpið væri þá orðið svipur hjá sjón að mörgu leyti þá var enn talsvert mannlíf á svæðinu þegar Vilborg man fyrst eftir sér. Þá ráku afi hennar og faðir ennþá litla útgerð á svæðinu, þar starfaði enn verslun í fyrstu bernsku hennar, skólinn starfaði enn og leikrit voru sett upp – þetta breyttist þó allt á næstu árum. Samkvæmt henni lifðu þeir sem eftir urðu á Vestdalseyri á 4. og 5. áratugnum framan af að búskap í bland við fiskveiðar og -vinnslu. Þar var enn verkaður saltfiskur og unnið við verslunina. Hún segir að allir hafi átt eitthvað af skepnum, gjarnan eina kú og nokkrar kindur og hænsni auk þess sem

---

<sup>42</sup> Alþýðublaðið 5. apríl 1936: 2.

<sup>43</sup> Þorsteinn Erlingsson. 1903: 104.

menn gerðu út báta og trillur, nýttu sér sjófugla og í raun allt það sem til féll. Margir íbúar, þ.m.t. faðir Vilborgar leigðu einnig engjalönd af bænum inni á Vestdal. Sumir sóttu einnig daglaunavinnu „inn í bæ“ þegar hún bauðst, t.d. kolavinnu eða vegavinnu og einnig farið á vertíðir. Íbúar Vestdalseyrar voru samkvæmt Vilborgu duglegir við grænmetisræktun og voru blóma- og grænmetisgarðar við hvert hús.<sup>44</sup> Hún segir að í þorpinu, á þessu skeiði, hafi verið haldnir í heiðri gamlir búskaparhættir og siðir, skyr og smjör var gert heima, ull unnin og haustmatur gerður úr slátrun og þvotturinn soðinn í potti á hlóðum undir berum himni.<sup>45</sup> Örlög þorpsins voru þó ráðin og þeir íbúar sem fengu tækifæri til fluttu flestir „inn í bæ“. Í þorpinu stóðu því nokkur hús auð þegar komið var fram á 5. áratug 20. aldar. En þá urðu enn mikil tímamót í sögu þorpsins þegar svæðið var hernumið.

Hernám Vestdalseyrar hafði eins og gefur að skilja gríðarleg áhrif á líf og afkomu þeirra sem þar bjuggu. Seyðisfjörður var höfuðvígi hersins hér á landi ásamt Hvalfirði og umsvifin eftir



*Vestdalseyri um 1930. Mynd: Eyjólfur Jónsson, hún birtist áður í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 12. Handan tjarnarinnar er Gránufélagshúsið og pakkhús en vinstra megin við tjörnina eru Pálshús og útihús við þau (NM-252:029), Rósuhús (NM-252:030), Skólinn (NM-252:031) og Samkomuhúsið (NM-252:032), fjær sjást svo í Litlu- og Stóru-Pétursborg (NM-252:036/037), Bergþórshús (NM-252:038) Kirkjuholshúsið (NM-252\_182/184) og Guðnahús (NM-252:033) utar og neðar.*

því (sjá nánar kafla um herminjar aftar í skýrslunni). Í og við þorpið reis mikil braggabyggð auk þess sem herinn tók á leigu öll auð hús í þorpinu. Hernámið hafði því gríðarleg áhrif á búskaparhætti fólks og daglegt líf, hún gerði fiskveiðar og búskaparskilyrði erfiðari en áður en dró

<sup>44</sup> Þorleifur Hauksson. 2011: 9.

<sup>45</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir/Silja Aðalsteinsdóttir (tók viðtalið). 1989: 410-411.

að sama skapi úr atvinnuleysi og færði, í sumum skilningi a.m.k., aftur meira líf í þorpið en áður. Eftir að hernáminu lauk var lítið við að vera á Vestdalseyri og fáir íbúar eftir. Foreldrar Vilborgar bjuggu þó áfram allt fram til 1957 og voru einna síðust til að yfirgefa þorpið.<sup>46</sup> En allra síðustu íbúarnir fluttu í burtu 1963.

Í dag sjást frekar lítil ummerki um alla þá miklu byggð sem áður var á þessum slóðum, a.m.k. við fyrstu sýn, þótt stæðilegir grunnar séu enn af Gránufélagshúsinu og Samkomuhúsinu og hluti hafskipabryggjunnar sé enn nokkuð áberandi. Þegar betur er að gáð koma þó í ljós ógreinilegri ummerki um mörg hinna húsanna og margvíslegar aðrar minjar, stundum hálfvalin í grasvexti. Nánari lýsingu á minjum í þorpinu er að finna í næsta kafla og samantekt um helstu minjaflokka í kafla 6.

---

<sup>46</sup> Viðtal skýrsluhöfundar við Vilborgu Dagbjartsdóttur. Hún segir að þá hafi þeir Axel og Guðni Tómassynir einir verið eftir en þeir bjuggu í yngsta húsi þorpsins (sjá NM-252:003) og fluttu í burtu 1963.





## 5. Fornleifaskrá



*Yfirlitskort yfir allar skráðar minjar innan deiliskipulagsreits*



## NM-252 Vestdalur



*Dreifing minjastaða innan heimatúnsins í Vestdal. Á næstu síðu má sjá kort af sama svæði sem teiknað var á tímabilinu 1910-1920.*

Jörðin er einnig nefnd Védalur, sjá DI IX, 191.


1523. "Máldagi klaustursins í Þykkvabæ í Álptaveri, þá er Ögmundur biskup reið í fyrsta sinn um Austfirðingafjórðung [...] Steinar. Vppsær. Staffell. Midhus[.] Uedalur [Vestdalur]. Havezstadir...." DI IX, 190-191.

1686: 16 hdr., 160 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 319.

1695: 9 hdr., Þykkvabæjarklausturseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 319.

"En norðan við fjörðinn um mílufjórðung frá Seyðisfirði er einni verzlun á Vestdalseyri og hefur verið löggiltur verzlunarstaður síðan 1876," segir í Íslenskum sögustöðum IV (KK), 15.

"Vestdalseyri varð hluti af Seyðisfjarðarkaupstað árið 1895," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, 17. Árið 1926 keypti Seyðisfjarðarbær land Vestdals skv. Byggðasögu Seyðisfjarðar, 191.



*Kort af heimatúni Vestdals, teiknað á tímabilinu 1910-1920. Höfundur óþekktur.*

Vestadalseyrin fór í eyði á stríðsárunum skv. Ö-Fjörður RG, 2.

V[estdalir] var eðaljörð til búskapar, tún hálf slétt, hálf illþýft, sléttar en snöggvar mýrarengjar, sem gáfu af sér 300-400 hb., gott en snjóþungt beitiland. Þar eru um 30 ha. af ræktanlegu landi," segir í Múlaþingi II, 482.

F'18: Tún 3,3 ha., taða 120 hb, úth. 300-400 hb 8. Góð mótekja. Uppsátur gott, "en gefur engar beinar tekjur." [...]. Ókostir: "Skriður geta hlaupið á engjarnar." "Ágangur griða mikill, sérstaklega af hestum ferðamanna." Girðing um engjar úr blönduðu efni 2906 m," segir í Múlaþingi II, 482. Á fyrstu árum



hernáms hófst strax uppbygging á Vestdalseyri: "Þeir [breskir hermenn] urðu brátt afar fjölmennir út á Vestdalseyri og fengu þar ýmis hús til afnota, meðal annars Verzlunar- og íbúðarhúsið á Eyrinni, Stórhúsið svonefnda, en það stóð autt, þegar þeir komu hingað." Seyðfirskir hernámsþættir, 27. Á öðrum stað segir um hernámið á Vestdalseyri: "Á Vestdalseyri einni er t.d. talið að hafi verið fleiri en 1000 hermenn" bls. 28

**NM-252:001** *Vestdalur* bæjarhóll bústaður


734638 541402

"Bær þessi stóð nokkru utar en Vestdalsá, í klifi sem þar er. Þar var búið fram yfir 1920, en nú er þar ekkert íveruhús [...]. Hvenær jörð þessi hefur fyrst byggzt er hulið," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Utan við Vestdalsgerði [005] er bærinn Vestdalur aðeins hærra í brekkunni með tilheyrandi útihúsum, ofan við eru Vestdalsklettar, og því sem næst beint fyrir neðan bæinn í Vestdal íbúðarhús, sem nefnd var Smiðjan [009]." "Bærinn stóð uppi á hjalla út og upp af Vestdalseyri um 1/2 km utan við foss í Vestdalsá [...]. Á korti af Vestdal/Vestdalseyri frá því um 1920 eru teiknuð þrjú hús á bæjarstæði Vestdals. Gríðarstór bæjarhóll er ofarlega í túni Vestdals, á hjalla í brekku sem hallar til suðurs. Vestdalslækur (neðar Smiðjulækur, sjá 009) rennur austan við bæjarhólinn. Smiðjuhóll 019 er fast austan við bæjarhólinn og hefur nánast samlagast honum. Þar hafa fundist mannabein og hefur þar verið kirkjugarður og bænhús. Kálgarður 206 er sunnan undir bæjarhólnum.



*Vestdalur, ljósmynd Fredrick Howell um 1900. Courtesy of the Division of Rare and Manuscript Collections, Cornell University Library. <https://digital.library.cornell.edu/catalog/ss:269242>*

Túnið er bratt en í stöllum, stórþýft og grösugt. Björg úr klettum ofan við bæinn hafa fallið niður úr því á túnið en hrúnið er langt frá bæ.



### Skýring

- |                       |                   |
|-----------------------|-------------------|
| Bæjarhóll             | Niðurgroftur/dæld |
| Þúst                  | Kantur            |
| Torf- og grjóthleðsla | Leið              |
| Grjóthleðsla          |                   |

0 5 10 15 20 m

### Bæjartóftin í Vestdal NM-252:001 og nánasta nágrenni



Bæjarhóllinn í Vestdal og þær tóftir sem á honum eru. Horft til SSA

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um hús á bæjarstæðinu: "1. a íbúðarhús: Eigandi H.S.Í.V. [Hinar sameinuðu íslensku verslanir] Notandi Einar Sv. Þorsteinsson. Stærð l. 9,7 m., br. 6,4 m., h. 6 m. (v.h. 3 m) Timburhús (bindingsverk) þakið pappaklætt. Húsið er gamalt, nokkuð fúíð og illa viðhaldið. b. Skemmuhús: stærð l. 6,2 m. br. 4,45 m. h. 4,5 m. (vh. 2 m.) Öpiljað innan. c heyhlaða: Stærð l 8,35, br. 4., h. 4 m., timburstafn fram, annars torf og grjótvæggir. Þakið úr timbri pappaklætt. d. Fjós: stærð l 6,7 m., br. 4,4 m. h. 3 m. Væggir hlaðnir úr grjóti. Járnpak á súð." Bæjarhóllinn í Vestdal er um 53x30 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er 2-3 m á hæð, hærri til suðurs, undan halla. Á bæjarhólnum eru þrjár tóftir sem eru úr torfi og grjóti, meintar leifar af brunni og stallur þar sem íbúðarhúsið stóð auk fleiri ógreinilegra minja. Tóftirnar og önnur mannvirki á bæjarhólnum fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst vestast á tóft A. Tóftin skiptist í tvö greinileg hólfi en hún er tengd tóft B með hlöðnum kanti eða vegg sem mætti ef til vill skilgreina sem þriðja hólfið frekar en sérstaka tóft. Tóft A er 12,5x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Breiðust er hún í austurenda en í vesturenda er hún 7,5 m á breidd. Væggir eru að mestu grjóthlaðnir en inni í veggjum, á milli grjóthleðslna, er mold og/eða torf. Þeir eru hæstir á suðurhlíð sem vísar fram á hlaðið, um 1,8 m á hæð. Þar sjást 9-10 umför hleðslu. Aðrir hlutar tóftarinnar eru grafnir inn í bæjarhólinn, að hluta eða öllu leyti. Dýraop er á suðurhlíð tóftarinnar, í suðausturhorni. Hleðslur í því standa en talsvert grjóthrun er framan við það. Úr dýraopi er komið inn í stórt hólf I sem er 6,5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austarlega í því er grjóthleðsla sem virðist seinni tíma viðbót, jafnvel eftir að húsin voru komin úr notkun. Hleðslan er óvönduð og mjó og skiptir hólfinu í tvö rými en gengt er á milli þeirra við suðurenda hennar. Í norðausturhorni hólf I er op upp í hólf II sem stendur nokkuð hærra (0,5-1 m) en aðrir hlutar tóftarinnar. Það er 3,5x1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Væggir þess eru grónir og mun mjórri en aðrir væggir í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hér hafi fjósið verið sem nefnt er í fasteignamati að framan. Ekki er að sjá að þetta mannvirki sé teiknað á kort af Vestdalseyri/Vestdal. Hár kantur E er á milli tóftar A og tóftar B sem liggur austur-vestur og er 3,5 m á lengd. Kanturinn er grasi gróinn en við austurenda hans er greinanleg grjóthleðsla eins og í veggenda eða dýraopi en ekki er ljóst hvernig sú hleðsla tengist þeim mannvirkjum sem enn sjást á bæjarhólnum. Tóft B er svo suðaustan og neðan við þennan kant. Hún er niðurgrafin og eru rúmir 2 m upp á brún í norðurenda hennar en rúmur 1 m í suðurenda. Tóftin er grjóthlaðin að innan og væggir hennar standa 0,5 m upp úr jörðu. Þeir eru um 1 m á breidd. Ekki er hlaðinn væggur fyrir suðurhlíð ofar jörðu. Þar hefur líklega verið timburpíl. Hleðslur eru samansignar og fjöldi umfara illgreinanlegur en 2-3 umför sjást í hleðslum ofar jörðu. Tóft B er án efa hlaðan sem getið er í fasteignamati frá 1916-1918. Fast norðaustan við tóft B er tóft C, einföld og grjóthlaðin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en mögulega er hér um fjárhús að ræða sem nefnd eru í Fasteignamati: „í Fjárhúskofi við bæinn, lítill og ljelegur.“ Tóftin er um 10,5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er væggur í suðurenda þar sem verið hefur píl. Tóftin er grjóthlaðin og gróin. Hleðslur eru signar en eru 1 m á hæð innanmáls og 0,7 m utanmáls. 5 umför sjást á einum stað í suðausturhorni. Meintur brunnur D er um 3 m sunnan við suðvesturhorn tóftar A. Hann sést sem ferkantaður, ílangur niðurgroftur sem er hlaðinn að innan. Lægst er hleðslan á vesturhlíð. Brunnurinn er 2,3x1,6 m að innanmáli og um 0,6 m á dýpt en grjót er ofan í honum svo ætla má að hann hafi verið dýpri. Framan/sunnan við tóft A er lágur stallur F. Í ytri brún hans er einföld grjótröð sem liggur frá meintum brunni C til suðurs (3,5 m), beygir til austurs (11 m) og svo óljóst til suðurs (2,5 m) fram á brún bæjarhólsins þar sem kálgarður 206 tekur við. Í suðvesturhorni stallsins er dálítið steypubrot en annars er grjót í honum. Á þessum stalli stóð síðasta íbúðarhúsið í Vestdal sem lýst er í Fasteignamati. Líklega var skemmuhúsið sem einnig er lýst í Fasteignamatinu áfast vesturenda íbúðarhússins en á uppdraetti af Vestdalseyri/Vestdal og á gamalli mynd af bænum má sjá litla afbyggingu við þann enda hússins. Frá suðvesturhorni tóftar A er óljóst kantur G sem liggur til vesturs á 6 m löngum kafla og sveigir svo til suðvesturs. Á milli tóftar A og C er nokkuð afgerandi en grunn lægð H sem er 5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þar er líklegt að hafi verið heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 21-22; Ö-Vestdalur MH, 2; Fasteignamat 1916-1918:undirmat Seyðisfjörður, 23; Kort af Vestdalseyri NA

"Árið 1882 var leyft að flytja kirkjuna frá Dvergasteini til Vestdalseyrar [...]. Fauk hún [kirkja 143] um koll í hvassviðri milli jóla og nýárs 1894 en var endurreist niðri á eyrinni nokkru síðar. [...] Björn var enn prestur safnarins þegar kirkjan, sem endurreist var á miðri Vestdalseyri, var tekin niður árið 1921 og flutt inn á Fjarðaröldu þar sem hún enn stendur [sjá NM-249:050]. Notað var mikið af viðum úr gömlu kirkjunni í þá nýju [...] Haustið 1895 var Runólfur Sigurðsson fenginn til þess að hafa umsjón með því að rífa kirkjuna [143] [...]. Runólfur virðist einnig hafa verið yfirsíður við kirkjusmíðina sem hófst í apríl 1896 og stóð fram á sumar. [...] Efni var keypt frá sex verslunum á Seyðisfirði og kostaði 1.202,84 kr. Þar af var kostnaður við þakjárn og saum um 530 kr. Viðir og annað byggingarefni úr fyrri kirkju virðist að öðru leyti hafa verið heilt og var notað aftur. [...] Kirkjan var endurbyggð niðri á eyrinni að mestu í upphaflegri mynd. Hún var þó fimm álfur styttri og risið á turninum heldur lægra en áður. [...] Nú var gengið inn í skrudhúsið bak við altarið og var þessi inngangur hulinn af nýrri, mahónímálaðri altarisbrík. [...] Nokkru seinna hafði kirkjan verið máluð grá að utan og sætin mahónímáluð," segir í Kirkjum Íslands 25. Kirkja er teiknuð inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Um hana er getið í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Kirkjan á Vestdalseyri. Eigandi og notandi söfnuðurinn í Laugasteinssókn. 1. Stærð l. 15,6, br. 10,15, h. 9 m (u.h. 4,4 m). Viðbyggt skrudhús, stærð l. 3,4, br. 4,5, h. 5,1 m (uh. 3 m). Hvorutveggja er timburhús (grindarhús), þak og veggir járnvarðir. Aldur 20 ára [þá byggt 1896-1898]." "Eftir að kirkjan var flutt inn á Fjarðaröldu reis félagsheimilið Glæðheimar á grunninum," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005. Hér er skráð sú staðsetning kirkjunnar sem var á sjálfri eyrinni, þ.e. seinni staðsetning hennar á þessum slóðum eftir að hún var flutt af Hjallanum. Kirkjan stóð á umræddum stað frá 1896-1921. Síðar var byggt félagsheimili á sama stað þannig að engin ummerki kirkjunnar sjást nú. Kirkjan var fast ofan við (NNV) Eyrarveg. Hún var tæplega 80 m norðvestan við rústir Gránufélagshússins. Á þessum stað er grunnur Félagsheimilisins Glæðheima nú.

Kirkjan stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem kirkjan stóð. Ekki sést til fornleifa en eftir að kirkjan var færð var Samkomuhús/Glæðheimar byggt á svipuðum stað, sjá 032.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kirkjur Íslands, 163, 165, 168-169; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; ÁFÍ 2005, 226, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27

Yngsta húsið sem var byggt á Vestdalseyri er Höllin. Hún var byggð á seinni hluta 4. áratugarins samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur (líklega um 1937). Þar bjuggu bræðurnir Guðni og Axel Tómassynir



Höllin NM-252:003. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA en til NV á mynd til hægri

samkvæmt Jóhanni Sveinbjörnssyni heimildamanni og var búið þar allt fram undir 1965 en fyrst bjuggu þeir með Tómasi föður sínum og voru oft saman kallaðir Tommarnir. Upphaflega bjuggu þeir í Bergþórshúsi en þegar það var rífið byggðu þeir Höllina. Húsið stendur enn undir þaki og er ekki eiginleg fornleif samkvæmt laganna skilningi en var tekin með á fornleifaskrá til að fá heildstæða mynd af mannvistarleifum á svæðinu. Húsið er 7-8 m ofan (NNV) við Eyrarveg og um 70 m norðan við grunn Gránufélagshússins 040. Húsið er eina húsið sem nú (2017) stendur undir þaki á Vestdalseyri.

Húsið stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin og voru reyndar tekin að leysast upp þegar húsið var byggt. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem húsið stendur.



Höllin er agnarlítið hús eða um 6,5 x 7,5 m að utanmáli. Húsið er steipt úr grófri steypu er ein hæð og með valmabaki sem greinilega hefur verið endurnýjað mjög nýlega. Gluggar og dyr hafa verið byrðar en tveir gluggar hafa verið framan á húsinu (á suðurhlíð) og einn gluggi að aftan (norðurhlíð). Dyr hafa verið norðarlega á vesturhlíð. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir var komið inn í agnarlítinn gang og svo voru tvö svefnherbergi og eldhúskompa.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:004** *Kirkjuboll/Efri- og Neðri-Kirkjuboll* mannvirki bústaður 734269 541014

"Önnur hús stöðu fast undir Hjallinum. Þar var Pétursborg [036] innst, þá Litla-Pétursborg [037], Bergþórshús [038]. Yst og næst ánni stóð Kirkjuboll, tvö sambyggð hús," segir í örnefnaskrá Fjarðar. Í örnefnalýsingu Seyðisfjarðar segir: "Kirkjuboll. Hús á Vestdalseyrinni. Þannig nefnt eftir 1910, en þá stóð kirkjan nokkru innar en hús þetta stendur á ofurlitlum hól og rétt innan við Vestdalsána," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús, nefndist síðar Kirkjuboll, Grúðahús og í því Grúðabúð [186]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Kirkjuboll teiknað sem tvö sambyggð hús, með gangi á milli. Að auki eru þar tvö hús sem reist eru vestan við Kirkjuboll (sjá 184 og 186). Norðaustan bæjarhúsanna er merktur inn fiskreitir (114).

Kirkjuboll/Hildarhús var áður nefnt Sigurðarhús eftir Sigurði Jónssyni Gauta, kaupmanni sbr.: "Efst á Eyrinni uppi undir Neðrihjalla stóðu 4 hús.

Yzta eða austasta húsið, næst Vestdalsá átti Sigurður Jónsson Gauti, sonur Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum. Kona hans var Hildur Þorlákssdóttir, systir sr. Björns á Dvergasteini. Sigurður hafði áður verið verzlunarstjóri við Gránufélagsverzlunina á Vestdalseyri." segir í grein eftir Pétur Sigurðsson um Vestdalseyri 1895 sem birtist í Alþýðublaðinu 1936. Kirkjuboll er talið upp í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Eigandi og notandi, Guðmundur Einarsson. Útvegsbóndi. 1.a. Íbúðarhús. stærð l. 7,7 m br. 6,45 m. h. 5 m (u.h. 2,4). Timburhús (grindarhús) þak og veggir járnvarðir. b. Íbúðar og geymsluhús, stærð l. 7,65 m br. 5,1 m h. 5 m (u.h. 2,3 m). Timburhús, þak járnvarið. Viðbyggður skúr, l. 3,5 m ve. 5,1 h. 3 m. þak járnvarið. c. gangur milli húsanna, stærð l. 3,85 m. Aldur áðurnefndra húsa er 32 ár [þá byggð 1884-1886]" Húsið brann 1955. Húsið hefur verið um 30 m ofan (NNV) við Eyrarveg en rúmum 30 m VSV við Vestdalsána.



**Skýringar**

□ Þúst

0 2 4 6 m

*Uppmæling á grunni Kirkjubolls NM-252:004*





*Leifar af grunni Kirkjuholshússins NM-252:004. Á mynd til vinstri er horft til NNA en niður á mynd til hægri*

Húsið stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin þótt húsgrunnar og aðrar leifar sjáist víða þegar að er gáð og á einstaka stað leynist enn húsgrunnar. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem húsið stendur.

Á þessum stað stóðu fjögur hús og voru tvö þau austari sambyggð og hér skráð undir þessu númeri. Húsin voru þó aðskilin og íbúðir í þeim báðum og nefndist efra húsið Efri-Kirkjuhvoll og það neðra Neðri-Kirkjuhvoll. Greinilegar leifar af syðri hluta síðasta húsinu á þessum stað sjást enn. Þó sjáist engir veggir, aðeins undirstaða og tröppur sem legið hafa upp að húsinu. Framan við (sunnan við) húsið var lítill fiskreitur sem skráður er undir sérstöku númeri 114 og tvö stakstæð hús voru vestar (VSV) á lóðinni sem einnig eru skráð undir sérstöku númerum 184 og 186. Kirkjuholshúsið sem hér er skráð virðist hafa samanstðið að stæðilegu húsi sunnar, sem enn má greina undirstöður undan og samtengdu húsi norðar sem lítil sem engin ummerki sjást eftir. Innangengt var á milli húsanna. Svo virðist sem eitthvað hafi verið rutt úr leifum hússins en þau ummerki sem nú sjást eru um 0,5 m hærra en sléttan í kring. Ummerki hússins eru um 8 x 6,5 m að stærð og snýr það ANA-VSV. Framan við mitt húsið að sunnan (SSA) eru steiptar tröppur og dyrar og eru 1,5 x 1,5 m á kant. Sjálf hæðin er með svolitlu af timburleifum hér og þar, brotnum múrsteinum, grjóti og steypu en ekki er hægt að greina eiginlega vegg. Húsið brann árið 1955 og lést síðasti ábúandinn í brunanum. Í frétt í Alþýðublaðinu frá sama ári kemur eftirfarandi fram: "Hús þetta nefndist Kirkjuhvoll, timburhús með bárujárnsklæðningu, 8-9 herbergi. Þetta var eitt sinn hús Sigurðar Gauta, forstjóra Gránufélagsins, síðan bjó ekkja hans þar lengi, og um tíma var prentsmiðja Austra þar til húsa. Guðmundur Einarsson, faðir Árna heitins, bjó þar lengi með sonum sínum," Samkvæmt greininni var prentsmiðja Austra lengi staðsett í húsinu, þ.e.a.s. í neðra (syðra) húsinu. Af ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri um 1900 (og birtist í Ísland Howells) má sjá að húsið hefur verið einlyft timburhús með risi. Á austurgafli hafa verið tveir gluggar á risi og einn agnarsmár þar fyrir ofan. Nokkrir gluggar virðast á suðurhlíð en húsið norðan við stendur svo þétt upp við neðra (syðra húsið) að erfitt er að greina þá. Strompur hefur verið í gegnum mitt húsið. Húsið fyrir aftan (sunnan) virðist hafa verið nokkru minna en einnig einlyft timburhús en ekki virðist kvistur hafa verið á því. Greinilegt er að strompur hefur einnig verið á því. Á ljósmyndinni sést aðeins í glugga á austurgafli í risinu. Ekki er hægt að segja meira um húsin út frá umræddri ljósmynd. Á stríðsárunum bjuggu herforingjar um sig í efra Kirkjuholshúsinu. Þá gerðist það stundum, samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni að herforingjarnir bönkuðu upp á og sátu svo í stofunni hjá föðurfólkinu hennar þá kvöldstund.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 20; Múlaþing II, 481-482, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Alþýðublaðið, fimmtudagur 24. marz 1955, 7, Ísland Howells, 159, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 30

"Í þessu sama manntali [1703] er getið hjáleigu frá Vestdal. [...] Þessi hjáleiga stóð utan Vestdalsár og mun vera sama býlið og seinna var kallað Vestdalsgerði og þó oftast aðeins Gerði," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. "Vestdalsgerði eða Gerði, býli rétt utan við Vestdalsá, þar er ekki búið nú, en líklega er býlið fornt," segir í Örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í Örnefnaskrá Vestdals segir: "Síðan kemur Grund [010] niður við




Vestdalsgerði NM-252:005. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til ASA á mynd til hægri

veg og því sem næst beint fyrir ofan hana Vestdalsgerði. Ofan við eru Gerðisklettur. "Annað afbýli var Vestdalsgerði innan við V[estdal] [001] og djúpt gil milli túna, í byggð til 1934 [...]. Land Vestdalsgerðis var afgirt [086], sú girðing nú fallin af mestu," segir í Múlaþingi. Af sóknarmanntali frá 1886 má sjá að þá eru tvö heimili á Gerði og 11 íbúar samtals. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 virðast vera þrjú hús og tveir kálgarðar á bærstæðinu. Sú mynd sem þar er dregin upp af húsaskipan er talsvert ólík því sem minjarnar sýna okkur. Á bærstæðinu sjást aðeins tvær allstórar tóftir og engin ummerki um kálgarða. Bærstæði Vestdalsgerðis er 350 m suðvestan við bærhól Vestdals 001, ofarlega í túni í brattri brekku sem hallar til suðausturs. Ofan við bærstæðið eru Gerðisklettur, afgerandi klettaborgir.

Grasi gróid er á bærstæðinu og í kringum það. Túnið austan og norðaustan við bærstæðið er fremur rýrt og talsverður harðbali efst en verður grösugra eftir því sem neðar dregur. Svo virðist sem að Vestdalsgerði hafi ekki átt túnskika vestan og suðvestan við bærstæðið, inn að Vestdalsá, en svo hlýtur þó að hafa verið áður fyrr. Útihús sem ætla má að hafi tilheyrð Vestdalsgerði eru í túninu vestan við bærstæðið.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um Vestadalsgerði: "Eigandi og notandi Einar kaupmaður Helgason. 1. a Íbúðarhús; stærð l. 8 m., br. 4,5 m., h. 5 m., (vh. 2,5m.) b. Íbúðarhús (gamalt) stærð: l. 6,3 m., br. 4,5 m., h. 4 m (vh. 2 m). Timburhús (bindingsverk) Þakið pappklætt, en veggir járnklæddir. Aldur um 40 ár" Tvær tóftir eru á bærstæði Vestdalsgerðis og eru þær báðar grjóthlaðnar að talsverðu leyti en einnig er torf í veggjum. Minjar á bærstæðinu eru á svæði sem er um 24x21 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftirnar er grafnar inn í brattann sem hallar til suðausturs. Tóft A er neðst á bærstæðinu (suðaustast). Hún er 16,5x9,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar virðist yngri íbúðarhúsið hafa staðið ef marka má gamlar ljósmyndir sem sýna býlið. Í suðvesturenda tóftarinnar er niðurgrafið og



Vestdalsgerði NM-252:005

grjóthlaðið hól, líklega kjallari. Hlaðnir veggir eru á suðvesturgafli og norðvesturhlið tóftarinnar og standa þeir nokkuð vel. Suðvesturgafli er í sömu línu og túngarður 119 og hefur líklega verið samtengdur honum þó að rof sé nú (2017) á milli túngarðshluta og veggjar. Lág brún er á suðausturhlið tóftarinnar og nánast ógreinanlegur veggur er á norðausturgafli. Íbúðarhúsið sem stóð á bæjarstæðinu undir það síðasta var að miklu leyti úr timbri og því ekki allir veggir hlaðnir. Veggir eru um 1 m á hæð þar sem þeir eru hæstir og sjást 3-4 umför grjóts í hleðslu. Niðurgrafni kjallarinn er 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur og er um 1 m á dýpt. Í honum eru 7 umför sýnileg. Bárujárnsplötur eru í botni hans. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni var verslun í húsinu á Gerði. Lágur stallur er meðfram suðausturhlið á tóft A, líklega stétt sem liggur að brunni 163. Hann er 0,1-0,2 m á hæð og er grasi gróinn en grjót sést í honum í norðausturenda. Tóft B er ofan (norðvestan) við tóft A og liggur samsíða henni en er lengri til norðausturs. Hún er 18x10 m að stærð. Svo virðist sem að veggur á norðvesturhlið í tóft A hafi einnig afmarkað suðausturhlið á tóft B svo langt sem hann náði. Ekki er því skýr veggur norðaustast á suðausturhlið. Tóft B virðist skiptast í þrjú hól en það er óljóst. Hólfaskiptingin er gefin til kynna með grjóthleðslum sem ganga inn í tóftina úr norðurvestur-langvegg. Hrunið bárujárnsþak er yfir suðvestasta hólfinu. Það er um 6x5 m að innanmáli og snýr norðurvestur-suðaustur. Þar norðaustan við er svo mögulega lítið hól sem er um 2 m á breidd og 6 m á lengd en austast er svo meint hól sem virðist vera 3-4 m á breidd og 6 m á lengd, snýr norðvestur-suðaustur. Í norðaustur-horni þess er lítið niðurgráfin hola sem er 0,7 m á lengd og 0,2-0,3 m á breidd, snýr ANA-VSV, er 0,5 m á dýpt. Allar hliðar nema suðausturhliðin eru grafnar inn í hallann, mest þó norðvestur-hliðin. Norðausturgaflinn er 1,6 m á hæð og sjást 8 umför grjóts í hleðslu. Talsvert hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina. Veggir í tóft B eru 1,5 m á breidd. Ekki er fullljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt og má ætla að hlutverk hennar hafi breyst eftir að búsetu lauk í Vestdalsgerði. Á gamalli ljósmynd þar sem bærinn sést úr fjarlægð virðist húsmaðir vera ofan við og utan við íbúðarhúsið sem hefur stefnu þvert á það (snýr norðvestur-suðaustur). Ef til vill er það eldra íbúðarhúsið sem nefnt er í Fasteignamatinu og má ætla að það hafi verið í norðausturenda tóftar B. Lítil sem engin uppsöfnun mannvistarleifa er sýnileg á bæjarstæði Vestdalsgerðis

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS, 111; Ö-Seyðisfjörður, 22; Ö-Vestdalur HA, 2; Múlaþing II, 481, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 21;

**NM-252:006** *Eiríksstaðir* heimild um býli

"Eiríksstaðir byggðir upphaflega af Eiríki nokkrum, sem fór til Ameríku. Síðan bjó þar í 15 ár Sveinn, faðir Jóns B. Sveinssonar. Þá kom þar ár 1910 Þórarinn Þórarinsson frá Frostastöðum, og telst hann búa þar enn (1944), þó hann sé með fjölskyldu sína oftast í Reykjavík." Ö-Vestdalur JJ, 3. "Eiríksstaðir, út undir Grýttá, býli byggt á 19du öld seint. Þar er búið enn," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Enn austar [Grúðarhúsi, 008] voru Haraldsstaðir [007] ofan við götu. Lítið eitt austar og rétt innan við Landamerkjána Grýtu stóðu Eiríksstaðir allan ofan götu."

"Utan við Vestdalsá eru þessi býli: Eiríksstaðir ('42-'43) [...]. Haraldsstaðir ('33) [...] Ingimundarhús [011] ('62) [...]. Smiðja [009] rétt hjá Vestdalsbænum [001]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 eru bæjarhús Eiríksstaða merkt sem tvær samliggjandi byggingar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22; Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920

**NM-252:007** *Haraldsstaðir* heimild um býli

"Haraldsstaðir: þar niður undir sjónum. Byggt fyrir 1900," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Enn austar [Grúðarhúsi, 008] voru Haraldsstaðir ofan við götu. Lítið eitt austar og rétt innan við Landamerkjána Grýtu stóðu Eiríksstaðir [006] allan ofan götu." Ennfremur segir í örnefnaskrá Vestdals JJ: "Húsið rífið og efnið notað í skíðaskálann." "Utan við Vestdalsá eru þessi býli: Eiríksstaðir ('42-'43) [...]. Haraldsstaðir('33) [...] Ingimundarhús [011] ('62) [...]. Smiðja [009] rétt hjá Vestdalsbænum [001]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 eru Haraldsstaðir teiknaðir sem stakt hús.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22; Ö-Vestdalur MH, 2-3; Ö-Vesturdalur JJ, 3; Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:008** *Grúðahús* heimild

"Grúðahús voru þar innar undir sjónum, kennd við norskan síldveiðimann að nafni Grude," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Austan en Ingimundarhús [011], neðan við götu, eru Grúðahús (fyrst byggð sem útgerðastöð en síðan var kínalífselexír framleiddur þar." Í örnefnaskrá

Fjarðar segir: "'Framaf Grúðahúsi var Grúðabryggja [071]." "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús [004], nefndist síðar Kirkjuhvoll [...] Grúðahús og í því Grúðabúð (féll fyrir snjóflóði um '30) [...]. Ber[g]þóruhús [038]. Litla [037]- og Stóra Pétursborg [036] innst," segir í Múlaþingi.

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er Grúðahús teiknað sem stök bygging.

Grúðahúsin fóru í snjóflóði samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur. Þetta voru vegleg hús sem stóðu neðan við götuna að hennar sögn, utan við Ingimundarhús.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22; Ö-Vestdalur MH, 2; Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Múlaþing

II, 481-482; Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA; Eimreiðin 1903, 99

## NM-252:009 Smiðja bæjarstæði bústaður

734690 541267

"Smiðja. Hús þar utan við byggt um aldamótin 1900. [...] Framar og neðar í túninu eru Lækjarhús. Þar er nú hús, sem nefnt er Smiðja og hefur verið búið þar," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Austar og neðar en við Smiðju er Eyjólfshús [051] neðan við götu. Austar er Ingimundarhús [011]." "Utan við Vestdalsá eru þessi býli: Eiríksstaðir [006] ('42-'43) [...]. Haraldsstaðir [007] ('33) [...] Ingimundarhús [011] ('62) [...]. Smiðja rétt hjá Vestdalsbænum [001]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá 1920 eru fjögur mannvirki teiknuð í hnapp á bæjarstæðinu. Smiðja var á hólþungu neðarlega í túni Vestdals um 140 m SSA af Vestdalsbænum 001.

Smiðja var neðarlega í grösugu túni. Grafið hefur verið úr rótum hlíðarinnar við bæjarstæði Smiðju. Þar er hálfgróin grýtt og brött brekka en grasflöt ofan við og neðan. Á grasflötinni fyrir neðan, rétt ofan við Vestdalseyrarveg hefur verið útbúið gjafastæði fyrir hross. Lækur rennur fast austan við bæjarstæðið og hefur hann grafið sér lítið gil, um 3 m hátt.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 eru eftirfarandi byggingar nefndar sem tilheyrðu Smiðju: " a



*Smiðja NM-252:009, á ljósmynd er horft yfir minjasvæðið og til ASA*

Íbúðarhús: Stærð l. 11,45 m., br. 4,4 m., h. 3,3 m (húsið hjerumbil rislaust) Tímurhús (bindingsverk) þak pappaklætt, en veggir að mestu járnvarðir. Af lengd hússins er 4,4 m ekki skilrúmað. Viðbyggður skúr, l. 1,9 m., br. 1,9 m. H. 1,9 m. Aldur um 30 ár. B. Fiskiskúr: stærð l. 4 m., br. 2,45 m., h. 2 m." Á lóðinni voru að auki fiskreitir, matjurtagarður og girðing um garðinn úr grjóti og tré. Bæjarstæði Smiðju hefur verið mikið raskað og eru minjar þar skráðar undir einu númeri. Minjasvæðið sem eftir stendur er um 30 x 6 m að stærð (norðvestur-suðaustur). Minjar á svæðinu fá bókstafi til aðgreiningar. Um 4 m ofan (norðan) við efri brún raskaðs svæðis er um 14 m langur og 25 cm hár kantur A sem liggur austur-vestur og gæti hugsanlega verið minjar eftir bæinn. Einnig er þó mögulegt að hann sé til kominn vegna yngra rasks. Kanturinn virðist í beinu framhaldi af kanti 132B sem er austan við Vestdalslæk. Um 2 m neðan við kantinn, við lækjargilið, mótast einnig fyrir hugsanlegri grjóthleðslu B sem er um 3 x 1 m að stærð (norðvestur-suðaustur). Í hleðslunni sjást 2 umför og er byrjað að gróa yfir grjótið. Um 2 m ofan við vesturenda kants A mótast óljóst fyrir ferhyrnum grunni C, um 4 x 2 m að stærð (austur-vestur) og um 10-15 cm djúpum. Um 10 m norðvestan grunnsins er kringlótt þúst D, um 4 m í þvermál og 40 cm á hæð. Hugsanlega er þústin komin til vegna yngra rasks á svæðinu. Milli grunns C og þústarinnar eru för líkt og eftir stórvirka vinnuvél sem hefur verið ekið upp á hólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22, 109; Ö-Vestdalur MH, 2; Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður

**NM-252:010** Grund þúst bústaður

734376 541105

"Grund. Hús byggt um aldamótin [1900] niður undir sjó, rétt utan við Vestdalsá," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Síðan kemur Grund niður við veg og því sem næst beint fyrir ofan hana Vestdalsgerði [005]. Ofan við eru Gerðisklettur." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Grund teiknað sem tvö sambyggð mannvirki. Í Fasteignamati 1916-18 segir: "Eigandi og notandi Þórður Hinriksson Þurraþúðarmaður. 1.a Íbúðarhús: stærð l. 1,5 m., br. 4,9 m., h. 4,1. (vh.2,5) Timburhús (bindingsverk) Veggir járnklæddir. Þakið pappklætt. Viðbyggðir 2 skúrar [...tek út málin á þeim]. Veggir trjeklæddir en þök járnvarin. Aldur um 20 ár. 2. Lóð, leigulóð. Eigandi Hinar sameinuðu íslensku verslanir. Stærð 269 m<sup>2</sup>. Liggur við sjó, yst á Vestdalseyrinni og notað til bygginga. [...] Mannvirki: a. Fiskireitur stærð 94. m<sup>2</sup>. b. Matjurtagarður stærð 72 m<sup>2</sup>." Þar sem Grund var er nú steipt gólfplata, húsgrunnur og fleiri ummerki um byggingar en talsverðar breytingar hafa orðið frá því kortið var gert. Minjar um Grund eru 80 m sunnan við Vestdalsgerði 005 og 400 m suðvestan við bæjahól Vestdals 001. Minjar 171 og 173 eru í næsta nágrenni og tengjast að öllum líkindum búsetu í Grund. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni, var fólkið á Grund líka eitt af síðustu Vestdalseyringunum til að yfirgefa þorpið og þar stóð enn hús undir þaki árið 1977 skv. loftmynd sem tekin er það ár.

Minjarnar eru neðan við brekkurætur og norðvestan við malarveg fram fjörðinn. Deiglent er í brekkurótum norðvestan við minjarnar. Grasi gróíð allt í kring. Vatnslæna kemur niður úr brekku og rennur meðfram svæðinu að norðvestanverðu.



#### Gerði NM-252:010. Á ljósmynd er horft til vesturs

Minjarnar eru á svæði sem er 15x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturhluta er húsgrunnur, steiptur grunnur að stórum hluta en grasi gróinn norðvestast. Við vesturhorn er hola niður með grunninum og þar sést grunnurinn niður á 0,5 m dýpi. Sá hluti grunnsins sem er ofar jörðu er hæstur 0,2-0,3 m. Suðvestan við grunninn er lægri stallur, flati sem er 0,2 m á hæð, hlutverk óljóst.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22; Ö-Vestdalur MH, 2; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-18, 26, Loftmynd frá 1977 LMI-Kort-F05-F-0918-qv.jpg2

**NM-252:011** Ingimundarhús heimild um býli

"Ingimundarhús, þar út og niður af Vestdalsstúni. Húsið byggt af Ingimundi Eiríkssyni, sem lengi bjó á Sörlastöðum," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. "Utan við Vestdalsá eru þessi býli: Eiríksstaðir [006] ('42-'43) [...]. Haraldsstaðir [007] ('33) [...] Ingimundarhús ('62) .Þar var töluverður búskapur [...]. Smiðja [009] rétt hjá Vestdalsbænum [001]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er Ingimundarhús teiknað sem stakt mannvirki.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 22; Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:012** *Festarsteinn* heimild um lendingu

"Festarsteinn er rétt framan við Vestdalseyri. Þar var skipum fest sem lágu við Vestdalseyri," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 106

**NM-252:013** *Tröppur* örnefni leið

"Upp frá Breiðurák og upp í Sultarbotna eru Tröppur," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 106

**NM-252:014** *Ræningjagriót* örnefni

"Ræningjagriót er gilskora utan til í Bröttubrekku. Ræningjagat er gat í gegnum klett yst í Ræningjagriót. Þessi tvö síðustu heiti gætu verið af sögulegum toga spunnin, þó ekki sé vitað um upprunann," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 107

**NM-252:015** *Gildrubraun* heimild um refagildru

"Gildrubraun er framar en klettarnir ofan við bæinn. Þar voru hafðar refagildir," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 108

**NM-252:016** heimild um mógrafir

"Eyrar niður undir ánni. Þar er og Langitangi inna við Eyrarnar, og var þar mótak," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 108

**NM-252:017** *Torfalækur* örnefni rista

"Torfalækur rennur niður í Vestdalsá um miðjan dal," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.


**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 108

**NM-252:018** hleðsla kálgarður

734369 541177

Ógreinilegar leifar af meintum kálgarði eru fast neðan við bæjarstæði Vestdalsgerðis 005.

Minjarnar eru í grasi gefnu túni í brattri brekku sem hallar til suðausturs. Í túninu sést ógreinilegur niðurgroftur sem er 7x7 m að innanmáli en neðan við hann á suðausturhlíð er lágur, hlaðinn veggur. Veggurinn er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hann er líklega torfhlaðinn og sést ekkert grjót í honum.



*Kálgarður NM-252:018. Á ljósmynd er horft yfir kálgarðinn og garðlag NM-252:119 til SSV*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:019** *Smíðjuhóll* þúst bænhus

734675 541411

"Út og niður af Vestdalsbænum [001] er hóll, sem Smíðjuhóll heitir, og er hann í túninu. Þar hafa fundizt mannabein," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í Byggðasögu Seyðisfjarðar segir: "Þriðja bænhusið hef ég staðsett í Vestdal, þó að engar öruggar sagnir séu um að svo hafi verið. Þá tilgátu mína byggir ég á því að 1880 fundust mannabein í svokölluðum Smíðjuhóli í Vestdalsstúni. Hér var um þrjár beinagrindur að ræða og var talið að tvær þeirra væru af körlum en ein af konu." Smíðjuhóll er fast austan við bæjarhól 001 og óljós mörk eru á milli hólanna en þó nokkuð afgerandi lögð.

Vestdalslækur (neðar Smíðjulækur sjá 009) rennur meðfram norðanverðum Smíðjuhóli og austan við hann. Minjum í hólum er hætta búin af landbroti af völdum lækjarins. Hóllinn er grasi vaxinn.

Hóllinn er ekki alveg hringlaga og er 22,5 m á lengd (frá norðaustri til suðvesturs) og 19,5 m á



*Smíðjuhóll NM-252:019. Á ljósmynd er horft til suðurs*

breidd (frá norðvestri til suðausturs). Hóllinn er ójafn að ofan og kúptur. Norðaustast á honum mótast fyrir ferhyrnum flata, mjög óljóst. Hann er um 7,5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar austan og neðan við í norðaustanverðum hólum er eins og útgrafin tóft sem er í miklum halla til norðausturs og í henni er sýnilega hlaðinn veggur frá opi í sveig til SSV. Veggurinn er um 0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tvö umföör sjást við opið inn í tóftina. Mögulega er þetta smíðjutóft. Hóllinn er að hluta náttúrulegur og sést í klöpp neðarlega í honum en uppsöfnun mannvistarlaga er líklega um 2 m. Syðst í hólum er rof og þar sést í einn stein ofan á moldarblandaðri möl. Hann gæti verið úr kirkjugarðsvegg eða öðru mannvirki sem leynist í hólum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 109; BS 129-130

**NM-252:020**

"Einn upphlaðinn sniðvegur eða akbraut var upp brekkurnar af Vestdalseyri upp á Vestdalsheiði, sem gerði Úthéraðsmönnum fært að komast frá Eiðum um þá heiði til Seyðisfjarðar. Þessi vegspotti var gerður eftir fyrir sögn norsks verk- og vegafraeðings, Hovenach, er stjórnin hafði fengið til að gefa ráð og reglur fyrir því, hvernig vegi skyldi gera á Íslandi. Var mér sagt, að þessi vegspotti væri hinn fyrsti vegur, sem gerður var eftir réttum reglum, þeim er síðan hefir verið fylgt um vegalagningu hér á landi. Annars staðar man eg ekki, að vegir væru þar, sem eg fór um í þessum fjórðungi."


**Heimildir:** Lífið 1. árgangur 1936\_2.tölublað\_144-145



**NM-252:021** kantur hlað

734111 541143

Bæjarhlað er fyrir framan (ASA) við bæinn á Fossi 079, milli hans/útihúsa 151 og kálgarðs 017 en bæjarhlaðið markar í raun af vesturhlið kálgarðsins. Frá norðurenda hlaðsins eru ríflega 10 m að brún Vestdalsárgils. Hlaðið er milli bæjar 079 og kálgarðs 107. Það er ofarlega (vestarlega) í aflöngu túni



*Bæjarhlaðið á Fossi NM-252:021 sést á uppmælingunni til vinstri milli bæjartóftar norðvestar og kálgarðs (107) suðaustar. Á ljósmynd er horft til NA*

bæjarins Foss sem snýr norður-suður en hallar til vesturs.

Hlaðið er ríflega 30 m langt en víða um 1,5 m á breidd þótt sumstaðar nái það allt að 3-4 m á breidd. Það er flatt að ofan. Austurhlið traðanna markar sem fyrr segir af vesturbrún kálgarðsins en að vestan endar hlaðið undir húsvegg bæjar og útihús (079 og 107). Austurbrúnin er hlaðin upp og er 0,3-0,5 m á hæð en í henni sjást 2-4 umför. Mögulegt er að tóft 127 hafi verið byggð nokkru eftir því að bæjarhlaðið er gert og þá beint ofan í það en horn hefur verið hlaðið meðfram tóftinni, innan kálgarðs en sjálf er tóftin ofan í traðirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:022** *Sel* heimild um beitarhús

"Sel, beitarhús á móts við Hrútahjalla. Seltún umhverfið Selið," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Vestdals segir: "Sel. Húsatættur með nokkuð ræktuðu landi umhverfis."

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 110; Ö-Vestdalur JJ, 2

**NM-252:023** *Álfaborgir* örnefni huldufólksbústaður

"Álfborgir, nokkrir einstakir klettur vestur af Selhjöllum [sjá 022]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

"Innarlega í norðurhlið Vestdals í Seyðisfirði er klettur afar einkennilegur og - ef svo mætti segja - fornescjulegur í sjón. Hann er eigi mjög hár en tekur yfir hér um bil 250 ferfaðma blett. Hann er allur sundur sprunginn og ólíkt berg í honum því sem þar er í kring. Er sem einhver fornescjublær á honum enda eru inni hann einlægir skápar og dyr og norðan við hann er bali sem vel valið dansgolf handa álfum á helginóttum. Mikil trú var fyrr á þessum kletti sem álfasetri og gengu ýmsar sagnir um hann og íbúa hans sem nú eru glataðar," segir í Þjóðsögum Sigfúss Sigfússonar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 110; ÞSS III, 13-14

**NM-252:024** *Einstigi* heimild um leið

"Einstigi, kletthöfði við Vatnið. Þar liggur vegurinn hæst og má telja landamörk," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 110

**NM-252:025** *Félagsgarður* heimild um kálgarð

"Félagsgarður er aflagðir matjurtagarður á Lágubökkum. Rétt þar fyrir austan á móts við Ytrinös er stór




stakur steinn Festarsteinn [012]," segir í örnefnaskrá Fjarðar.  
**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 1

**NM-252:026** Ytri-hjalli mannvirki bústaður

734183 541046

"Neðan við túnið á Fossi [079] heitir Hjalli. Á hjallanum voru tvö íbúðarhús Ytri-Hjalli og Innri-Hjalla [027] (Eldra nafn Kvinnabrekka). Neðan undir Hjallanum er Vestdalseyrin," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Á hjöllum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Ytri-Hjalli ('39), hét áður Rauðhús [sjá því um 1920. Austan bæjarhúsanna er kálgarður 226 merktur."Rauðhús var býli á Hjalla, sem var annaðhvort á milli Innri [027]- og Ytrihjalla [026] eða sami og Ytrihjalli," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Fjarðar. Ytri-Hjalli og Rauðhús voru tvö nöfn á einu og sama húsínu sbr. Sveitum og jörðum í Múlaþingi. "Á Neðrihjalla stóðu 4 hús. Yzt þeirra var svo nefnt Rauða hús. Áttu það bræður tveir Sigurður og Eiríkur, báðir enn á lífi [1936]. Þá var Sigfúsarhús..."segir í grein eftir Pétur Sigurðsson um Vestdalseyri 1895 sem birtist í Alþýðublaðinu 1936. Hjalla (Ytra-Hjalla) er getið í Fasteignamati 1916-1918 og segir þar: "'Hjalli" ofan við Vestdalseyrina. Eigandi og notandi: Eiríkur vaktmaður Einarsson. 1. Íbúðarhús, stærð l. 7 m br. 5,1 m. h. 5,3 m. (u.þ. 2,3 m). Timburhús (grindarhús). Þak járnavið. Kjallari hlaðinn stærð 3,7 m x 3,14 m. Viðbyggðir skúrar: 1. stærð l. 1,8 br. 1,3 h. 2 m Pappað þak. 2. stærð l. 3,9 m br. 5,1 m h. 2,3 m pappað þak. Aldur hússins 34 ár [byggt 1882-1884]." Eftir að skólanum á Vestdalseyri var lokað var kennt einn vetur í Ytra-Hjallahúsinu samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni. Talsverð ummerki sjást enn eftir Ytri-Hjalla en ljóst er að talsvert af ummerkjunum gæti verið frá hernámsárunum en herinn byggði þá talsvert af bröggum og mannvirkjum á þessu svæði og ekki er ólíklegt að þá hafi síðustu leifum Ytri-Hjallabæjarins sem þá var kominn í eyði verið umturnað eitthvað. Ytri-Hjalli fór í eyði 1939 og það sést á ljósmynd var



*Leifar af yngsta bænum á Hjalla eða Ytri-Hjalla (NM-252:026).*

*Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til SSA á mynd til hægri*

tekin var af Vestdalseyri sumarið 1941 (og birt var í bókinni Fremstu víglínu). Á hernámsárunum tók herinn húsið yfir og bjuggu þá herforingjar í því (offiserar) samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur. Ekki er vitað hvenær húsið var rífið.

Á Neðrihjalla, grasi grónum hjalla í hlíðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er í kring.

Steinhlaðinn grunnur er þar sem Ytri-Hjalli stóð. Hann er 8 x 6 m stór og snýr eins og Hjallinn sjálfur norðaustur-suðvestur. Grunnurinn er fullur af timbri og í honum er einni járntunna, steinsteypur strompur og fleira rusl. Hleðslan er úr fremur stóru og tilhöggnu grjóti og en aðeins er hægt að greina 4-5 umför vegna þess hversu mikið drasl er inni í tóftinni. Hleðslan er á að giska 0,8-1 m djúp. Grunnurinn er

niðurgraffinn og nær ytri brún aðeins 0,2 m upp úr jörðu. Op hefur mögulega verið á kjallarahleðsluna svolítið suðvestan við miðjan suðausturvegg. Norðaustan við norðausturgafli hússins er slétta í framhaldi af veggtoppi grunnsins og þar var annað hús, sjá 238. Af ljósmynd frá því snemma á 20. öld (fyrir 1922) sem varðveitt er á Ljósmyndasafni Austurlands má sjá glitta í húsið. Það virðist hafa verið einlyft timburhús með risi en engum kvisti. Af ljósmyndinni að dæma hefur húsið Snúið ANA-VSV. Dyr hafa verið á miðri suðurhlíð og gluggar beggja vegna við. Á vesturgafli virðast hafa verið tveir gluggar á jarðhæð og einn á risi. Strompur var á miðju þakinu.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 1-2; Múlaþing II, 482, Ö-Fjörður Aths. GM, 1, Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 482, Albýðublaðið 20. árgangur, 1936, 2, Ljósmyndasafn Austurlands fólk59, Fremsta víglína, 44, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 35

**NM-252:027** Innri-Hjalli/Hjalli mannvirki bústaður

734115 541151

"Neðan við túnið á Fossi [079] heitir Hjalli. Á Hjallanum voru tvö íbúðarhús Ytri-hjalli [026] og Innri-hjalla (eldra nafn Kvennabrekka). Neðan undir Hjallanum er Vestdalseyrin," segir í ornefnaskrá Fjarðar. "Á hjöllunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Sigfúsarhús [085] var á milli Hjallahúsanna," segir í



*Hjalli (NM-252:027). Á ljósmynd til hægri er húsið um 1950. Myndin birtist áður í Kristín Marja Baldursdóttir. 2000. bls.7*



*Ytri Hjalli NM-252:027. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en á mynd horft til VSV*

Múlaþingi. Innri-Hjalli er teiknaður sem tvö samliggjandi hús á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Sunnan bæjarhúsanna er kálgarður 099 merktur. Eftir að Ytri Hjalli féll úr byggð var Innri-Hjalli oft einfaldlega nefndur Hjalli, sbr. "Hjalli. Hús á hjalla neðar á Vestdalseyri," segir í ornefnaskrá Vilborg Dagbjartsdóttir segir húsið aldrei nefnt annað en Hjalli svo langt sem hún man. Seyðisfjarðar."Innst var Kvennabrekka. Það hús átti Guðmundur Einarsson skipstjóri."segir í grein eftir Pétur Sigurðsson um Vestdalseyri 1895 sem birtist í Albýðublaðinu 1936. Hjalla (innri) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: ""Hjalli" ofanvið Vestdalseyrina. Eigandi Guðmundur Einarsson útvegsbóndi í Kirkjuhvoli.

Notandi Dagbjartur Guðmundsson sjómaður. 1. Íbúðarhús, stærð l. 8,8, br. 3,5 h. 3 m. Timburhús (grindarhús). Þakið hálftrjárvarið og hálftrjáþaklaði. Viðbyggður skúr. l. 5,8. br. 1,8, h. 2,5 m. Járnvarið þak, annar hliðvegur hlaðinn. Kjallari er undir hálfu húsinu. Aldur 18 ár [þá byggt 1898-1900]." Innri-Hjalli var um 55 m suðvestan við Ytra-Hjalla 026, byggður fast undir hjallabrunninni á Efri-Hjalla. Hann er um 80 m NNV við veginn sem liggur um Vestdalseyri. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur (Ritþing Gerðubergs 2. apríl 2005) byggði faðir hennar það hús sem síðast stóð á þessum stað, Hjallahúsið, árið 1930 þar sem gamla húsið var of lítið og lélegt. Fjölskyldan hennar var ein sú síðasta til að flytja frá Vestdalseyri, árið 1957 (þá voru aðeins tveir menn í Höllinni eftir).

Í brekkurótum neðan við klettabelti. Bæjarhlað er fram af bænum og í framhaldi af því er vegur skorinn inn í brekkuna til VSV.

Leifar síðasta bæjarins á Hjalla eru horfnar en grunnur hans er vel greinilegur. Svæðið er 10 x 7 m stórt en hlaðinn kjallari er aðeins á suðurhluta þess. Sjálfur kjallarinn er 8 x 4-4,5 m stór og snýr eins og hjallinn norðaustur-suðvestur. Í hleðslunni sjást 7-9 umföng og er hún allt að 1,6 m djúp. Stropurinn úr húsinu liggur í tveimur brotum á bæjarhlaðinu. Tröppur eru greinilegar að húsinu norðaustast við suðausturvegg þess og fast suðvestan við þær hefur verið e.k. op eða inngangur inn í kjallarann. Við topp grunnsins/kjallarahleðslunnar að norðvestan er flati þar sem hús hefur verið að baka til við Hjalla og líklega sambyggt. Norðvestur-langvegur þess, sem er inn í brekkuna stendur nokkuð vel. Greinilegt er að gluggi hefur verið upp í brekkuna á a.m.k. einum stað. Steinsteyptur veggur markar þetta bakhús af til norðvesturs og norðausturs. Síðustu ábúendur á Hjalla voru þau Dagbjartur Guðmundsson og Erlendína Jónsdóttir sem bjuggu þar 1916-1956. Síðasta Hjallahúsið brann. Á ljósmynd af húsinu á Hjalla sem Vilborg Dagbjartsdóttir tók og birtist í bókinni, Mynd af konu: Vilborg Dagbjartsdóttir (höfundur: Kristín Marja Baldursdóttir) sést húsið um 1950. Af henni má sjá að það hefur verið tvílyft timburhús. Þrír gluggar voru í röð á suðurhlið og dyrnar lengst til austurs. Á risi voru tveir gluggar á vesturgafli en hvorki sér í suður- né austurhlið hússins á myndinni. Í bókinni Úr Þagnarhyl (ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur eftir Þorleif Hauksson, bls. 31) er húsinu talsvert lýst. Þar segir: "Húsið á Hjalla þar sem við bjuggum var reisulegt og bar hátt. Það var tvílyft timburhús. Pabbi byggði það ári áður en ég fæddist [1929] Þau bjuggu niðri á Hvoli á meðan verið var að byggja við húsið. Þá var byggð heil hæð ofan á, en hún var aldrei fullinnréttuð. Framan við húsið var hlað úr tiltölulega sléttum steinum og gras á milli. Við innganginn voru tröppur og steypst stétt fyrir framan. Svo kom dálítil brekka niður af hlaðinu. Þar hafði runnið lækur, en pabbi steypði brunn [214] uppi í Hjallakletti og gerði lækinn að lokræsi. Þar sem ræsið endaði tók gamli lækjarfarvegurinn við, en það var gróið yfir hann. [...] Undir tröppunum voru dyr inn í kjallarann sem var með moldargólfi. Þar var kolastía og tunnur undir saltkjöt og slátur. Þar geymdi mamma líka sultur og annan mat í tréskáp. Og þar svaf kötturinn á hillu við gluggann. Innan við útidyrhúrdina var gangur og til hægri tréstigi upp á loftið. Undir stiganum var stór, lokaður skápur þar sem skófatnaður og ýmislegt var geymt. Til vinstri handar voru dyrnar inn í stofuna með gluggum sem vissu út að Eyrinni. Þaðan voru dyr inn í svefnherbergi mömmu og pabba og dyrtjöld fyrir. Milli glugganna var stór klukka sem þau höfðu fengið í brúðargjöf, og stór ofn var í horninu við svefnherbergisdýrnar. Innst í ganginum var gengið inn í eldhúsið og lítið svefnherbergi var inn af því. Húsið var byggt í brekku, og því voru eldhúsgluggarnir alveg við jörð. Undir glugganum úti í horni vinstra megin var eldhúsbekkur með skápum undir. Í öðru horninu var eldavél og þaðan dyr inn í búið. Þar var gluggi en hænisanet fyrir svo að hænsein hoppuðu ekki inn þegar hann var opnaður. Hænsnakofinn var fyrir ofan húsið [líklega á sama stað og fjárhús 275]. Inn af eldhúsinu var herbergi þar sem krakkarnir sváfu" Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir var risið aðeins að litlu leyti innréttuð. Þar var eitt herbergi en loftið var líka notað til að þurrka þvott og ýmislegt annað. Samkvæmt henni var húsið sem stóð á þessum stað áður minna en það sem faðir hennar byggði svo en áður en það var rífið hafði verið byggt við það. Timburgirðing hefur legið frá því og til vesturs. Snúrastaurar voru vestan við húsið. Hjallabærinn fór í eyði árið 1956 en stóð talsvert lengur og virðist enn standa undir þaki árið 1977 samkvæmt loftmynd frá því ári. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir leyfðu bræður hennar að húsið yrði brennt og notað til æfingar fyrir slökkviliðið, fljótlega eftir að flutt var úr því.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kristín Marja Baldursdóttir, 7, Þorleifur Hauksson, 31, Ö-Fjörður RG, 1-2; Múlþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SVÖ-Seyðisfjörður, 20, Alþýðublaðið 20. árgangur, 1936, 2, Ritþing Gerðubergs 2005, 6, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 36, Loftmynd frá 1977 LMI-Kort-F05-F-0918-qv.jpg2



"Neðan undir Hjallanum er Vestdalseyri [...]. Innst var Brautarholt þar næst Pálshús [029]. (Eldra nafn Ármannshús) [...]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús [082]. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús [032]. Barnaskólahús [031], Rósuhaus [030]. Ármannshús [029] og innst Brautarholt," segir í Múlaþingi. "Nokkru innar og neðar stóðu 2 hús: Ármannshús [Pálshús 029] og Gunnlaugshús. Báru þau nöfn eigendanna Ármanns Bjarnasonar frá Viðfirði og Gunnlaugs Oddsens. [...] Gunnlaugur Oddsen var utanbúðarmaður við verzlunina," segir í grein um húsbrunann á Vestdalseyri (sem birtist í Alþýðublaðinu árið 1936). Brautarholt er teiknað sem stakt mannvirki á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Líklegast er að hús sem talið er upp númer 26 í Fasteignamati frá 1916-18 sé Brautarholt en í lýsingu þess í matinu segir: "Hús á Vestdalseyri. Eigandi Ólafur Jónsson Norðfirði, notandi Sigurður Þ. Jónsson verkamaður. 1. Íbúðarhús, stærð l. 4 m, br. 3,85 m, h. 4,2 m (uh. 2,4 m). Timburhús (grindarhús). Þak járnvarið og ein hlið hússins járnvarin. Viðbyggður skúr, stærð l. 1 m, , br. 3,4 m., h. 1,8 m með járnvörðu þaki. Aldur hússins 11 ár [samkvæmt því byggt 1905-1907]" Í lýsingu Péturs Sigurðssonar á húsum á Vestdalseyri um 1895 sem birtist í Alþýðublaðinu 1936 segir: Nokkru innar og neðar stóðu 2 hús: Ármannshús [sem er sama og Pálshús 029] og Gunnlaugshús. Báru þau nöfn eigendanna Ármanns Bjarnarsonar frá Viðfirði og Gunnlaugs Oddsens. Ármann var þá fyrsti bókarí við Gránufélagsverzlunina og hafði þar að auki bókasölu. Gunnlaugur Oddsen var utanbúðarmaður við verzlunina." Ljóst er að það hús sem fjallað er um í Fasteignamati 1916-1918 er yngri en svo að það geti verið sama hús og Gunnlaugshús en það hefur líklega staðið á sömu slóðum, a.m.k. má ætla að bæði hús hafi verið vestan við Pálshús og mögulega verið vestasta húsið á Vestdalseyrinni. Brautarholt hefur verið allra innst (suðvestast) í þorpinu en engin ummerki sjást lengur um það. Húsið hefur verið 170-180 m vestan við grunn Gránufélagshússins 042 fast norðan við (eða jafnvel að hluta í) núverandi vegstæði Eyrarvegur.

Undirlendið milli fjöru og hjallanna ofan við er orðið mjög takmarkað á þeim slóðum sem Brautarholt hefur staðið. Nokkuð deiglent er í kring. Eyrarvegur er á svipuðum slóðum eða fast neðan við þar sem húsið hefur staðið en svolítið er byggt undir hann á þessum slóðum ólíkt því sem raunin er víðast annars staðar. Engin ummerki sjást nú um Brautarholt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-FjörðuAlr RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Vilborg Dagbjartsdóttir/Silja Aðalsteinsdóttir, Tímarit Máls og menningar 1989, 410, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 41

"Neðan undir Hjallanum er Vestdalseyri [...]. Innst var Brautarholt [028] þar næst Pálshús. (Eldra nafn Ármannshús) [...]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús [082]. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús [032]. Barnaskólahús [031] [...]. Rósuhaus [030] [...]. Ármannshús og innst Brautarholt," segir í Múlaþingi. "Nokkru innar og neðar stóðu 2 hús: Ármannshús og Gunnlaugshús. Báru þau nöfn eigendanna Ármanns Bjarnasonar frá Viðfirði og Gunnlaugs Oddsens. Ármann var þá fyrsti bókarí við Gránufélagsverzlunina og hafði þar að auki bókasölu," segir í grein um brunann á Vestdalseyri (sem birtist í Alþýðublaðinu 1936). Pálshús er teiknað sem stakt mannvirki á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Þar er einnig merktur inn kálgarður 102. Um húsin er getið í Fasteignaskrá frá 1916-1918 en þar segir: "Hús á Vestdalseyri. Eigandi og notandi Páll A. Pálsson kaupmaður. 1a. Íbúðarhús og sölubúð. L. 6,5 br. 4,5 m h. 5 m (uh. 2,6). Timburhús (grindarhús). Þakið pappklætt. Aldur 30 ár [samkvæmt því byggt 1886-1888]. Viðbyggðir skúrar: I. Stærð: l. 7,7. br. 5,2, h. 3,3. Pappað þak. II. Stærð l. 3,9, br. 3,15, h. 2,2. Pappað þak. b. Fjós, stærð l. 4,85, br. 2,15, h. 3 m Þak og veggir járnklæddir." Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnari bjó í Pálshúsi á tímabili sbr. grein Vilborgar Dagbjartsdóttur í tímariti Máls og menningar. Pálshús var fast norðan við Eyrarveg og skammt VSV við Rósuhaus 030.

Pálshús er á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendir flati að fjöru.

Árið 1898 var Pálshús auglýst til sölu í Austra (9. apríl) en í auglýsingunni segir: "Íbúðarhús það á Vestdalseyri, sem er eign Ármanns verzlunarstjóra Bjarnasonar, auglýsist hérmeð til sölu með góðum söluskilmálum. Húsinu fylgir geymsluhús, nýbyggt fjós, kindaskúr, fiskiskúr og sáðgarður." Þar sem Pálshús stóðu er undirlendi milli hjalla og vegar/fjöru nokkuð mjórri en það er ANA-ar. Ekki sést móta

fyrir húsgrunni þar sem húsið var en ummerki kálgarðsins sem var norðan og vestan við það sjást enn (sjá 102). Samkvæmt ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri á stríðsárunum (og birtist í Seyðfirskir hernámsþættir) stóð húsið þá enn. Af henni að dæma má ætla að það hafi verið einlyft timburhús með risi. Á vesturgafli voru tveir gluggar á jarðhæð en einn í risi. Strompur var á húsinu miðju. Að húsabaki var e.k. skúrbygging sambyggð og af ljósmynd sem tekin er 1914 (og birtist í Byggðarsögu Seyðisfjarðar) virðist gluggi hafa verið á skúrnum að vestan og dyr að sunnan. en austan við húsið var annað hús sambyggt, talsvert lægra en virðist á móta langt. Strompur hefur einnig verið á þessu húsi. Stór skúrbygging var byggð við það að sunnan með skúrþaki í upphafi en 1930 er komið mænispak á það. Á einhverju tímabili var gert við skó í því húsið sem var sambyggt Pálshúsi utan við það. Verslun var í Pálshúsi á tímabili og á tímabili stofnuðu Erlendína Jónsdóttir móðir Vilborgar Dagbjartsdóttur heimildamanns og Hallfríður Hermannsdóttir sem þá bjó í Pálshúsi þvottahús og ráku í skúrnum. Auk kvennanna unnu eiginmenn þeirra þeir Dagbjartur Guðmundsson og Sigurjón Oddsson við þvottana og höfðu á stríðsárunum talsvert að gera við þvotta þar sem þau þjónustu breska herinn. Þvottarnir voru erfiðisvinna enda var hvorki rafmagn eða rennandi vatn og þurfti því að sækja vatn í brunna og hita á hlóðapotti og var kynnt undir með kolum. Lýsing á þvottahúsinu er einnig að finna í bók Páls Baldvinssonar Stríðsárin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Tímarit Máls og menningar 1989, 410, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 40, auglýsing í Austra, 9. apríl 1898, Páll Baldvinsson, 355

**NM-252:030** Rósuþús mannvirki bústaður

734160 540938

"Neðan undir Hjallanum er Vestdalseyri [...] þá Rósuþús, ásamt Rósuþúsatúni [...]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús [094]. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús [032]. Barnaskólahús [031] [...]. Rósuþús [...]. Ármannshús [029] og innst Brautarholt [028]," segir í Múlaþingi. Rósuþús er teiknað sem stakt mannvirki á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Þar er einnig útið frá Rósuþúsi merkt inná (098). Hússins er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: ""Rósuþús" á Vestdalseyri. Eigandi Matthildur Guðmundsdóttir. Notandi Jón Sigurðsson, verkamaður. 1a. Íbúðarhús, stærð l. 8,4, br. 4,55, h. 4,85 (uh. 2,4). Timburhús (grindarhús), tveir veggir og þak járnvarið. Viðbyggðir skúrar: I. Stærð l. 1,3, br. 3 m., h. 2,1 m., þak járnklætt II. Stærð l. 1,4, br. 1,5, h. 2,8 m, þak járnklætt. Aldur 36 ár [samkvæmt því byggt 1880-1882]." "Sum þessara húsa gegndu ýmsum hlutverkum eins og t.d. Rósuþús. Auk þess að vera íbúðarhús var þar einnig rekið veitingahús, og merkilegur skóli var þar til húsa um stutt skeið. [...] Hann var ætlaður fyrir ungar stúlkur og skólastjóri hans var Helga Guðmundsdóttir Austmann. Því miður starfaði þessi skóli ekki nema einn vetur 1894-5," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Rósuþús hefur staðið fast ofan (NNV) við Eyrarveg og verið um 100 m VSV við Gránufélagshúsin 040.

Rósuþús var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flati að fjöru.



Rósuþús NM-252:030

Á þessum slóðum sjást minjar sem passa ekki vel við Róshús sem samkvæmt ljósmyndum sneri austur-vestur (eða ANA-VSV) eins og önnur hús í húsaröðinni. Minjarnar sem sjást snúa hins vegar þvert



*Róshús NM-252:030. Róshús er merkt með rauðum hring á ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri 1914 og birtist í bókinni Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 114. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs*


á eldri húsaröð eða nálega norður-suður. Hugsanlegt er að þær séu leifar herminja og að herinn hafi byggt á þessum slóðum eftir að Róshús er rífið. Minjarnar sem sjást eru um 8 x 5,5 m að stærð og snúa sem fyrr segir nálega norður-suður. Hæð eða stallur gengur til austurs frá norðurenda hæðarinnar og er stallurinn um 4 x 3 m stór. Af ljósmyndum að dæma hefur Róshús verið einlyft timburhús með bíslagi að aftan (allra vestast). Í Sarpi er ljósmynd af húsinu frá 1907. Hún er tekið sunnan við húsið og horft til norðurs og á henni er Rósa Vigfúsdóttir, tvær aðrar konur og stúlka. Rósa situr við saumavél og á húsinu stendur "Kaffi". Húsið var sem fyrr segir einlyft timburhús með risþaki og þegar myndin var tekin var ný búíð að lengja það til austurs (sbr. myndatexta í Sarpi). Á því hafa upphaflega verið tveir gluggar á suðurhlíð en þrír eftir að það var lengt. Í texta við myndina kemur fram að Rósa hafi kennt saumar í húsinu um skeið (a.m.k. 1905). Árið 1908 flutti Rósa til Seyðisfjarðar. Á ljósmynd frá 1914 (sem birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar) má sjá að skúrbygging var við húsið vestanvert að sunnan og að einn gluggi var fyrir miðjum vesturgafli, bæði á jarðhæð og í risi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; BS, 115, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 39, Alþýðublaðið 05.04. 1936, 2, <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=666799>

**NM-252:031** Skólinn

734179 540944



*Skólahúsið NM-252:027. Ljósmyndin til vinstri er tekin 1914 og þar er Skólinn merktur með rauðum hring. Myndin birtist í bókinni Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 114. Til hægri er uppmæling af þeim ummerkjum sem sjást nú eftir húsið.*

"Næst [á Vestdalseyri] var barnaskóli, aðeins nefndur Skóli, þá Samkomuhús [032][...]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús [094]. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús [032]. Barnaskólahús [...]. Rósuhús [030] [...]. Ármannshús [029] og



*Grunnur Skólahússins NM-252:031. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA en niður á mynd (yfir dyrahellu) á mynd til hægri*

innst Brautarholt [028]," segir í Múlaþingi. Skólinn er teiknaður sem stakt hús á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Um skólabýgginguna er fjallað í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Barnaskólinn á Vestdalseyri. Eigandi og notandi Seyðisfjarðarkaupstaður. Leigjandi að íbúð á loftinu Vigfús Ólafsson verkamaður. 1. Skólahúsið, stærð l. 7,6, br. 6,45, h. 6 m (uh 3 m). Timburhús (grindarhús). Þak og veggir járnvarðir. Aldur 26 ár [samkvæmt því byggt 1890-1892]." "Svo slæmt var ástand kirkjunnar [á Dvergasteinseyri] að presturinn ákvað árið eftir, 1883 að hætta að hafa almennar guðsþjónustur í henni [...]. Í stað þess fóru guðsþjónustur nú fram í nýju barnaskólahúsi Seyðisfjarðar á Vestdalseyri," segir í Kirkjur Íslands 25. "Barnaskóli komst einnig snemma á fót á Vestdalseyri og var hann fyrst í leiguhúsnæði. Laust eftir 1890 var reist yfir hann sérstakt hús, og þar var rekinn skóli allt til 1936," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Árið 1902 kemur fram í nefndarátliti um skólamál í Seyðisfirði að Vestdalseyrarskólinn skulu standa í 7 mánuði (sbr. bls. 37 í bók Steinn Stefánssonar). Í sömu heimild kemur fram að viðhaldi skólans hafi verið sinnt árið 1904 og þá hafi verið smíðaðir gluggar í skólann (bls. 40). Árið 1907 ályktaði skólanefnd sem svo að Vestdalseyrarskóli yrði að starfa áfram þar sem ekki væri hægt að láta nemendur ganga alla leið í skólann inn í bæ en nemendur þar voru þá 20 talsins." (Steinn Stefánsson, 42). Þrátt fyrir þetta urðu langvarandi átök um skólarekstur á Vestdalseyri upp frá þessu þar sem skólanefndir reyndu gjarnan að leggja skólann niður en heimamenn á Vestdalseyri mótmæltu. Skólahúsið var fast ofan (NNV) við Eyrarveg og um 90 m VNV við grunn Gránufélagshússins 040. Lítil ummerki sjást nú um húsið en þó eru einhver ummerki um mannaverk þar sem það stóð. Í upphafi stríðsins bjuggu breskir herforingjar um sig í húsinu en svo virðist sem það hafi ekki verið notað mjög lengi (e.t.v. ekki af ameríska hernum), í það minnsta er hann horfinn á stríðsárunum ef marka má myndir af þorpinu frá þeim tíma sem birtist í Seyðfirskir hernámsþættir (bls. 44). Hætt var að kenna á Vestdalseyrinni 1936 (sbr. Vilborg Dagbjartsdóttir, Ritþing Gerðubergs 2005, 7).

Skólahúsið var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flati að fjöru.

Þar sem húsið stóð er svolítill upphækkun, grasi gróin og á stöku stað má sjá glitta í grjóti. Dyrahellan sem hefur verið við innganginn á skólahúsinu, nálægt suðvesturhorni. Grunnur hússins hefur verið grjóthlaðinn en lítið sést af honum nema grjótraðir í sverði hér og þar. Ekki var kjallari undir húsinu. Ummerkin eru á svæði sem er um 7,5 x 7 m stórt og snýr ANA-VSV. Af ljósmyndum af skólanum sem tekin er 1914 (á meðan kirkjan stóð enn við hlið hans (birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar) að dæma hefur skólinn verið lítið, einlyft timburhús með rislofti og litlu bíslagi að framan, nálægt suðvesturhorni þar sem gengið hefur verið inn í hann. Austan við dyrnar voru tveir gluggar á suðurhlið og haga gluggahlerar verið fyrir þeim. Á báðum húsgöflum hafa verið þrír gluggar á risi. Ekki virðist hafa verið strompur á húsinu á elstu myndum en á mynd frá 1914 sem birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar (bls. 114) virðast hafa verið komir tveir litlir strompar á húsið en síðar er greinilegt að einn strompur er í miðju húsi. Tveir viðbyggðir skúrar voru við húsið norðanvert, kamar fyrir stúlkur og pilta samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur. Samkvæmt henni, samanstóð skólahúsið af einni skólastofu og svo var pallur og mjór



gangur og stigi upp á loft en þar bjó kennari (Kristjana þegar Vilborg man eftir).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; Kirkjur Íslands 25, 165; BS, 3 og, 114 og 117, Howells Ísland 157, Steinn Stefánsson, 37, 40. Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 38

**NM-252:032** *Samkomuhús* mannvirki

734197 540954

"Nokkur utan [en Skólinn, 031 og Samkomuhúsið, 032] var Guðnahús [033] og Glæðheimar, þar var á sínum tíma gistiús. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Næst [á Vestdalseyri] var barnaskóli, aðeins nefndur Skóli [031], þá Samkomuhús. Þar stóð áður kirkja [002] [...]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús [082]. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús. Barnaskólahús [031] [...]. Rósuús [030]. Ármannshús [029] og innst Brautarholt [028]," segir í Múlaþingi. Samkomuhúsið var á sama stað og kirkjan 002 var áður en er þó skráður undir sérstöku númeri. Grunnur hússins er um 5 m ofan (norðan) við Eyrarveg en um 80 m norðvestan við grunn Gránufélagshússins 040.

Samkomuhúsið var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest hús í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglandur flati að fjöru.



*Samkomuhúsið NM-252:032. Til vinstri er mynd úr bókinni Reykjarhlíðarættin, bls. 1011. Til hægri er uppmæling af þeim ummerkjum sem sjást nú á staðnum*



*Samkomuhúsið NM-252:032. Á mynd til vinstri er horft til VSV en til vesturs á mynd til hægri*

Grunnur Samkomuhússins er steinsteyptur og er hann 16 x 8,5 m að stærð. Grunnurinn snýr ANA-VSV eins og flest hús á þessu svæði hafa gert. Allir veggir hússins hafa verið felldir nema norðvesturhorn þess sem stendur enn. Á nokkrum stöðum eru járnkeðjur í veggbrötunum sem voru líklega festir þegar veggirnir voru felldir. Veggirnir eru um 20 cm á þykkt og steypa er nokkuð gróf (með talsverðu af grjóti í). Talsvert af veggjunum liggur innan grunnsins en veggbröt eru einnig utan hans. Þar



sem horn hússins stendur er steypa um 2,5 m á hæð. Af ljósmynd sem Þorsteinn Jóseppson tók af húsinu og birtist í bókinni Reykjahlíðarætt má sjá samkomuhúsið hafa verið steinsteypt, einfalt hús á einni hæð með fjórum gluggum á vesturhlíð og dyrum milli tveggja austustu glugganna. Dyr voru einnig á vesturgafli miðjum. Á mynd Vilborgar Dagbjartsdóttur sem birtist í bók um hana (Kristín Marja Baldursdóttir: Mynd af konu) má sjá bakhlíð hússins. Á henni má sjá að þar voru einnig fjórir gluggar og dyr austarlega. Á mynd frá 1930 (sem birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar) má sjá að strompur hefur verið á húsinu við norðausturhorn þess. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni var komið inn í anddyri þegar farið var inn í húsið og til beggja handa voru kamarar (fyrir sitt hvort kynið) svo var mjög stór salur, eldhús, búningsherbergi og svið. Samkvæmt Vilborgu byggðu létu kvenfélagskonur á Vestdalseyri byggja húsið og söfnuðu fé til þess með því að halda dansleiki og selja veigar. Á stríðsárunum tók herinn yfir húsið og notaði það m.a. undir kvikmyndasýningar og ýmskonar samkomur samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni. Hún segir að hermennirnir hafi gjarnan gengið í hús og boðið fólki á sýningar. Hún segir að krakkar/unglingar hafi notað sér þetta talsvert enda voru sýningar á daginn og fullorðna fólkið hafi ekki mikinn tíma til að horfa á sýningarnar. Ekki er vitað hvenær það var síðast notað en samkvæmt Vilborgu brann það.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481, Reykjahlíðarætt: niðjadal Sr. Jóns Þorsteinssonar í Reykjahlíð, 1011, BS, 112, Kristín Marja Baldursdóttir, 16

**NM-252:033** *Guðnahús* mannvirki bústaður

734266 540981

"Nokkur utan [en Skólinn, 031] var Guðnahús og Glæðheimar [032]. Framan talin hús stóðu öll með veginum [035] sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús. Jónshús [082], Kirkjan [002] og síðar samkomuhús. Barnaskólahús [...]. Róshús [033] [...]. Ármannshús [029] og innst Brautarholt [028]," segir í Múlaþingi. Guðnahús er teiknað sem stakt mannvirki á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Í grein í Alþýðublaðinu þar sem húsaskipan á Vestdalseyri um 1895 er lýst segir: "Á miðri Eyri stóð og stendur enn [ritað 1936] svo nefnt Guðnahús [sjá 033]. Í því húsi leigði þá Rósa Vigfúsdóttir saumakona, ekkja Baldvins Stefánssonar prentara, hin mesta ágætiskona," Húsinu er lýst í fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Eigandi hinar sameinuðu Ísl. verslanir. Notendur Sigurður Eiríksson og Pjetur skósm. Sigurðarson. 1a. Íbúðarhús, stærð l. 6,4 m. br. 5,1 m h. 5,4 m (u.h. 3 m). Tímurhús (grindarhús). Þak pappaklætt. Kjallari stærð 3,14 m x 1,9 m. Viðbyggður skúrar: 1. Stærð l 1,2 m br. 1 m, h. 1,8 m. Pappavarið þak. 2. Stærð l 1,2 m br. 3,2 m, h. 2 m. Járnvarið þak. Hús er ljélegt, aldur 35 ár. [þá byggt 1881-1883]". Guðnahús



*Guðnahús NM-252:033 (og Jónshús) eru sýnd með rauðum hring á ljósmynd til vinstri sem tekin var af Vestdalseyri frá 1914. Myndin birtist í bókinni Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 114. Til hægri sést sama hús á mynd frá 1910 sem einnig birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 115.*

var yst (austast) í þeirri röð húsa sem stóðu fast ofan (norðan) Eyrarveg 035. Húsið var 40-50 m austan við Vestdalsá en um 70 m ofan (norðan) við austurenda Gránufélagshúsanna 040. Húsið hefur verið fast utan (austan) við Höllina 003 sem var byggt síðast af húsunum á Vestdalseyri og stendur enn undir þaki. Ekki er vitað hvenær Guðnahús var rífið en af ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri sumarið 1941 (og birt var í bókinni Fremstu víglínu) má sjá að húsið stóð ennþá og virðist hafa verið í hópi þeirra húsa sem lengst stóðu í þorpinu. Húsið var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest hús í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og flatlend eyri að fjöru.

Lítill ummerki sjást um hús á þessum slóðum og ekki er víst að það sem sést á yfirborði séu ummerki Guðnahúss. Á þessum stað er lá hæð 8 x 7 m stór sem snýr ANA-VSV. Hún er um 0,1 m hærri en umhverfið. Húsið má sjá á nokkrum ljósmyndum frá því undir lok 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar. Af þeim að dæma, t.d. ljósmynd af konum sem vinna við saltfiskþurrkun um 1910 (sem birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, 115 og Skólasögu Seyðisfjarðar, 52) má sjá að húsið hefur verið einlyft timburhús með stórum risi. Kvistur virðist hafa verið gerður á suðurhlið þaksins og á honum eru tveir gluggar. Bísag var mið mitt hús að sunnan og að því nokkrar steintröppur. Gluggar hafa verið sitt hvorum megin við bísagið. Líklega hefur einhvers konar skúr verið við húsið að aftan (norðan). Tveir til þrír gluggar voru á göflum og strompur upp úr miðju þaki. Þegar Vilborg Dagbjartsdóttir man eftir húsinu var



*Svæðið sem Guðnahús stóð, tekin 2017 og horft til NNA*

það gulmálað. Samkvæmt henni var Pétur á Fossi með skósmíðaverkstæði í kjallara Guðnahúss.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Byggðasaga Seyðisfjarðar, 115, Skólasaga Seyðisfjarðar, 52, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27, Fremsta víglína, 44

#### NM-252:034

#### *Glaðheimar*

734319 540944

"Örskammt frá verzlunarhúsunum [040] stóð veitingahúsið Glaðheimur, eins og geysi stór kassi, með nær sléttu þaki," segir í grein um stórbrunann á Vestdalseyri (sem birtist í Austra, 1936). "Neðan við veginn og skammt inn við Vestdalsá var samkomuhúsið Glaðheimar, Gránufélagshúsið [040], pakkhús [042] og nokkur sjóhús [060-061]," segir í Múlaþingi. "Voðalegur húsabruni varð þann 24. nóvember s. l. á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, þar sem öll verslunarhús Gránufélagsins [sjá 092] brunnu gjörsamlega á fárra tíma fresti. [...] En mjög nálægt verslunarhúsunum var heyhlaða og fjós [254] og veitingahúsið Glaðheimur", og lagði sýslumaður allan hug og kapp á að bjarga þeim húsum; [...] varð bæði heyhlöðunni með fjósi og veitingahúsinu forðað frá að brenna [...]. En svo lagði aptur logann út á fjörðinn í sömu átt og bar þá eldinn nokkuð af húsunum; en skemmdir urðu miklar á veitingahúsinu," segir í blaðinu Austra 29.11.1894. Í grein Þorsteins Erlingssonar um Seyðisfjörð í Eimreiðinni rétt eftir aldamótin 1900: "Glaðheimur veitir óáfenga drykki. Það er tvíloftað hús, gamalt og frægt. Þórarinn smiður var fyrsti gestgjafi á Vestdalseyri, en þetta hús mun Ól. timburm. Ásgeirsson hafa bygt nál. eða rétt eftir 1880 og veitti þar um mörg ár og síðan Einar »vert«. Nú eru þar Skafti og Austri." en í neðanmálsgrein kemur fram að Austri sé síðar kominn í Aurore á Öldunni. Um prentsmiðjuna Skafta segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar: "Honum [Skafta Jósefssyni] tókst að fá leigða hina gömlu prentsmiðju Norðanfara á Akureyri og flutti hana til Seyðisfjarðar. [...] Nýju prentsmiðjuna hafði Skafti sett upp í



*Glaðheimar NM-252:033 eru sýndir með rauðum hring á ljósmynd af Vestdalseyri frá því um 1900.*

leiguhúsnæði á Fjarðaröldu, en vegna ágreinings missti Skafti þetta húsnæði og varð þá að flytja prentsmiðjuna út á Vestdalseyri. Þar var hún til 1902 að hún var aftur flutt inn á Fjarðaröldu [NM-249:534], "Umrætt hús, Glæðheimar eldri, stóðu 40-50 m neðan (sunnan) við Eyrarveg 035 og á.a.g. 30-40 m norðaustan við húsgrunn Gránufélagshúsanna 040. Síðar var samkomuhúsi ofan (norðan) vegar gefið sama nafn en það var á allt öðrum stað. Ekki er vitað hvenær eldra Glæðheimahúsið fór úr notkun en þá virðist ekki aftur byggt á sama stað.

Á þessu svæði er nú graslendi og er talsvert um lágar hæðir á því og rót sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu húsanna en eru of óljósar til að nokkuð sé hægt að segja um það með vissu. Ekki er lengur hægt að greina ummerki þess hvar húsin hafa staðið en sámilega hugmynd um staðsetningu þeirra má fá út frá ljósmynd af svæðinu sem tekin var um aldamótin 1900. Ekki er vitað hversu lengi húsið stóð en það virðist a.m.k. hafa verið horfið fyrir 1920 (af ljósmyndum að dæma).

Á ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri rétt um aldamótin 1900 (og birtist í bókinni Ísland Howells) má sjá að húsið hefur verið timburhús á tveimur hæðum með flötu þaki. Af ljósmyndinni að dæma hafa verið fjórir gluggar (tveir á hvorri hæð) á norðausturhlíð og svipaður fjöldi glugga á vesturhlíð auk þess sem þar var bísílag. Aðeins hefur verið stutt port á milli hússins og hlöðunnar og fjóssins sem virðist hafa staðið norðvestan við. Strompur var á miðju húsinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Austri 29.11.1894, 130; Eimreiðin 1903, 99, Ísland Howells, 157, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Þorsteinn Erlingsson. 1903. Eimreiðin.bls. 99, BS, 239.

**NM-252:035** *Eyrarvegur* heimild um leið

734282 540978

"Framan talin hús [sjá 028-034] stóðu öll með veginum sem liggur yfir þvera eyrina," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Vegur liggur þvert yfir eyrina spölkorn neðan við brekkurnar og hjallana í dalsmynninu," segir í Múlaþingi. Vegurinn er einnig teiknaður á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 og liggur norðaustur-suðvestur. Gata 039 sameinast leiðinni á austurhluta kortsins. Vegurinn um Vestdalseyri virðist



*Mynd af Vestdalseyri frá því um 1900. Á henni má sjá Eyrarveg NM-252:035 og þar sem hann lá á brú yfir Vestdalsá. Myndin er úr bókinni Ísland Howells, bls. 157*

ætið hafa legið á svipuðum slóðum og bílvegurinn gerir nú (2017) um miðbik eyrarinnar. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur var hann kallaður Eyrarvegur (sjá greinina Andlit í Djúpinu).

Vegurinn lá frá Seyðisfirði og út með norðanverðum firði, um Vestdalseyri og svo áfram til austurs. Bílvegurinn liggur um það svæði sem skráð var 2017 endilangt. Á sjálfri Vestdalseyrinni liggur hann um miðja eyrina, um sléttendi og er þar mjög lítið uppbyggður. Þar sem undirlendi er minna er sum staðar svolítið byggt undir hann í hlíðinni. Ekki sjást greinileg merki um eldri veg á því svæði sem skráð var 2017 enda núverandi vegur, sem fyrr segir á sömu slóðum.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481, Kort af Vestdalseyri frá um 1920 frá um 1920, Vilborg Dagbjartsdóttir/Silja Aðalsteinsdóttir, Tímarit Máls og Menningar, 409





Pétursborg NM-252:036 (og Litla Pétursborg og Bergþórshús utar) merkt með rauðum hring á ljósmynd af Vestdalseyri frá 1914. Myndin birtist í bókinni Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 114. Til hægri er uppmæling af þeim leifum sem greinileg voru á lóðinni 2017



Pétursborg NM-252:036. Mynd til vinstri er tekin um 1930 og er húsið næst okkur á myndinni. Á mynd til hægri er horft til vesturs en niður á leifar af tröppum á mynd til hægri. Mynd frá 1930 er tekin af Eyjólfí Jónssyni og birtist áður í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 112

"Önnur hús stöðu fast undir Hjallinum. Þar var Pétursborg innst, þá Litla-Pétursborg [037], Bergþórshús [038]. Yst og næst ánni stóð Kirkjuhvoll [039], tvö sambyggð hús," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús [004], nefndist síðar Kirkjuhvoll, Grúðahús og í því Grúðabúð [184 og 186]. Ber[gl]þóruhús [038]. Litla [037]- og Stóra Pétursborg innst," segir í Múlapingi. Í grein sem lýsir þorpinu um 1895 (birtist í Alþýðublaðinu 1936) segir: "Nokkru innar stóð Litla-Pétursborg [037], þá Stóra-Pétursborg er átti Einar Björn póstur. Einar var stór og þrekinn og garpur hinn mesti til ferðalaga. Kona hans var Ingunn Gísladóttir póst Eiríkssonar." Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "'Pjetursborg' á Vestdalseyri. Eigandi og notandi Ingun Gísladóttir ekkja. 1.a. Íbúðarhús, stærð: l. 6,6 m br. 5,1 m h. 5,4 m (u.h. 2,8). Timburhús (grindarhús) þakið pappaklætt. Viðbyggðir skúrar: 1. stærð l. 4,1 m h. 5,1 m h. 2 m þak pappað. 2. stærð l. 1,3 m h. 1,8 m þak pappaklætt. Aldur hússins 35 ár [þá byggt 1881-1883]. b. heyhlaða [sjá 111], stærð l. 4 m br. 4 m h. 3,2 m veggir hlaðnir, þak pappaklætt." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Pétursborg merkt sem stakt hús. Þar er einnig teiknaður kálgarður 110 umhverfis húsið, sem og stakt mannvirki 111 norðvestan við það. Pétursborg var innst (VSV) þeirra húsa sem voru nokkru ofan Eyrarveg 035 en fast neðan (sunnan) við Neðri-Hjalla. Ekki er vitað hvenær Pétursborg var rifin en af ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri sumarið 1941 (og birt var í bókinni Fremstu víglínu) má sjá að húsið stóð enn þá og virðist hafa verið í hópi þeirra húsa sem lengst stóðu í þorpinu.

Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla. Grunnur hússins er greinilegur. Hann er 9 x 5,5 m stór og snýr norðaustur-súðvestur. Veggbotn súðurveggjar er nokkuð greinilegur og grjóthlaðinn að hluta. Innan grunns má sjá hvernig vegur hefur skipt hólfinu í

tvennt og eru bæði hólf áþekkt. Nálægt suðvesturhorni hússins hafa verið tröppur og steypur dyrapallur fyrir framan dyr á suðurhlíð hússins. Þetta er 1,2 x 1 m stórt og eru tvö þrep upp á pallinn. Stallurinn er grjótskalaður en forskalaður. Frá umræddum tröppum og til norðausturs hefur líklega verið stétt við húsvegginn. Hún er um 6,5 m löng en 1 m á breidd. Pétursborg sést á ljósmynd af Vestdalseyri. Á henni sést að húsið hefur verið lítið, einlyft timburhús með risi og kvisti á suðurhlíð. Tveir gluggar hafa verið á suðurhlíð og tveir á vesturgafli, annar fyrir miðju risi en hinn aðeins norðan við miðjan gafl á jarðhæð. Strompur hefur gengið eftir húsinu miðju. Dyr hafa að öllum líkindum verið á suðurhlíð en hún (og austurhlíð) sjást ekki á ljósmyndinni.

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481-482, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 33, Kristín Marja Baldursdóttir, 14, Fremsta víglína, 44, Byggðasaga Seyðisfj., 112

**NM-252:037** *Litla-Pétursborg* heimild um bústað 734232 541002

"Önnur hús stöðu fast undir Hjallinum. Þar var Pétursborg [036] innst, þá Litla-Pétursborg, Bergþórshús [038]. Yst og næst ánni stóð Kirkjuhvoll [039], tvö sambyggð hús," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús [004], nefndist síðar Kirkjuhvoll, Grúðahús og í því Grúðabúð [186]. Ber[gl]þórshús [038]. Litla- og Stóra Pétursborg innst [036-037]," segir í Múlaþingi. Litlu-Pétursborgar er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "'Litla Pjetursborg" á Vestdalseyri. Eigandi Guðlaug Guðmundsdóttir. Notandi Sigurjón vaktmaður Oddsson. 1. Íbúðarhús. Stærð l. 6,25 m br. 3,9 m h. 4 m (u.h. 2 m). Timburhús (grindarhús). Þak pappklætt. Viðbyggður skúr, stærð l. 4 m br. 2,1 m h. 1,8 m. Þak járnvarið. Aldur 35 ár [þá byggt 1881-1883]. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Litla-Pétursborg teiknað sem stakt mannvirki. Þar að auki er kálgarður 112 merktur umhverfis húsið og bygging 113 til NNV. Litla-Pétursborg var um 5 m norðaustar en Stóra-Pétursborg 036 en engin merki sjást um húsið nú (2017).

Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla. Engin merki sást um grunn hússins þegar svæðið var skráð í júlí 2017 en ekki er óhugsandi að óljós ummerki mætti sjá á öðrum árstíma, t.d. snemma að vori. Af ljósmynd sem tekin var á Vestdalseyri fyrir 1921 (líklega af Emelíu Blöndal EIV0418) má sjá hús sem líklega er Litla-Pétursborg fremur en stóra. Húsin hafa verið svipuð. Litla-Pétursborg var af ljósmyndinni að dæma einlyft timburhús. Tveir gluggar hafa verið á vesturgafli miðjum, stærri á jarðhæð en minni í risi. Á suðurhlíð var inngönguskúr fyrir miðju og gluggar beggja við hann. Ekki var kvistur á húsinu en strompur í því miðju. Ekki er vitað hvenær Litla-Pétursborg var rifin en líklega hefur það þó verið um eða eftir 1930.



*Litla-Pétursborg NM-252:037 árið 1921. Myndin er frá Ljósmyndasafni Austurlands, EIV0418*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481-482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 33, EIV0418

**NM-252:038** *Bergþórshús/Borgþórshús/Hemmertshús* heimild um bústað 734244 541009

"Önnur hús stöðu fast undir Hjallinum. Þar var Pétursborg [036] innst, þá Litla-Pétursborg [037], Bergþórshús. Yst og næst ánni stóð Kirkjuhvoll [004], tvö sambyggð hús," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús, nefndist síðar Kirkjuhvoll [004] Grúðahús og í því Grúðabúð [186], Ber[gl]þórshús Litla- og Stóra Pétursborg [036 og 037] innst," segir í Múlaþingi. Í grein um brunann mikla á Vestdalseyri (Alþýðublaðið 1936) segir: "Þá var í þessari húsaröð á milli Litlu-Pétursborgar og Sigurðarhúss, Bergþórshús. stundum nefnt Hemmertshús." Nafnið tengist O.C. Hammer



*Bergþórshús NM-252:038. Myndin birtist í bókinni Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 114. Til hægri er uppmæling af þeim leifum sem greinileg voru á lóðinni 2017*



*Lóðin þar sem Bergþórshús NM-252:038 stóð. Á mynd til vinstri er horft til NNV yfir lóðina en á mynd til hægri niður á óljós ummerki um húsgrunn.*

sem var framkvæmdastjóri Hammersfélags sem tók við rekstri á Vestdalseyrinni í kjölfari þess að Ameríkanar hurfu þaðan árið 1866 en ráku hana aðeins til 1870 eða 73. Þó er ljóst að húsið sem stóð á þessum stað um 1916-1918 var ekki sama hús og byggt var í kringum 1870 þar sem það hús var byggt 1888-1890 samkvæmt fasteignamati en hugsanlegt er að það hafi verið á sama stað. Um Bergþórshús er fjallað í fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: ""Bergþórshús" á Vestdalseyri. Eigandi Hinar sameinuðu Ísl. verslanir. Notendur: Júlíus vaktmaður Pálsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ekkja. 1. Íbúðarhús, stærð l. 6,55 m br. 5,4 m h. 5,8 m (uh 2,4). Timburhús (grindahús). Þak pappaklætt. Viðbyggður skúr: stærð l. 3,15 m br. 3,9 m h. 2 m. Aldur 28 ár [þá byggt 1888-1890]." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Bergþórshús teiknað sem stakt mannvirki. Húsið var um 5 m norðaustan við Litlu-Pétursborg 037 en um 40 m norðan við Eyrarveg 035, fast undir Neðsta-Hjalla. Líklega er þetta sama hús og nefnt er Borgþórshús í sóknarmanntali frá 1905.

Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla.

Óljós ummerki sjást eftir húsbyggingu á þessum stað. Norðvesturhorn grunnsins sést nokkuð vel og sömuleiðis vesturhlið. Suðvesturhorn má einnig greina sæmilega. Önnur ummerki eru óljósari. Veggir virðast hafa verið 0,4-0,5 m á breidd en þau ummerki sem sjást í dag standa varla upp úr grassverði, eru 0,1 m á hæð. Svæðið sem er greinilegast er tæpir 8 m á breidd NNV-SSA en 4-5 m á lengd en sem fyrr segir hefur grunnurinn áður náð lengra til norðausturs. Á ljósmynd sem tekin var af fólki við saltfiskbreiðslu á Vestdalseyri, líklega rétt eftir 1900 (mögulega 1910 og birtist í bókinni Byggðasaga Seyðisfjarðar) sést húsið. Af henni má sjá að húsið var einlyft timburhús með risi en ekki hefur verið kvistur á húsinu. Á myndinni má sjá að strompur hefur verið í því miðju. Inngönguskúr hefur verið á



miðri suðurhlið hússins og gluggar á jarðhæð beggja vegna við. Á vesturhlið hefur verið gluggi á jarðhæð syðst og tveir gluggar á risi á sama gafli. Agnarlítill gluggi hefur einnig verið við mæni á sömu hlið. Á annarri ljósmynd má sjá að einnig var gluggi á risi í austurgafli. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur var Bergþórshús klætt tjörupappa þegar hún man eftir því. Húsið var líklega rífið í kringum 1937 og þá var það selt til niðurrifs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Byggðasaga Seyðisfjarðar, 115, Ö-Fjörður RG, 2; Múlaping II, 481-482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Ísland Howells, 159, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 31, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2

**NM-252:039** vegur leið

734033 540900

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er leið teiknuð frá Fossi og liggur hún frá túngarði til suðvesturs og sameinast leið 035. Um leiðina er getið í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Vegur frá lóðinni uppá hálsinum, liggur í hliðhalla og sprengdur gegnum klöpp í hálsbrúninni. Lengd 60 m." Vegurinn lá í gegnum túnið en því næst skáhallt niður hjallana. Svæðið er nokkuð bratt (á kafla) og hallar til suðausturs.



Vegur NM-252:039. Á mynd til vinstri sést hvar hann liggur frá túngarði og til vesturs en á mynd til hægri er horft til austurs.

Vegurinn hefur legið frá bænum Fossi 079 niður og inn (suður) eftir túninu og út um það á hlið á túngarði 082. Innan túns virðist gatan hafa verið slóði og sjást lítil sem engin merki um hann í dag en þessi kafla hefur verið um 115 m langur. Þar sem túninu sleppti breyttist vegurinn hins vegar í upphlaðinn og ruddan veg í brekkunni. Sá hluti hans er enn greinilegur og er hann um 150 m langur áður en hann sameinast núverandi vegi um Vestdalseyri (sem er á svipuðum slóðum og 035 var áður). Vegurinn er víða 1-1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð og er eins og stallur í hliðina. Neðan við veginn sjást á kafla járnstaurar, steiptir í klettinn fyrir neðan, samtals 8 staurar. Ekki er ljóst hvort þeir gætu verið



Partur af korti sem til er af Vestdalseyri frá því fyrir 1920. Á því má sjá slóða frá Fossi (sem er allra efst á korti, til hægri) og svo eiginlegur vegur tekur við út úr túngarðinum og niður að vegi 035

merki um gangstúg svipaðan þeim sem Magnús Sigurðsson bóndi á Fossi létt gera ofan við bæ 083 eða hvort einfaldlega var um girðingu að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 482, kort af Vestdalseyri frá um 1920, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 34

**NM-252:040** Grána/Gránufélagshús mannvirki

734279 540906

Það hús sem grunnur Gránufélagshússins er af var gjarnan kallað því nafni (þ.e. Gránufélagshús) eða einfaldlega Grána. Það var byggt strax sumarið eftir brunann eða 1895. Um það segir í grein í Alþýðublaði sem fjallað um Vestdalseyri og brunann (1936): "Síðla sumars þ. á, var verzlunarhúsið endurbyggt, stærra og vandaðra að öllu leyti en gamla húsið var. Yfirsniður var Bjarni nokkur Einarsson frá Akureyri. Aðrir smiðir voru Sigtýr og Metúsalem, báðir frá Akureyri. Ennfremur nokkrir Seyðfirðingar: Guðmundur Sveinbjörnsson, Jón Jónsson, kallaður litli Jón, Sigurður Jónsson frá Alftavík, Oddur Sigurðsson o.fl. "Að lokum stóðu þrjú hús [040-042] á eyraroddanum, voru það verslunar og vöruhús Gránufélagsins. Gengu þau einu undir nafninu Grána. Hafskipabryggja [043] var fyrir neðan húsin Gránubryggja," segir í örnefnaskrá Fjarðar. "Húseignir Gránufélagsins á Vestdalseyri [sjá 092] brunnu 1894 og var þá húsið Liverpool [NM-249:152] við Ránargötu undir Bjólfi sem félagið hafði verslað í frá 1882 flutt út á Vestdalseyri. Þetta stórhýsi, nefnt Gránufélagshúsið, um 230 m<sup>2</sup> að grunnfleti (utanmál), kjallari, hæð og ris, var í notkun fram á fjórða áratug síðustu aldar og síðar yfirtekið af hersveitum. Standa útveggir kjallara enn og tala sínu máli um þessa miklu byggingu [...]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005. Í sama riti segir: "Tæpu ári síðar 16. október 1895 er skráð af eiðsvörnum virðingamönnum Seyðisfjarðarkaupstaðar: "No. 122. Hús á Vestdalseyri, eigandi Gránufélagsverslun. Það er innrjettað til íbúðar, fyrir krambúð og fyrir pakkhús - húsið er 42 ál. Á lengd, 13 3/4 ál. Á breidd, 11 1/2 ál. Í mæni. ... Undir því öllu er kjallari, mestanpart ofanjarðar, veggirnir á honum eru 3 álnir á hæð að utan, sementað utan og innan."



Gránufélagshús NM-252:040 í kringum 1900. Á myndinni til vinstri er horft til NNA en til SSV á mynd til hægri. Vinstri mynd er Árbók Ferðafélagsins 2005, 224 sú til hægri úr Ísland Howells, bls. 157




Grunnur Gránufélagshús NM-252:040 stendur enn nokkuð vel á Vestdalseyri. Á myndi til vinstri er horft til austurs en til VSV á mynd til hægri.



(Húsavirðingar 1878-1912) Þetta er sá grunnur sem enn stendur á Vestdalseyri [...] Grunnflötur stóra hússins er hinn sami og fram kemur í húsavirðingu Liverpoolverslunar 1878 [...]. Á Vestdalseyri reis Liverpoolhúsið nokkuð breytt og í því hafði Gránufélagið starfsemi til 1912 að Sameinuðu íslensku verslanirnar keyptu fyrirtækið." Á fyrstu árum hernáms hófst strax uppbygging á Vestdalseyri: "Þeir [breskir hermenn] urðu brátt afar fjölmennir út á Vestdalseyri og fengu þar ýmis hús til afnota, meðal annars Verzlunar- og íbúðarhúsið á Eyrinni, Stórhúsið svonefnda, en það stóð autt, þegar þeir komu hingað." segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. "Á síðari styrjöldum voru herbúðir miklar [076] á Vestdalseyri, gaddavírsgirðinga [077] og umrót [...]. Herinn hreiðraði m.a. Um sig í gamla stóra Gránufélagshúsinu. Húsið var lítið notað, eftir að herinn hvarf á braut og hefur nú verið rífið," segir í Múlapingi. Grána er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 sem stakt hús. Sunnan við það er merktur trjágarður 116. Um húsið "Verslunarhús" segir eftirfarandi í Fasteignamati frá 1916-1918: "Verslunarhús hinna sameinuðu íslensku verslana. Eigandi: H.S.I.V. [...] Íbúðarhús og sölubúð: stærð l. 24 m br. 8,4 m h. 1 m. (u.h) 3,5). Timburhús (grindarhús), þakið járnvarið. Tveir þriðju hlutar hússins eru notaðir til íbúðar og sölubúðar, en einn þriðjungur til vörugæmslu. Kjallari er undir öllu húsinu, hlaðinn og steinlímdur, að mestu ofanjarðar. Aldur hússins er 23 ár [byggt 1894-95]." Grunnur Gránu er enn greinilegur og er eitt helsta kennileyti Vestdalseyrar. Hann er rúmum 50 m neðan (sunnan) við veginn sem liggur um Vestdalseyri en aðeins eru um 8 m ofan í fjöru þar sem grunnurinn er næst sjó. Bílastæði hefur verið gert á Vestdalseyrinni skammt norðan við grunninn og eru aðeins um 30 m á milli.

Gránufélagshúsið var á odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi. Grunnur Gránu er um 29 x 9 m stór og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru völdugir, hlaðnir úr tilhöggnu grjóti og allt að 2 m háir og 1,5 á breidd. Op er á grunninn nokkuð austarlega á norðurvegg en bæði austarlega og vestarlega á suðurvegg. Þrír gluggar virðast hafa verið á norðurhlið en fjórir á suðurhlið. Leifar af strompi eru enn á sínum stað í húsinu miðju, nær norðurvegg. Til er ljósmynd af upprunalegu húsi á þessum stað en hún er tekin úr nokkurri fjarlægð



Uppmæling á grunni Gránufélagshús NM-252:040

og því torvelt að nota hana til að lýsa húsagerð. Fjölmargar ljósmyndir af yngsta húsinu sem þarna stóð (eftir brunann) og fram undir miðja 20. öld. Af þeim að dæma voru tveir inngangar í húsið að baka til, annar veglegur inngangur með tröppum um mitt hús en hinn einfaldur inngangur (með tröppum að) nálægt austurhorni. Átta gluggar hafa verið neðri hæð suðurhliðar og þeir stærstu tveir voru beggja vegna við aðalinngang. Á kvistinum sem snéri til suðurs voru fjórir gluggar og sá fimmti á milli í risinu. Fánastöng var upp af kvistinum. Af annarri mynd má sjá að tveir gluggar hafa verið á efri hæð á Austurgafli og að líklega hafa einnig verið átta gluggar á norðurhlið, allir af smærri gerð, fjórir á

norðurkvisti og einn í risi, líkt og aða sunnan. Bíslag virðist hafa verið við húsið að norðan, nálægt vesturenda í kringum 1900. Á vesturenda voru svalir á stólpum og þar var einnig steypst stétt. Verslun var í Gránu fram undir 1940 en húsið stóð autt eftir það og fram á stríðsár samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni. Sem fyrr segir notaði herinn húsið á hernámsárunum en eftir það var húsið ekki notað og grotnaði niður. Það var rífið 1963. Vilborg segir að Gránufélagshúsið hafi verið afar glæsilegt hús á sínum tíma, líklega gulumálað þegar hún man eftir með rauðu þaki og stórt og áberandi tilkomumikið. Allar innréttingar voru vandaðar og þegar hún fór fyrst í það sem barn á 4. áratug 20. aldar voru þar nokkrar mismunandi búðir eða niðurrhólfadar verslanir þar sem hægt var að fá sekkjavöru annars vegar s.s. kol, salt, hveiti o.s.frv. og hins vegar krambúð þar sem selt var vefnaðarvara, nauðsynjar og lúxusvörur s.s. kaffi og sykur.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Alþýðublaðið 20. árgangur, 1936, 7, Ö-Fjörður RG, 2; Múlaþing II, 481; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; ÁFÍ 2005, 225-226, Seyðfirskir hernámsþættir, 27, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27, Ísland Howells, 157

**NM-252:041** heimild um fjós

734316 540933

"Að lokum stóðu þrjú hús á eyraroddanum, voru það verslunar og vöruhús Gránufélagsins. Gengu þau einu undir nafninu Grána. Hafskipabryggja [043] var fyrir neðan húsin Gránubryggja," segir í örnefnaskrá Fjarðar. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er merkt tvískipt lítið hús á þessum slóðum. Húsið hefur verið fast (innan við 5 m) NNV við tvo stóra fiskreiti 125-126 sem voru utan við Gránu og Pakkhúsið 042. "Húsum í kringum Gránufélagshúsið er lýst Fasteignamati frá 1916-1918. Ekki er alveg ljóst hvert af húsunum er það hús sem hér er skráð en helst er talið líklegt að það sé hús e og f sambyggt fjós og pakkhús (sjá annars um hús b/fornleif 117, hús c/fornleif 142, hús d/fornleif 268, hús g/fornleif 269. Um fjós og geymsluhús segir í matinu: "e. Fjós skúrbyggt, stærð l. 5,1 m, br. 3,8 m, h. 2,4 m. Þak járnavarðið. Aldur 20 ár [þá byggt 1896-1898]. f. Pakkhús: stærð l. 3,8 m, br. 1,8m, h. 1,8 m þak járn á rimlum. Byggt við fjósið." Á Vestdalseyri sem er flöt og gróin snöggu grasi á þessum slóðum.



Fjós NM-252:041. Á teikningu til vinstri er húsið merkt með rauðum hring.

Samkvæmt korti frá um 1920 hefur húsið snúið nálega austur-vestur og verið tvískipt. Það hefur verið um 12 x 4-5 m að stærð. Engin ummerki fundust um húsið við skráningu en þar sem það stóð er nú grasi gróinn blettur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; ÁFÍ 2005, 225, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27


**NM-252:042** mannvirki skemma

734305 540906

"Að lokum stóðu þrjú hús á eyraroddanum, voru það verslunar og vöruhús Gránufélagsins. Gengu þau einu undir nafninu Grána. Hafskipabryggja [043] var fyrir neðan húsin Gránubryggja," segir í örnefnaskrá Fjarðar. Húsið er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Samkvæmt kortinu var pakkhúsið um 8 m austan við Gránu 040 og í svipaðri fjarlægð norðan við hús 117. "Húsum í kringum Gránufélagshúsið er lýst Fasteignamati frá 1916-1918. Ekki er alveg ljóst hvert af húsunum er það hús sem hér er skráð en helst er talið líklegt að það sé hús c Vörugeymsluhús (sjá annars um hús b/fornleif 117, hús d/fornleif 268, hús e-f/fornleif 041, hús g/fornleif 269):. Um vörugeymsluhús c segir í matinu: "Vörugeymsluhús, stærð l. 15,2 m, br. 7,4 m, h. 7,5 m (u.h. 3 m). Timburhús, þak pappklætt. Aldur 23 ár [þá byggt 1893-1895]. Viðbyggðir skúrar: 1. Skúr l. 3,65 m br. 3 m h. 3 m þak pappklætt. 2. Skúr l. 4,5 m, br. 5,9m, h. 2,4 m, þak pappklætt. 3. Skúr l. 7,7 m, br. 5,1, h. 2,5 m, þak pappklætt."

Húsið var nálægt odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við

grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi.



*Uppmæling á óljósum ummerkjum þar sem hús NM-252:042 stóð og síðar braggi. Á mynd til hægri má sjá yfirborðsummerki sumarið 2017, horft til norðausturs*

"Neðan við veginn og skammt inn við Vestdalsá var samkomuhúsið Glæðheimar [034], Gránufélagshúsið [040], þakkhús og nokkur sjóhús [081]," segir í Múlapingi. Af ljósmynd sem tekin var árið 1941 frá sjó og að svæðinu sem um ræðir (og birt er í bók Friðþórs Eyðals Fremsta víglína) má sjá að þá hefur gríðarstór braggi staðið á svipuðum slóðum og eldra mannvirki gerir á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Þær minjar sem sjást nú á yfirborði eru því líklegar eftir braggann. Samkvæmt kortinu frá 1920 hefur það hús sem þá stóð verið um 16 x 7 m stórt, snúið nálega austur-vestur og viðbygging verið við miðja norðurhlið þess. Gerði hefur verið byggt við norðurhlið hússins að austan. Ummerkin sem sjást nú eru fagurgræn hæð sem er um 12 x 7,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hæðin er um 0,3 m hærra en umhverfið og grjótt er í henni hér og þar. Ekki sjást þó greinilegar brúnir veggja. Samkvæmt ljósmyndinni má einmitt ætla að bragginn sem þarna stóð á 5. áratug 20. aldar hafi verið 12-13 m breiður og hann verið tvær hæðir. Samkvæmt ljósmynd hafa verið tvær dyr á suðurhlið og gluggar sitt hvorum megin við hvora þeirra og gluggi ofan við dyr á efri hæð en á milli glugganna á efri hæðinni mögulega dyr og lyfta.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Múlaping II, 481, Fremsta víglína, 44, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27



*Á myndinni sést gríðarstóri bragginn sem stóð þar sem eldra hús stóð áður. Ljósmyndin er tekin á stríðsárunum (birtist í bók Friðþórs Eyðals, Fremsta víglína, bls. 44.*

**NM-252:043** Gránubryggja mannvirki lending

734283 540858

"Að lokum stóðu þrjú hús á eyraroddanum, voru það verslunar og vöruhús Gránufélagsins. Gengu þau einu undir nafninu Grána [040-042]. Hafskipabryggja var fyrir neðan húsin Gránubryggja," segir í örnefnaskrá Fjarðar RG. Í örnefnaskrá Fjarðar EV segir: "Vör [064] var þar utanvið. Steinbryggja [044] var þar næst, innanvið Gránufjöru. Gránubryggja var framaf eyrinni " segir í örnefnaskrá Fjarðar. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er bryggja teiknuð suðaustan Gránufélagshúss 040. Bryggjunnar er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Steinsteypt bryggja l. 25 m br. 3,9 m. Trébryggja framhald af





*Gránubryggja NM-252:043 sumarið 2017. Á myndinni til vinstri er horft til SSA en til ASA á mynd til hægri.*

steinbryggjunni. l. 42 m, br. 3,9 m. Bryggjuhöfuð l. 9,2 m, br. 4 m Öll lengd bryggjunnar er 71 m. Hafskipabryggja". Bryggjan var 15-20 m sunnan við Gránufélagshúsið 040 og lá hún beint til suðurs frá landi og er hluti hennar enn greinilegur. Bryggjan náði áður alveg út á malarkambinn samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni. Eftir henni voru brautarteinar fyrir vagna og lá það frá bryggjusporðinum og alveg upp að Gránu 042 en þar voru vagnarnir aflestaðir ofan í kjallara hússins að sögn Vilborgar Dagbjartsdóttur heimildamanns.

Bryggjan er steinhlaðin og liggur frá landi yfir smágrýtisföru frá Vestdalseyri og til suðurs. Ummerki um bryggjuna eru enn greinilega að hluta. Um 22 m af grjóthleðslu eru enn á sínum stað en óljós



*Gránubryggja NM-252:043. Til vinstri er bryggjan eins og hún var teiknuð á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 en til vinstri er uppmæling á leifum bryggjunnar frá 2017*

ummerki má rekja tæpa 20 m til viðbótar, sér í lagi á loftmynd. Af korti af Vestdalseyri frá því um 1920 hefur bryggjan þó verið mun lengri eða milli 60-70 m löng. Vesturkantur grjóthleðslunnar er best varðveittur. Bryggjuhleðslan er um 4 m breið og 1,2 á hæð, mest 3-4 umför. Yfirborð hennar er nú fremur grýtt og ekki er auðvelt að fóta sig á bryggjuhleðslunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27

**NM-252:044** *Steinbryggja* heimild um lendingu

734082 540895

"Nokkru innar, á móts við Brautarholt [028] var steinhleðsla í fjörunni er Stei[n]bryggja nefndist. Þar fyrir innan voru fiskverkunarhús [060, 063], sem í daglegu tali voru kölluð Skúrar," segir í örnefnaskrá Fjarðar. Engin ummerki sjást nú um steinbryggjuna. Hún var beint niður af Brautarholti 028 og um 200 m vestan við Gránubryggjuna 043. Steinbryggjan hefur verið beint undan þar sem nú er vegöxl vegarins um

Vestdalseyri en á þeim slóðum er stórgrýtt en stutt fjara. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2

**NM-252:045** *Skúrar* heimild

"Nokkru innar, á móts við Brautarholt [028] var steinhleðsla í fjörunni er Stei[n]bryggja [044] nefndist. Þar fyrir innan voru fiskverkunarhús, sem í daglegu tali voru kölluð Skúrar," segir í örnefnaskrá Fjarðar.

**Heimildir:** Ö-Fjörður RG, 2

**NM-252:046** heimild um hrútakofa

"Selbrekka í norður, og suður og austan við hana og neðar voru engjar, og þar voru gripahús (m.a.s.s hrútakofi) og hlaða [047] og tún sem talsverð rækt var í, Selhús [048] og Seltún, þarna var féð haft á meðan hey entist, en þá flutt," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2

**NM-252:047** heimild um hlöðu

"Selbrekka í norður, og suður og austan við hana og neðar voru engjar, og þar voru gripahús (m.a.s.s hrútakofi [046]) og hlaða og tún sem talsverð rækt var í, Selhús [048] og Seltún, þarna var féð haft á meðan hey entist, en þá flutt," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2

**NM-252:048** *Selhús* heimild um sel

"Selbrekka í norður, og suður og austan við hana og neðar voru engjar, og þar voru gripahús (m.a.s.s hrútakofi [046]) og hlaða [047] og tún sem talsverð rækt var í, Selhús og Seltún, þarna var féð haft á meðan hey entist, en þá flutt," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2

**NM-252:049** *Magnúsarhús* þúst bústaður

734330 541032

"Við Vestdalsá stóðu Magnúsarhús næst ánni, rétt ofan við þar sem brúin [050] er yfir ána," segir í örnefnaskrá. "Fyrir utan ána er hús Magn. kaupm. Einarssonar. Þar var verzlun hans og úrsmíðastofa. Hann er nú í Færeyjum. Þetta hús bygði Nikulás Jónsson smiður. Þar bjó O. W. Smith fyrsti sýslumaður, sem sat hér á Sf., og Böving eftir hann. Það er því byggt fyrir 1864," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Samkvæmt Langnesingasögu urðu örlög hússins þau að Þorsteinn Jónsson útgerðarmaður og kaupmaður á Skálum keypti húsið 1914: „Lét hann taka það í sundur og flytja það að Skálum. Þar reisti hann það á ný og bjó í því á sumrin. Aldrei var hann þar þó á vetrum og átti alltaf lögheimili á Seyðisfirði. Hús þetta [sú útgáfa sem stóð á Skálum] var 14,23 x 6,27 metra timburhús. Í því var m.a. verlsun og stór salur þar esm fólk hans, 25-30 sjómenn og fiskverkafólk víð af landinu, mataðist. Uppi voru svefnherbergi.“

"Magnúsarhús gekk undir þremur nöfnum a.m.k. Upphaflega mun það hafa borið hið danska nafn Næstved. Svo varð það að embættisbústað fyrir sýslumann Norð-Mýlinga, og var það kallað Sýslumannshús. Á árunum 1881-1884 var húsið prestsbústaður [...]. Lengst var þó húsið kennt við Magnús Einarsson," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Nákvæm staðsetning hússins liggur ekki fyrir en af ljósmynd sem tekin var af svæðinu 1895 var það um 30 m austan við Vestdalsá. Næst ánni er grýtt og rof á bakkanum sem hefur gróið. Er flatlent svæði.

Magnúsarhús sést á ljósmynd eftir Frederick W.W. Howell sem tekin var af Vestdalseyri árið 1895 og birtist í bókinni Ísland Howells. Húsið var reisulegt, með hæð og stóru risi með tvöföldum glugga í þakinu bæði að sunnan og norðan. Sunnan við það var timburgirðing en norðan við það (e.t.v. 5



*Magnúsarhús NM-252:045 í kringum 1900. Lengst til hægri á mynd sést glitta í Glaumbæ. Myndin er klippt úr ljósmynd sem birtist í Ísland Howells, bls. 157*




m) glittir í annað hús sem snúið hefur þvert á það eða nálega norður eða suður. Ekkert sést nema þak hússins á ljósmyndinni og því lítið hægt um það að segja en líklega hefur það verið úti- eða geymsluhús frá Magnúsarhúsi. Lítil ummerki sjást um húsin tvö. Suðvestan við stall 093 er þó grunn lægð og þar í vaxa snarrótartoppar. Þar suðvestan við er svo lágur hryggur - mögulega veggjaleifar eða undirstöður, afar ógreinilegt en ekki er óhugsandi að það tengist Magnúsarhúsi.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2; Eimreiðin 1903, 99; Langnesingasaga II, 27, BS, 115, Ísland Howells, 157

**NM-252:050** heimild um brú

734320 541009

"Við Vestdalsá stóðu Magnúsarhús [049] næst ánni, rétt ofan við þar sem brúin er yfir ána," segir í örnefnaskrá. "Árið 1885 lét Tryggvi Gunnarsson gera nýja brú yfir Vestdalsá [250]. Hún mun hafa staðið fram yfir aldamótin, en þá var gerð timburbrú yfir ána niðri á eyrinni. Hún skolaðist burt í vatnavöxtum árið 1930. Var hún þá endurbyggð á steiptum stöplum og járnbitum. Sú brú stendur enn, en hefur verið endurbætt oftar en einu sinni," segir í Bygðasögu Seyðisfjarðar. Brúin sem var gerð um aldamótin 1900 var á svipuðum stað og enn er brú yfir Vestdalsána þar sem Eyrarvegur liggur yfir hana. Brúin sem nú er á þessum stað er þá líklega í grunnin sú sem byggð var 1930 þrátt fyrir að hún sé gjörbreytt. Samkvæmt áætlun yfir tekjur og gjöld Seyðisfjarðar árið 1930 (sem birtist í Hæni 8. árgangur, 1930, 3. tbl., 4) var gerð nýja brúin sem þá var gerð yfir Vestdalsána (árið 1930) og var kostnaður við hana 750 kr það ár. Þá brú tók hins vegar aftur af árið 1950 (ólíkt því sem fram kemur í Bygðasögu Seyðisfjarðar en í grein um þá



*Brú NM-252:050. Ljósmyndin til vinstri er tekin í kringum 190 og birtist í bókinni Ísland Howells, bls. 157. Kortið til hægri var gert fyrir 1920 og sýning hvar brúin var á ánni miðað við nálæg hús.*

atburði segir: "Þann eftirminnilega dag, 19. ágúst í fyrra, tók brúna af Vestdalsá í Seyðisfirði. Tók þá um tíma fyrir mjólkurflutninga til bæjarins frá búinu á Dvergasteini. Var flutningunum þó fljótlega komið á aftur við hálfgerð ókjör. Nú í haust var hafin endurbygging á brú yfir á þessa. Hafa stöplarnir verið steiptir. Unnu við það um 10 menn auk bílstjóra. Kemst þó brúin því miður ekki upp í bráð, þar eð eftir mun vera að flytja inn aðalmáttarstólpa, eða öllu heldur máttarbita hennar frá Ameríku" Ekki sjást ummerki um eldri brú á þessum stað.

Malarvegur liggur um Vestdalseyrina og yfir brú á þessum stað sem er úr steypu, stáli og timbri. Engin ummerki sjást nú um brúna sem byggð var um aldamótin 1900 en góða hugmynd má fá um gerð hennar af ljósmynd sem af henni var tekin um aldamótin 1900 og birtist í bókinni Ísland Howells. Af henni má sjá að brúin var trébrú með vegriði og tréstólpa út í miðri á. Beggja vegna við ána virðist hafa verið hlaðinn brúarkantur. Á ljósmynd sem tekin er af fólki við saltfiskþurrkun á svæðinu milli Gránufélags og vegar, líklega snemma á 20. öld (og birtist m.a. á vefnum herad.is) m'ennig sjá glitta í brúnna og sést þar nokkuð greinilega hleðsla undir brúnna að vestanverðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2; BS, 83, Ísland Howells, 157, <http://www.herad.is/y02/2008-10-09-vestdalseyri-seydisfjordur/html/Vestdalseyri3.htm>, Vestdalsárbrúin. (1951). Austurland, 1. árgangur (11 tölublað), 1.

**NM-252:051** Eyjólfshús heimild um bústað

"Austar og neðar en við Smiðju [009] er Eyjólfshús neðan við götu. Austar er Ingimundarhús [011]," segir í örnefnaskrá. "Húsið var upphaflega reist á Vestdalseyri af Eyjólf Þórarinssyni, sennilega um 1890. Árið 1919 seldi Eyjólfur, Kristní Guðmundssyni húsið, ásamt útihúsum [095] á 2500 kr. Aðeins 2 árum síðar keyptu þeir Sigurður Björnsson og Jón Böðvarsson smiðir húsið, rifu og flutti til Seyðisfjarðarkaupstaðar á

svokallað Borgarhólstún [sjá NM-249:178], neðan við gamla Borgarhólshúsið [NM-249:177 [...]]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1892: "[...] Niðri 3 herbergi og eldhús; að er eigi alþiljað niðri [...]", segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í sama riti segir einnig að húsið var um 73 m<sup>2</sup> að stærð.

Rétt austan við úttektarsvæði 2017

**Heimildir:** Ö-Vestdalur HA, 2, Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 80-81

**NM-252:052** *Miðsel* heimild um beitarhús

"Miðsel kallast gamlar tættur um það bil í miðju engjalandinu norðan ár. Hafa sennilega verið beitarhús frá Vestdal [001]," segir í örnefnaskrá.

"Nær bæ [001] var Miðsel og heytættur þar nú," segir í Múlapingi.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur JJ, 2; Múlaping II, 481

**NM-252:053** *Undir Bröttubrekku* heimild um áfangastað

"Undir Bröttubrekku var venjulegur hvíldarstaður ferðamanna. Þeir, sem komu af fjalli, hvíldu þar til þess að lofa hestum „að grípa niður“ og laga á þeim reiðfærin, og þeir, sem voru að leggja í fjallið, bjuggu sig undir erfiðleikana, sem voru fram undan," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur JJ, 2

**NM-252:054** *Rikka* heimild

"Rikka. Sver og vel hlaðin varða neðan við Efri-Þverárbrekku, kallast svo, af því hún er hlaðin af einhverjum Friðriki," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Vestdalur JJ, 2

**NM-252:055** brunnur

734310 541005

Óljós ummerki, sem gætu verið um samanfallinn brunn, eru rúmum 30 m er framan við (SSA) Ytri-Hjalla 026. Brunnurinn er um 50 m suðaustan við Vestdalsá. Brunnurinn er á mið Hjallanum sem er grasigróinn stalli í hlíðinni ofan við Vestdalseyri þar sem voru 2-4 býli/hús við lok 20. aldar og á fyrri hluta 20. aldar en á hernámsárunum virðist bara hafa verið eitt þeirra eftir (Innri-Hjalli 027) en þá var herinn með talsverð umsvif á Ytri-Hjalla 026 og er hugsanlegt að brunnurinn sé ekki frá búskaparárum í Ytri-Hjalla heldur hernámsárunum eða hafi í það minnsta verið notaður þá.

Brunnurinn er hruninn og yfirgróinn að talsverðu leyti en sést þó vel. Hann er kassalaga og um 1 x

0,8 m og snýr norðvestur-suðaustur. Brunnurinn er nærri fullur af grjóti en á bilinu 0,1-0,2 m djúpur nú. Úr suðurhorni brunnsins má greina óljósa dæld/línu sem liggur í um 3 m til suðurs en beygir þá í 90° horn og liggur í um 8 m áfram til suðvesturs, fram af hjallabrúninni. Mikið af grjótleifum eru í niðurgreftri þessum og er eins og þarna hafi verið renna, grjóthlaðin að innanverðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Brunnur NM-252:055. Á myndinni til vinstri er horft til suðausturs. Mynd til hægri er uppmæling á brunni og dæld sem liggur frá honum til suðausturs og suðvesturs.*

**NM-252:056** *Fossvör* heimild um lendingu

"Innst á Vestdalseyri var Fossvör. Utan við hana var Hvolsbryggja [057], utan við Snös," segir í

örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:057** *Hvolsbryggja* heimild um lendingu

"Innst á Vestdalseyri var Fossvör [056]. Utan við hana var Hvolsbryggja, utan við Snös. Við Hvolsbryggjuna var vör [058] og uppsátur [059] [...]. Skúr [060] var uppaf bryggjunni," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er bryggja teiknuð SAS "sjóhús Hvolsbræðra".

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:058** heimild um lendingu

"Innst á Vestdalseyri var Fossvör [056]. Utan við hana var Hvolsbryggja [057], utan við Snös. Við Hvolsbryggjuna var vör og uppsátur [059]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:059** heimild um uppsátur

"Innst á Vestdalseyri var Fossvör [056]. Utan við hana var Hvolsbryggja [057], utan við Snös. Við Hvolsbryggjuna var vör [058] og uppsátur," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:060** *Hvolskúr* heimild

"Skúr var uppaf bryggjunni [057]. Utan við Hvolskúr var Pétursborgarskúr [061]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

Hús er merkt norðan Hvolsbryggju Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:061** *Pétursborgarskúr* heimild

"Utan við Hvolskúr [060] var Pétursborgarskúr. Þar framaf var bólverk [062] og timburbryggja [063]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

Minjastaðurinn er teiknaður inn á kort af Vestdalseyri frá c. 1927. Á merkingum eftir eldri Seyðfirðingum kemur fram að þessi skúr var Sjóhús Einars Sigurðssonar og Gísla í Pétursborg. Þarna hafa staðið þrjú hús í hnapp. Líklega eru það þessi hús sem getið er í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Sjóskúrar innan við Vestdalseyri, allir sambyggðir: 1a Sjóskúr. Eigandi og notandi Páll A. Pálsson kaupmaður. Stærð l. 4,4, br. 3,45, h. 1,5 m. Þak pappaklætt. b.geymsluskúr, eign sama mans, stærð l. 5, br. 4 m, h. 3 m. veggir og þak járnvarið. 2. Sjóskúr. Eigandi og notandi Einar Sigurðsson vakamaður. Stærð l. 3 m., br. 2 m., h. 1,5 m. Þak pappaklætt, mjög ljélegur. 3. Sjóskúr. Eigandi og notandi Ingibjörg Guðmundsóttir ekkja. Stærð l. 4 m, br. 3 m., h. 1,75 m. Veggir og þak járnvarið. Ofangreind hús standa á eignarlóð Hinna sameinuðu ísl. verslana.."Skúrinn var líklega fast vestan við það svæði sem deiliskráð var á Vestdalseyri sumarið 2017 og staðsetning hans var því ekki skráð.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 42

**NM-252:062** heimild um varnargarð

"Utan við Hvolskúr [060] var Pétursborgarskúr [061]. Þar framaf var bólverk og timburbryggja [063]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Mannvirkin voru líklega fast vestan við það svæði sem deiliskráð var á Vestdalseyri sumarið 2017 og staðsetning þeirra var því ekki skráð.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:063** heimild um lendingu

"Utan við Hvolskúr [060] var Pétursborgarskúr [061]. Þar framaf var bólverk [062] og timburbryggja. Vör [064] var þar utanvið," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Minjastaðurinn er teiknaður inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV,





Meint vör NM-252:064 merkt með rauðum lit á loftmynd (frá Loftmælingum ehf) en á ljósmynd af sama stað er horft til suðvesturs

"Þar framaf var bólverk [062] og timburbryggja [063]. Vör var þar utanvið. Steinbryggja [044] var þar næst," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Umrædd vör var á milli Sjóhúss Einars Sigurðssonar og Gísla í Pétursborg 061-063 og Steinbryggjunnar 044. Á því svæði var annað sjóhús 109 sem ekki er getið um í örnefnaskránni en er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Ekkert er vitað hverjum húsið tilheyrði en fram af því er mögulegt að rutt hafi verið úr vör, a.m.k. finnst ekki annar staður líklegri fyrir umrædda vör á þessu svæði. Lítið undirlendi er milli sjávar og fjöru á þessum slóðum og er fjaran stutt og stórgrýtt.

Hugsanlega hefur verið rudd vör á þessum stað, a.m.k. má sjá beinar línur fram af þeim stað þar sem sjóhús 109 var. Allt að 8-9 m breitt svæði en ekki er hægt að greina það langt út í sjó.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

#### NM-252:065 mannvirki herminjar

734194 541061

Skálaþorp var á Ytri-Hjalla á hernámsárunum, samanber frásögn í Seyðfirskum hernámsþáttum: "Áform Breta var nú að fara þarna eftir vegi þessum [204] upp á Hjallann og út yfir túnið á Hjalla hjá þeim Dagbjarti og Erlendínu og fá á þennan hátt aðgang að skálaþorpi því, sem þarna var á Ytri-Hjalla." "Þau Dagbjartur [Guðmundsson] og Erlendína [Jónsdóttir] höfðu umráð yfir kotinu Ytri-Hjalla litlu utar í brekkunni [en Hjalli] en á túni þess býlis uppi á hjallanum hafði breska setuliðið reist marga skála í heimildarleysi. [...] Skálahverfin á Vestdalseyri og í Háahrauni voru öll rifin niður. Skálarnir voru reistir á



Herminjar NM-252:064. Til vinstri er uppmæling af ummerkjum sem nú eru sýnileg en til hægri ljósmynd af sama stað, horft til SA

steinsteypum sökkum, sem voru fjarlægðir og jarðrask, sem fylgt hafði mannvirkjum þessum jafnað og sléttað svo sem kostur var," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Þrátt fyrir að mikill hluti mannvirkja frá hernámsárunum hafi verið fjarlægður fljótlega eftir stríðslok má sjá ýmis ummerki þeirra á Miðhjallanum. Eitt slíkt mannvirki er skráð hér. Það er um 13 m norðaustan við grunn Ytri-Hjalla 026 og fast norðaustan við annað svipað mannvirki 242.

Grasi gróinn hjalli eða stallur í hlíðinni ofan við Vestdalseyri þar sem voru 2-4 býli/hús við lok 20. aldar og á fyrri hluta 20. aldar en á hernámsárunum virðist bara hafa verið eitt þeirra eftir (Innri-Hjalli 027) en þá var herinn með talsverð umsvif á Ytri-Hjalla 026. Ýmis önnur mannvirki sem tengjast án efa veru hersins voru skráð á þessum slóðum, t.d. 076, 240 og 242. Umrætt mannvirki er u-laga og um 6 x 5 m að stærð. Engin hleðsla er fyrir suðvesturhlíð og má vera að mannvirkið hafi upphaflega náð lengra í þá átt. Breidd "veggja" er 1,5 m og hæð þeirra er 0,4 m. Engar grjóthleðslur sjást en hleðslan er grasi gróin. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hernámsþættir, 46-49, 172-173

**NM-252:066** heimild um lendingu

"Utan við Vestdalsá var steinbryggja og vör [067] tilheyrandi," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ekki er ljóst hvar steinbryggja og vör voru sem nefnd eru í örnefnaskránni og ekki reyndist unnt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju. Líklegt er að steinbryggjan sé sama bryggja og teiknuð er á kort af Vestdalseyri frá 1920, sjá 122. Þar sjást hins vegar ekki ummerki um rudda vör.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:067** heimild um lendingu

"Utan við Vestdalsá var steinbryggja [066] og vör tilheyrandi," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ekki er ljóst hvar steinbryggja og vör voru sem nefnd eru í örnefnaskránni og ekki reyndist unnt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju. Líklegt er að steinbryggjan sé sama bryggja og teiknuð er á kort af Vestdalseyri frá 1920, sjá 122. Þar sjást hins vegar ekki ummerki um rudda vör.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:068** *Smíðjubryggja* mannvirki lending 734573 541215

"Utan við Vestdalsá var steinbryggja [066] og vör tilheyrandi [067]. Þar næst var bryggja Sigurjóns Oddssonar, við Smíðjulæk [sjá 009]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Líklegast hefur Smíðjubryggja verið þar sem nú eru þrír bryggjustólpar, einn undir hlíðinni og tveir úti í sjó. Bryggjan hefur verið um 450 m norðaustan við Gránubryggju 043. Brött brekka er neðan við malarveginn sem liggur um norðurhlíð Seyðisfjarðar, um Vestdalseyri og víðar. Við rætur hennar er stutt og grýtt fjara og hefur timburbryggja



Ummerki um horfna bryggju, að öllum líkindum Steinbryggju NM-252:068. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til norðausturs á mynd til hægri.



verið byggð á þessum stað. Lækjarspræna rennur til sjávar um 10 m austar.

Austan við bryggjustólpa er meira dýpi og hefur sjálfsagt verið betra að leggjast að þeim megin. Um 2,5 m eru á milli bryggjustólpa og frá þeim sem er í fjörunni að stólpunum sem standa enn í sjó eru um 10 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:069** *Ingimundarbryggja* heimild um lendingu

"Utan við Smiðjubryggju [068] var Ingimundarbryggja og sjóhús [070]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:070** heimild um sjóbúð

"Utan við Smiðjubryggju [068] var Ingimundarbryggja [069] og sjóhús," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er sjóhús teiknað líðlega 30 m sunnan Ingimundarhúss (011).

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:071** *Grúðabryggja* heimild um lendingu

"Framaf Grúðahúsi [008] var Grúðabryggja, stór hafskipabryggja. Utanvið var bryggja [072] og skúr [073] tilheyrandi Haraldsstöðum," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Bryggjan er teiknuð Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:072** heimild um lendingu

"Framaf Grúðahúsi [008] var Grúðabryggja, stór hafskipabryggja [071]. Utanvið var bryggja og skúr [073] tilheyrandi Haraldsstöðum," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Minjastaðurinn er teiknaður inn Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:073** heimild

"Framaf Grúðahúsi [008] var Grúðabryggja, stór hafskipabryggja [071]. Utanvið var bryggja [072] og skúr tilheyrandi Haraldsstöðum [007] og Eiríksstaðabryggja [074]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er skúr teiknaður um 20 m austan Haraldsstaða.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:074** *Eiríksstaðabryggja* heimild um lendingu

"Framaf Grúðahúsi [008] var Grúðabryggja, stór hafskipabryggja [071]. Utanvið var bryggja [072] og skúr [073] tilheyrandi Haraldsstöðum og Eiríksstaðabryggja með skúr [075] uppaf," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6

**NM-252:075** heimild

"Framaf Grúðahúsi [008] var Grúðabryggja, stór hafskipabryggja [071]. Utanvið var bryggja [072] og skúr [073] tilheyrandi Haraldsstöðum og Eiríksstaðabryggja [074] með skúr uppaf," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður EV, 6


**NM-252:076**

mannvirki herminjar (braggahverfi)

734180 541068

Skálaborp var á Ytri-Hjalla á hernámsárunum, samanber frásögn í Seyðfirskum hernámsþáttum: "Áform Breta var nú að fara þarna eftir vegin þessum [204] upp á Hjallann og út yfir túnið á Hjalla hjá þeim Dagbjarti og Erlendínu og fá á þennan hátt aðgang að skálaborpi því, sem þarna var á Ytri-Hjalla." "Þau Dagbjartur [Guðmundsson] og Erlendína [Jónsdóttir] höfðu umráð yfir kotinu Ytri-Hjalla litlu utar í brekkunni [en Hjalli] en á túni þess býlis uppi á hjallanum hafði breska setuliðið reist marga skála í heimildarleysi. [...] Skálahverfin á Vestdalseyri og í Háahrauni voru öll rifin niður. Skálarnir voru reistir á

steinsteypum sökklum, sem voru fjarlægðir og jarðrask, sem fylgt hafði mannvirkjum þessum jafnað og sléttað svo sem kostur var," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Í Seyðfirskum hernámsþáttum segir: "Næsta hálfa árið [1940] voru reistir 140 hermannaskálar í og við kaupstaðinn og á Vestdalseyri, auk þess sem herinn tók til sinna nota mörg íbúðarhús. Með komu bandaríska herliðsins átti bröggum enn eftir að fjölga og urðu þeir að sögn Hjálmars sýslumanns alls 261 í firðinum, þar af 50 á Háahrauni upp af Eyrum og álíka margir á Vestdalseyri," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005. Þrátt fyrir að mikill hluti mannvirkja frá hernámsárunum hafi verið fjarlægður fljótlega eftir stríðslok má sjá ýmis ummerki þeirra á Miðhjallanum. Hér er skráð nokkuð stórt svæði þar sem líklega hafa staðið nokkrir braggar en ekki er hægt að sjá merki einstakra bygginga. Svæðið er um 9 m norðvestan við Ytri-Hjalla 026.



*Eitt umfangsmesta braggasvæðið á Vestdalseyri var í nágrenni Hjalla en talsvert stórt svæði var skráð undir númerinu NP-252:076 (sjá uppmælingu til vinstri). Á myndinni hægrier horft til austurs*

Grasi gróinn hjalli eða stallur í hlíðinni ofan við Vestdalseyri þar sem voru 2-4 býli/hús við lok 20. aldar og á fyrri hluta 20. aldar en á hernámsárunum virðist bara hafa verið eitt þeirra eftir (Innri-Hjalli 027) en þá var herinn með talsverð umsvif á Ytri-Hjalla 026. Ýmis önnur mannvirki sem tengjast án efa veru hersins voru skráð á þessum slóðum, t.d. 065, 240 og 242.

Á þessu svæði hefur líklega verið braggahverfi en ekki er hægt að sjá eiginleg ummerki um einstaka bragga. Hins vegar má vel sjá rask á þessum slóðum og er það greinilegasta um 65 x 40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið er niðurgrafið og því eins konar stallur í hlíðinni. Innan niðurgrافتarins eru nokkrar misfellur. Suðvestarlega á svæðinu er stallur sem er um 0,7 m hærri en umhverfið og þar er mikið af grjóti, timbri og steypu. Norðaustar eru lágir hryggir á þremur stöðum sem ganga eftir reitnum norðvestur-suðaustur. Allra nyrst á svæðinu virðast ummerkin dálítið frábrugðin, þar er deiglandara og niðurgröftur öðruvísi. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Múlaping II, 81; ÁFÍ 2005, 226; Hernámsþættir, 46-49, 172-173

NM-252:077

mannvirki herminjar (braggi)

734277 540915

"Á síðari styrjöldum voru herbúðir miklar [076] á Vestdalseyri, gaddavírsgirðingar og umrót [...]. Herinn hreiðraði m.a. um sig í gamla stóra Gránufélagshúsinu [040]," segir í Múlaþingi. Auk þess að nýta sér Gránufélagshúsið 040 var herinn með talsverð umsvif í kringum húsið. Mannvirki virðist hafa staðið um 6



*Herminjar NM-252:077 nærri Gránufélagshúsi. Til vinstri er ummæling á umfangi óljósra ummerkja en til hægri er horft yfir saman svæði (til vesturs)*

m norðan við Gránufélagshúsið 040 og gæti það hafa verið reist á hernámsárunum, a.m.k. sést ekkert hús á þessum slóðum á þeim eldri ljósmyndum sem skrásetjarar höfðu yfir að ráða við skráninguna. Mannvirkið hefur verið um 4 m austan við brunn 081 sem enn er greinilegur á þessum slóðum. Nálægt odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi.

Ummerkin minna mest á herminjar. Svæðið er 8,5 x 5 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Austurendi þess er sæmilega greinilegur en vesturendinn er óljós. Svæðið er 0,1 m hærra en umhverfið en í suðausturhorni er steipt horn og er veggur þar um 10 cm breiður. Talsvert umrót hefur verið þarna víða umhverfis og er vel hugsanlegt að mannvirkið hafi verið nokkru stærra og í raun að fleiri mannvirki hafi verið á svipuðum slóðum. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 481

NM-252:078 *Vestdalssel* heimild um sel

"Innar á dalnum eru rústir Vestdalssels. Þar voru beitarhús á 19. öld og ef til vill lengur. Bar oftlega við, að Héraðsmenn leituðu þar hvíldar, jafnvel næturlangt, er þeir komu af heiðinni," segir í Múlaþingi.

**Heimildir:** Múlaþing II, 481


NM-252:079 *Foss* tóft býli

734101 541134



*Bæjarrústirnar í Fossi NM-252:079. Á mynd til vinstri er horft til VSV, á mynd til hægri til NA*

"Foss. Býli byggt á síðari hluta 19du aldar á hjalla upp af Vestdalseyri," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í örnefnaskrá Fjarðar segir: "Býlið Foss var reist á rákinni [Arnarklettarák]. Var þá ytri hluti hennar gerður að túni og nefnt Fosstún." "Á hjöllunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Foss. Stóð á hjalla við Vestdalsárfoss [...]. Hann [Magnús Sigurðsson] sprengdi mikið grjót úr túninu og skarð í klett ofan við tún og lagði þar veg gegnum [039], en hlóð túngarð [082] úr grjótinu. Upp að býlinu gerði hann gangstíg [083] úr tilhöggnum steinum, setti upp handrið úr járnteinum, sem hann festi með blýi í hleðsluna, og streng á teinana. Á kletti fyrir ofan býlið standa enn höggvin í klett orðin: "Guð blessi Foss" [084]," segir í Múlapingi. Fjallað er um býlið í fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "'Foss' ofan við Vestdalseyrina. Eigandi og notandi Magnús Sigurðsson. a. Íbúðarhús, stærð l. 5,4 br. 3,9 m h. 5,2 m (u.h. 3,2). Timburhús (grindarhús). Þak pappaklætt. Kjallari hlaðinn stærð l. 3,8 m br. 3,6 m. Aldur 15 ár [þá byggt 1901-1903]. Áfast húsinu er geymsluhús gamalt, stærð 3,8 m br. 3,9 m h. 4 m Þak pappaklætt. Viðbyggður skúr stærð l. 1,1, m br. 0,9 m h. 1,8 m." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er Foss teiknaður sem tvö mannvirki (sjá líka 151). Austan bæjarhúsanna er kálgarður 107 merktur. Húsið var um 35 m SSV við brún Vestdalsár og 210-220 m norðan við malarveginn um Vestdalseyri.



*Uppmæling á grunni hússins Foss NM-252:079 til vinstri. Ljósmyndin til hægri er tekin eftir að Foss er kominn í eyði, líklega 1955. Hún er af síðunni [www.herad.is](http://www.herad.is)*

Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Talsverðar mannvistarleifar eru enn þar sem bærinn Foss stóð áður. Sjálfur bærinn var syðst í bæjarþyrpingunni en stakstæð hús, líklega fjárhús voru norðan hans (sjá 151). Traðir/bæjarhlað var beint framan (suðaustan) við íbúðarhúsið 021 og þar fyrir neðan (suðaustan) kálgarður 107. Af ljósmynd frá því um miðja 20. öld má sjá að bærinn hefur verið einlyft timburhús. Grunnur þess er greinilegur og er hann skráður undir þessu númeri ásamt þúst að húsbaki. Hann er 13 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Op hefur verið á kjallarahleðslunni á miðjum suðausturvegg og beggja vegna við innganginn hafa verið gluggar sem báðir eru um 1 m á breidd og hafa sjálfsagt verið meira en 1 m hæð. Kjallarahleðslan er vel hlaðin og úr góðu grjóti. Hún nær mest 2 m hæð. Hleðslan er hlaðin upp í 1,4 m hæð en þar er sylla, um 40 cm breið í hleðslunni áður en hún heldur áfram. Veggheðslan nær sem fyrr segir mest 2 m hæð en er víða 1,7 m og 8-10 umför. Stæðilegust er hleðslan að suðaustan, sérstaklega sunnan við dyraop. Hluti veggjarins (vestan við op) steypdur. Hún er alveg grafin inn í brekkuna að ofan (norðvestan) og einnig til norðausturs en þar tekur jafnsléttu við frá veggtoppi og hafa gólf fjárhúsa verið í sömu hæð. Ytri brún kjallarahleðslunnar sést hins vegar að suðaustan og suðvestan. Að innanmáli er kjallarinn um 2,5 x 8 m. Talsvert af rusli og bárujárnri er inni í tóftinni. Veggir standa ágætlega ef frá er talinn miðhluti norðausturveggjar sem er byrjaður að hrynja inn í tóftina. Fast ofan (norðvestan) við kjallarahleðsluna er þúst 149. Suðausturhlíð hennar er óskýr en hún annars fremur skýr þótt ekki láti hún mikið yfir sér. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Af ljósmynd sem tekin er árið 1955 og horft upp í hlíðina ofan við Vestdalseyri má sjá að þá hafa bæjar- og útihús enn staðið uppi. Ekki er vitað hvenær húsið var rífið.



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Seyðisfjörður, 20; Ö-Fjörður RG, 1; Múlþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 34


**NM-252:080** mannvirki herminjar (braggi)

734298 540910

Braggi stóð áður fast austan við Gránufélagshúsið 040 og var aðeins gangvegur (um 3 m) á milli. Frá honum hafa verið 16-18 m niður (suður) í fjöru. Nálægt odda Vestdalseyrarinnar. Eyri er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyri nú að mestu vaxin snöggu grasi.



Óljós ummerki um herminjar nálægt grunni Gránufélagshúss NM-252:080. Á mynd til vinstri VSV en til norðurs á mynd til hægri



Uppmæling á ummerkjum eftir bragga NM-252:080 (til vinstri) og til hægri sést sami braggi á ljósmynd frá stríðsárunum. Ljósmyndin er úr bók Friðþórs Eydals, bls. 44

Af ljósmynd sem tekin var af svæðinu á hernámsárunum (og birtist bók Friðþórs Eydals Fremsta víglína) má sjá að bragginn hefur verið af hefðbundinni stærð og virðist með hurð á miðjum suðurgafli og glugga beggja vegna við. Leifarnar sem sjást eru um 11 x 5 m að stærð og sjást leifar undirstöðu veggja að hluta en innan þeirra er að stóru leyti mól. Húsið hefur nálega snúið norður-suður. Grunnurinn sem er mest um 5 cm ofar en umhverfið. Eftir grunninum miðjum er veggbotn sem snýr eins og húsið nálega norður-suður eftir byggingunni endilangri en endar um 1 m frá austurenda hennar. Veggjarþykkt um 15 cm. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fremsta víglína, 44

**NM-252:081**

brunnur

734298 540910

Getið er um brunn á Vestdalseyri í Fasteignamati 1916-1918 og er það líklega sá brunnur sem hér er skráður. Um hann segir: "Vatnsbrunnur með steyptri umgjörð og trjéhúsi yfir. Vatnsleiðsla í járnörri frá brunninum í íbúðarhúsið [040] og er sogdæla, l. 12 m í kjallaranum." Fjarlægð brunns frá Gránufélagshúsi 040 passar vel við lengd lagnar. Greinilegur, hlaðinn brunnur er um 10 m norðan við grunn Gránufélagshússins 040 og um 40 m SSA við veginn sem liggur um Vestdalseyri. Brunnurinn er tæpum 30




*Brunnur NM-252:081. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en niður á mynd til hægri.*

m suðvestan við horn malarbílastæðis sem er á Vestdalseyri. Gránufélagshúsið var á odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snögggu grasi.

Sjálfur brunnurinn er um 1,5 m í þvermál að innanmáli og a.m.k. 0,4 m á dýpt. Brunnurinn er aðeins lengri ilangur (lengri norðaustur-suðvestur). Hann grjóthlaðinn að innan og sjást 3-4 umför af hleðslu. Umhverfis brunninn er talsverður kragi og samtals er svæðið því rúmlega 5 x 3,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 28



*Uppmæling á brunni NM-252:081*

**NM-252:082** garðlag túngarður

734109 541135

"Á hjöllumunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Foss. Stóð á hjalla við Vestdalsárfoss [...]. Hann [Magnús Sigurðsson] sprengdi mikið grjót úr túninu og skarð í klett ofan við tún og lagði þar veg gegnum [039], en hlóð túngarð úr grjótinu. Upp að býlinu gerði hann gangstíg [083] úr tilhöggnum steinum, setti upp handrið úr járnteinum, sem hann festi með blýi í hleðsluna, og streng á teinana. Á kletti fyrir ofan býlið standa enn höggvin í klett orðin: "Guð blessi Foss" [084]," segir í Múlapingi. Getið er um garðinn í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Girðing um lóðina, grjótgardur (mest einhlaðinn), lengd 204 m." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er túngarður teiknaður sem umlykur austur og suðausturhlíð Fosstúns og er garðurinn enn mjög stæðilegur. Hann er 10-20 m neðan (austan) við kálgarð Fossbýlisins (kálgarður er númer 107) og liggur frá brún Vestdalsár og til suðurs meðfram austurhlíð túnanna til suðurs og svo til SSV allt þar sem Efsti-Hjalli mjókkar og bratti tekur við utan túns.

Efsti Hjalli er grasgefin sylla í hlíðinni sem hallar til austurs og suðurs. Til móts við hana eru





*Túngarður Foss NM-252:082. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA, á mynd til hægri til SSV*



*Hluti af korti af Vestdalseyri frá því fyrir 1920 þar sem sjá má grjótgardinn (NM-252:082) sem girt hefur af allt austanvert og suðaustanvert túnið á Fossi (til vinstri). Á kortinu má einnig sjá götu 083 ofan við bæinn.*

*Ljósmynd til hægri sýnir hvar þrep hafa verið lögð í gegnum op á túngarðinum*

neðstu fossarnir í Vestdalsánni. Gardurinn er sem fyrr segir greinilegur allt frá barmi Vestdalsárgils og til suðurs og suðvestur eftir neðri brún Efsta Hjalla allt að suðvesturenda hjallans, þar sem hann dregst saman og bratti tekur við. Gardurinn er samtals rúmlega 200 m á lengd og markar af suður, suðvestur og vesturhlíð túnsins. Að norðaustan er túnið markað af brún Vestdalsárgils og að ofan (norðvestan) svæðum. Víða er svolítið byrjað að hrynja úr honum til suðausturs, niður brekkuna. Allra norðaustast er 0,3 m á hæð og talsvert gróinn. Á þessum parti er hann hlaðinn úr fremur stóru grjóti. Op hefur verið á gardinn beint neðan við bæinn 079 og þar eru þrjár tröppur í gegnum gardinn. Á þessum slóðum mætti segja að túngarðshleðslan væri nokkuð dæmigerð, þar sjást 4-6 umför af grjóti í hleðslu og hún er 0,6-0,8 m há. Eftir því sem sunnar dregur er stærð grjóthnullunga í gardinum stærri og sunnarlega eru hálfgerð björg sem notuð eru til að marka hann af og þá eru sjaldnast nema 1-2 raðir. Annað op er um 50 m frá suðurhorni. Við suðurhorn beygir gardurinn í 90° upp hliðina og liggur þar í nokkra betra áður en hann fjarar út í brattlendið. Þar er einnig op á gardinn, rétt við fjárhús 108 sem eru sambyggt honum. Í brattanum, eftir að gardinum sleppir eru girðingaleifar á einum stað og örstuttur, grjóthlaðinn hryggur er í beini línu aðeins ofar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 34

**NM-252:083** vegur leið

734075 541159

"Á hjöllunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Foss. Stóð á hjalla við Vestdalsárfoss [...]. Hann [Magnús Sigurðsson] sprengdi mikið grjót úr túninu og skarð í klett ofan við tún og lagði þar veg gegnum [039], en hlóð túngarð [082] úr grjótinu. Upp að býlinu gerði hann gangstíg úr tilhöggnum steinum, setti upp handrið úr járnteinum, sem hann festi með blýi í hleðsluna, og streng á teinana. Á kletti fyrir ofan býlið standa enn höggvin í klett orðin: "Guð blessi Foss" [084]," segir í Múlaþingi. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er leið merkt vestan Foss. Leiðin liggur til norðurs, en ekki er ljóst hvar hún endar en væntanlega hefur hún verið farið þegar farið var á dalinn, við smölun og af fleiri tilefnum. Vegurinn er greinilegur utan í klettabeltinu ofan við Foss og er eins konar stallur í hliðina undir klettunum, um 20 m vestan við bæ 079. Vegurinn er best greinilegur á þessum slóðum á um 160 kafla og er hann aðeins örfáum metrum frá þverhníptu gili Vestdalsár þar sem hann liggur næst því. Gatan liggur um grasi gróna brekku neðan við klettahjalla og um sjálfan hjallann. Svæðinu hallar til suðurs og suðausturs.



*Leiðin sem Magnús gerði í upp hamrabeltið fyrir ofan bæinn (NM-252:083). Á mynd til vinstri er horft til SSV en til norðurs á mynd til hægri*

Vegurinn sést vel um 20 m ofan við bæ. Hann liggur skáhallt frá jafnsléttu um 40 m innan við (sunnan við) bæ upp á klettabrúnina ofan við bæ og er um 160 m langur. Vegurinn er flöt í toppinn og misbreið eftir því hvernig klettarnir liggja en víða þó um 1,5 m breiður. Víða má sjá hvernig hefur verið hlaðið undir hana hér og þar. Frá bænum liggja 12-13 steinþrep upp á götuna. Stikaður göngustígur sem nú liggur um svæðið liggur einnig upp á hana á svipuðum slóðum og er þar skarð í hana.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:084** áletrun

734074 541159

"Á hjöllunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: Foss. Stóð á hjalla við Vestdalsárfoss [...]. Hann [Magnús Sigurðsson] sprengdi mikið grjót úr túninu og skarð í klett ofan við tún og lagði þar veg gegnum [039], en hlóð túngarð [082] úr grjótinu. Upp að býlinu gerði hann gangstíg [083] úr tilhöggnum steinum, setti upp handrið úr járnteinum, sem hann festi með blýi í hleðsluna, og streng á teinana. Á kletti fyrir ofan býlið standa enn höggvin í klett orðin: "Guð blessi Foss"," segir í Múlaþingi. Umrædd áletrun er höggvinn í hamarinn ofan við bæinn Foss. Áletrunin er um 34 m ofan (vestan) við bæ 079. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir var það líklega Pétur skósmiður Sigurðsson sem bjó á Fossi á sama tíma og Magnús sem hjó þetta út og það sama segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Samkvæmt Vilborgu var talsverð huldufólkstrú á klettunum þegar hún bjó á Vestdalseyri. Í bókinni Þagnarhyl er eftirfarandi haft eftir henni: "Magnús frá Fossi lagði meðal annars kerrufæran veg af Eyrarveginum [035] og upp að Fosshliðinu [039] Til þess þurfti hann að sprengja einhverja kletta. Sagan segir að áður en það hafi gerðist hafi huldukona komið til Hallfríðar í draumi. Og huldukonan sagði: "Ef Magnús sprengir klettana mína þá legg ég Vestdalseyrina í eyði!" Hallfríður sagði Magnúsi drauminn, en hann hnussaði bara við. Þrjár nætur í röð dreymdi Hallfríði sama drauminn. En allt kom fyrir ekki og Magnús sprengdi klettinn. Ég heyrði þessa sögu ekki fyrr en ég var flutt í burt, og mig grunar að Seyðfirðingar hafi búið hana til þess að gefa því



undir fótinn að Vestdalseyringar bæru sjálfir ábyrgð á því að Eyrin fór í eyði."



Áletrunin (NM-252:084) í klettabeltinu ofan við bæinn Foss, horft til vesturs

Foss er á Efsta Hjalla í hlíðinni ofan við Vestdalseyri. Hjallinn er grasi gróinn sylla í hlíðinni. Ofan við hana er klettabelti og áletrunin er á klettavegg ofan við bæ. Gömul gata 083 og nýleg, stikuð gönguleið liggja upp á Vestdal fram hjá klöppinni. Greinilegt er að göngugarpar hafa sett mark sitt á svæðið enda hafa ýmis nöfn verið rispuð eða páruð í bergið umhverfis.

Áletrunin er áberandi og hefur verið málað með hvítu ofan í stafina. Þar stendur "GUD BLESSI FOSS" með hástöfum. Stafirnir eru 4-5 cm háir og er áletrunin samtals um 35-40 x 15-20 cm að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 482, Úr þagnarhyl, 36, Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 282

**NM-252:085** *Sigfúsarhús* mannvirki bústaður


734165 541034

"Á hjöllunum ofan við eyrina og innan við Vestdalsá: [...]. Ytri-Hjalli [026] ('39), hét áður Rauðahús [sjá 055] [...]. Í lýsingu á þorpinu á Vestdalseyri eins og það var um 1895 segir: "Þá var Sigfúsarhús. Í því húsi leigði þá Bjarni Ketilsson síðar póstur." Sigfúsarhús var á milli Hjallahúsanna [026/027], flutt inn að bæ," segir í Múlaþingi. Í Austra 27. febrúar 1895 kemur fram að þá er húsið til sölu en í auglýsingu segir: "(Híð svokallaða "Sigfúsarhús") á Vestdalseyri í Seyðisfjarðar-kaupstað. Húsið er múrað í binding og fylgir því dálítið geymsluhús, með skýli fyrir hest og kú," en samkvæmt Múlaþingi var húsið að endingu flutt til



Ummerki eftir Sigfúsarhús NM-252:085. Á mynd til vinstri er horft til NA en til niður á mynd til hægri.

Seyðisfjarðar. Samkvæmt heimildum (blaðagrein í Alþýðublaðinu sem lýsir þorpinu rétt fyrir 1900) voru tvö hús á milli Ytri- og Innri-Hjalla en aðeins sjást nú leifar af einni byggingu. Sigfúsarhús var því líklega flutt um 1900. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni sáust lengi leifar af talsvert háum grunni og þar hafði verið stórt hús en þar reisti Guðmundur Þorbjarnarson smiðju. Guðmundur var járnsmiður og menn komu langar leiðir til að fá hjá honum skeifur og annan varning. Smiðjan stóð fram að stríði samkvæmt Vilborgu og var með flötu þaki. Er hér gert ráð fyrir að ummerkin sem sjást á þessum slóðum séu af smiðju/Sigfúsarhúsi (sjá líka 202). Leifarnar eru um 10 m VSV við Ytri-Hjalla 026 en 36 m norðaustan við Innri-Hjalla 026.



*Til vinstri eru þau ummerki sem mátti greina á þeim slóðum sem Sigfúsarhús NM-252:085 stóð áður. Til hægri er bútur af ljósmynd af kirkju þar sem líklega sést óljóst í sama hús.*

*Myndin birtist í bókinni Byggðasaga Seyðisfjarðar, bls. 3.*

Á Neðrihjalla, grasi grónum hjalla í hlíðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er í kring en ofar er klettabelti. Á þessum stað sjást ummerki eftir byggingu sem er um 10 x 7,5 m stórt. Undirhleðsla hússins sést og innan þess er mikið af braki, timbri og bárujárni. Ytri brún hleðslunnar sést en ekki innri brún en stallur er innan húss. Talsvert af rusli er á þessum stað frá smiðjunni sem þarna stóð síðast. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni, var húsið nokkuð stórt og klætt með tjörupappa svörtum og skúrþaki. Ekki er vitað hvar Sigfúsarhús var reist á Seyðisfirði. Þar er reyndar hús með sama nafni, Sigfúsarhús við Austurveg 36 en það er sagt byggt af Sigfúsi Einarssyni söðlasmiði 1907 og ekki er getið um að það hafi áður staðið annars staðar. Á ljósmynd sem Emelía Blöndal tók utan við kirkjuna á Vestdalseyri fyrir 1921 er horft í átt að svæðinu þar sem Sigfúsarhús stóð og líklega sést húsið á myndinni. Sé það rétt var húsið dökkleitt, einlyft timburhús án kvista. Svo virðist sem 1-3 dyr hafi verið á suðurhlíð þess og mögulega litlir gluggar á milli. Ekki virðist hafa verið gluggar á vesturgafli en austurgafi sést ekki né heldur norðurhlíð. Strompur var upp úr miðju þaki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaþing II, 482, Austri 27. febrúar 1895, 24



**NM-252:086** garðlag túngarður

734367 541268

"Annað afbýli var Vestdalsgerði [005] innan við V[estdal] [001] og djúpt gil milli túna, í byggð til 1934 [...]. Land Vestdalsgerðis var afgirt, sú girðing nú fallin af mestu," segir í Múlapingi. Grjótgarður er í efri brún klettabeltis ofan við tún Vestdalsgerðis 005 um 65 ofan (nordan) við bærstæði Gerðis. Sá garður hefur girt af tún Vestdalsgerðis að hluta en túni býlisins hafði verið skipt upp í þrjú minni tún þegar kort af Vestdalseyri frá 1920 var gert. Samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918 tilheyrðu tveir túnhlutar innan við Vestdalsgerði Hinum sameinuðu íslensku verslunum annars vegar og Guðmundi Einarssyni á Kirkjuhvoli 004 hins vegar. Ýmis fleiri garðlög eða girðingaleifar eru í túni Vestdalsgerðis en ekki er að sjá að þau hafi tengst. Miklar breytingar virðast orðnar á landnotkun upp úr aldamótunum 1900 og skýrir það að einhverju leyti fjölda ótengdra túngirðinga. Klettabeltið sem garðurinn liggur ofan við er um 5-7 m hátt, hálfgróið mosa og lyngi. Brött grasivaxin brekka er neðan (suðaustan) við klettana en lyngmói ofan (norðvestan) við.



*Túngarðurinn í Vestdalsgerði NM-252:086. Á ljósmynd er horft til ANA en til hægri er uppmæling*

Garðurinn er um 25 m langur, 1-2 m breiður og liggur í sveig norðaustur-suðvestur. Hann er mikið til hruninn og sést fjöldi umfara óvída en eru flest 3-4 talsins. Hæð garðsins er mest um 0,3 m en um miðbik er garðurinn sokkinn svo að grjót er u.þ.b. á jafnsléttu. Grjót í hleðslum er vel skófum vaxið og er frá smásteinum upp í steina sem eru um 0,3 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Múlaping II, 482; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV; Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 22

**NM-252:087** renna

734662 541362

Mjór handgraffinn skurður liggur úr djámyri í túni Vestdals, meðfram hjallanum sem Vestdalsbærinn 001 er á og út í gegnum mógrafasvæði 089 og beygir svo niður að malarvegi neðan við túnið. Skurðurinn er 30 m suðaustan við bæ 001 og 20 m norðvestan við hesthústöft 130. Með honum var hægt að veita vatni úr djáuppsprettu í farveg svo það rynni ekki yfir túnið. Skurðurinn liggur á mörkum mýrlendis og þúrlendis svæðis innan túns Vestdals. Túnið er í nokkrum halla til suðurs, það er þýft og grasgefið.



*Renna NM-252:087, horft til suðurs.*

Skurðurinn er um 150 m að lengd en er sumstaðar mjög samansiginn og illgreinanlegur. Þar sem hann er hvað greinilegastur er hann 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:088** heimild um hesthús

Í Fasteignamati fyrir Vestdal frá 1916-1918 segir: "h. Hesthúskofi upp á túni lítill og ómerkilegur." Ekki er ljóst hvar þessi kofi hefur verið og reyndist því ekki unnt að staðsetja hann. Til greina kemur að tóftir 210, 217 eða 225 séu leifar af hesthúskofanum en ekki er hægt að fullyrða neitt um það án frekari heimilda eða rannsókna.



*Óljós ummerki um herminjar nálægt grunni Gránufélagshúss NM-252:080. Á mynd til vinstri VSV en til norðurs á mynd til hægri.*

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 23

**NM-252:089** náma mógrafir

734660 541324

Mógrafasvæði er í túni Vestdals í lítilli mýri á milli hesthúss 130 og skurðar 087 en 80 m sunnan við bæ 001. Mýrin sem mógrafirnar eru í er á milli hæða í grösugu túni sem hallar til suðurs.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 30x22 m að stærð og snýr norðausturs-suðvestur. Nokkuð skýrar brúnir sjást í norðaustur- og suðausturjöðrum mógrafasvæðisins en annarsstaðar eru mörkin illgreinanleg. Mógrafirnar eru grónar og deiglendar eða blautar en ekki stendur vatn í þeim. Upp á hæstu brún er innan við 1 m og víðast lægra. Skurður hefur verið grafinn úr gröfunum til að veita vatni úr þeim. Hann er 24 m á lengd, 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Hann liggur til suðvesturs á 18 m löngum kafla og beygir svo til suðurs á 6 m löngum kafla og út úr mógröfunum.



*Ummerki um mógrafir NM-252:089. Á ljósmynd er horft til ANA*



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:090** heimild um herminjar (víghreiður?)

734243 541105

Af ljósmynd af Vestdalseyri frá 1941 (sem birtist í bókinni *Fremstu víglínu*) virðist hafa verið braggi 251 og óljós hæð suðvestan hans á Kirkjukletti á stríðsárunum. Lágbarðir klettur eru innar og þar fyrir ofan deiglendi. Ofan (innan og ofar) er deiglent.

Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni var á klettinum víghreiður með loftvarnarbyssu. Ekki sáust ummerki um þau nema að þústin séu ummerki um hreiðrið. Samkvæmt Vilborgu var það þó utar og á sjálfum klettinum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:091** heimild herminjar

"Loftárásir voru gerðar og m.a.a sökk olíuskipinu El Grillo á rjómasléttri Kringlunni innan við Vestdalseyri," segir í Múlapingi.

**Heimildir:** Múlaping II, 486



*Hluti af ljósmynd af Vestdalseyri á stríðsárunum sem birtist í bók Friðþórs Eydals, bls. 44. Á henni má sjá þúst NM-252:090 fast innan við bragga 251.*

**NM-252:092** *Stórbúsið* heimild um verslun/bústað/skemmu

734279 540906

Undir þessu númeri eru skráð elstu umsvif á Vestdalseyri sem hófust 1851 og sú starfsemi og hús sem þar voru allt til 1894 þegar stórbruni var á svæðinu. Fremst er gefið yfirlit um hvaða starfsemi var á svæðinu á þessu tímabili og þá raktar helstu heimildir.

1851-1865 rak Örum & Wulff verslun á svæðinu.

1865-1868 var svæðið í eigu bandarískra bræðra (Thomas Roy og fleiri) sem settu þar upp hvalveiðistöð

1868-1870 tók Det danske Fiskeriselskab við svæðinu 1870 keypti hollenska fyrirtækið De Nederlandske Walvieschvaart hús og tæki og hélt áfram hvalveiðum.


1873-1912 Keypti Gránufélagið allar eignir (6 hús) og starfrækti fastaverslun en árið 1894 varð gríðarlegur bruni á svæðinu sem lagði í rúst 9 hús og brunnu flestöll húsín til grunna (sjá einnig fornleif 034, 146 254). Þau hús sem risu eftir bruna eru skráð undir sérstökum númerum (sjá 040-042 og 117).

"Árið 1851 keypti fyrirtækið Örum & Wulff landskika á eyrinni og kom þar upp útibúi frá verslun sinni sem hófst á Fjarðaröldu 1851. [...] Örum & Wulff lagði af starfsemi sína á Vestdalseyri 1865 og keypti þá Bandaríkjamadurinn Thomas Roy húseignirnar en hann stundaði hvalveiðar við Austurland 1863-1867 með landstöð á Vestdalseyri. Reisti hann hvalstöð á eyrinni, fyrsta vísi að vélvæddri hvalvinnslu hérlandis. Voru þarna ýmis gufuknúin tæki, svo sem beinamylla og gufukatlar. [...] Við hvalstöðinni tók Det danske Fiskeriselskab undir forystu Otto Christian Hammers 1868-1870 og þá Hollendingar, De Nederlandske Walvieschvaart [...]. Gránufélagið sem stofnað var á Akureyri í janúar 1869 keypti 1873 hús hvalstöðvarinnar á Vestdalseyri, alls 6 talsins, og var eitt þeirra [145] flutt til Oddeyrar það sama ár þar sem það stendur enn við Strandgötu. [...] Í hinum starfrækti félagið fastaverslun 1874-1912 og þar voru aðalstöðvar þess á Austurlandi fram yfir aldamót. [...] Húseignir Gránufélagsins á Vestdalseyri brunnu 1894 og var þá húsið Liverpool við Ránargötu undir Bjólfi sem félagið hafði verslað í frá 1882 flutt út á Vestdalseyri [sjá 040]," "Í kjölfarið þeirra [Örum og Wulff] komu á Vestdalseyrina hvalfangarnir frá New York þeir Thomas Roys og Gustav Liljendahl. Þeir gerðu út nokkur stór skip til hvalveiða á árunum 1856-68. Hvalbræðslan fór að mestu fram á skipunum [...] en talsverð uppbygging og vélvæðing fylgdi hvalveiðistöðunni og sjást engin ummerki eftir af henni frekar en öðrum að þessu elstu minjum Samkvæmt drögum að skráningarskýrslu um Vestdalseyri (Bjarki Borgþórsson og Sigurður Snæbjörn Stefánsson) telja fróðir menn (þeir vitna í Sigurberg Sigurðsson) að einn af gufukötlum hvalveiðistöðvarinnar sé grafinn í sand einhvers staðar á eyrinni, en ekki ljóst hvar og engin ummerki sjást um hann á yfirborði. Ekkert sést af þessari hvalstöð en fróðir menn segja að einhverstaðar á eyrinni, grafinn í sand, sé einn af gufukötlunum (Sigurbergur Sigurðsson, munnleg heimild, 20. júlí 2016). Ekkert sést af þessari hvalstöð en fróðir menn segja að einhverstaðar á eyrinni, grafinn í sand, sé einn af gufukötlunum (Sigurbergur Sigurðsson, munnleg heimild, 20. júlí 2016). Danskur hvalfangari, Hammer

keypti hvalstöðina 1869 en varð lítið út," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005. "Voðalegur húsabruni varð þann 24. nóvember s. l. á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, þar sem öll verslunarhús Gránufélagsins brunnu gjörsamlega á fárra tíma fresti. [...] Um hádegi sást héðan af Fjarðaröldu logi allmikill gjósa upp úr utanverðu svokallaða "Stórhúsi" Gránufélagsverslunarinnar þar sem í voru öll íbúðarberbergin, sölubúðin og ýmis geymsluherbergi. [...] Eldinn úr þessu voðabáli lagði þegar á hin önnur geymsluhús Gránufélags verslunar [...] því þau stóðu skammt frá "Stórhúsinu" [...] einkum þá er Stórhúsið féll niður, enda umspennti eldurinn þau öll óðar, svo öll verslunarhúsin stóðu á svipstundu í eina afarmiklu báli er var hér um bil 100 faðma að ummáli. [...] Öll verslunarhúsin 9, voru brunnin niður til grunna eptir rúmar 4 klukkustundir. [...] Þau hús er brunnin, voru: "Stórhúsið" (íveruhús og sölubúð) 4 geymsluhús (Pakkhús), 2 kolaskúrar, 1 fiskiskúr og 1 hjallur [en umrædd hús skráð saman undir númerinu 146]," segir í blaðinu Austra 29.11.1894. Stórhúsið var á sama stað og Gránufélagshúsið reis síðar. Það var rúmum 50 m neðan (sunnan) við veginn sem liggur um Vestdalseyri en aðeins eru um 8 m ofan í fjöru þar sem grunnurinn er næst sjó. Bílastæði hefur verið gert á Vestdalseyrinni skammt norðan við grunn Gránufélagshússins 040 og eru aðeins um 30 m á milli. Samkvæmt upplýsingum í Fornleifaskrá Bygðasafns Skagafjarðar segir um hús í Framkaupstað Eskifjarðar um miðja 19. öld: Húsin í Framkaupstað voru flest tekin ofan árið 1851 og flutt að Vestdalseyri við Seyðisfjörð"

Stórhúsið var á odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi. Engin ummerki sjást um Stórhúsið enda voru þau hreinsuð eftir brunann og nýtt hús byggt á sama stað. Samkvæmt lýsingu á brunanum sem birtist í Alþýðublaðinu (Stórbruni á Vestdalseyri við Seyðisfjörð fyrir fjörtíu árum) má fá nokkrar upplýsingar um það hús sem þar stóð: "Fremst á eyraroddanum stóðu hús Gránufélagsins. Má þar fyrst nefna sölubúðina. Var hún gamalt hús, með lágum veggjum, en háu og bröttu risi. Gluggar voru fáir og smáir. Ekki er mér kunnugt um, hver hafði byggt húsið, en heyrt hefi ég að amerískir hvalveiðimenn hafi endur fyrir löngu haft þar bækistöð sína. Eitt af því, sem bendir á að svo hafi verið, voru trérennur, hálfsockknar í jörð. Eftir þessum rennum hefur annað hvort verið leitt vatn frá Vestdalsá eða það hafa verið lýsisrennur frá bræðslustöð. Sölubúðin, sem einnig var íbúð verslunarstjóra

og verslunarþjóna, sneri gaffi að sjó, og í þeim hluta hússins, er að sjó vissi, var vörugeymslan, en íbúð verslunarstjóra í þeim hluta, er frá sjónum sneri. Húsið hefir að líkindum verið um 40 álna langt [um 25 m], en breiddin



*Efri ljósmyndin er af Vestdalseyri árið 1866, þegar svæðið var í eigu amerískra hvalveiðimanna (Höf. J. H. Hansen. Eigandi Þjóðminjasafns Íslands) en neðri myndin er tekin af sama stað 1886 <https://mfs.dk/Museet for Søfart>). Á myndunum sét hvel hversu mikil uppbygging var á þessum 20 árum sem líða á milli mynda*

hverfandi samanborið við lengdina. Sjálf búðin var yfir þvert húsið. Inngangar úr búðinni voru tveir. Til vinstri inngangur í skrifstofuna, til hægri inngangur í vörugeymsluklefa, er í daglegu tali var nefnt "pakkarmers". Meðal annarra nauðsynja, er þar voru, var steinolíutunna á stokkum, undir krananum lekabytta, sjálfsagt oftast hálf full af olíu. Einn gluggi var á klefa þessum, en tveir á búðinni, á austur- og vesturhlið hússins. Fyrir búðardyrum var skúr. Sneru dyr hans móti austri en búðardyr móti suðri." Ljósmynd er til af hvalveiðistöðinni á Vestdalseyri frá 1866 og birtist hún í Húsasögu Seyðisfjarðar. Samkvæmt henni stóð þá geysilangt hús á tanganum og virðist það hafa snúið þvert á yngra hús eða h.u.b. norður-suður. Það virðist tjargað með hvítmáluðum gluggum. Þrír litlir kvistir eru á vesturlanghlið og sjö gluggar á jarðhæð. Tvöfaldar dyr voru sunnan við mitt hús. Strompur var á húsinu norðan við mitt hús. Teikning af staðnum á árunum 1851-1865 er birt í Árbók Ferðafélagsins. Af henni að dæma mætti ætla að stórhúsið hefði verið nokkuð breitt og á norðausturgafli hefðu verið tveir tvöfaldir gluggar á neðri hæð og tveir einfaldir gluggar á efri hæð og að auki gluggi í risi. Fjögur hús eru snýr suðaustan við Stórhúsið, það stærsta næst sjó og snéri það þvert á Stórhús en annað minna norðaustan við það og svo tvö allra austast sem snúa líkt og stórhúsið.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 10; ÁFÍ 2005, 223-225; Austri 29.11.1894, 130, Alþýðublaðið 05.04.1936, 2, Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðarbyggð, 2004, 58-59, Drög að skráningarskýrslu fyrir Vestdalseyri 2016, 5

**NM-252:093** *Myndahúsið* þúst bústaður

734348 541056

"Hallgrímur Einarsson myndasmiður byggði húsið upphaflega á Vestdalseyrinni. Ekki er með vissu vitað hvenær, en fyrsta virðing á því fer fram árið 1897 og er svohljóðandi: "Það er 12 ál langt, 8 ál breitt og 5 ál hátt. Það er byggt úr bindingsverki, klætt að utan með borðum. Það er alþiljað innan og aðskilið í 4 herbergi hvar af 1 er ljósmyndastofa, og yfir höfuð er húsið innréttað fyrir myndasmíðaiðn." [...]. Árið 1908 lét Jón kennari Sigurðsson gera meiriháttar lagfæringar á húsinu. Var "það hækkað og allt umbyggt að innan. Það er 12x8 álnir að stærð og 9 álnir áhæð. Það er byggt úr bindingsverki, klætt að utan með hefluðum og plægðum borðum, þakið er úr borðum, með pappa og járnri yfir. Niðri í húsinu er milliklæðning í veggjunum úr plægðum borðum, það er allt þiljað í sundur niðri og skilrúmað sundur í 3 herbergi, eldhús og forstofu, sem allt er málað og betrekt. Á loftinu eru 2 herbergi, 3 skákompur og gangur. Þakið er fóðrað að innan með afaltappa og þar yfir með panili og panilpappír yfir, herbergi eru máluð og betrekt. Í húsinu er múrpípa, að henni ganga tveir ofnar 1 eldavel með múrtöflum á bakvið." Jón réðst í það stórræði árið 1912 að flytja húsið inn í Seyðisfjarðarkaupstað [sjá NM-249:174]," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar og var húsið flutt að Austurvegi 13B. Húsið var flutt á sjó. Til er mynd af því þegar það er tekið á landi í Seyðisfirði (varðveitt hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur). Að því að dæma var húsið einlyft timburhús með risi. Dyr hafa verið á miðjum langvegg og gluggar beggja vegna við og dyr einnig á öðrum gafli og dyr til hliðar við þær og á risi. Strompur var í húsinu miðju. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er teiknaður kálgarður á svipuðum slóðum og Myndahúsið var. Þar sem Myndahús á að hafa staðið er grasi gróinn stallur fast austan við túngarð 119 og vestan við malarveg fram fjörðinn.

Myndahúsið stóð á flatlendi neðan við bratt tún Vestdalsgerðis. Þröngt er á milli vegar og



Uppmæling á þúst NM-252:093 til vinstri og ljósmynd af sama svæði til vinstri (horft til vesturs)



túngarðs 119 og er þar smápýft og grasi gróið. Hallgrímur Einarsson rak ljósmyndastofu á Vestdalseyri á árunum 1895-1901 samkvæmt Iðnsögu Austurlands en Björgúlfur Thorlacius rak stofuna fyrir hann 1902-1903. Brynjólfur Sigurðsson lærði hjá Hallgrími og rak ljósmyndastofuna fyrir hann 1901 og keypti hana svo 1905 og rak ljósmyndastofu á Vestdalseyri 1905-1907 en flutti hana þá inn í bæ. Þar sem ætla má að Myndahúsið hafi staðið eru tvö ógreinileg mannvirki eða grunnar á svæði sem er 17x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustast á svæðinu er allgreinilegur flatur stallur sem er smápýfður og grösugur. Stallurinn er 13x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,1-0,3 m á hæð, hæstur á norðaustur-hlið sem er mjög skörp og greinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 74; Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Iðnsaga Austurlands, II. bindi, 55, 57

#### **NM-252:094** *Jónshús* heimild um bústað

734250 540973

"Ofan við veginn voru tvær raðir hús innan við ána. Í neðri röð voru þessi talin að utan: Guðnahús [033], Jónshús. Kirkjan [002] og síðar samkomuhús [032]. Barnaskólahús [031], Rósuhús [030]. Ármannshús [029] og innst Brautarholt," segir í Múlaþingi. Samkvæmt þessari lýsingu hefur Jónshús verið á milli Guðnahúss 033 og Kirkju 002. Aðeins er gróflega þekkt hvar Jónshús hlýtur að hafa staðið og hefur því svæði talsvert verið umturnað. Á því reis yngsta húsið sem byggt var á Vestdalseyri, Höllin 003 og innar voru umtalsverðar umsvif hersins á hernámsárunum. Húsið var fast ofan (norðvestan) við Eyrarveg. Af ljósmynd að dæma hefur Jónshús staðið nærri Guðnahúsi 033 og verið minna en húslengd á milli en Jónshús verið enn nær veginum en Guðnahús. Samkvæmt því mætti ætla að húsið hefði staðið á svipuðum stað og Höllin 003 stóð síðar en e.t.v. náð lengra til vesturs.

Húsið stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin og voru reyndar tekin að leysast upp þegar húsið var byggt. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum.

Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem húsið stóð. Að hluta var það líkast til þar sem lítið steinsteypt hús 003 stendur enn. Af mynd Howells af Vatnsdalseyri rétt fyrir 1900 að dæma hefur Jónshús þá verið í byggingu. Á annarri ljósmynd af fólki við saltfiskþurrkun sem tekin er 1910 og bæði er birt í Skólasögu Seyðisfjarðar og Byggðasögu Seyðisfjarðar má einnig sjá húsið, þá fullbyggt. Af henni má sjá að Jónshús verið lítið einlyft timburhús. Ekki virðist hafa verið kvistur á því en dyr norðarlega á vesturgafli. Þar var einnig gluggi á risi. Tveir gluggar voru einnig á vesturhlið en ekki sjást aðrar hliðar á myndinni. Mögulega hefur lítill skúr verið við húsið að sunnan, austarlega. Húsið er ekki merkt inn á kort af Vestdalseyri sem er frá því í kringum 1920 en gæti verið frá tímabilinu 1913-1917. Húsið hefur því verið rífið eða flutt snemma. Það staðfestur m.a. ljósmynd af Vestdalseyri frá því um 1930 (sem Eyjólfur Jónsson tók og birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar) en húsið sést ekki á henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ísland Howells, 157, BS, 115, Skólasaga Seyðisfjarðar, 52



*Jónshús NM-252:094. Myndin er hluti af mynd af Vestdalseyri um 1910 sem birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 115*

#### **NM-252:095** heimild um útihús

"Húsið [051] var upphaflega reist á Vestdalseyri af Eyjólfu Þórarinssyni, sennilega um 1890. Árið 1919 seldi Eyjólfur, Kristni Guðmundssyni húsið, ásamt útihúsum á 2500 kr," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Útihúsið hefur væntanlega verið við Eyjólfshús sem er skammt austan og utan við mörk þess svæðis sem tekin voru út 2017.

**Heimildir:** Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 81



**NM-252:096** *Brunsverslun* heimild um bústað

"Brynjólfur Sigurðsson ljósmyndari rak hina svokölluðu Brunsverslun á Vestdalseyri. Árið 1907 byggði hann stórglæslegt íbúðar- og verslunarhús [NM-249:194] á Búðareyri og flutti þangað verslunina og ljósmyndastofu sína," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ekki er nákvæmlega vitað hvar á Vestdalseyri Brunsverslun var en húsið hefur væntanlega verið á sjálfri eyrinni (sjá 040). Mögulegt er að Brunsverslun hafi verið í Myndahúsinu 093 en þar var ljósmyndastofa Hallgríms Einarssonar sem Brynjólfur rak fyrir Hallgrím 1905-1907. Um þetta verður þó ekki fullyrt ná frekari heimilda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 122

**NM-252:097** *Rekdalhshús* heimild um bústað


Um miðja 19. öld byggði Norðmaðurinn P. Rekdahl hús á Vestdalseyri sem kallað var Rekdalhshús. Húsið var flutt til Seyðisfjarðar árið 1899 og stóð þar sem Oddagata 2b. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að húsið á Vestdalseyri var 105 m<sup>2</sup> að stærð en var stækkað nokkuð þegar það var flutt. Þar segir einnig: "Það mun hafa verið Þórarinn Guðmundsson sem flutti húsið inn á Fjarðaröldu árið 1899 [sjá NM-249:193]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1882: "Hús þetta er byggt úr plönkum, fjögurra þumlunga þykkum, yst þakið með torfi en undir því er næfur en innst súð, trjególf eru í öllu húsinu og lopt í helmingnum, niðri eru tvö herbergi til íbúðar og skilrúm á milli úr plönkum." Engar upplýsingar eru um hvar Rekdalhshús stóð og því er ekki hægt að staðsetja það á Vestdalseyrinni að svo stöddu. Vel er mögulegt að það hafi staðið þar sem síðar risu önnur hús en án frekari upplýsinga verður ekkert um það sagt.

**Heimildir:** Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 305

**NM-252:098** mannvirki skemma

734158 540948

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er útihús merkt liðlega 5-10 m norðan Rósuhúss 030. Hússins er getið í Fasteignamat 1916-1918 en þar segir: "Geymsluhús stærð. l. 6,35, br. 3,85, h. 2,8. Þak járnvarið. Viðbyggður skúr, l. 4 m, br. 4,1 m h. 1,4 m." Húsið var að baki (norðvestan) við Rósuhús 030 og eru húsin merkt inn á kort frá því um 1920. Líklega hafa aðeins verið 2-3 m á milli Rósuhúss (skúrbyggingar norðvestan við hús) og útihússins.



*Ljósmynd af Vestdalseyri frá því um 1914 þar sem húsið (NM-252:098) er sýnt með rauðum hring. Til hægri er uppmæling á óljósum ummerkjum sem sjást á þessum slóðum nú*

Á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flati að fjöru. Að baki þeim stað þar sem Rósuhús stóðu áður er grasi gróið grænt hæðarsvæði (er 0,1-0,2 m hærra en umhverfið). Svæðið er um 10 m í þvermál en á því má á einum stað sjá greinilega dæld í hæðina og er hún 3 x 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Af ljósmynd af svæðinu sem tekin var 1914 má sjá að húsið hefur verið einfalt og lágreist timburhús með skýrbyggingu að norðvestan (BS, 114) en á ljósmynd af sama svæði frá 1930 (BS, 112) sýnir að þá var búið að breikka skúrinn til suðurs.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 39, BS, 112 og 114

**NM-252:099** hleðsla kálgarður

734127 540994

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður sunnan Innri-Hjalla 027. Greinileg merki kálgarðsins sjást enn fast suðvestan við grunn Hjallabæjarins 027.



*Kálgarður NM-252:099. Á ljósmynd er horft til suðurs*

Á þessum stað hefur verið skorið úr brekku rótum og því er eins konar grasi gróinn stallur í brekkunni. Ofan við eru klettur og í þeim er nú minningarskjöldur um síðustu ábúendur á Hjalla. Kálgarðurinn er mjög stór eða 31 x 13 m og snýr norðaustur-suðvestur. Að stærstu leyti er hann aðeins stunginn út úr brekkunni (sléttur stallur) hleðslur garðlag sést þó að norðaustan. Það liggur upp brekkuna til NNV frá norðvesturhorni Hjallabæjarins. Það er um 7 m langt og hverfur inn í brekkuna efst. Fram af kálgarðinum til suðausturs er bratt. Í raun er framhald af kálgarði hinum megin (norðaustan við bæ) þar sem einnig hefur verið skorinn stallur úr brekkunni og er sá stallur um 12 x 12 m stór. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur voru rífsberjatré og sólberjatré næst húsinu og einnig blóm. Síðan var bæði rófu, gulrætur og radísur og káljurtir (spínat og kál) og auðvitað kartöflur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV


**NM-252:100**

tóft herminjar (skot-/eftirlitsbyrgi)

734054 541050

Nokkur mannvirki (152, 281-273) eru byggð utan í klettabrúnina fyrir ofan bæinn Foss 079 og eru þau að öllum líkindum frá hernámsárunum. Þrjú þeirra (281-273) eru í hnapp 60-70 m SSV við bæinn í Fossi 079, mannvirki 283 þeirra syðst. Mannvirkið er byggt utan í klettabrúnina ofan við Efri-Hjalla

Lítið mannvirki sem byggt er ofan í



*Herminjar (NM-252:100) í klettunum ofan við Vestdalseyri. Á ljósmynd er horft til S*


klettabrúnina. Mannvirkið hefur að hluta til verið sprengt inn í klöppina en hluti þess er hlaðinn úr grjóti og sementslími. Innanmál mannvirkisins er 4 x 2-2,5 og það snýr NNA-SSV. Neðri hluti mannvirkisins er víða sjálf klöppin í 0,5-1,2 m hæð en ofan á hana eru veggir úr grjóti og með sementi á milli. Öll er tóftin niðurgráfin. Um miðja tóft er lítill, steypdur veggur (um 10 cm breiður). Hann nær frá vesturvegg og nær langleiðina yfir tóftina. Hann er um 1,5 m á lengd. Sunnan við hann er hólfið fullt af grjóti en norðan við er það grasi gróið. Ekkert op er á tóftinni. Frá henni er mikið útsýni út og raunar inn Seyðisfjörð. Líklegast er að mannvirkið hafi verið byggt til að fylgjast með mögulegri umferð óvina eða sem skotbyrgi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:101** hleðsla kálgarður

734153 540993

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður upp við miðju vesturhliðar girðingar og skráist hvort veggja saman undir þessu númeri. Ummerki eftir kálgarðinn eru enn greinileg hann er um 12 m neðan við (suðaustan við) Innri Hjalla 027.



*Kálgarður NM-252:101. Á ljósmynd er horft til VSV*

Kálgarðurinn er framan í grasi gróinni brekku. Fast norðaustan við er stórt sár í hjallanum (jarðsig eða nám). Svæðið er í halla til suðausturs. Hann er eins konar stallur sem stunginn hefur verið út úr brekkunni. Hann er um 20 x 8 m stór. Líklega hefur verið hlaðið meðfram brekkurótum þar sem stungið var út en en brekkan hefur nú sigið yfir það að mestu. Allt að 2 m bratt er fram af kálgerðinu til suðausturs, niður brekkuna. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur fylgdi umræddur garður Rósuhúsi. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er vírgirðing teiknuð sem liggur norðan minjastaða (002, 029, 030, 031 og 098). Girðingin aðskilur ræktað tún og bæjarhverfi. Girðingin hefur legið upp hliðina innan (vestan) við Pálshús 029 í 35-40 m en þá beygt í um 90° og legið til norðausturs í brún Neðri-Hjallans og legið í henni um 40 m áður en hún sveigði svolítið upp á við og þar var kálgarður 101 byggður innan hennar. Frá honum lá girðingin áfram til norðurs og norðausturs og var norðvesturhliðin samtals 120-140 m löng áður en girðingin lá niður hliðina innan við Pétursborg (um 30 m kafl). Að sunnan lá girðingin ofan við húsin í þorpsröðinni sem áður var getið, þ.e. Kirkju 002, Skólahúsið 031, Rósuhús/útiðhús við Rósuhús (030 og 098) og Pálshús 029. Ummerki um girðinguna eru nú horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV



**NM-252:102** gerði kálgarður

734124 540927

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður upp við Pálshús 029. Kálgarðurinn hefur verið suðvestan við Pálshús en í raun hefur verið garður allt umhverfis húsin samkvæmt korti af Vestdalseyri. Pálshús er á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flati að fjöru. Kálgarðurinn hefur verið á flatanum og í brekkurótum.



*Kálgarður NM-252:102 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til vinstri sést kálgarðshornið, horft til ASA*

Svo virðist sem kálgarðurinn hafi verið gerður á svipaðan hátt og flestir kálgarðarnir á Vestdalseyri. Stungið hefur verið út í brekkunni ofan við Pálshús og hrúgað upp með garðinum að norðan en lítil önnur ummerki um garðinn sjást nú. Norðurhliðin er um 23 m löng og norðvesturhornið er einnig sæmilega greinilegt, sem og 2-3 m til suðurs frá því. Ekki sjást önnur merki um eiginlegan garð á þessum slóðum. Norðurhlið garðsins er gróinn hryggur eða hleðsla og er hann 1-1,2 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð (frá ytri brún og niður á yfirborð) en 0,8 m eru frá botni kálgarðs og upp að innri brún hleðslunnar. Stórt bjarg er í norðvesturhorni garðsins.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:103** gerði kálgarður

734183 541014

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er þríhyrningslaga kálgarður teiknaður norðan girðingar 100 og sunnan girðingar 104. Ekki er ljóst hvaða býli hann tilheyrði. Garðurinn var um 32 m austan við Hjalla 027 en tæpum 20 m suðaustan við Sigfúsarhús 085.



*Kálgarður NM-252:103 uppmældur og sami garður eins og hann er sýndur á korti af Vestdalseyri frá því fyrir 1920 (fyrir miðri teikningu), ofar sjást Innri- og Ytri-Hjalli en neðar Pétursborgirnar tvær og Bergþórshús*



Garðurinn er í brekku sem hallar til suðausturs niður frá Neðri Hjalla. Brekkan er grasi gróin. Óljós ummerki sjást enn eftir garðinn á svæði sem nú er 12-13 m á kant. En stórt jarðfall er fast suðvestan hans og hefur hluti hans vafalaust horfið í það. Vegur 178 sem gerður var á hernámsárunum svo að hermenn kæmust upp að skálum við Ytri-Hjalla, er fast austan kálgarðsins. Kálgarðurinn hefur verið gerður með því að stinga út úr brekkunni. Talsverður hryggur markar hann að austan en ekki er um eiginlega garðhleðslu að ræða, frekar uppkast úr garðinum. Þegar fjær dregur norðausturhorni verður umræddur hryggur óljósari. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni fylgdi garðurinn Hvolshúsum 004 framan af en þegar fór að fækka í þorpinu fékk móðir hennar garðinn til umráða. Samkvæmt Vilborgu ræktaði hún þar rófur og kartöflur og var góð mold í garðinum og gaf hann vel af sér.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:104** heimild um kálgarð

734185 541025

Í Fasteignamati 1916-18 er getið um girðingu um lóð Ytri-Hjalla sem hlaðin var úr grjóti. Þar segir: "Girðing um lóðina á einn veg, grjótgarður, lengd 52 m." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er girðing merkt suðvestan við Ytri-Hjalla 026, nánar tiltekið upp frá horni kálgarðs 103 og upp fyrir Hjallabæinn 026 þar sem girðingin lá í 90°horn og svo til norðausturs fram hjá bæ 026 og útihúsi 238. Líklegast er þetta sú hlið sem átt er við í fasteignamati enda virðist klettabeltið neðan við Neðra-Hjalla hafa markað tún af til suðurs og Vestdalsá til austurs og líklega hefur lóðin ná alla leið upp að grjótgarði Foss 082 að norðan.

Girðingin hefur legið yfir Neðri Hjalla sem er grasgefin slétta í hliðinni. Svæðinu hallar aflíðandi til suðausturs. Engin ummerki sjást nú um girðinguna en hún hefur verið um 50 m löng NNV-SSA og a.m.k. 10 m löng norðaustur-suðvestur-vestur og hefur mögulega náð enn lengra til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 35

**NM-252:105** hleðsla herminjar (braggi)

734200 541039

Herbraggi var byggður ofan í gamla kálgarð Ytra-Hjalla 226 og sést hann á ljósmynd sem tekin er af Vestdalseyrinni frá sjó árið 1941 og birtist í bók Friðþórs Eydals. Bragginn hefur verið beint neðan við (suðaustan við) Ytri Hjalla 026, innan kálgarðs 226.

Bragginn hefur verið beint neðan við bæ, innan kálgarðs. Svæðið er grasi gróid og í aflíðandi halla til suðausturs. Ummerkin um braggann eru nú óveruleg nema að suðaustan þar sem hlaðið hefur verið undir suðausturgafl hans. Þar sjást talsvert greinilegar leifar, byggðar ofan í kálgarðsvegg 226. Veggurinn er hlaðinn úr grjóti en límdur með steinlími/steypu. Veggurinn er samtals um 13 m langur en 0,7 m hár. Af ljósmynd að dæma virðist bragginn hafa verið dæmigerður, sneri NNV-SSA og á suðurgafl hans var hurð á miðju og gluggar beggja vegna við. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.



Kálgarður NM-252:105 og leifar um mannvirki hersins sem byggð hafa verið ofan í eldri mannsvistarleifar. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en á mynd til hægri má sjá braggann sem þarna stóð lengst til vinstri á myndinni, fyrir framan íbúðarhúsið sem en stóð í Hjalla. Myndin er úr bók Friðþórs Eydal, bls. 44.


*Uppmæling: sjá minjastað 226.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Fremsta víglína, 44

**NM-252:106** hleðsla útihús

734162 541050

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er stakt mannvirki teiknað milli Ytri-Hjalla 026 og Innri-Hjalla 027. Nákvæmt hlutverk þess er ekki merkt. Óljós ummerki sjást á svipuðum slóðum og umrætt mannvirki hefur staðið samkvæmt kortinu. Það er fremur ofarlega (norðarlega) á hjallanum og um 14 m VNV við úshorn Ytri-Hjalla 026.



*Hlehsla NM-252:106 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er norft til norðausturs*


Grasi gróin slétta eða hjalli í landinu. Skammt neðan við brekkukverkina en ofan tekur við brekka upp að efsta hjalla þar sem bærinn Foss var áður og er klettabelti í brekkunni. Umræddur minjastaður er mjög ógreinilegur. Hann er í raun græn þúst og ekki er hægt að greina ytri mörk hennar að fullu en þó má greina það sem líklega hefur verið stærstur hluti af suður (eða suðaustur) vegg, austurgafi og norðausturhorn. Samtals er þústin 10 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru um 1,2-1,5 m breiðir en 0,2-0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þústinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:107** gerði kálgarður

734110 541131

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður austan Foss 079. Um kálgarðinn er getið í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Matjurtagarður stærð 252 m<sup>2</sup>." Kálgarðurinn var fast suðaustan



*Kálgarðurinn hjá Fossi NM-252:107 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er norft til norðurs*

við bæjarhúsin og er enn greinilegur. Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Kálgarðurinn er í aflíðandi halla til ASA.

Kálgarðurinn er samtals 34 x 16 m stór og snýr NNA-SSV. Vesturhlíð hans er mörkuð af upphlöðnum bæjartröðum eða hlaði 021að suðvestan en aðrar hliðar eru hlaðnar. Brúnir hleðslunnar eru skýrar að innanverðu nema innri brún að austanverðu sem er óljósari. Hleðslur annars víða um 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti að mestu en grjóthleðslur eru nú yfirgrónar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 34

**NM-252:108** tóft fjárhús

734061 540987

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er fjárhús teiknað um 80 m sunnan Foss 079. Fjárhúsið var syðst í túni bæjarins, fast norðan við túngarð og sjást tóftir þess enn. Tóftin er um 140 m sunnan við Foss 079, undir hamrabelti sem er ofan við Fosstúnið.

Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Hjallinn er nokkuð flatur og grasgefinn en tún Fossbæjarins eru afmörkuð með túngarði 082.



*Fjárhús NM-252:108 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er norft til norðausturs*

Túnin eru aflöng norður-suður og eru afmörkuð af árgili að norðan en til suðurs mjókkar syllan og hverfur í klettabelti allra syðst. Fjárhúsin eru byggð inn í brekkuna til norðurs. Þau eru 9,5 x 6 m stór og snúa norðaustur-suðvestur. Suðvestara hólfið er stærra og op er á því syðst á suðaustur-langvegg. Þak, timburverk og grasþekja hefur hrunið inn í tóftina ásamt miklu af grjóti úr veggjum og því er erfitt að áætla innanmál en þó má giska á að hólfið hafi verið um 3 x 2 m að innanmáli. Ekki sést inngangur á hólfið sem er norðaustar en hann kann að hafa verið á suðausturvegg. Hólfið er að giska 1,8 x 1,6 m að innanmáli. Veggir eru mest 1,4 m á hæð og sést mest í 8-10 umför af grjóthleðslu. Tóftin er yfirgróin en veggir hafa að stóru leyti verið hlaðnir úr grjóti þótt timbur, torf og bárujárn væri einnig í tóftinni. Op er á túngarði til suðvesturs fast neðan (suðaustan) við tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:109** heimild um sjóbúð

734059 540885

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er sjóhús teiknað um 20 til 30 m norðaustan Pétursborgarskúrs 061. Sjóbúðin hefur verið við sjávarmálið en engin merki sjást nú um hana. Þarna er talsvert stórgrýti í vegöxl sem nær að sjó. Sjóbúðin hefur verið um 210 m vestan við Gránufélagshúss-grunninn 040.

Stórgrýtt fjara, nokkuð stutt, sem er á milli malarvegjar sem liggur um Vestdalseyrarinnar og sjávar. Svölítið skarð er í fjöruna fram af þeim stað sem sjóbúðin var og var líklega vör þar, sjá 064 en engin merki sjást um sjóbúðina í fjörunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV



**NM-252:110** garðlag kálgarður

734213 540999

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður umhverfis lóð Pétursborgar 036. Ekki sjást greinileg ummerki um kálgarðinn við Pétursborg. Hugsanlegt er að upphaflega hafi verið stungið úr brekkunni (111\_02) til að rækta á þessum slóðum en fyrir utan þau ummerki eru einu ummerkin sem mögulega má sjá um umræddan kálgarð garður sem virðist hafa verið hlaðinn milli útihús 111 og Pétursborgar 036. Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-



*Garðbrot NM-252:110 uppmælt (til vinstri). Á mynd til hægri er horft yfir svæðið þar sem kálgarðurinn var og til SSA*

Hjalla.

Garðstubburinn sem fannst á þessum slóðum var um 6 m langur en 1,3 m breiður. Hann snýr nálega norður-suður á milli bæjar 036 og tóftar 111. Garðurinn er 0,2 m á hæð og er algróinn.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:111** tóft hlaða

734217 541006

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er stakt mannvirki teiknað um 10 m norðvestan Pétursborgar 036. Er þetta hús líklega það hús sem var hlaða og lýst er á eftirfarandi hátt í Fasteignamati 1916-1918: "Heyhlaða, stærð l. 4 m br. 4 m h. 3,2 m. Veggir hlaðnir. Þak pappklætt." Á þessum stað eru enn nokkur ummerki eftir hús, en líklega er tóftin sem nú sést og er af því húsi sem síðasta var í notkun á þessum slóðum verið talsvert frábrugðin því húsi sem merkt er á kortið frá um 1920.



*Tóft NM-252:111 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til norðurs*



Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla. Sjálf tóftin er í brekku, í talsverðum halla til suðurs, beint undir klettabelti. Að sunnan er sléttuð grasflöt. Í tóftinni má greina hólfið allra vestast en lög hæð er frá því og til austurs þar sem ekki er hægt að greina nokkurt "tóftarlag" eða hólfið skipan. Ummerkin á svæðinu eru á nokkrum stöllum og hér verður gerð tilraun til að lýsa þeim þótt þau séu fremur óregluleg. Greinilegasti hluti mannvirkjanna er sem fyrr segir hólfið eða tóft allra austast sem hér verður nefnd 01. Tóftin er einföld og um 7 m á kant. Hún er byggð inn í brekkuna að norðan. Op virðist hafa verið á henni á miðjum suðurvegg en þó er mögulegt að tóftin hafi einfaldlega verið opin til suðurs, eða með timburpili fyrir suðurvegg. Veggir tóftarinnar eru talsvert hrundir og yfirgrónir en virðast hafa verið úr grjóti. Ytri brún veggja er ógreinileg að norðan þar sem tóftin er byggð inn í brekkuna. Hæð veggja er 0,3 m. Ofan við tóftina eru óljósari ummerki, hér nefnd 02. Þar virðist hafa verið skorið úr brekkunni og er nú hálfgerður stallur á þessum slóðum. Líklega hefur verið steinsteyptur kofi á þessum stað með óverulegum veggjum og gróflega áætlað hefur hann verið um 5 x 2,5 m að stærð. Í framhaldi af tóft 01 og neðan við stall 02 er annar stallur eða hæð sem er 8,5 x 5,5 m stór og snýr austur-vestur. Vel má vera að mannvistarleifar leynist þar undir sverði.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 33

**NM-252:112** hleðsla kálgarður

734239 541014

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er kálgarður teiknaður umhverfis lóðar Litlu-Pétursborgar 037. Undir þessu númeri eru skráð nokkur óljós ummerki sem mögulega hafa tilheyrt einum eða tveimur kálgörðum ofan við hús 037 og 038. Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla. Á þessum slóðum eru tvær tungur sem teygja sig fram frá klettahlíðinni ofan við svæðið. Á milli virðist hafa verið stungið út úr brekkunni.



*Hleðsla NM-252:112 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft yfir óljósar mannvistarleifar, til VSV*

Hryggirnir á þessu svæði eru í raun þrír. Sá austari er skráð með minjum 184 (184\_02) enda ofan við það hús sem þar stóð. Þeir hryggir sem hér eru skráðir eru tveir. Annars vegar 112\_03 sem er samsíða þeim hrygg sem áður var nefndur út frá brekkunni. Hinn hryggurinn (112\_02) liggur skáhallt frá 03 og til suðvesturs. Hryggirnir eru allt að 2 m á breidd um 6 m langt og 1,5 m á hæð. Hryggur 03 er mögulega það sem varð eftir þegar stungið var út úr brekkunni á milli. Svæðið milli hryggjanna er í raun að baki Bergþórshúss en endir þessu númeri er skráður vestari hryggurinn sem líklega hefur markað af lóð Litlu-Pétursborgar og óljós hryggur, 0,1 m á hæð má greina frá honum og skáhallt til suðvesturs en fjarar fljótt út.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:113** tóft útihús

734230 541015

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er stök bygging teiknuð rúmum 15 m NNV Litlu-Pétursborgar 037. Nákvæmt hlutverk þess er ekki merkt. Húsið er innan lóðar Litlu-Pétursborgar og tengist líklega þeim bæ. Líklega hafa húsin á þessum slóðum tekið nokkrum breytingum frá því að kortið var gert um 1920 og þar til svæðið lagðist í eyði 2-3 áratugum síðar. Hús 013 var í norðausturhorni Litlu-Pétursborgar 037.



*Tóft NM-252:113 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til ANA*

Grasi gróin slétta ofan (norðan) vegar um Vestdalseyri en neðan (sunnan) Neðsta-Hjalla. Sjálf tóftin er undir hamrabelti sem byggt er inn í brekkuna og þúst í framhaldi af henni til austurs en tengsl þessara mannvirkja og 112 eru fremur óljós. Svæðið sem hér er skráð í brekkurótum er samtals 10,5 x 4 m stórt. Allra vestast á því er lítil tóft, grafin inn í brekkuna. Í norðausturhorni hennar er hleðslan hæst eða 0,7 m á hæð og 4 umför. Annars staðar er hleðslan víða 0,3-0,4 m. Tóftin er opin til suðurs. Sjálf tóftin virðist hafa verið einföld og byggð inn í brekkuna. Ytri brún veggja er víða óljós en innanmál tóftarinnar er 2,3 x 3 m. Tóftin snýr NNV-SSA. Veggir eru að mestu grjóthlaðnir en eru sem fyrr segir grafnir inn í brekkuna og nú yfirgrónir. Mögulegt er að grjót hafi verið framan í tóftinni. Til austurs frá tóftin gengur sem fyrr segir hæð eða stallur en ekki er hægt að sjá móta fyrir hólfum í því.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:114** heimild um trjágarð


734270 541009

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er trjágarður teiknaður norðaustan Kirkjuhvols 004. Trjágarðurinn var samsíða suðurhlið íbúðarhússins á Kirkjuhvoli 004 og því líklega um 7-8 m á lengd en 2-3 m á breidd.

Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem Kirkjuhvoll var. Engin ummerki um trjágarðinn sjást nú.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV



*Trjágarður NM-252:114 eins og hann er sýndur (með marglitum punktum) á korti sem gert var á Vetsdalseyri fyrir 1920*




**NM-252:115** heimild um vatnsþró

734321 540967

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er vatnsþró teiknuð skammt norðaustan Gránufélagshúss 040. Þróin hefur verið þar sem land lækkar nú (2017) um 55 m norðaustan við grunn Gránufélagshússins en tæpa 30 m neðan við (sunnan við) Eyrarveg 035.

Þróin hefur líklega verið í austurjaðri grasi gróins svæðis en austar taka áreyrar við. Svo virðist sem



*Vatnsþró NM-252:115 eins og hún er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því fyrir 1920 (þróin fyrir miðri mynd merkt með x-i). Til hægri er ljósmynd af sama svæði 2017, horft til suðurs*

Vestdalsáin hafi gengið yfir land á þessum slóðum og sum staðar brotið af því. Dæld er inn í hæðarendann á þessum slóðum og virðist hún manngerð. Ekki er víst hvort hún er ummerki um þróna eða mögulega annað mannvirki (mögulega frá hernámsárum). Dældin er um 10 m löng en 4 m á breidd en aðeins sjást vestur- og norðurhlíðar hennar. Engar hleðslur sjást á svæðinu en það er um 1 m lægra en bakkinn vestan við. Svo virðist sem þarna hafi verið niðurgröftur en allar brúnir eru þó fremur ávalar.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:116** þúst trjágarður

734266 540900

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: "Blómagarður: stærð 20 m<sup>2</sup>. Girðing um hann úr tré l. 12 1/2 m h. 1,5 m." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er trjágarður teiknaður sunnan Gránufélagshúss 040. Engin ummerki sjást nú um trjáreitinn sem var áður á þessum slóðum samkvæmt korti af Vestdalseyri. Fast sunnan við grunn Gránufélagshússins er lá hæð. Timbursvalir á stólpum voru á vesturhlíð húss var á



*þúst NM-252:116, við vesturgöfl Gránufélagshúss (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til austurs. Á sama stað var lítill trjágarður skv. korti af Vestdalseyri sem gert var fyrir 1920.*



svipuðum slóðum en einnig er mögulegt að rusl hafi verið hent þangað á síðustu nýtingarskeiði hússins. Umrædd hæð nær meðfram vesturgafli Gránufélagshússins.

Grasi gróin áreyri er umhverfis og er mjög flatt í kringum grunninn. Svæðið þar sem trjágarðurinn hefur verið er aðeins um 5-10 m ofan við fjöruborð. Hæðin er um það bil um 0,5 m á hæð þar sem hún ber hæst og hún er mest áberandi um 6 x 2,7 m á stærð og nær frá norðvesturhorni Gránufélagshúss og til suðurs. Hæðin er mest áberandi um 2 m sunnan við NV horn. Hún er fagurgræn og gróin. Ekki er ólíklegt að einhvers konar rusleifar megi finna undir sverði á þessum stað en mögulegt er þó að undir sverði leynist einungis undirstöður einhvers konar inngangs á vesturgafli Gránufélagshúss. Engin merki sjást hins vegar um meinta trjáreit á þessum slóðum en samkvæmt korti af Vestdalseyri frá um 1920 var hann jafn breiður og húsið (um 9 m) og líklega um 7-8 m á lengd (austur-vestur).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 28

**NM-252:117** heimild um skemmu/pakkhús

734303 540896

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 eru stakt hús teiknað og þar stendur: "Pakkhús frá Gránufélagshúsinu [040]." Pakkhúsið stóð alveg við fjöruborðið, fast sunnan við austurenda Gránufélagshússins og hafa aðeins verið um 10 m á milli. Pakkhúsið sneri, líkt og Gránufélagshúsið austur-vestur. Engin ummerki sjást nú (2017) um það. Húsið hefur líklega fyrst verið byggt eftir brunann 1894. Húsum í kringum Gránufélagshúsið er lýst Fasteignamati frá 1916-1918. Ekki er alveg ljóst hvert af húsunum er það hús sem hér er skráð en helst er talið líklegt að það sé hús b Vörugeymsluhús (sjá annars um hús c/fornleif 042, hús d/fornleif 268, hús e/fornleif 041, hús/fornleif 269, hús g/fornleif 270):. Um vörugeymsluhús c segir í matinu: "Vörugeymsluhús, stærð l. 15,2 m, br. 7,7 m, h. 7,5 (u.h. 3 m). Timburhús, þak bárujárn á rimlum. Aldur hús 20 ár [þá byggt 1896-1898]."

Á þeim stað þar sem húsið stóð er nú grasi gróin slétta, vaxin stuttu grasi og virðist stutt niður á



*Staðsetning pakkhússins NM-252:117 sýnd með rauðum hring á korti af Vestdalseyri frá því fyrir 1920. Á ljósmynd til hægri sést sama hús (lengra til hægri). Myndina tók Eyjólfur Jónsson um 1930 og birtist hún í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 112*

möl. Ekki er ólíklegt að eftir að dagar pakkhússins voru liðnir hafi herinn reist yngri mannvirki á sama stað en þau eru þá einnig horfin. Samkvæmt korti af Vestdalseyri frá um 1920 má ætla að pakkhúsið hafi verið allt að 18 x 8 m að stærð. Af ljósmyndum af húsinu að dæma virðist það hafa verið einlyft hús, með gluggum risi á austur- og vesturgafli og einnig dyrum þar fyrir vörur sem líklega hefur verið lyft þannig upp á geymsluloft. Á jarðhæð voru dyr austast á norðurhlíð og líklega tveir gluggar vestar á sömu hlið og dyr nálægt bæði austur- og vesturenda suðurhlíðar og tveir gluggar þar á milli. Pakkhúsið var komið úr notkun einhvern tíma á 4. áratugnum. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur fauk húsið að endingu, líklega 1937 en líklega lék veðrið húsið grimmt eftir að allar rúður á norðurhlíð höfðu verið brotnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 27, Úr þagnarhyl, 38-39

**NM-252:118** garðlag túngarður

734270 541242

**Skýringar**

- Torthlesta
- Gröthlesta
- Mografasvæði
- Skurður


0 5 10 15 20 m



### Heimildir: Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

734356      541188

Garðurinn liggur um bratt og grösugt túnið í brekku mót suðri. Garðurinn er 210 m að lengd og



er nokkuð heillegur en rof er í honum neðst/syðst á níu metra löngum kafla. Það hefur mögulega verið

gert af hernámsliðinu en innan við túngarðinn á þessu svæði eru meintar hernámsminjar 246. Einnig er rof á garðinum ofan og neðan við tóft á bæjarstæði Vestdalsgerðis. Efst í túninu, næst Gerðisklettum, er garðurinn hlaðinn úr stórgrýti. Hleðslan er víða hrúin og hefur líklega ekki verið há þar sem girt var ofan á hana með gaddavír. Þar sem garðurinn er grjóthlaðinn er hann um 1,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Sjást 3 umföör þar sem best lætur. Þegar komið er niður fyrir brekkuna og á deiglent svæði er garðurinn að mestu torfhlaðinn og grasi gróinn en næst ánni má aftur sjá grjót í honum þó að hann sé líka gróinn þar. Torfhlaðni hlutinn er siginn, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:120** kantur túngarður

734354 541109

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er vírgirðing teiknuð sem liggur í norður-suðurátt. Girðingin skilur á milli að ræktað tún Vestdalsgerðis 005 og fjöru. Grjóthlaðinn kantur er í brekku um 5 m ofan (norðan) við Grund 010 og eru það einu ummerkin um girðingu á þessum stað.



*Túngarður NM-252:120, á mynd til vinstri er horft til NA en til vesturs á mynd til hægri*

Kanturinn er í brattri brekku ofan (norðan) við litla mýrlenda grasflöt norðaustast á Vestdalseyri. Vestdalseyrarvegur liggur suðaustan við flötina. Kanturinn liggur frá garði 119 í norðaustur um alls 58 m en um 12 m rof er á garðinum norðan við Grund 010. Frá garði 119 liggur kanturinn fyrst niður brekku þar til hann rofnar en þar sem kanturinn sést aftur liggur hann áfram í brekkurótum. Kanturinn hefur líklega verið lengri en norðausturendi hans skorinn þegar grafið var úr hlíðinni fyrir Vestdalseyrarvegi. Kanturinn er 30-50 cm hár og er hlaðinn úr torfi og grjóti. Farið er að gróa yfir grjót í hleðslum en það sést þó enn víða og er stórgrýti sumstaðar í kantinum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:121** heimild um sjóbúð

734436 541155

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er stakt hús sem er reist við girðingu 120 fjörumegin. Út frá staðsetningu á korti og í samhengi við minjastaði í kring er sennilega um sjóbúð að ræða. Nákvæmt hlutverk minjastadarins er þó ekki merkt inn á kortið. Þessi minjastaður er að öllum líkindum kominn undir Vestdalseyrarveg og sjást engin ummerki um hann á yfirborði. Vegurinn er undir hárri brekku og er talsvert uppbyggður.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV



**NM-252:122** hleðsla lending

734439 541144

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er bryggja teiknuð skammt austan minjastaðar 121. Grjóthlaðin undirstaða bryggju liggur frá grýttri fjöru út í sjó um 70 m norðaustan við Grund 010. Fjaran er mjó og smágrýtt en stórgrýti úr veginum er fast norðvestan við minjarnar.



*Bryggja NM-252:122 eins og hún er sýnd á korti af Vestdalseyri frá því fyrir 1920 (í vinstra horni er Vestdalsgerði). Til hægri er ljósmynd af sama stað frá 2017 (horft til SV)*

Grjóthleðslan er um 10 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 3 m á breidd næst landi og 0,3 m á hæð en mjókkar og lækkar til suðausturs. Í henni sjást óljóst 2 umför hleðslu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV

**NM-252:123** heimild um fiskreit


734253 540907

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er fiskreitur teiknaður um 20 m suðvestan Gránufélagshúss 040. Fiskreitirinn var innan við 10 m norðvestan við norðvesturhorn Gránufélagshúss 040. Fimm fiskireita (Sjá einnig 124-126 og 270) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Fiskireitir fimm talsins, stærð alls 1440 m<sup>2</sup>" en fjórir af reitunum eru merktir inn á kort af Vestdalseyri frá því fyrir 1920.

Engin ummerki sjást um fiskreitinn og líklega hefur svæðinu talsvert verið umturnað síðan hann var á þessum slóðum. Af ljósmyndum að dæma má a.m.k. ætla að herinn hafi haft umsvif á svipuðum slóðum þegar hann var með bækistöðvar á Vestdalseyri. Svæðið er nú (2017) grasgefið en svolítið ójafnt og víða eru litlar hnútur á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmerkt Seyðisfjörður, 28



*Fiskireitir NM-252:123, 124, 125 og 126 eins og þeir eru sýndir á korti af Vestdalseyri frá því fyrir 1920*

**NM-252:124** heimild um fiskreit

734262 540924

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er merktur fiskreitur um 15 m norðan Gránufélagshúss 040 og 3-4 m norðan við fiskreit 123. Fimm fiskireita (Sjá einnig 123, 125-126 og 270) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Fiskireitir fimm talsins, stærð alls 1440 m<sup>2</sup>"

Engin ummerki sjást um fiskreitinn og líklega hefur svæðinu talsvert verið umturnað síðan hann var á þessum slóðum. Af ljósmyndum að dæma má a.m.k. ætla að herinn hafi haft umsvif á svipuðum slóðum þegar hann var með bækistöðvar á Vestdalseyri. Svæðið er nú (2017) grasgefið en svolítið ójafnt og víða eru litlar hnútur á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 28

**NM-252:125** heimild um fiskreit

734324 540941

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er fiskreitur teiknaður um 40 m austan Gránufélagshúss 040. Fiskreiturinn var á flatanum á Vestdalseyri um 60-70 m neðan (sunnan) við veginn sem liggur um Vestdalseyri. Fimm fiskireita (Sjá einnig 123-124, 126 og 270) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Fiskireitir fimm talsins, stærð alls 1440 m<sup>2</sup>"

Engin ummerki sjást um fiskreitinn og líklega hefur svæðinu talsvert verið umturnað síðan hann var á þessum slóðum. Af ljósmyndum að dæma má a.m.k. ætla að herinn hafi haft umsvif á svipuðum slóðum þegar hann var með bækistöðvar á Vestdalseyri. Svæðið er nú (2017) grasgefið en svolítið ójafnt og víða eru litlar hnútur á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 28

**NM-252:126** heimild um fiskreit

540941 540931

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er fiskreitur teiknaður um 35 m austan Gránufélagshúss 040 og fast neðan (sunnan) við fiskreit 125. Fimm fiskireita (Sjá einnig 123-125 og 270) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Fiskireitir fimm talsins, stærð alls 1440 m<sup>2</sup>"

Engin ummerki sjást um fiskreitinn og líklega hefur svæðinu talsvert verið umturnað síðan hann var á þessum slóðum. Af ljósmyndum að dæma má a.m.k. ætla að herinn hafi haft umsvif á svipuðum slóðum þegar hann var með bækistöðvar á Vestdalseyri. Svæðið er nú (2017) grasgefið en svolítið ójafnt og víða eru litlar hnútur á svæðinu.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 28

**NM-252:127** tóft hesthús

734115 541151

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er geti um hús við Foss 079 og þar er meðal annars getið um hesthúskofa: Honum er lýst eftirfarandi: "Hesthúskofi, veggir hlaðnir og torfþak." Vel má vera að lítil tóft sem er fast neðan við bæjarhlaðið sé leifar af umræddum kofa. Tóftin virðist hafa verið grafin ofan í bæjarhlaðið á Fossi 079 að suðaustanverðu og er í raun innan marka kálgarðs 107 norðarlega. Innan við 30 m eru frá tóftinni og að gilbarmi Vestdalsár.



*Hesthústóft NM-252:127 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sömu tóft til hægri, horft til suðurs*

Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Umrædd tóft er á bæjarhlaðinu. Tóftin er um 7 x 6 m að utanmáli og snýr h.u.b. norður-suður. Innanmál hennar er hins vegar aðeins um 2,5 x 2 m að stærð og er hún 0,8 m á dýpt. Greinilegar grjóthleðslur eru innan í tóftinni og sjást þar um 5 umför. Tóftin er grjóthlaðin að innan en veggheðslur eru grónar að utan. Þó sést á einum stað í fallega grjóthleðslu, í suðurvegg tóftar þar sem hleðsla er í framhaldi af bæjarhlaðinu og myndar hún sérstakt horn inn í tóftina. Svo virðist sem hleðslan við austurenda bæjarhlaðsins hafi upphaflega náð alla leið á milli veggja kálgarðsins (sjá 021) en tóftin sem hér



er skráð hafi verið byggð síðar, ofan í hlaðið/hleðsluna.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 34

**NM-252:128** renna

734090 541143

Niðurgöfing renna eða skurður liggur ofan við bæjarhúsin á Fossi og myndar odda beint ofan við bæinn 079. Svo virðist sem tilgangur hennar hafi verið að beina vatni úr brekkunum ofan við frá bæjarhúsunum. Önnur renna 129 sem snýr h.u.b. norður-suður er örfáum metrum ofan (vestan) við þá rennu sem hér er skráð.



*Rennur NM-252:128-129 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af rennu 128 til hægri, horft til NA*

Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Rennan er fast ofan (vestan) við bæjarþyrpinguna en neðan við klettabeltið ofan Efsta Hjalla. Rennan liggur í spíss ofan við bæinn. Hún er því L-laga og er horn hennar um 10 m beint ofan við bæ 079. Horn rennunnar er um 90° en frá því liggur annar hluti svo um 37 m skáhallt til NNA niðurbrekkuna að Vestdalsárgili en hin rennan liggur niður brekkuna til SSA í um 18 m og nær suður fyrir bæjar- og kálgarðsleifar á Fossi. Greinilegt er að tóft 150 sem er að húsabaki er yngri en rennan enda er hún byggð yfir hana. Rennan er gróin og um 0,3 m á dýpt en 50 cm breidd efst og mjókkar niður (er þar aðeins 10-20 cm).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**NM-252:129** renna

734094 541165

Niðurgöfing renna eða skurður liggur ofan við bæjarhúsin á Fossi samsíða brekkurótum og um 3 m ofan (vestan) við odda annarrar rennu 128. Líklega hefur tilgangur rennunnar verið að verja bæinn frá vatnsaga. Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Rennan er efst (vestast) í túninu á Efsta Hjalla, norðarlega.

Rennan er um 44 m löng og nær niður að gilbarmi Vestdalsárgils. Hún liggur frá brekkukverkinni beint ofan við bæinn og að gili. Rennan er gróin og um 0,3 m á dýpt en um 40 cm á breidd þar sem mest er. Hún verður ógreinilegri eftir því sem sunnar dragur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




*Renna NM-252:129 horft til NA*



**NM-252:130** tóft hesthús

734677 541315

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er talið upp hesthús með hlöðu frá Vestdal. Þar segir: "g. Hesthús niður á túni, með heyllöðu undir sama þaki. Stærð l. 12 m., br 6 m., h. 3 m. Veggir úr torfi og grjóti. Þakið súðþak bikað." Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er útihús teiknað um 90 m sunnan við Vestdalsbæ 001. Þar er allstór og vel hlaðin tóft er í túni Vestdals. Tóftin er á hjalla neðan við bratta brekku. Á milli brekkunnar og hjallans er nokkuð blaut mýri þar sem ummerki eru um mótekju 089. Ætla má að þessi tóft sé hesthúsið og hlaðan sem lýst er í fasteignamatinu.



*Hesthústóft NM-252:130 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sömu tóft til hægri, horft til vesturs*


Tóftin er í þeim hluta túnsins sem virðist hafa verið sléttaður en það er smáþýft orðið og grasgefið. Tóftin skiptist í tvö greinileg hól og eitt ógreinilegt við vesturendann. Hún er 20,5x8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í austurenda er niðurgrafin hlaða. Veggir hennar standa lítið upp úr jörðu - 0,2-0,3 m - en þeir eru um 1 m á hæð innanmáls. Op virðist vera í suðausturhorni. Hlaðan er grjóthlaðin en er orðin mjög gróin. Miðhólfid er þá að líkindum hesthús og er innanmál þess mjög skýrt og vel hlaðið úr grjóti. Timburleifar eru inni í því. Lítillega er farið að hrynja úr veggjum inn í hólfið. Mesta hleðsluhæð innanmáls er 1,4 m í norðausturhorni og sjást þar 8-9 umför grjóts. Greinilegt op er í suðvesturhorni. Þar vestan við og í halla til vesturs gengur gróinn veggur til vesturs frá suðvesturhorni. Norðan við hann er þá eins og þriðja hólfið en innanmál þess er ekki vel greinanlegt. Líkist stali fyrir utan vegginn. Grjót er í veggnum en hann er gróinn, 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Þarna kann að hafa verið heystæði. Breidd veggja í tóftinni er mest í hesthúsinu, rúmur 1 m, og mesta hæð utanmáls er 0,8 m. Aðeins sést grjót í hleðslum en einnig hefur verið torf í veggjunum sbr. Fasteignamatið hér að framan. Norðurhlíð tóftarinnar er að hálfu niðurgrafin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 23

**NM-252:131** tóft fjárhús

734562 541381



*Fjárhústóft NM-252:131 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sömu tóft til hægri, horft til SSA*

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er útihús teiknað 80 m vestan bæjar 001. Á þeim stað er fjárhústóft með hlöðu, að öllum líkindum sömu hús og nefnd eru í Fasteignamati frá 1916-1918: "e. Fjárhús fram á túni, stærð l. 12 m. br. 6 m., h. 3 m. Veggir úr grjóti og torfi, þakið súðþak bikað. f. Heyhlaða áföst við fjárhúsið. Stærð l. 8,5 m. br. 3,9 m. h. 4 m. Veggir úr grjóti og torfi. Þak járn á rimlum." Tóftin er á stórpýfðri grasflöt sunnan undir um 10 m háu klettabelti Vestdalsklettum. Niður undan flötinni er brött brekka en lækur rennur vestan við hana. Sóleyjar og arfi vaxa framan (sunnan) við fjárhúsin.

Fjárhústóftin er um 21 x 16,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er breiðust í norðvesturhluta en mjórri, 8,5-12 m, í suðausturhluta. Hún er tvískipt, fjárhús í suðausturhluta en hlaða í norðvesturhluta. Hlaðan snýr norðaustur-suðvestur, um 12 x 2 m að innanmáli, opin til norðausturs og hefur þar líklega verið þil. Fjárhúshlutinn er um 11,5 x 4,5 að innanmáli með inngangi á suðausturhlið. Óljóst vottar fyrir garða í miðju fjárhúsinu, um 7,8 x 1,3 m að stærð og 5-10 cm á hæð. Byrjað er að gróa yfir grjóthleðslur í tóftinni en þær sjást þó vel að innan, 5-6 umför. Hæð veggja að innan er frá um 0,5 m suðaustast upp í 1,8 m norðvestast. Mesta hæð veggja utanmáls er um 1 m. Milli fjárhúss og hlöðu er lág, um 0,3 cm há, steinhleðsla úr einfaldri röð af stórgrýti, um 0,6 m breiðu. Mikið er af bárujárnsbraki inni í tóftinni. Í suðvesturhluta hlöðunnar er hluti af þakinu sem hrunið hefur ofan í tóftina: tréverk, þakpappi og bárujárn enn neglt saman. Leifar af járntunnu eru rétt norðan við inngang í fjárhús.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 23

**NM-252:132** hleðsla bústaður

734717 541281

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er hús teiknað á milli Vestdalstúns og túns Ingimundarhúsa 011. Ekki er merkt inn á kortið hvaða hlutverki húsið þjónaði. Þar (á mörkum úttektarsvæðis) er hlaðinn húsgrunnur og fleiri samtengdar grjóthleðslur á austurbakka Smiðjulækjar (sjá 009) eða Vestdalslækjar, neðarlega í grýttri tungu sem er sundurskorin af grónum farvegum. Minjarnar eru 135 m SSA við Vestdalsbæinn 001 og um 30 m ANA við Smiðju 009. Ekki hafa fundist heimildir um húsið sem þarna stóð, hlutverk þess eða örlög.



*Grunnur undan húsi NM-252:132 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til NA*

Grasi gróid en allgrýtt er í kringum minjarnar og stutt niður á möl. Minjarnar eru á svæði sem er um 28x24 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst nyrst á miðju svæðinu. Þar er ferkantaður húsgrunnur A sem er greinilegasta mannvirkið á svæðinu. Norðurhlið hans er lítillaga grafin inn í halla til suðurs. Hann er um 10x8 m að stærð og snýr VSV-ANA. Grunnurinn er grjóthlaðinn og er hæstur á suðurhlið þar sem hann er 0,4-0,5 m á hæð. Þar sjást 2-3 umför í hleðslu. Enn greinilegri hleðsla er á austurhlið en hún er gróin þar. Á norðurhlið er eitt umfar grjóts í kanti en vesturhliðin er útfloft. Framan við miðja suðurhlið er lágur grjóthlaðinn stallur, líklega stétt framan við húsið eða undirstaða bíslags. Hún er 3x2,5 m að stærð og snýr eins og húsgrunnurinn. Í henni er 1 umfar hleðslu, og er hún 0,2 m á hæð. Utan við suðvesturhorn grunnsins eru leifar af strompi, grjót, múrsteinar og steypa. Frá vesturhlið hans gengur ung grjóthleðsla undir girðingu til norðurs. Hlaðinn kantur B liggur frá Vestdalslæk/Smiðjulæk (sjá 019) á 4 m löngum kafla, langleiðina að suðvesturhorni grunns A. Hleðslan heldur áfram hinum megin við grunninn, frá suðausturhorni til ANA yfir gróinn farveg á 8 m löngum kafla. Þar er hleðslan í tveimur stöllum og er 0,6 m á hæð. Eitt umfar hleðslu er í neðri stalli en 1-2 umför í efri stalli sem gengur inn til norðurs. Grjótkantur C er svo meðfram innanverðum jaðri gróna farvegarins,

Þvert á kant B. Hann er 12 m á lengd og liggur í sveig frá norðvestri til suðurs. Í honum er víðast 1 umfar. Í horni sem myndast þar sem kantur B og kantur C mætast er ferkantað grjóthlaðið mannvirki D, líkt og lítil þró. Hún er 1x0,6 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Þróin er niðurgráfin og er 0,2 m á dýpt. Í henni er sést eitt umfar hleðslu. Hlutverk meintrar þróar er óljóst, mögulega hefur hún þjónað sem brunnur þó að stutt sé í Vestdalslækinn. Þar sem kantur C endar til suðurs er grasi gróin þúst E, flöt að ofan og lág. Hún er sporöskjulaga, um 10x8 m að stærð, snýr norður-suður. Í austur- og vestur-jöðrum hennar sést víða grjót og má ætla að hér hafi verið undirstaða einhvers mannvirkis.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 NA

**NM-252:133** heimild um útihús

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 er útihús teiknað um 50 m vestan Ingimundarhúss 011.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:134** heimild um túngarð

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er túngarður teiknaður sem liggur umhverfis Ingimundarhúsatúns 011 ef frá er talið austurhlið þess.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:135** heimild

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er lítið mannvirki teiknað við fjöruna fyrir miðju kortsins. Ekki er merkt hvaða hlutverki það hafi þjónað.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:136** heimild um útihús

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er útihús teiknað um 10 m norðan Grúðahúss 008.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:137** heimild um útihús

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er útihús teiknað um 10 m norðan Haraldsstaði 007.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:138** heimild um túngarð

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er túngarður teiknaður umhverfis tún Haraldsstaða 007 ef frá er talið austurhlið þess.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:139** heimild um kálgarð

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er kálgarður teiknaður milli túns Haraldsstaða 007 og Eiríksstaða 006. Garðurinn er sambyggður túngarði 138.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:140** heimild um túngarð

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er túngarður teiknaður umhverfis tún Eiríksstaða 006. Á austurhlið þess er hann vírgirðing, en að öðru leyti er hann grjóthlaðinn.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:141** heimild um leið

Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er leið teiknuð sem liggur gegnum tún Eiríksstaða 006. Leiðin snýr norður-suður. Ekki er merkt hvar leiðin endar.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA

**NM-252:142** heimild um kálgarð


Á korti af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920 er kálgarður teiknaður um 40 m vestan Eiríksstaði 006. Kálgarðurinn er merktur upp við túngarð 140.

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri/Vestdal frá um 1920 NA



"Árið 1882 var leyft að flytja kirkjuna frá Dvergasteini til Vestdalseyrar [...]. Kirkjan var reist árið 1885 á Kirkjukletti, sem er á hjalla upp af eyrinni þaðan sem var gott útsýni en mjög áveðurs. Fauk hún um koll í hvassviðri milli jóla og nýárs 1894 en var endurreist niðri á eyrinni nokkru síðar [sjá 002]," segir í Kirkjum Íslands. Rætt var við ýmsa heimildamenn í leit að nákvæmri staðsetningu elstu kirkju á Vestdalseyri án þess að hægt væri að skera úr um staðsetninguna. Kirkjan stóð áður uppi á Hjalla. Í grein sem birtist í Alþýðublaðinu og fjallar um stórbruna á Vestdalseyri 1895 segir "Kirkja Seyðfirðinga stóð á Neðrihjalla, steinsnar frá fyrrnefndu Rauðhúsi [026]. Ef ég man rétt fauk kirkjan skömmu seinna í aftaka norðan veðri, mig minnir janúar 1896. Snérist hún við sem svaraði hálfhring, svo dýrnar vissu í suður, að sjálfsögðu áður í vestur. Kirkjan var rifin og reist aftur niður á Eyrinni,". Kirkjan var ofan við svokallaðan Kirkjuklett en neðan hans (sunnan hans) var húsabyrping sem nefnd var Kirkjuhvols- eða Hvolshús. Þar er nokkur flati en samkvæmt lýsingu var kirkjan um 19 x 10 m stór samkvæmt lýsingu og hefur því þurft samilegt pláss. Nokkuð deiglent er nú á þessum slóðum og svæðinu var auk þess talsvert raskað þegar herinn reisti braggahverfi á þessum slóðum rétt fyrir miðbik 20. aldar. Austast á hjallanum er ógreinileg L-laga hryggur, um 17 x 8 m stór og er mögulegt að það sé ummerki eftir kirkjugrunninn, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Þetta er um 15 m vestan við gilbarm Vestdalsárgils.

Deiglent er á Neðrihjalla þar sem líklegast er að kirkjan á Vestdalseyri hafi staðið upphaflega.



*Ein af afar fáum ljósmyndum sem til eru af kirkjunni á Vestdalseyri á sínum upprunalega stað. Myndin er tekin 1886 og er hluti af safni M/S Museet for Søfarts billedarkiv (<http://billedarkiv.mfs.dk/fotoweb/archives>). Til hægri er mynd af sama svæði 2017, horft til ANA*

Svæðinu hefur mikið verið raskað eftir að kirkjan var færð, bæði vegna búskapar á fyrri hluta 20. aldar en þó ennfremur vegna rasks hernámsliðsins. Göngustígur upp gilið í átt að fossunum liggur yfir norðaustasta hluta svæðisins. "Nákvæmur samningur með lýsingu á byggingu kirkjunnar var gerður 17. október 1884 við norskan timburmeistara, Carl Weyergang. Tók hann að sér hönnun og byggingu nýju kirkjunnar á Vestdalseyri. [...] Smíði kirkjunnar lauk á tilsettum tíma og var hún vígð 13. september 1885. Af því tilefni skoðaði prófasturinn kirkjuna og lýsti henni svo: Kirkjan er byggð á háum steingrundvelli, steinlímdu allt um kring, gröfnum niður á móhellu. Aðalkirkjan er á lengd 30 álnir, á breidd 16 álnir, á hæð frá grundvelli og upp að þakskeggi 7 álnir. Áfast við kirkjuna er skrudahús með inngangi úr kórnum með læstri hurð fyrir og öðrum inngangi á norðurhlið þess, einnig með læstri hurð fyrir. Á lengd er það 5 1/2 alin, á breidd 7 álnir, á hæð undir þakskegg 4 álnir, hæðin öll tapar 7 álnir. Á stafninum eru tvö heil gluggafög, hvort með sex rúðum með járnum á. Það er allt þiljað með standandi þili bæði á stöfnum og hliðum, eins er það þiljað neðan á bitum. [...] Sjömuleiðis er í því ofn með pípu er gengur út [í] múraðan reykþáf, sem hlaðinn er við kórstafn kirkjunnar. Á sjálfri aðalkirkjunni eru fimm heil fög bogadregin á hvorri hlið, hvert fag með 24 rúðum í. Hún er öll þiljuð að innan bæði til stafna og hliða með strikuðum þiljum og er hvelving yfir henni allri með samskonar þili. Í henni eru fimm járnbitar og tveir trébitar undir 6 álna löngu lofti í framkirkju. Þvert yfir þessa tvo bita ganga 10 bitar sem loftið hvílir á. Í aðalkirkjunni við innganginn er afþiljuð forkirkja 4 álna löng með bindingsverki í. [...] Forkirkjan er þiljuð á sama hátt og aðalkirkjan, nema að því leyti að skilrímið milli forkirkjunnar og aðalkirkjunnar er einfalt. Á vesturstafni forkirkjunnar eru tvö gluggafög með sömu stærð eins og á aðalkirkjunni sjálfri og með jafn mörgum rúðum í [...]. Á vesturgaflinum upp yfir dyrainnganginum er bogadreginn gluggi með 17 rúðum í. [...] Umhverfis altarið eru bogadregnar gráður með renndum pílarum [...]. Hvelvingin er öll máluð með hvítum lit, en veggir og stafnar með lítið dökkleitari lit. Allir bekkir og hurðir eru eikarmálaðir, en altari og prédikunarstóll með

mahogni máli. Í aðalkirkjunni eru tveir stórir ofnar sinn með hvorri hlið og ganga pípur frá hvorum fyrir sig í eina aðalpípu, er gengur upp í múraðan reykhálf á þakinu. Veggirnir að utan og eins stafnar eru úr strikuðum borðum og allt þetta málað með hvítgráu máli. Innra þak kirkjunnar er úr plægðum borðum, sem neglt var á sperrurnar, þar yfir er spónþak. Undir þakskeggjunum beggja megin á aðalkirkjunni og skrudhúsinu eru vatnsrennur úr tré, en á honum taka lóðréttar blikkpípur á móti vatninu. Upp af vesturenda kirkjunnar er ferstrendur stöpull, sem gengur sér að ofan, með krossi upp af. Hinn aðdregni partur turnsins er klæddur speni," segir í Kirkjum Íslands 25. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur voru öll ummerki um kirkjugrunninn horfin áður en herinn hóf byggingar á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Alþýðublaðið (Stórbruni á Vestdalseyri við Seyðisfjörð fyrir fjórtíu árum), 6 Kirkjur Íslands 25, 163-164, 166-167

**NM-252:144** heimild um legstað

"Síðla júlímánaðar voru tveir Seyðfirðingar, Ágúst Borgþórsson og Unnar Sveinlaugsson, á göngu norður af Vestdalsvatni og fundu þar í urð í gildragi Vestdalsár tvær fornlegar bronsnælur. Gerðu þeir Fornleifavernd ríkisins strax viðvart. Við rannsókn bættust við fleiri gripir, tvær bronsnælur, hringprjónn, hnífur og yfir fjögur hundruð margbreytilegar perlur. Skartgripir þessir eru dæmigert kvenskraut og benda form og stíll til 10. aldar. Á staðnum fundust höfuðbein, tennur og bolbein sem benda til að hér hafi verið ung kona á ferð milli byggða fyrir um 1000 árum. Hefur hún leitað skjóls í litlum hellisskúta hjá fundarstaðnum, orðið þar úti og ummerki ekki fundist fyrr en nú," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005.

**Heimildir:** ÁFÍ 2005, 222

**NM-252:145** heimild um verslun/þjónustu

Undir þessi númeri er skráð hússtaði þess húss sem stóð á Vestdalseyri í tíð Gránufélagsins en var tekið niður og flutt til Akureyrar, líklega strax árið 1873. Þar var það endurbyggt og stendur enn sem vestasti hluti Strandgötu 49, sem er elsta hús Oddeyrar. Ekki er hægt að staðsetja húsið mjög nákvæmlega en það var í námunda við Gránufélagshúss-grunninn 040. Þegar Gránufélagið kom að rekstri á Vestdalseyri árið 1873 hafði talsverð starfsemi verið á eyrinni allt frá 1851 sbr: "Árið 1851 keypti fyrirtækið Örum & Wulff landskika á eyrinni og kom þar upp útibúi frá verslun sinni sem hófst á Fjarðaröldu 1851. [...] Örum & Wulff lagði af starfsemi sína á Vestdalseyri 1865 og keypti þá Bandaríkjamadurinn Thomas Roy húseignirnar en hann stundaði hvalveiðar við Austurland 1863-1867 með landstöð á Vestdalseyri. Reisti hann hvalstöð á eyrinni, fyrsta vísi að vélvæddri hvalvinnslu hérlendis. Voru þarna ýmis gufuknúin tæki, svo sem beinamylla og gufukatlar. [...] Við hvalstöðinni tók Det danske Fiskeriselskab undir forystu Otto Christian Hammers 1868-1870 og þá Hollendingar, De Nederlandske Walvieschvaart [...]. Gránufélagið sem stofnað var á Akureyri í janúar 1869 keypti 1873 hús hvalstöðvarinnar á Vestdalseyri, alls 6 talsins, og var eitt þeirra [145] flutt til Oddeyrar það sama ár þar sem það stendur enn við Strandgötu," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005.

Húsið hefur staðið nálægt odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÁFÍ 2005, 223-225

**NM-252:146** heimild um skemmu

734313 540911

Undir þessu númeri eru skráð saman ýmis geymslu- og vinnsluhús, samtals átta hús, sem stóðu líklega í hnapp í námunda við Stórhúsið 092 og brunnu í miklum eldsvoða á Vestdalseyri 1894. Þau eru skráð saman þar sem ekki er hægt að staðsetja hvert hús með nákvæmum hætti. Ýmislegt er þó vitað um hlutverk þessara húsa. "Voðalegur húsabruni varð þann 24. nóvember s. l. á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, þar sem öll verslunarhús Gránufélagsins brunnu gjörsamlega á fárra tíma fresti. [...] Um hádegi sást héðan af Fjarðaröldu logi allmikill gjósa upp úr utanverðu svokallaða "Stórhúsi" Gránufélagsverzlunarinnar þar sem í voru öll íbúðarberbergin, sölubúðin og ýmis geymsluherbergi. [...] Eldinn úr þessu voðabáli lagði þegar á hin önnur geymsluhús Gránufélags verzlunar [...] því þau stóðu skammt frá "Stórhúsinu" [...] einkum þá er Stórhúsið féll niður, enda umspennti eldurinn þau öll óðar, svo öll verzlunarhúsin stóðu á svipstundu í eina afarmiklu báli er var hér um bil 100 fadma að ummáli. [...] Öll verzlunarhúsin 9, voru brunnin niður til grunna eptir rúmar 4 klukkustundir. [...] Þau hús er brunnu, voru: "Stórhúsið" (íveruhús og sölubúð), [092] 4 geymsluhús (Pakkhús) 2 kolaskúrar, 1 fiskiskúr og 1 hjallur," segir í blaðinu Austri 29.11.1894. Í grein í Alþýðublaðinu (Stórbruni á Vestdalseyri við Seyðisfjörð fyrir fjórtíu árum) eru aðeins



*Teikning af verslunarhúsunum á Vestdalseyri um 1870 (NM-252:092, 034, 146 254). Myndin birtist áður í Skólasögu Seyðisfjarðar, 27 og Árbók Ferðafélagsins 2005, 224 og er þar merkt „eftir ljósriti úr fótum Einars Vilhjálmssonar“*

talín upp fjögur hús sérstaklega en þau hús sem tilheyrðu Stórhúsinu sögð í hnappi austur frá Stórhúsinu: "Af öðrum húsum er að nefna kornvöruhús, fiskgeymsluhús, mörbúð og sláturhús, en öll útihúsin stóðu í hvirfing austur frá búðinni og var á að giska 10-15 m breitt sund á milli þeirra og búðarinnar. Samkvæmt þessu hafa flest húsanna staðið beint austan við Stórhúsið 092 sem stóð á svipuðum slóðum og Gránufélagshús 040 gerði síðar. Húsin átta sem stóðu á umræddum slóðum eru hér skráð undir einu númeri. Eftir brunann eru aftur byggð upp hús á svipuðum slóðum. Af ljósmynd frá því um 1900 (Ísland Howells, 157) að dæma hefur þá staðið annað hús á svipuðum stað (sjá 042), og er húsið einnig merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Á hernámsárunum virðist svo herinn hafa byggt mannvirki á sömu slóðum, lítinn bragga fast austan við Gránufélagshúsið 080 og feykistóran bragga þar austan við (sjá 042).

Húsin voru austan við odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi. Engin ummerki sjást um húsin enda brunnu þau til kaldra kola árið 1894 og talsverð uppbygging átti sér stað á svæðinu frá aldamótum og fram til 1950. Af teikningu af Vestdalseyrinni eftir óþekktan höfund sem birtist í Árbók Ferðafélagsins (bls. 224) að dæma virðast hafa staðið fjögur hús austan við Stórhúsið og tvö þeirra sem stóðu næst Stórhúsinu nafa þá snúið þvert á það en þau tvö sem voru fjær líkt og Stórhúsið. Öll virðast húsin einlyft timburhús en mjög misstór.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Austri 29.11.1894, 130, Ísland Howells, 157, Kort af Vestdalseyri frá um 1920, Fremsta víglína, 44 ÁIF, 224

**NM-252:147** heimild um herminjar

"Einn slíkur búnaður var rafkaplalögn á sjávarbotni sem numið gat breytingar á segulsviði er skip sigldi hjá. Voru slíkir segulkaplar lagðir á sjávarbotninn í Seyðisfjarðarflóa, þvert fyrir Loðmundarfjörð og Seyðisfjörð, í nóvembermánuði 1941. Kaplar lágu úr segullögninni, sem var tvískipt, inn fjörðinn og á land á Vestdalseyri þar sem merki um segulsviðsbreytingar komu fram í sérstakri eftirlitsstöð," segir í Fremstu víglínu.



**NM-252:148** gryfja herminjar

734305 540913

Hús er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Samkvæmt kortinu var pakkhúsið um 8 m austan við Gránu 040 og í svipaðri fjarlægð norðan við hús 117. Á hernámsárunum stóð stór braggi á svipuðum slóðum og sjást óljós ummerki í sverði á þessum slóðum. Fast ofan (norðan) við þau er greinileg dæld eða hola sem hér er skráð.



*Hola NM-252:148. Á mynd til vinstri er horft til VSV en á mynd til hægri til suðurs*

Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi. Hola er fast ofan eða norðan við þúst 042, ekki er óhugsandi að hún hafi verið brunnur en hún er þó helst til of lítill til að teljast dæmigerð ummerki eftir brunn og má vera að hún tengist veru hersins á svæðinu á síðasta notkunarstigi þess. Holan er 0,7 m í þvermál en 0,2 m á dýpt.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:149** þúst óþekkt

734099 541139

Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 eru teiknuð tvö mannvirki á Fossi, sjálfur bærinn 079 og fjárhús austan hans 150. Austan bæjarhúsanna er kálgarður 107 merktur. Fossbærinn var um 35 m SSV við brún Vestdalsár og 210-220 m norðan við Eyrarveg 035. Fast ofan við (vestan við) það er ógreinileg þúst sem skráð er undir þessu númeri.

Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hliðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Fast ofan (norðvestan) við kjallarahleðslu Foss 079 er þúst sem er um 3-3,5 m í þvermál og 0,2



*Þúst NM-252:149 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SA*

m á hæð. Suðausturhlið hennar er óskýr en hún annars fremur skýr þótt ekki láti hún mikið yfir sér. Ekkert op er greinilegt á þústinni og ekki er vítað hvaða tilgangi hún þjónaði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Austri 29.11.1894, 13 Kort af Vestdalseyri frá því um 1920

**NM-252:150** heimild um heytóft

734105 541155

Að húsabaki fjárhús 151, við Foss 079, er þúst, líklega heytóft. Stikuð gönguleið liggur yfir norðurhorn þústar. Þústin er ofan (vestan) við fjárhús 151 við Foss á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hliðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs.



*Uppmæling á þúst NM-252:150 og fjárhúsum 151. Á ljósmynd til hægri er horft til ANA*

Þústin er 9,5 x 5 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Hún er opin til suðurs og byggð upp við tóft 151 að austan. Hún er algróin og veggir eru mjög breiðir eða 2,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Líklega hefur þetta verið heytóft. Hún virðist byggð eftir að renna 129 að húsabaki Fossbænum er fallin úr notkun, a.m.k. er hún beint ofan á henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:151** tóft fjárhús

734104 541144

Í Fasteignamati 1916-1918 er getið um fjárhúsið hjá Fossi en þar segir eftirfarandi: "Fjárhús, stærð l. 6,6 m br. 3,5 m. Þakið járnvarið, veggir hlaðnir úr grjóti." Fjárhústóft er fast norðaustan við þar sem íbúðarhúsið á Fossi 079 stóð. Aðeins eru um 20 m frá norðurgafli tóftarinnar og að gilbarmi Vestdalsárgils.

Fjárhúsið er við Foss á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hliðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Húsið virðist hafa verið 14 x 8,5 m stórt og snýr NNA-SSV. Af ljósmynd sem tekin er af Vestdalseyri árið 1955 og horft heim að Fossi (af heimasíðunni herad.is) má sjá að húsið sem hér er skráð og stóð við hlið íbúðarhússins var með burstalagi og voru þrjár burstir á því. Líklega hafa verið dyr á austustu og vestustu burstinni en mögulega ekki miðburstinni en gluggi var á hana ofan til. Af ummerkjum að dæma hefur talsvert timbur verið í húsunum en greinilegust eru ummerkin eru um þá veggi sem hafa verið (a.m.k. hluta til) hlaðnir úr grjóti en það eru vestur- og norðurveggir og vesturhluti suðurveggjar. Austurhlið hússins hefur



*Ljósmynd af fjárhúsi NM-252:151, horft til austurs.  
Uppmæling sjá fornleif NM-252:150*



líklega verið úr timbri og sömuleiðis austurhluti suðurveggjar. Svo virðist sem húsið hafi a.m.k. verið skipt í tvennt og hafa fjárhús verið nyrst í þeim. Sá hluti er aðeins lengri (austur-vestur) en suðurhlutinn og þar er greinilegur garði. Gardinn er grjóthlaðinn en í honum er en timbur og járn og hænisanet verið sett yfir allt saman. Hæð 0,2-0,3 m. Veggir tóftarinnar eru grónir að utan en að innan eru stæðilegar hleðslur úr torfi og grjót og eru grjóthleðslur allt að 7 umför. Frá gólfi húsanna ná veggir mest 1,7 m á hæð en tóftin er talsvert niðurgráfin, inn í brekkuna að baki þannig að ytri brún veggja er aðeins um 0,8 m hærra en umhverfið. Sem fyrr segir sjást ekki mikil ummerki um austurvegg og virðist hann hafa hrunið í heild sinni til austurs fram á bæjarhlaðið. Þar er nú grasvöxtur og sina í óða önn við að færa bárujárn og timburleifar á kaf.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 34, <http://www.herad.is/y02/2008-10-09-vestdalseyri-seydisfjordur/html/Vestdalsfoss-02-1955.htm>

**NM-252:152** hleðsla herminjar (skot-/varðbyrgi?) 734070 541177

Hleðsluleifar eru um 45 m NNV við Foss 079 við Vestdalsárgil nálæga þar sem götur 083 liggja upp á klettana ofan við Foss. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið hefur gegnt en hugsanlegt að það sé herminjar af einhverju tagi.

Hleðslan er byggð undir klettabelti og er mögulegt að hluti hennar hafi hrunið ofan í þverhnípt



*Hleðsla NM-252:152. Til vinstri er uppmæling en til hægri er horft til VSV*

gilið. Umhverfis eru grasi grónir klettur, þverhnípt er niður að Vestdalsá. Stikaður göngustígur liggur yfir hlaðna vegg tóftarinnar. Staðsetning tóftar er einkennileg en hafi hún verið reist sem hluti af hernum gæti það skýrt málið. Tóftin er um 6 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Yfirgróin bárujárnsplata er nyrst í tóftinni. Tóftin er mörkuð með grjóthleðslu að suðaustan sem er um 6 m löng og sveigir aðeins til norðurs áður en hún endar. Til suðvesturs er tóftin mörkuð klettum en til norðvesturs er bein brún og þverhnípt niður frá henni. Vegg hleðslan hallar til austurs en greina má 4-6 umför í henni og er hún 0,8 m á hæð. Botn tóftar er grasi gróinn. Líklegast er að mannvirkið sé herminjar af einhverri tegund. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**NM-252:153** náma mógrafir 733990 541114

Ofan við Efri-Hjalla, þar sem bærinn Foss var er klettabelti en ofan þess taka við mýrar. Mýrarnar eru að stærstu leyti utan þess svæði sem tekið var út við deiliskráningu 2017 og voru því ekki gegnar en þó var gengið fram á tvær litlar mógrafið við skráningu, um 35 m utan (vestan) við jaðar þess svæðis sem til úttektar var en þær voru þó engu að síður skráðar. Mógrafirnar voru um 110 m ofan (vestan) við Foss 079.

Deigland mýri vaxin sefi, grasi og lyngi. Tvær mógrafir eru á þessum stað og aðeins 2-3 m á milli. Sú nyrðri, 01 er aðeins stærri eða um 2 x 1,8 m og snýr NNA-SSV. Sú syðri, 02, er um 1,3 x 1,1 m að stærð og snýr austur-vestur. Vatn stendur í báðum gröfum. Þær eru báðar reglulegar og ferhyrndar. Líklega hefur mór verið tekinn víða í mýrinni og sömuleiðis á öðrum deiglandis-svæðum milli hjallanna ofan við Vestdalseyri. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur voru miklar mógrafir á svæðinu þarna í kring og voru börnin hrædd á þeim til að forða því að þau færu sér að voða. Hún segir að sér hafi verið sagt að niður úr



mógröfunum hafi verið opið alla leið til helvítis og því hafi hún trúað sem barn. Svæðið þar sem umfangsmeiri mógrafir leynast líklega var utan úttektaarsvæðis 2017 og var því ekki kannað.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:154** tóft stekkur

733918 541008

Tvískipt tóft er um 225 m VSV við bæinn Foss 079 og um 75 m norðan við norðausturhorn á því deiliskipulagssvæði sem tekið var út 2017. Tóftin var því utan við úttektaarsvæðið en var engu að síður skráð.

Tóftin er byggð austan undir kletti. Talsverður bratti af henni til suðausturs og ofan í grasi gróin hvamm en klettaveggur lokar hvamminum til suðurs.

Tóftin er austan í lágu kletti en klettur er einnig til austurs frá honum en þar austan við tekur við mýri. Klettur myndar því vesturhlið tóftar. Tóftin er um 10 x 4,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir hennar eru signir og víða um 0,3 m á hæð en 1,5 m á breidd. Tóftin er lyngivaxin. Op hefur líklega verið suðurgafli en það er þá að mestu yfirgróin og óskýrt nú. Stórir steinar sjást í norðurgafli en annars er tóftin alveg yfirgróin. Hún hefur að öllum líkindum skipst í tvö hól og er það nyrðra örlítið minna eða 3 x 2 m að innanmáli. Syðra hólfið hefur þá verið 3,5 x 2 m að innanmáli. Víða á þessu svæði fundust herminjar við skráningu en þessi tiltekna tóft minnir þó meira á dæmigerðar landbúnaðarminjar og gæti verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:155** heimild um herminjar

734337 541022

"Meðal varnings þess, sem herinn fékk, voru ógrynni af gaddavír og girðingarstaurum. Sumt af gaddavírnum var þannig, að það voru eins konar vafningar eða gormar. Þessum gaddavírsdræsum var tyllt á girðingarstaura [...] Víggirðingum af þessu tagi var fljótlega komið upp víða á þeim stöðum, sem var talið hernaðarlega mikilvægt. [...] Út á Vestdalseyri voru tvær girðingar af sömu gerð. Önnur rétt utan við ána, en hin [156] framan við Eyrina. Alls staðar voru girðingar þessar með hlið á vegunum [...]. Hliðum þessum mátti loka og var á þeim sums staðar lokað með löngum plankagaur, sem á voru sams konar gaddavírsgormar og í girðingunni. Voru eins konar búkkar hafðir í hliðinu undir hvorum plankaenda," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Engin ummerki sjást nú (2017) um umræddar girðingar en sú sem var norðaustar var líklega rétt norðvestan við Vestdalsána og nálægt fallbyssustæði 157.

Girðingin hefur líklega náð frá sjó og upp brekkuna á þessum slóðum. Lítil gróðurþekja er nú neðan vegar en góður grasvöxtur ofan hans. Engin ummerki um girðinguna sjást og staðsetning hennar er því aðeins gróflega áætluð. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hernámsþættir, 33-35

**NM-252:156** heimild um herminjar

734119 540908

"Meðal varnings þess, sem herinn fékk, voru ógrynni af gaddavír og girðingarstaurum. Sumt af gaddavírnum var þannig, að það voru eins konar vafningar eða gormar. Þessum gaddavírsdræsum var tyllt á girðingarstaura [...] Víggirðingum af þessu tagi var fljótlega komið upp víða á þeim stöðum, sem var talið hernaðarlega mikilvægt. [...] Út á Vestdalseyri voru tvær girðingar af sömu gerð. Önnur [155] rétt utan við ána, en hin framan við Eyrina. Alls staðar voru girðingar þessar með hlið á vegunum [...]. Hliðum þessum mátti loka og var á þeim sums staðar lokað með löngum plankagaur, sem á voru sams konar gaddavírsgormar og í girðingunni. Voru eins konar búkkar hafðir í hliðinu undir hvorum plankaenda," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Sú girðing sem hér er skráð var vestan við Vestdalseyri en ekki er nákvæmlega vitað hvar hún var og ummerki um hana eru lítil sem engin. Þó er mögulegt að grjóthleðsla og gaddavír sem skráð var sem hluti af túngarði Foss (252\_082\_02) gæti hafa verið hluti af umræddu mannvirki. Sé áætluð staðsetning nærri lagi hefur verið um 260 m á milli girðinganna tveggja.

Girðingin hefur legið upp bratta en grasgefna hliðina vestan við Vestdalseyrina. Lítil sem engin ummerki sjást um girðinguna en hún var gróflega staðsett við skráningu. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hernámsþættir, 33-35

**NM-252:157** heimild um herminjar (byssustæði)

734342 541003

"Á Vestdalseyri voru tvær stórar fallbyssur múraðar vandlega niður [sjá 261]. Þær voru niðri á Eyrinni rétt framan við ána, segir í Seyðfirskum hernámsþáttum og annars staðar í sömu heimild: "Kastljós bjart var þar á Eyrinni fyrir utan og ofan fallbyssurnar [261]. Með ljósi þessu var auðvelt að fylgjast með allri skipaferð fram og aftur um fjörðinn, þótt myrkur væri. Þeir sem fóru um ströndina sunnan fjarðarins í myrkri voru oft skoðaðir í þessu ljósi." Í bókinni Fremstu víglínu segir ennfreður: "Með þeim [Strandvarnarbyssusveit breska stórskotaliðsins "Alabaster V Coast Battery"] var sérstök virkjaðarsveit landgönguliðs breska flotans og setti byssurnar tvær upp innanvert við ána á utanverðri Vestdalseyri.[...] Þá var komið fyrir tveimur öflugum ljóskösturum með þriggja gráða breiðum ljósgeisla beggja vegna vegarins utan við ána sem lýsa skyldu upp skotmarkið." Samkvæmt Jóhanni Sveinbjörnssyni heimildamanni voru ljósin fast austan við á og neðan við Eyrarveg 035. Óljós ummerki má enn greina á þessum slóðum og eru þau hér skráð saman undir einu númeri (undirnúmerin 01 og 02), hvort tveggja neðan vegar.



*Ummerki frá hernámsárunum NM-252:157 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til ASA*

Gróin áreyri við ós Vestdalsár. Talsverður malarbakki er við árbakkann og suðaustur af honum tekur fjaran við. Ummerkin sem fundust voru fast norðan við malarkambinn. Nyrstu ummerkin 01 eru um 10 m SSA við veg en um 12 m SSA er annar staður þar sem einnig má vinna óljós ummerki um mannvirki 02. Ekki er hægt að greina heillegar minjar á þessum slóðum. Norðvestar er hæð, 01, sem er 6-7 m í þvermál. Í henni sjást steypuleifar á einum stað (L-laga um 1-2 m á kant) en annars eru ummerki ógreinileg. Hæðin er smágrýtt og 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Í framhaldi af henni til vesturs má greina 1,5 m langan veggstúf sem fjarar þó fljótt út. Um 12 m ASA er svo önnur hæð 02. Hún er 7 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Ekki eru greinileg mannvirki á henni en þó virðist líklegt að þarna hafi eitthvað staðið. Á staðnum fannst við skráningu járnstykki, mögulega úr mannvirkjum hersins á þessum slóðum. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 73, Fremsta víglína 45-46




*Járnstykki sem fannst við vettvangsskráningu*

**NM-252:158** mannvirki herminjar (braggar)

734269 540994

Talsverð braggabyggð virðist hafa verið neðan við Neðri-Hjalla og ofan vegar, vestan við Vestdalsá (sjá einnig 172 og 265). Undir þessu númeri eru skráðar leifar af a.m.k. tveimur bröggum sem hafa verið á milli Kirkjuhvals og Guðnahúss. Byggðin sést m.a. á ljósmynd sem tekin er af Vestdalseyri og birtist í bókinni

Seyðfirskir hernámsþættir. Steypuleifar sjást á þessum slóðum um 14 m ofan við (nordan við) veginn um Vestdalseyri en um 16 m austan við húshorn Hallarinnar 003.



*Ummerki um bragga frá hernámsárunum NM-252:158 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hæari. horft til suðurs*


Grasi gróinn slétta ofan við (nordan við) Eyrarveg 035 en neðan við Neðri-Hjalla. Hægt er að greina að einhver mannvirki hafi verið á þessum slóðum annars vegar er svæði sem er um 14 x 5 m að stærð aðeins herra en umhverfið og hins vegar sést glitta í steypa gólflötu hér og þar innan svæðis. Svæðið snýr nálega norður-suður. Ummerkin eru hins vegar mjög óveruleg og steypuleifar að mestu leyti komnar á kaf í gras. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rífin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:159** hleðsla herminjar (skot-/varðbyrgi) 734022 540944

Hátt upp í hlíð, beint undir klapparvegg er óljós mannvirki sem líklega voru byggð á þeim árum sem Vestdalseyri var hernumin. Hér eru skráð undir einu númeri óljós ummerki upp við kletta á tveimur



*Ummerki eftir herinn á Vestdalseyri, skráð saman undir númerinu NM-252:159 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til ANA*



stöðum (undirnáúmer 01-03) en annað mannvirki skammt vestar skráð undir númerinu 266. Mannvirkin sem skráð eru undir þessu númeri eru nálægt suðvesturjaðri þess svæðis sem tekið var út við deiliskráningu 2017) um 15 m frá jaðrinum en ríflega 50 m ofan (norðan) við Eyrarveg.


Svæðið er undir klettabelti og í talsverðum bratta til SSA. Mikið stórgrýti er allt í kring. Á þessum stað eru óljósar leifar tveggja mannvirkja. Það greinilega er norðaustar, 01.Mannvirki 01 líkist helst U-laga gerði. Samtals má segja að það sé 7-8 x 4,5 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Mannvirkið er einfalt og er að stóru leyti byggt upp við náttúrulegt stórgrýti í hlíðinni. Það samanstendur af stórum steini 2-3 m löngum, 1,2 m háum og 1,2 m breiðum sem myndar norðausturhluta suðurhlíðar og annar lítill steinn (1 x 0,8 m að stærð og 0,8 cm hár) er í framhaldi af honum. Þessir tveir steinar mynda af stærstu leyti suðurhlíðina þótt afar ógreinilega hleðslu megi greina á stuttum kafla í framhaldi til ANA. Vesturhlíðin hefur að mestu einungis verið stungið út úr brekkunni þótt eitthvað hafi verið hlaðið meðfram henni og sést þar grjóthrun (0,2 m á hæð). Fremst í þessari hlíð (eða norðaustast) er grjóthnullungur (0,5 x 1 m að stærð og 0,6 m á hæð). Vesturhlíðin (SSV hlíð) er ágætlega hlaðin (2-3 umför) en efsta umfarið er mjög stór klettur. Inn í tóftinni er víða grjót. Hún er opin til austurs. Vestan við vesturenda tóftar (eða VSV) er hæð í framhaldi af henni. Á henni er mjög ómerkileg L-laga hleðsla sem samanstendur af 6-7 steinum. Hún er um 1 x 0,4 m að stærð ANA-VSV. Um 10 m frá gerðinu er smávægileg ummerki um mannvirki út frá bjargi í hlíðinni (02). Hleðslan er 2-2,5 m löng en 0,1-0,2 m hæð og kann hún að hafa verið austurgafli á mannvirki og mögulega má sjá suðausturhorn en stórt flag er neðan við og hlíðin er talsvert röskuð þannig að suður og vesturhlíðarnar eru farnar. Ofan við er klettabelti en neðan við stórgrýtt og síðan sendin hlíð í halla til ASA. Líklega tengist 159 veru hermanna á Vestdalseyri. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rífin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:160** mannvirki herminjar (gryfja)

734126 541047

Óræðar minjar, líklega herminjar, eru um 5 m utan eða norðaustan við túngarðinn á Fossi 082. Annars vegar er niðurgröftur á þessum stað (efnisnáma eða herminjar eða hvort tveggja - sjá undirnáúmer 01) og hins vegar einhvers konar upphleðsla (02). Minjarnar eru allra suðaustast á Efri-Hjalla, tæpum 30 m norðaustan við þar sem vegur 039 hefur legið inn í túnið. Gróðurhula er fremur þunn þar sem fer að halla niður af hjallinum en svæðið er vaxið snöggu grasi, mosa og lyngi.



*Uppmældar herminjar sem skráðar voru saman undir númerinu NM-252:160\_01 til vinstri en gryfja NM-252:160\_01 til hægri. Horft til norðausturs*

Á þessu svæði voru skráð mannverk á tveimur stöðum, líklega bæði ung og gætu verið eftir herinn en þó er auðvitað allt eins hugsanlegt að þau séu umrót eftir aðra byggð á svæðinu á fyrri hluta 20. aldar. Annars vegar er um að ræða niðurgröft eða efnisnámu. Hún er 4,5 x 3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést hleðsla í hlíðum niðurgrafterins en greinilegt er að grafið hefur verið niður á klöpp að ASA. Ávalir bakkar nema helst að VSV þar sem bakinn er nokkuð brattur. Er 0,8-1 m dýpra en umhverfið. Um 5 m VSV við niðurgröftinn 01 er e.k. upphleðsla eða grænt svæðið 02, mögulega þar sem efni var kastað. Mögulegt að hleðsla hafi verið framan í (ASA í) mannvirkinu. "Hleðslan" er fremur óregluleg þar sem hún stendur út úr brekkunni, næstum hálfmánalaga, en þó of óreglulegt til að hægt sé að


tala um slíkt. Mögulegt er að hleðslan/stallurinn hafi verið hlaðinn sem undirstaða undir eitthvert mannvirki en mögulegt er einnig að aldrei hafi verið lokið við umrætt mannvirki. Svæði er um 3 x 1,5 m að stærð. Hæð 1,2 m. Stallurinn er flatur að ofan en annars fremur óreglulegur. Í honum er talsverð grænka. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**NM-252:161** mannvirki *naust* og herminjar

734251 540897

Lítið hús virðist hafa staðið um 10 m innan við Gránufélagshúsið 040 en greina má það af ljósmynd sem tekin er frá sjó og til norðurs að Vestdalseyri árið 1941. Ljósmyndina tók Harry C. Blackwell og birtist hún í bókinni *Fremstu víglínu*. Á henni má sjá það sem virðist vera mannvirki líklega um eða innan við 10 m vestan við Gránufélagshúsið 040. Þar sem húsið stóð má greina óljós ummerki eða þúst sem snýr þó öfugt við það sem ætla mátti að húsið hefði gert skv. ljósmynd. Þústin er um 10 m vestan við grunn Gránufélagshússins 040. Á ljósmynd af Vestdalseyri frá því um 1900 sem birtist í bókinni *Ísland Howells* þá má sjá að á sama svæði voru þá geymdir smærri bátar í röð eftir fjörunni. Samkvæmt ævisögu Vilborgar Dagbjartsdóttur (eftir Þorleif Hauksson, bls. 34) var lengi uppsátur á þessum slóðum. Þar segir: "Nokkru utan við bryggjuna hans afa var steinbryggjan [043] og við hlið hennar var svolítið uppsátur sem Foss-



*Svæðið sem skráð var undir númerinu NM-252:161. Mynd til vinstri er úr bókinni *Ísland Howells*, bls. 157 og er tekin um aldamótin 1900 en mynd til vinstri á hernámsárunum og birtist hún í bók *Friðþór Eyðals*, bls. 44*



*Þústin NM-252:161 sem sést á svæðinu nú uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SSA*

sketan var geymd. Hlunnarnir voru hvalskíði [rifbein úr hvali samkvæmt samtali við Vilborgu Dagbjartsdóttur] sem bátar voru dregnir eftir upp á land."

Húsið hefur staðið fast ofan (nordan) við fjöruborðið. Ofar er snöggvaxin grasflöt en fast neðan grýtt fjaran og hefur sjórinn þeytt talsverðu af fjörugrjóti yfir svæðið. Svolítið rof er komið í suðurenda þústar af þessum sökum. Ummerki um uppsátur eru löngu horfin. Samkvæmt ljósmynd frá hernámsárunum mátti ætla að húsið sem herinn hafði þá byggt á þessum slóðum hefði snúið austur-vestur en þau

ummerki sem sjást nú á staðnum snúa norður-suður. Af ljósmyndinni að dæma var húsið hlaðið úr hleðslugrjóti eða steypu og var með dyr á miðri suðurlanghlið. Á hliðinni má einnig greina lítinn glugga austan við dyrnar. Húsið hefur verið ein hæð en greinilega ekki braggi. Það virðist með lágreistu þaki. Á skýringatexta við myndina í bókinni Í fremstu víglínu mætti helst ætla að húsið hefði verið varnarvigi, þótt ekki sé alveg ljóst að átt sé við umrædda byggingu. Lítil vafi virðist leika á því að húsið á ljósmyndinni er reist af hernum en afar líklegt er að hús hafi áður staðið á sama eða svipuðum stað og ummerki á vettvangi gætu jafnvel bent til að enn annað hús en það sem sést á myndinni hafi staðið eftir að það var rífið. Þústin sem nú (2017) sést á yfirborði er 8 x 7 m stór og snýr norður-suður. Hún er opin til norðurs. Líklega er þetta grunnur undan húsi og er hann 0,2-0,3 m hærra en umhverfið en veggir breiðir og útflattir. Talsvert stórgryti má greina í austurvegg en svolítið rof er komið í suðurvegg. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.


**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Fremsta víglína, 44, Ísland Howells, 157, Úr þagnarhyl, 34

**NM-252:162** heimild um herminjar (braggar)

734283 540943

Undir þessu númeri eru skráðir saman nokkrir skálar, hálfgerð skálahverfi sem var norðan við gamla Gránufélagshúsið 040. Samkvæmt ljósmynd af Vestdalseyri frá hernámsárunum sem birtist í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir (bls. 44) var röð af bröggum sem snéri norður-suður (braggarnir sjálfir snéru flestir austur-vestur) ofan við Gránufélagshúsið 040 austanvert og að Eyrarvegi 035.



*Gróf uppmæling á því svæði sem braggar NM-252:162 stóðu (til vinstri) en ljósmynd frá hernámsárunum til hægri. Á henni sést hluti braggabyggðar á svipuðu svæði allra lengst til vinstri ofarlega á mynd.*

*Úr bókinni Seyðfirskir hernámsþættir, bls. 44*

Slétt áreymi er á þessum slóðum, grasi gróin. Gróðurþekja er víða þunn þar sem braggarnir hafa staðið en þó sjást ekki greinileg ummerki um grunna. Staðsetningu bragganna má sjá gróflega af ljósmynd frá stríðsárunum. Hún er þó það óskýr að erfitt er að greina hana nákvæmlega. Þó má ætla að þarna hafi verið a.m.k. 8 braggar í röð og a.m.k. 3 stóðu austar og snéru þvert á hina eða norður-suður. Gróflega áætlað má giska á að svæðið hafi verið um 50-60 x 30-40 m stórt. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44



**NM-252:163** brunnur

734357 541178

Hlaðinn brunnur er fast suðvestan við bærarstæði Vestdalsgerðis 005 og túngarð 119. Hann er því inni á túni sem merkt er Sandgata 3 á korti af Vestdalseyri frá 1920 og utan túns Vestdalsgerðis eins og það er skilgreint á kortinu. Brunnurinn er í bröttu grösugu túni í halla til suðvesturs. Aðeins minni bratti er á bærarstæði Gerðis 005 en hliðinni í kring.



*Brunnur NM-252:163 uppmældur (til vinstri). Á ljósmynd til hægri er horft niður í brunninn.*


Brunnurinn er kringlóttur, um 1,6 m í þvermál. Hann er hlaðinn úr grjóti og er 2-2,5 m á dýpt en stendur aðeins 0,2 m upp úr jörðu. Í hleðslum sjást um 14 umfór. Í botni brunnsins er grjót og spýtnabrák. Grasi og mosagróið er að brunnopinu og plöntur (elfting, súra, fífill o.fl.) vaxa á nokkrum stöðum milli steina í efstu umförum. Hlaðin stétt sem skráð er með minjum á bærarstæði Vestdalsgerðis liggur að brunninum og suður fyrir hann.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:164** heimild um herminjar (braggar)

734257 540906

Undir þessu númeri eru skráðir saman tveir braggar sem voru vestan við gamla Gránufélagshúsið 040. Samkvæmt ljósmynd af Vestdalseyri frá hernámsárunum sem birtist í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir (bls. 44) var austari bragginn næstum beint upp af vesturenda Gránufélagshússins 040 og snéri hann austur-vestur. Vestari bragginn virðist svo í beinu framhaldi af honum, vestan hans. Slétt áreyri er á þessum slóðum, grasi gróin. Gróðurþekja er víða þunn en víða eru lágar hæðir.



*Gróf uppmæling á svæðinu þar sem braggar NM-252:164 stóðu (til vinstri). Til hægri er ljósmynd úr bókinni Fremsta víglína, bls. 44. Á henni má sjá móta fyrir bröggum vestan við Gránufélagshúsið sem er í hægri jaðri myndar og að baki hlöðnu húsi sem er fremst við sjóinn*


Staðsetningu bragganna má sjá gróflega af ljósmynd frá stríðsárunum. Hún er þó það óskýr að erfitt er að greina hana nákvæmlega. Þó má ætla að þarna hafi verið tveir braggar í röð. Gróflega áætlað má giska á að svæðið hafi verið um 40 x 10 m stórt. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:165** tóft fjárhús  
541189

734342

Torf- og grjóthlaðin tóft er í túni sunnan undir Gerðisklettum fast vestan við túngarð 119 og 10-15 m vestan við bæjarstæði Vestdalsgerðis 005. Ætla má að þetta séu leifar af öðrum hvorum fjárhúsunum sem talin eru upp í Fasteignamati 1916-1918 og tilheyrðu Vestdalsgerði (sjá einnig 179). Húsin eru mjög áþekk að stærð, um 4 m á lengd, 3,2-3,7 m á breidd og 2,7-3 m á hæð. Um húsin segir: "Bæði fjárhúsin eru byggð með grjótveggjum á 3 vegu, en timburstafni á 1 veg. Þakið er járn á rimlum."



*Uppmæling á tóft NM-252:165 (til vinstri) en ljósmynd af sömu tóft til hægri, horft til SSV*


Grösugt túnið er í halla mót suðaustri. Tvískipt tóftin er 11,5x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dyraop er á miðjum suðausturgafli, undan halla. Norðvesturenda tóftarinnar er grafinn inn í brekkuna. Í þeim enda er niðurgrafið hól sem er 0,3 m lægra en fremra hólfid. Hæð veggja í því innanmáli er 1,4 m og þar sjást 4 umför í hleðslu. Gamall ryðgaður bali er í því. Ekki er hlaðinn veggur á milli hólfanna en á mörkum hólfanna er bunga sem gæti gefið til kynna signa vegghleðslu. Innra hólfid gæti verið lítil hlaða en það er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Fremra hólfid er 4,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Veggir tóftar eru 1-1,5 m á breidd og 1 m á hæð í suðaustur-enda en lægri á langhliðum og lægstur í norðvestur-enda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 21

**NM-252:166** heimild um herminar

734154 540899

Af ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri á stríðsárunum og birtist í Seyðfirskir hernámsþættir, má sjá að tveir braggar voru suðvestast á Vestdalseyrinni, neðan við (sunnan) við Eyrarveg 035. Samkvæmt ljósmyndinni mætti ætla að braggarnir hefðu verið um 140 m vestan við hús Gránufélagsins 040 en líklega 10-20 m sunnan við veg. Lítið, steipt hús 267, þar sem mögulegt er að hafi verið gæsla við veginn var í framhaldi af bröggunum, upp við veg.



*Ummerki eftir herinn á Vestdalseyri, NM-252:166 uppmæld (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af sama svæði sem tekin var á hernámsárunum og birtist í Seyðfirskir hernámsþættir, bls. 44*

Slétt áreyri er á þessum slóðum, grasi gróin. Gróðurþekja er víða þunn en víða eru lágar hæðir. Þar sem helst er að áætla að braggarnir hafi staðið er lágur og þurr kambur á eyrinni. Staðsetningu bragganna má sjá gróflega af ljósmynd frá stríðsárunum. Hún er þó það óskýr að erfitt er að greina hana nákvæmlega. Þó má ætla að þarna hafi verið 2 braggar í röð og hafi snúið VNV-ASA. Gróflega áætlað var áætlað að braggarnir hefðu verið innan svæðis á eyrinni sem var 40 x 10 m stórt. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950 og engin ummerki sáust um braggana tvo.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:167** tóft óþekkt hlutverk

734256 541212

Efst í túni sem er næst Vestdalsá að austanverðu er grjóthlaðin og greinileg tóft. Hún er á stalli í brekku undir lágum kletti, um 100 m norðvestan við bæjarstaði Vestdalsgerðis 005 og 23 m SSA við túngarð 118. Ekki er víst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt er að hér hafi verið fjárhús. Húsið sem hér stóð sést í fjarska á tveimur gömlum ljósmyndum (annars vegar mynd sem er úr Reykjahlíðarættinni og hin er tekin yfir fjörðinn, merkt EIV0699. Það var líklega byggt eftir að Fasteignamatið 1916-1918 var unnið og er líklega á mörkum þess að teljast til fornminja vegna lágs aldurs.



*Tóft NM-252:167 uppmæld (til vinstri). Mynd af sömu tóft til hægri, horft til vesturs.*

Umhverfis tóftina er smápýft grösugt tún og er mjög bratt á þessu svæði til SSV frá tóftinni.



Tóftin er 9x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er einföld og að miklu leyti grjóthlaðin. Norður- og austurveggir eru hlaðnir inn í brekkuna. Mesta hæð veggja er um 1 m á vesturhlið en innanmáli eru þeir 1,4 m á hæð og þar sjást 6-7 umför. Hleðslur standa nokkuð vel en lítillega er farið að hrynja úr þeim á miðjum austurvegg inn í tóft og aðeins úr norðurvegg. Lágur kantur er framan við tóft til suðurs. Þar hefur verið þil með dyrum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** EIV0699, Reykjahlíðarætt: niðjadal Sr. Jóns Þorsteinssonar í Reykjahlíð, 1011

**NM-252:168** heimild um herminjar (leiksvæði)

734199

540916

Á hernámsárunum breytti herinn nokkuð landslagi á Vestdalseyri. M.a. umbyltu hann svæði á eyrinni sem nefndist Gránubalinn. Þar var slétta á sumrin en myndaðist tjörn á veturna. Herinn fyllti svæðið og þurrkaði tjörnina. Þannig útbjuggu þar uppmældan fótoltavöll samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni. Umrætt svæði ber einna lægst á eyrinni og er nú fremur deiglent. Það er skammt sunnan við Eyrarveg 035. Völlurinn hefur verið beint fyrir neðan Pálshús 029, Róshús 030, Skólann 031 og samkomuhúsið/kirkjustæðið 032.

Slétt áreyri er á þessum slóðum, grasi gróin. Gróðurþekja er víða þunn en víða eru lágar hæðir en



*Vestdalseyri um 1930 (til vinstri) en myndina tók Eyjólfur Jónsson og birtist hún m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 112. Á henni sést Gránubalinn íslagður og börn að leik. Til hægri er ljósmynd frá svipuðu sjónarhorni sem tekin var 2017 en engin ummerki sjást um tjörnina.*

á milli er nokkuð deiglent. Í blaðaviðtali við Vilborgu Dagbjartsdóttir í Vísi 12. september 2015 segir: "Allt tók að breytast þegar breski herinn kom og lagði allt undir sig og þar á meðal tjörnina sem hafði alla tíð verið leikvöllur krakkanna á Vestdalseyri. Þeir fylltu upp í tjörnina [Gránubalann skv. Vilborgu Dagbjartsdóttur] og breyttu leikvælinum okkar í alþjóðlega réttan fótoltavöll og við vorum agalega reið yfir þessu. Þegar skipalestirnar komu þá settu þeir á alvöru fótoltaleiki en við krakkarnir röðuðum okkur upp við völinn og ef boltinn fór út af þá reyndum við að taka hann því við vorum í stríði við heimsveldið út af leikvælinum." Engin merki um fótoltavöllinn sjást nú enda voru flestar minjar eftir herinn máðar út snemma á Vestdalseyri (á 6. áratug 20. aldar) samkvæmt heimildamönnum.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** <http://www.visir.is/g/2015150919656>

**NM-252:169** garðlag túngarður

734312 541193

Garður afmarkar norðurhlið túns sem merkt er Sandgata 3 á korti af Vestdalseyri frá 1920. Á kortinu er ekki sýnd girðing á þeirri hlið. Garðurinn liggur til VSV af túngarði 119 að hleðslu 181.

Garðurinn er litlu neðan (sunnan) við klettabelti, Gerðiskletta. Grýtt mólend brekka er niður að garðinum en grasi vaxin brekka í túni neðan hans. Garðurinn liggur frá grjótgarði 119 um 41 m til VSV en beygir þá og liggur um 20 m til VNV þar sem hann endar. Þar sem garðurinn liggur VSV-ANA er hann um 1,2 m hár við neðri brún en efri brún fellur inn í brekkuna. Að ofan er garðurinn sem láréttur pallur, 3-4 m breiddur. Garðurinn er grasi vaxinn en grjót sést á stöku stað við neðri brún og eru 1-2 umför sýnileg. Þar sem garðurinn beygir til VNV mjókkar hann í um 2-2,5 m breidd og lækkar niður í um 0,3 cm hæð. Á þessum kafla er garðurinn mosavaxnari en grjót jafnframt sýnilegra.



*Túngarður NM-252:169 uppmældur (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af garðinum horft til ANA*


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:170** mannvirki herminjar

734246 540973

Tveir húsgrunnar/steyptar gólfplötur er fast vestan við Höllina 033 og fast ofan (norðan) við Eyrarveg. Grunnarnir tveir eru skráðir saman undir þessu númeri en líklegt er að þeir séu hluti af minjum um veru hersins á Vestdalseyri. Fast VSV við þá tekur við svæði milli þeirra og samkomuhúss 172 þar sem talsvert af bröggum stóð áður samkvæmt ljósmynd af Vestdalseyri frá hernámsárunum (sem birtist í Seyðfirskir hernámsþættir, 44) og gætu grunnarnir hafa verið hluti af þeirri þyrpingu.

Húsið var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við



*Ummerki um herminjar NM-252:170 uppmæld (til vinstri). Á ljósmynd til hægri er horft til NNA*

Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og flatlend eyri að fjöru. Um er að ræða tvær steypar gólfplötur sem greina má í grassverði, nú mest sem malarsalla í gegnum gróðurinn. Ummerkin eru að verða óljós vegna gróðurs en þó má marka útlínur gólfplatna, m.a. með því að greina gróðurfarsbreytingar. Samtals er svæðið um 10 x 5 m stórt. Nyrðri platan (01) er 5,5 x 5 m stór og sú syðri (02) er 0,5 m sunnar og er 3,3 x 2 m að stærð. Báðar snúa þær NNV-SSA. Ekki er auðvelt að átta sig á því hvaða mannvirki kann að hafa verið þarna en af ljósmynd frá stríðsárunum að dæma, sem birtist í Seyðfirskir hernámsþættir, mætti helst ráða að þarna hefði staðið lítill braggi. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, á fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44



**NM-252:171** gryfja óþekkt

734357 541105

Litlu vestar en ummerki um bústaðinn Grund 010 er gryfja sem grafin er neðst inn í brekku, neðan við kant 120. Ekki er útilokað að hér sé um náttúrulegt jarðfall að ræða.



*Uppmæling á gryfju og þúst NM-252:171 (til vinstri). Á ljósmynd til hægri er horft til SSA*


Gryfjan er á mörkum brattrar brekku og deiglendis, á flatlendi niður við sjó. Botn gryfjunnar er um 4x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvesturs. Framan við gryfjuna til suðausturs er þúst sem myndast hefur úr uppmokstrinum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi gryfjan var grafin. Vatn seytlafr fram í rofsárinu í brekkunni og er því mjög blautt í gryfjunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:172** heimild um herminjar (braggar)

734216 540962

Á ljósmynd af Vestdalseyri sem tekin var á hernámsárunum og birtist í Seyðfirskir hernámsþættir má sjá að talsverð braggabyggð hefur verið á milli Samkomuhúss/kirkju (002/032) og þess svæðis sem Guðnahús 033 stóð áður, fast ofan (nordan) við Eyrarveg 035.



*Svæðið þar sem braggarnir NM-252:172 stóðu er gróflega afmarkað á mynd til vinstri. Ljósmynd til Tungarður NM-252:169 uppmældur (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af sama svæði horft til VSV*

Á þessum slóðum er grasi gróin slétta nú milli vegar og Neðri-Hjalla. Ekki er lengur hægt að greina skýr ummerki eftir braggana en rákir sem snúa norður-suður frá veginum vitna líklega til um staðsetningu þeirra. Samkvæmt ljósmynd af svæðinu sem tekin var á stríðsárunum og birtist í Seyðfirskir hernámsþættir voru þrír braggar í röð fast austan við samkomuhúsið og snéru þeir norður-suður. Austan við þá voru svo tveir braggar til viðbótar sem snéru þvert á þá fyrrnefndu eða austur-vestur. Mögulegt er að vegurinn upp á Neðri-Hjalla, sem herinn gerði (sjá 178) hafi verið á milli en það er ekki alveg skýrt af ljósmyndinni. Sá braggi sem var næst samkomuhúsi hefur verið með e.k. upphleðslu norðvestast. Svæðið er 2 x 5 m stórt og steypuleifar mest greinilegar í suðausturhorni. 0,2 m hærri en suðurhluti svæðis. Ekki er vitað hverju þetta sætir. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:173** þúst hlutverk óþekkt

734384 541119

Fast neðan við kant 120 og 10 m norðaustan við bústaðinn Grund 010 er grjóthlaðin en gróin þúst eða stallur sem er líklega undirstaða mannvirkis sem tengst hefur búsetu í Grund. Þústin er í aflíðandi halla á milli kants 120 og Vestdalseyrarvegur. Grasi gróid svæði.



*Þúst NM-252:173 uppmæld (til vinstri). Til hægri er horft yfir þústina (og til vesturs)*


Stallurinn er ferkantaður, um 3x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er þýfður og grasi gróinn að ofan. Stallurinn er 0,2 m á hæð og í jöðrum hans sést eitt umfar hleðslugrjóts í SSA-hlutanum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:174** mannvirki herminjar (braggi)

734182 540953

Á ljósmynd sem tekin var á stríðsárunum af Vestdalseyri stóð þá braggi fast vestan við Samkomuhús/kirkjustæði 032/002. Á þessum tíma hefur skólahúsið 031 verið horfið en bragginn sem þarna var byggður var þó að mestu leyti (mögulega alfarið) austan þess, fast vestan við vesturgöfl samkomuhúss.



*Grunnur undan bragga NM-252:174 uppmældur (til vinstri). Til hægri er ljósmynd af sama svæði, horft til suðurs*

Bragginn var á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest hús í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flati að fjöru. Lítil ummerki sjást nú um braggann en þó er norðurendi grunnsins sæmilega merkjanlegur og 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Hluti svæðisins er hins vegar undir hruni úr veggjum samkomuhússins en vesturveggur hefur að stóru leyti fallið til vesturs. Gróflega má ætla að bragginn hafi verið 12-13 x 5-6 m að stærð og snúið h.u.b. norður-suður. Greinilegust ummerkin er allra nyrst (á um 3 m kafla) en staðsetning braggans var annars áætluð með hliðsjón af

ljósmynd. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rifin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:175** heimild um kofa

734310 541051

Á gamalli mynd sem tekin er frá Vestdalsgerði 005 sést lítið hús með flötu þaki á austurbakka Vestdalsár á ójöfnu flatlendi. Húsið virðist vera á mótis við lítið hús neðan við Hjalla Vestdalseyrarmegin en staðsetning er ónákvæm. Ungt rask virðist vera í kring; gríðarmikil gróin gryfja 246 er fast NNV við svæðið þar sem líklegt er talið að húsið hafi staðið og til ANA eru óljós ummerki um niðurgroft. Í árbakkanum sjást sverir kaplar sem ganga inn í bakkann og þar er ýmislegt nútímarusl, gler og fleira í þeim dúr.



Óljós ummerki NM-252:175 til vinstri. Til hægri er mynd (án ártals) af svæðinu og er kofinn merktur með raunum hring. Myndin er af vefnum: [www.herad.is](http://www.herad.is)

Húsið stóð frammi á árbakka í túni. Þar er óslétt graslandi. Þar sem áætlað er að húsið hafi staðið eru steypuleifar á dreif á svæði sem er 12x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þar eru brot úr veggjum og minni steypubrot. Mögulega eru það leifar af húsinu en ekki er hægt að greina af ljósmyndinni úr hvaða efni það var byggt. Ekkert er vitað um aldur þess eða hlutverk.


**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**NM-252:176** Rósubúsbrunnur brunnur brunnur

734134 540944

Fallega hlaðinn brunnur var um 6 m norðan við kálgarðinn 102 í Pálshúsi 029 og um 22 m norðan við Eyrarveg. Brunnurinn hefur líklega verið nálægt 15 m ofan við Pálshús 029. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur, heimildamanni var hann í hennar tíð nefndur Rósubúsbrunnur.

Pálshús er á flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og deiglendur flatir að fjöru. Brunnurinn hefur verið í brekkurótum. Brunnurinn er í austurenda lágrar hæðar, í brekkurótum. Hann er tæplega 1 m í þvermál austur-vestur og ríflega 1 m norður-suður og er því aðeins ílangur. Brunnurinn er um 0,8 m að dýpt (þ.e. af því sem hægt er



Brunnur NM-252:176 uppmældur til vinstri. Í miðju er horft til suðurs en niður á mynd til hægri



að sjá nú). Í honum sjást 4-5 umför af hleðslu og neðst í honum stóð vatn þegar skráningin var gerð (júlí 2017). Svolítill gróðurkragi er í kringum brunninn nema helst að norðaustan. Brunnurinn var notaður af íbúum í Pálshúsi 029, í Róshúsi 030 og stundum íbúum á Hjalla 027.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Úr þagnarhyl, 36

**NM-252:177** gryfja óþekkt

734278 541080

Niðurgröftur er ofan á klettum frammi á austurbakka Vestdalsár. Þar virðist eitthvað mannvirki hafa staðið, e.t.v. lítið hús, en hlutverk þess er ekki þekkt. Grösugt tún er norðaustan við klettana frammi á árbakkanum, í brekku mót suðaustri. Allhótt er fram af klettunum niður í árfarveginn.



*Niðurgroftur NM-252:177 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til suðurs*

Gryfjan er fremur ferköntuð og er grunn. Hún er 4x3,4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gryfjan er 0,2-0,3 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:178** vegur leið (herminjar)

734202 541000

Vegur liggur upp á Neðri-Hjalla um miðbik hans og má greina merki hans frá Eyrarvegi/Vestdaleyrarvegi, þvert yfir íbúðasvæðið ofan við veg og upp þverbratta brekkuna og þá til norðausturs. Þennan veg gerði herinn eftir að Erlendína Jónsdóttir á Hjalla hafði bannað þeim að nota vegarslóða sem var vestar í túninu (og um tún hennar) og Dagbjartur maður hennar hafði gert sem kerruveg nokkru fyrir (sjá 204). Í Seyðfirskir hernámsþættir segir um eftirmála þessa máls: "Niðurstaða þessa máls varð að lokum sú, að



*Vegurinn sem herinn gerði upp á Hjalla NM-252:178 uppmældur (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af sama vegi, horft til norðurs*



akvegur var gerður upp snarbrattan Hjallann neðan frá Eyrinni. En svo brattur var vegur sá, að þær einar bifreiðar gátu farið um hann, sem höfðu mjög aflmiklar vélar." Vegarslóðinn sést vel í brattanum sem er upp á Neðri-Hjalla, um 60 m norðan við Eyrarveg.

Vegurinn liggur í sveig upp á Neðri-Hjalla, vestan við þar sem klettabeltinu austast í hjallanum sleppir.

Svæðið umhverfis er grasi gróið. Vegurinn hefur verið skorinn inn í brekkuna og vafalaust hefur verið hlaðið undir hann á köflum. Hann er mjög brattur á kafla en 3-4 m breiður. Hann sést best á um 50 m kafla í sjálfri brekkunni þar sem hann liggur fyrst til norðurs, beygir þá í um 100° til austurs og virðist svo liggja í a.m.k. 35 m áður en hann hefur beygt aftur til norðurs og hverfur í deiglendi. Vilborg Dagbjartsdóttir man ekki eftir að keyrt hafi verið upp brattann en man að tröppur voru gerðar þar upp þar sem hermönnunum þótti það talsvert bratt að ganga þarna upp. Ekki sáust greinileg ummerki um tröppurnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 49

**NM-252:179** tóft fjárhús

734289 541158

Grasi gróin tóft er á mörkum tveggja vestustu túnanna sem sýnd eru á korti af Vestdalseyri frá 1920 og voru austan við Vestdalsá. Á kortinu er ekki sýnt hús á þessum stað og bendir það líklega til þess að það hafi verið komið úr notkun þegar það var gert. Ætla má að þetta séu leifar af öðrum hvorum fjárhúsum sem talin eru upp í Fasteignamati 1916-1918 og tilheyrðu Vestdalsgerði 005 (sjá einnig 165). Húsin eru mjög áþekkt að stærð, um 4 m á lengd, 3,2-3,7 m á breidd og 2,7-3 m á hæð. Um húsin segir: "Bæði fjárhúsin eru byggð með grjóttveggjum á 3 vegu, en timburstafni á 1 veg. Þakið er járn á rimlum." Tóftin er um 60 m suðvestan við fjárhústóft 165 og 80 m VSV við bærarstaði Vestdalsgerðis 005.



*Fjárhús NM-252:179 uppmæld (til vinstri) en til hægri er af tóftinni horft til SSA*

Stærstur hluti túnanna er í brattri brekku mót suðaustri en tóftin er á flata í brekkunni. Túnið er þýft og grösugt. Lítið lækjargil er fast ANA við tóftina. Meint fjárhústóft er 10x11 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin virðist skiptast í þrjú hólfi. Í suðurenda er niðurgrafið hólf I sem er 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er 0,3 m lægra en hólfið norðan við það. Ekki er hlaðinn veggur á milli þeirra. Hólf II sem er sunnan við hólf I er stærsta hólfið í tóftinni, um 3x3 m að innanmáli. Op virðist vera því á miðri norðurhlið tóftar, uppi í brekku sem kemur á óvart. Ekki er útilokað að op hafi einnig verið í norðvesturhorni. Að lokum er lítið hólf III við norðausturhorn tóftarinnar. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í suðurenda. Mögulega er einnig op inn í það úr norðausturhorni á hólfi I. Tóftin er mjög gróin og virðist að mestu torfhlaðin en líklega er einnig eitthvað grjót í veggjum. Hún er sigin og aðeins farin að ganga í þúfur. Veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd og víðast 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 21


**NM-252:180** Hvolsbrunnur

brunnur

734258 540997

Hlaðinn brunnur er um 25 ofan (norðan) við Eyrarveg 035 en 14 m norðaustan við Höllina 003.

Brunnurinn er flatanum upp af Vestdalseyrinni, þar sem flest húsin í Þorpinu stóðu. Ofar tekur við



*Brunnur NM-252:180 uppmældur til vinstri. Horn hleðslu koma illa út á uppmælingu. Til hægri er ljósmynd af brunni. horft til vesturs*

Neðsti-Hjalli og neðar malarvegur og flatlend eyri að fjöru. Þarna er þurr slétta vaxin grasi. Brunnurinn er um 1 m í þvermál og grjóthlaðinn að innan. Steypuleifar eru í honum efst og mynda þær kassa sem væntanlega hefur verið lokað með tréhlemmi. Brunnurinn er um 0,4 m á dýpt (þ.e. dýptin sem nú er greinileg) og sjást 3 umför af grjóti ofan í honum. Í kringum hann eru óljós ummerki/kragi sem er samtals 3,5-4 m í þvermál. Vilborg Dagbjartsdóttir getur um brunninn í umfjöllun um lífið á Vestdalseyri í Tímariti Máls og menningar og segir "...stóri Hvolbrunnurinn sem var djúpur brunnur, eiginlega á miðri eyrinni, steinhlaðinn og byggt yfir hann og stór brunnsveif. Þarna söfnuðumst við alltaf saman, krakkarnir, á haustkvöldum þegar farið var í útilegumannaleik. Leikirnir voru árstíðaskiptir og á haustin var alltaf farið í útilegumannaleik. Sá sem var "hann" stóð við brunninn og allir földu sig, síðan kallaði hann hátt svo heyrðist um alla eyrina: Útilegumenn eru komnir á kreik! Svo var byrjað að leita." Brunnurinn var djúpur og mjög góður og þar var ætíð geymd skjóla samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur og var steypit í kringum hann. Samkvæmt henni sóttu íbúar í Bergþórshúsi, Pétursborg, Hvolshúsunum, Guðnahúsi og fleiri húsum á Eyrinni vatn í þennan brunn.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Vilborg Dagbjartsdóttir, 1989, 411

**NM-252:181** hleðsla óþekkt

734292 541187

Efst í túni Vestdalsgerðis, suðvestan undir Gerðisklettum er L-laga hleðsla fast vestan við garðlag 169 og



*Hleðsla NM-252:181 uppmæld (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af hleðslunni horft til NNW*

70 m vestan við Vestdalsgerði 005.

Túnið er í allbrattri brekku mót suðaustri. Lækur sem skiptir túninu upp er fast VSV við hleðsluna. Hleðslan er 7x6 m að stærð og vísar horn hennar til vesturs. Á VSV-hlið er nokkuð sannfærandi hlaðinn veggur en á NNV-hlið er aðeins sýnileg innri brún veggjar sem grafinn er inn í brekkuna. VSV-veggurinn er 1,5 m á breidd og 0,4 m á hæð utanmáls. Stór steinn er í SSA-enda hans. Hlutverk minjanna er óljóst en hleðslan kann að hafa tengst garði 169 og gæti verið hluti af aðhaldi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:182** hús fjós

734265 541029

Fimm húsum á lóð Kirkjuhvals 004 er lýst í Fasteignamati frá 1916-1918. Á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 eru merkt fjögur hús á þessum slóðum og helst er að giska á að húsið sem vanti sé fjósið sem hér er skráð (sjá einnig fornleif 004, 184 og 186). Um það segir "d. Fjós. stærð l. 5,7 m br. 4,1 m h. 3 m. Veggir og gólf úr steinsteypu, þak járnavarið." Steypuleifar af húsi eru alveg upp við Kirkjuklett um 45 m norðan við Eyrarveg en 26 m vestan við Vestdalsá. Renna gengur frá húsgrunninum og til suðausturs að þeim stað þar sem nú sjást steypuleifar eftir bragga, sjá 202. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið nýbyggt 1916-18.



*Leifar fjóss NM-252:182. Á mynd til vinstri er horf til austurs en til NNA á mynd til hægri*

Á grasflöt neðan við klettabeltið sem markar af Neðri-Hjalla, skammt innan (vestan) við Vestdalsá. Steinsteyppt hús er á þessum stað og stendur það enn nokkuð vel að því frátöldu að ekkert þak er á því. Húsið er 5,5 x 4,5 m að stærð og snýr VSV-ANA. Þykkt veggja sem eru steinsteypptir eru um 0,2 m. Húsið er ein hæð. Dyr hafa verið sunnarlega á vesturgafli og við hlið þeirra gluggi. Annar gluggi var á miðjum austurvegg og neðst á sama veg er lítið op niður við jörðu og hefur líklega renna legið frá húsinu og til suðausturs. Gamall pottofn liggur fyrir utan húsið. Inni í húsinu miðju er niðurgrafin járantunna. Að húsabaki er niðurgroftur, ferhyrndur og liggur rennan frá þessum niðurgreftri og til suðausturs. Á þessum stað var fjós og hlaða samkvæmt Jóhanni Sveinbjörnssyni heimildamanni. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir var mikill flór við húsið og var hægt að ýta flórnum út í forina og frá henni var renna. Hún telur að oftast hafi verið 3-4 kýr í fjósinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 30



**NM-252:183** tóft hlutverk óþekkt

734127 541281

Lítill tóft er í brekkurótum undir klettum, um 150 m norðvestur af Efrifossi í Vestdalsá og 250 m



*Lítill tóft NM-252:183 uppmældur (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af tóftinni horft til SV*

norðvestan við Vestdalsgerði 005. Um 5-7 m háir þverhniptir klettar eru um 3 m ofan (norðan) við tóftina. Brött grasivaxin brekka er neðan klettanna en neðan hennar þýfð grasflöt að læk sem rennur til suðausturs ofan í Vestdalsárgljúfur.


Tóftin er einföld og grjóthlaðin, um 4,5 x 4 m að stærð og snýr NNV-SSA. NNV- og ANA-hliðar eru grafnar inn í brekkuna. Þær eru um 0,8 m háar og er byrjað að vaxa yfir grjót í hleðslum. SSA- og VSV-hliðar eru mun lægri, aðeins um 0,15 m háar að innan og eru hlaðnar úr grjóti. SSA-hlið er aðeins hærri að utan, um 0,4-0,6 m. Mikill gróður er inni í tóftinni; gras, blágresi og sóleyjar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Hún er mjög lítil og gæti hafa gegnt hlutverki smalakofa þó að ekki sjást vítt um frá tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:184** hús hlaða

734254 541020

Tvö stakstæð hús eru merkt inn á kort af Vestdalseyri í Kirkjuhvolsþyrpingunni og er hér skráð það nyrðra. Það var fast vestan við nyrðra hús Hildarhús/Kirkjuhvol 004 og norðan við 186. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er fjallað um húsin á þessum slóðum. Ekki er hægt að vera viss um hvaða hús á korti af Vestdalseyri á við hvaða hús í lýsingu (sjá einnig fornleif 004, 182 og 186) en hér er gert ráð fyrir að það hús sem merkt er inn á kortið norðan við 186 sé mögulega hlaða sem þar er lýst. Í lýsingu á því segir: "e. Heyhlaða, stærð l. 5,4 m. br. 4,1 m. h. 3,9 (u.h.2,4 m). Viðbyggt þurrkhús, stærð 5,7 m l. 2,8 m h. 2,2 m.



*Ummerki um hús NM-252:184 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til norðurs*

Þak járn á rimlum"

Húsið stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin þótt húsgrunnar og aðrar leifar sjáist víða þegar að er gáð og á einstaka stað leynist enn húsgrunnar. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem húsið stendur, undir lágu klettabelti.

Á þeim slóðum sem húsið virðist hafa verið samkvæmt korti af Vestdalseyri frá því um 1920 eru ógreinileg ummerki. Ekki eru minjarnar skýrar en greinilega má finna fyrir grjóti undir fæti og hægt að marka af líklegt svæði fyrir hússtaðið með því að lesa í það og gróðurfar. Svæðið er annars á kafi í gróðri (þegar skráð var í júlí 2017) en meiri mosagróður er þar sem leifar veggja leynast undir gróðrinum. Gróflega ætlað er svæðið 8-9 m á kant. Greinilegur hryggur markar af svæðið til vestur. Ekki er víst að þau ummerki sem greinilegust eru á þessum stað séu um það hús sem stóð þegar kortið var gert.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 frá um 1920, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 30

**NM-252:185** tóft skemma

734221 541255

Torfhlaðin mótóft er á þurrlendri hæð vestast í mógröfum 187 ofan við tún Vestdalsgerðis 005.

Tóftin er í gröslugum þýfðum móa en mýrlendi er austan við hana. Alldjúpt lækjargil er norðvestan við tóftina.



*Tóft NM-252:185 uppmæld (til vinstri) en til hægri er ljósmynd af tóftinni horft til suðurs*

Tóftin er tvískipt, er 14x7 að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Syðra hólfið er 4x2,5 m að innanmáli og það nyrðra er aðeins minna; 3,5x2 m að innanmáli. Bæði snúa þau eins og tóft. Engin op eru sýnileg á tóft eða milli hólfa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**NM-252:186** Grúðabúð/Grúðahús heimild

734258 541011

Tvö stakstað hús eru merkt inn á kort af Vestdalseyri í Kirkjuhvolsþyrpingunni og er hér skráð það syðra (sjá 184 fyrir það nyrðra). Húsin gætu verið þau hús sem nefnd eru Grúðahús og Grúðabúð sbr. lýsingu í Múlaþingi: "Í annarri röð ofar [vegar, sjá 035]: Yst Hildarhús, nefndist síðar Kirkjuhvoll, Grúðahús og í því Grúðabúð," Húsið er líklega það sem lýst er á eftirfarandi hátt í Fasteignamati frá 1916-1918: "Geymsluhús: Stærð 1 6,45 m, br. 3,9 m h. 3,5 m. Timburhús, þak pappaklætt. Notað fyrir sölubúð af Einari kaupmanni Helgasyni." Húsið sem hér skráð var fast vestan við Hildarhús/Kirkjuhvól 004 og sunnan við 184. Vilborg Dagbjartsdóttir heimildamaður mundi ekki eftir þessum húsum eða heitinu Grúðabúð/Grúðahús enda fell það í snjóflóði ári 1930 samkvæmt sveitum og jörðum í Múlaþingi. Í bókinni segir: "Grúðahús og í því Grúðabúð (féll fyrir snjóflóði um '30, menn í húsinu sakaði ekki)."



Húsið stóð í litlu þorpi en ummerki þess eru að mestu leyti horfin þótt húsgrunnar og aðrar leifar sjáist víða þegar að er gáð og á einstaka stað leynist enn húsgrunnar. Á þessum stað er grasflöt sem nær frá fjöru og upp að brekkurótum. Sumstaðar er nokkuð deiglent ofarlega á flötinni en ekki þar sem húsið stendur, undir lágu klettabelti.



*Tóft Hús NM-252:186 merkt inn á uppdrátt af Vestdalseyri frá því fyrir 1920 og hluti sömu húsabyrpingar merktur með rauðu á ljósmynd frá því snemma á 20. öld. Ljósmynd líklega tekin af Emelíu Blöndal fyrir 1922. EIV0418/Ljósmyndasafn Austurlands.*

Á þeim slóðum sem húsið virðist hafa verið samkvæmt korti af Vestdalseyri frá því um 1920 fundust engin skýr ummerki. Húsið sést á ljósmynd sem líklega var tekin af Emelíu Blöndal fyrir 1922 og er tekin eftir einhverja athöfn í kirkjunni á Vestdalseyri. Af henni að dæma hefur húsið snúið þvert á mörg af húsunum á þessum slóðum eða norður-suður og verið litið einlyft timburhús, án ris. Stór gluggi var á suðurgafli og við vesturhlíð var skúrbygging meira en hálfa lengdina (að norðanverðu).


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 frá um 1920, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 30, Ljósmynd EIV0418, Sveitir og Jarðir í Múlaþingi, 482

**NM-252:187** náma mógrafir

734232 541243

Nokkuð greinilegar mógrafir eru austan við mótóft 185, í mýrlendi ofan við tún Vestdalsgerðis 005, norðvestan við Gerðiskletta. Mýrlendið sem mógrafirnar eru í er grösugt, smáþýft svæði sem virðist að mestu leyti þurrt (júlí 2017).



*Á uppmælingu til vinstri eru mógrafirnar NM-252:187 afmarkaðar og þar sést líka mótóft 185. Á ljósmynd til hægri er horft yfir grafirnar til VSV*

Mógrafirnar eru á svæði sem er 170x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Til norðvesturs afmarkast það af djúpu lækjargili, til norðurs af skurði 189 og annarsstaðar afmarkast það af klettum og hæðum. Ummerki um móskurð eru hvað greinilegust suðvestast á svæðinu, í kringum lága hæð sem mótóft 185 er á. Grafirnar eru þó ekki djúpar og eru 0,5-0,6 m upp á bakka þeirra þar sem þær eru dýpstar.




**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:188** mannvirki herminjar (skotgrafir?)

734262 541058

Tröllaukin tóft er byggð utan í (austan í) Kirkjuklett, um 5 m vestan við Vestdalsá um 60 m ofan við (nordan við) Eyrarveg 035. Mannvirkið er byggt vestan og suðvestan í Kirkjuklett, við árbakkann. Stikaður



*Hryggur NM-252:188 uppmældur (til hægri). Á ljósmynd er sami hryggur, horft til SSA*

göngustígur sem liggur upp að Fossi 079 og áfram liggur yfir suðurgafli mannvirkisins. Aðeins eru 10-15 m frá klettinum og að Vestdalsá.


Mannvirkið er líklegast herminjar, mögulega skotgrafir. Það er byggt upp við klettabeltið sem er allt að 5 m hátt á þessum stað og myndar vesturhlið (eða VSV hlið) þess. Það er um 15 x 8 m stórt og snýr NNV-SSA. Hægt hefur verið að komast ofan í það suðaustarlega, við suðurgafli, milli hleðslu og klappar. Svo virðist sem mannvirkið hafi verið niðurgrafið og veggjum hrúgað upp austan og nordan við niðurgroftinn. Hæð hryggjanna sem marka mannvirkið af er allt að 2-2,5 m þar sem mest er en þeir mjókka upp. "Veggir" eru grasi vaxnir og ávalir. Frá þessum stað sést ágætlega út Seyðisfjörð. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir var vígi á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:189** renna áveita

734304 541354

Þrír samtengdir framræsluskurðir eru í mýri um 250 m norðaustur af Vestdalsárfossi. Skurðirnir mætast í einum punkti um 330 m vestur af bæ 001.



*Áveitukerfi NM-252:189 uppmælt til hægri. Á ljósmynd er horft til VSV*

Skurðirnir eru í mýrlendi í aflíðandi halla til suðvesturs. Mýrin er afmörkuð af klettum til suðausturs en til norðvesturs af lækjum sem renna í suðvestur ofan í Vestdalsárgljúfur. Skurðirnir þrír eru

á um 155 x 60 m stóru svæði sem snýr ANA-VSV. Þeir fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Skurður A er vestast og liggur um 50 m austur-vestur. Frá austurenda skurðar A liggur skurður B um 110 m norðaustur og frá sama punkti liggur skurður C um 70 m norður. Skurðir A og B eru um 0,5 m breiðir og fullir af vatni og hálfgrónir störum. Um 10 cm eru niður á vatnsyfirborð. Uppkast úr skurðunum er sunnan við þá, ruðningar sem eru 1-1,5 m breiðir og 20-30 cm háir. Skurður C er mjórri en skurðir A og B, um 0,3 m á breidd. Hann er 0,3-0,5 m á dýpt og þurr.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:190** tóft útihús

734683 541337

Lítill tóft er á vesturbakka Vestdalslækjar litlu ofar og norðaustar en hesthústöft 130 og 60 m suðaustan við bæ 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða þar sem hún er í heimatúninu. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs í túni en er í stórhættu vegna landbrots því það brýtur af bökkum lækjarins.

Tóftin er vel gróin en grjót sést í henni og má ætla að hún sé torf- og grjóthlaðin. Tóftin er einföld



*Uppmæling á brunni NM-252:190 til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs*

og er um 6 m í þvermál. Ekki er skýrt op á henni en fjárgata liggur í gegnum hana og rýfur veggj á norður- og suðurhlíðum. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,6-0,7 m á breidd. Umfang þeirra gefur til kynna að þeir hafi ekki borið þak, til þess hafa þeir þurft að vera stöndugri. Einnig getur verið að hlöðnu veggirnir séu undirstöður timburhúss og það skýri hversu umfangslitir þeir eru.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**NM-252:191** hleðsla herminjar? (vörslu-/skotbyrgi?)

734313 541243

Uppi á Gerðisklettum er hleðsla sem myndar stall á milli kletta. Hleðslan er 10 m norðan við hleðslu 193, 15 m austan við túngarð 118 og 70 m norðvestan við Vestdalsgerði 005.

Gerðisklettar eru grónir klettir rétt utan við túnið í Vestdalsgerði. Af þeim sést nokkuð vítt yfir fjörðinn.



*Hleðsla NM-252:191 uppmæld til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til vesturs*




Hleðslan er um 5 m á lengd og 4 m á breidd. Með klettunum myndar hún stall sem er um 5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er um 0,4 m á hæð og hefur hrúnið úr henni til suðausturs. Hún er óvönduð og úr fremur misstóru eggjagrjóti sem er skófum vaxið en mannvirkið er ungt að árum. Klettarnir sem eru í kringum stallinn og afmarka hann að hluta eru um 0,5 m á hæð. Ofan á hleðslunni er uppgerður gamall gaddavír. Hlutverk þessara minja er óþekkt en ekki er útlokað að þær tengist umsvifum hernámsliðsins á Vestdalseyri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:192** þúst herminjar (byssustæði?)

734372 541241

Grjótstallur, líklega undirstöður loftvarnarbyssu frá hernámsárunum, er efst í túni Vestdalsgerðis 005, austan undir Gerðisklettum. Héðan sést nokkuð vítt yfir fjörðinn sunnanverðan og Vestdalseyrina.



*Grjótstallur NM-252:192 uppmældur til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til suðausturs*

Mannvirkið er í túnjadrí, efst í brekku. Grasgróður er í kringum það en ofan við það er mói og klappir.

Stallurinn er hlaðinn úr grjóti og er 5,5x4,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Í honum er stórt grjót neðst eða yst og smærra grjót, allt niður í grófa malarstærð, inni í kjarnanum. Stallurinn er kúptur að ofan og hola í hann miðjan, mögulega er það yngra rask. Hæstur er stallurinn 1,1-1,2 m en hrúnið hefur úr honum til ASA undan halla. Röð af stórgrýti gengur út frá stallinum til VSV á 5 m löngum kafla. Það gæti verið náttúruleg grjótröð en hún virðist hlaðin og sést í henni eitt umfar. Þarna á mörkum túns og móa er jarðrask eins og rof en það gæti hafa orsakast af framkvæmdum við grjótstallinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:193** þúst hlutverk óþekkt

734317 541229

Nokkuð afgerandi manngerð grjótpúst er skammt frá og neðan við hleðslu 191 á Gerðisklettum um 60 m norðvestan við Vestdalsgerði 005. Klettarnir eru að miklu leyti lausir við smágrjót eða laust grjót og sker þessi þúst sig frá umhverfinu.

Gerðisklettar eru grónir klettir rétt utan við túnið í Vestdalsgerði. Af þeim sést nokkuð vítt yfir fjörðinn. Þústin virðist vera um 5 m á lengd og 1,5 m á breidd en talsvert hrun er fyrir neðan hana á um 2



*Grjótpúst NM-252:193 uppmæld til vinstri. Til hægri ljósmynd af sama stað, horft til norðausturs*

m breiðu svæði. Grjótið er í henni er fremur smátt og kantað. Engar hleðslur sjást í þústinni sem er ekki




hærri en 0,2 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt eða hvers kona mannvirki hún hefur verið hluti af.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:194** garðlag túngarður

734364 541206

Lágur garður er í túni Vestdalsgerðis 005 um 4 m ofan við (norðan við) bæjarstæðið og 3 m suðvestan við þúst 196.



*Túngarður NM-252:194 uppmælt til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til SV*


Garðurinn er í grasi vaxinni brattri hlíð í halla til suðausturs. Klettabelti eru efst í hlíðinni. Garðurinn er um 37 m langur, 1,2-1,5 m breiður og liggur norðvestur-suðaustur. Hann rís hæst um 20 cm og er efri brún víða óljós, einkum í norðvesturhluta. Garðurinn er grasi vaxinn og sker sig ekki úr umhverfinu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann hefur gegnt en líklegast er að hann sé gamall túngarður. Hann virðist samt ekki vera í tengslum við aðra garða á svæðinu og óvíst að hann sé samtíða þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:195** renna áveita

734288 541272

Tveir samtengdir skurðir eru í mýri um 200 m austur af Neðrifossi í Vestdalsá, fast norðan við túngarð 118 og 90 m norðvestan við Vestdalsgerði 005. Í sömu mýri eru mógrafir 187. Skurðirnir eru í mýrlandi í aflíðandi halla til suðvesturs. Mýrin er afmörkuð af klettum til suðausturs en til norðvesturs af lækjum sem



*Áveita NM-252:195 uppmæld til vinstri en horft yfir sama svæði á ljósmynd til hægri (horft til SV)*

renna í suðvestur ofan í Vestdalsárgljúfur.

Skurðirnir eru á um 32 x 12 m stóru svæði sem snýr norður-suður. Þeir fá bókstafi til aðgreiningar. Skurður A er um 32 m langur og liggur í norður frá garði 118. Um 6,5 m frá norðurenda skurðar A liggur skurður B um 12 m til vesturs. Skurðirnir eru mjóir, 10-15 cm breiðir og um 30 cm djúpir en víða er hálfgróið yfir skurðina. Skurður B er nánast þurr á köflum en meira vatn er í skurði A. Frá skurði A liggur lækur sem hefur grafið sig gegnum garð 118.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:196** þúst herminjar?

734391 541237

Stór grjóthrúga er efst í túni Vestdalsgerðis, ofan við stóra klöpp og litlu austan og neðan við grjótstall 192, meintar herminjar. Þústin gæti hafa myndast við grjóthreinsun í túninu en einnig gæti hún tengst umsvifum hernámsliðsins á svæðinu.

Mannvirkið er í sléttuðu túni í halla til suðausturs. Þústin er egglega og er 3x3,5 m að stærð, snýr norður-suður. Allstórt grjót er yst í þústinni, við ytri brúnir. Smærra grjót innar í þústinni, í kjarnanum. Mesta hæð er 0,3 m. Víðast sést aðeins eitt umfar hleðslu yst en á stöku stað sjást tvö og jafnvel þrjú



*Grjóthrúga NM-252:196 er merkt efst á uppmælingu til vinstri. Sama hrúga sést á ljósmynd til hægri, horft til SA*


umför.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:197** þúst óþekkt hlutverk

734315 541222

Lítill grjótpúst, mögulega fallin varða, er á Gerðisklettum, um 8 m suðvestan við þúst 193 og 60 m norðvestan við Vestdalsgerði. Gerðisklettur er grónnir klettur rétt utan við túnið í Vestdalsgerði. Af þeim sést nokkuð vítt yfir fjörðinn. Þústin er um 1 m í þvermál og 0,1-0,2 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini.



*Hleðsla NM-252:197 uppmæld til vinstri en á ljósmynd til hægri er horft til SSA*


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**NM-252:198** náma mógrafir

734395 541369

Í mýrlendi ofan við kletta á milli Vestdalsgerðis 005 og Vestdals 001 eru ummerki um móskurð, orðin nokkuð ógreinileg. Mógrafirnar eru 50 m vestan við mógrafir 200 og 100 m austan við mógrafir 187. Grasi gróin, smápýfð og deiglend en ekki mjög blaut mýri. Lækur rennur um hana miðja niður á milli kletta og eftir lækjargili á milli túnhluta.



*Mörk mógrafa NM-252:198 uppmæld á mynd til vinstri en horft yfir sama svæði á ljósmynd til vinstri.*


Ummerkin um móskurð sjást aðeins á litlu svæði upp við kletta sem afmarka mógrafirnar til norðurs. Þar eru skýrir kantar á 50 m löngum kafla en ætla má að móskurður hafi verið á svæði sem er um 60x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Viðast eru 0,5-1 m upp á brún grafanna þar sem hún sést.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:199** gryfja hlutverk óþekkt

734279 541210

Norðaustan við Vestdalsá, nærri túnjaðri, efst í brekku hefur bárujárnsplötum verið safnað saman í bunka,



*Mörk gryfju NM-252:199 merkt til vinstri en ljósmynd af sama stað til hægri, horft til SSA*

líklega úr fjárhúsum 167 sem voru 15 m vestar. Þegar reynt var að lyfta járninu sást í holrými undir bárujárninu og mögulegt að þarna sé grunn gryfja. Þó er það ekki víst og var ekki hægt að lyfta plötunum nógu mikið til að fullvissa sig um það. Plöturnar eru orðnar ryðgaðar og samgrónar jörðinni í jöðrum. Meint gryfja er á stalli efst í bröttu túni. Svæðið sem bárujárnsplöturnar hylja er 2,7x2,3 m að stærð og snýr nálega NNV-SSA.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**NM-252:200** náma mógrafir

734471 541392

Mógrafir eru á stalli ofan við kletta um 160 m vestur af bæ 001 á milli mógrafa 198 og 207. Mógrafirnar eru í deigu stölluðu mýrlendi í aflíðandi halla til suðausturs. Mógrafirnar eru í suðausturjaðri mýrarinnar sem markast af klettabeltum. Neðan klettanna er brött grasivaxin hlíð.



Mörk mógrafa NM-252:200 sýnd á uppmælingu til vinstri. Á ljósmynd er horft til VSV


Mógrafirnar eru á um 40 x 35 m svæði sem snýr norður-suður. Grafirnar eru óskýrar en sjást sem afmarkaðir bakkar, víðast um 30-50 cm háir. Þær eru deigar, grónar grasi og mýrargróðri. Mógrafirnar virðast á tveimur stöllum og hefur á efri stalli verið grafið niður á klöpp.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:201** hleðsla kálgarður

734327 541166

Tveir stallar og hlaðinn veggur, hugsanlega leifar af kálgörðum, eru í túni Vestdalsgerðis um 30 m VSV af bæjarstæði 005 og 30 m SSA við túngarð 169.



Mörk mógrafa NM-252:200 sýnd á uppmælingu til vinstri. Á ljósmynd er horft til vestur

Minjarnar eru í brattri grasi vaxinni hlíð í halla til suðausturs. Á um 25 x 23 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur eru tveir manngerðir stallar. Efri stallurinn (A) er um 23 x 8 m að stærð (norðaustur-suðvestur) en sá neðri (B) um 17 x 11,5 m að stærð (norðaustur-suðvestur). Stallarnir eru grasi vaxnir. Einn hlaðinn veggur virðist vera með norðausturhlíð stalls B, um 12,5 m langur og 2,5 m breiður en að öðru leyti afmarkast stallarnir af 30-50 cm háum köntum. Kindagata liggur norðvestur-suðaustur gegnum stallana nærri suðvesturhlíð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:202** heimild um bústað

734282 541009

"...þá [innan við Rauðhús/Ytri-Hjalla] var Sigfúsarhús [085].... Innan við Sigfúsarhús var lítið hús, þar sem þau bjuggu Gísli og Sólveig, foreldrar Gísla Gíslasonar, nú kaupmanns á Seyðisfirði," segir í grein í Alþýðublaðinu þar sem húsaskipan á Vestdalseyri um 1895 er lýst. Samkvæmt heimildum (blaðagrein í Alþýðublaðinu sem lýsir þorpinu rétt fyrir 1900) voru tvö hús á milli Ytri- og Innri-Hjalla en aðeins sjást nú leifar af einni byggingu. Er hér gert ráð fyrir að ummerkin sem sjást séu af Sigfúsarhúsi (sjá 085). Samkvæmt því hefði húsið sem hér er skráð staðið á milli Sigfúsarhúss 085 og Innri-Hjalla 027. Engin ummerki fundust um hús á þessum slóðum. Á Neðrihjalla, grasi grónum hjalla í hliðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er í kring en ofar er klettabelti.

Engin ummerki um húsgrunn fundust við skráningu. Á ljósmynd sem tekin var á því tímabili sem kirkjan á Vestdalseyri var niðri á eyrinni (1894-1922) má sjá hús uppi á Neðri-Hjalla, skammt vestan við Ytri-Hjallabæinn 026 og er það annað hvort það hús sem hér er skráð eða Sigfúsarhús (sjá 085) en það hús var flutt til Seyðisfjarðar í kringum aldamótin 1900. Húsið sem greina má á ljósmyndinni er timburhús sem snýr ANA-VSV. Það er lítið, einlyft og er ekki með kvist. Svo virðist sem dyr hafi verið vestast á suðurhlíð og tveir gluggar á sömu hlið. Af ljósmyndinni má sjá að línulögn hefur legið frá dalnum og niður á Vestdalseyri og er einn staurinn fast austan við húsið.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ljósmyndasafn Austurlands EIV0418

**NM-252:203** tóft hlaða

734352 541170

Fremur ógreinileg tóft er í bröttu túni Vestdalsgerðis um 12 m suðaustan við fjárhústóft 165 og 7 m VSV við brunn 163. Ekki er ólíklegt að hér hafi verið hlaða sem talin er upp með útihúsum í Vestdalsgerði í Fasteignamati frá 1916-1918: "c. Heyhlaða, stærð l. 4,3 m. br. 4,2 m., h. 3,3 m. Járnpak í slám og járnklæddur gafl, annars tréklædd."



*Tóft NM-252:203 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SSV*

Túnið er grasgefið og nokkuð þýft, í talsverðum halla til suðausturs. Tóftin er einföld og nokkuð ferköntuð. Hún er 6x7 m að stærð og snýr VSV-ANA. NNV-hlið tóftar er grafin inn í brekkuna og þar sést ekki skýrt utanmál veggjar. Ekki sést grjótt í veggjum og eru þeir grónir og signir. Mesta hæð þeirra er 0,3 m og mesta breidd 1 m. Ekki er skýrt op á tóftinni en kann að hafa verið á miðri suðurhlíð. Í Fasteignamati kemur fram að veggir hlöðunnar voru ekki hlaðnir og kemur það heim og saman við útlit tóftarinnar. Veggir hennar eru mjóir og lágir og hafa því aðeins verið undirstöður fyrir veggj úr bárujárnri og tré.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 21



*Vegur NM-252:204. Á ljósmynd til vinstri er horft vesturs en til norðausturs á ljósmynd til hægri.*

"Aðgangur að skálahverfinu var ekki auðveldur neðan frá Eyrinni, vegna þess, hve snarbratt er þarna allsstaðar upp á Hjallann. Vegurinn upp að Hjalla lá og liggur að framan frá Vestdalseyrarvegi, skammt fyrir utan sjóhúsin, sem þar eru í fjörunni, rétt fyrir innan Vestadalseyri. Veg þennan hafði Dagbjartur bóndi á Hjalla eitt sinn gert akfæran fyrir hestvagn, en reyndist nú of mjór fyrir ökutæki Breta. Var nú hafin þarna vegbót og vegurinn breikkaður svo að fara mátti hann á bifreiðum. Áform Breta var nú að fara þarna eftir vegin þessum upp á Hjallann og út yfir túnið á Hjalla hjá þeim Dagbjarti og Erlendínu og fá á þennan hátt aðgang að skálaþorpi því, sem þarna var á Ytri-Hjalla." Síðan greinir frá því hvernig umferð um veginn var slæm fyrir búskap og endaði með því að Erlendína dró fram haglabyssu og miðaði á truckinn. Eftir það var samið um að vegurinn yrði ekki notaður og þess í stað var gerður vegur annarsstaðar (sjá 178) og áfram heldur frásögnin: "Niðurstaða þessa máls varð að lokum sú að akvegur var gerður upp snarbrattan Hjallann neðan frá Eyrinni. En svo brattur var vegur sá, að þær einar bifreiðar gátu farið um hann, sem höfðu mjög aflmiklar vélar." "Þau Dagbjartur [Guðmundsson] og Erlendína [Jónsdóttir] höfðu umráð yfir kotinu Ytri-Hjalla litlu utar í brekkunni [en Hjalli] en á túni þess býlis uppi á hjallanum hafði breska setuliðið reist marga skála í heimildarleysi. Dagbjartur hafði lagt kerruveg innanvert af Eyrinni upp að húsinu á Hjalla. Breikkuðu Bretar veginn og hugðust nýta hann til að komast að skálahverfinu en til þess þurftu þeir að fara yfir túnið hjá Dagbjarti og Erlendínu. [...] Í framhaldi af þessu [...] tókst samkomulag um endurgjald til þeirra fyrir herskálalóðirnar á Ytri-Hjalla og að umferð yrði aflögð yfir túnið. [...] Skálahverfin á Vestdalseyri og í Háahrauni voru öll rifin niður. Skálarnir voru reistir á steinsteypum sökklum, sem voru fjarlægðir og jarðrask, sem fylgt hafði mannvirkjum þessum jafnað og sléttað svo sem kostur var," segir í Seyðfirskir hernámsþættir. Vegurinn sem um ræðir liggur ofan af vesturenda eyrarinnar og er aflíðandi til NNA upp á túnin. Greinileg ummerki sjást um hann í hlíðinni þótt hann sé nú uppgróinn.

Vegurinn er nú grasi gróinn sneiðingur í hlíðinni sem einnig er grasi gróinn. Grjóthnullungar eru hér og þar.

Vegurinn er víða 2-3 m á breidd og flatur að ofan. Hann sést fyrst skammt (rúmum 10 m) ofan (norðan) við núverandi veg um Vestdalseyri og hann má rekja á ríflega 100 m kafla þar til komið er inn í túnið á Neðri-Hjalla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 46-49, 172-173

#### NM-252:205 þúst heystæði

734469 541419

Afgerandi þúst er í mýrlendi ofan við klettabrún í námunda við túnið í Vestdal, fast vestan við mógrafir 207 og 170 m VNV við bæinn í Vestdal 001. Þústin er í grösugri, allblautri og smáþýfðri mýri í aflíðandi halla til suðurs.





*Púst NM-252:205 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til suðurs*

Pústin er um 5x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,4-0,5 á hæð. Ekki sést innri brún veggja og er hún kúpt að ofan, grösug og þýfð. Puntur vex í henni sem ekki er í kring um hana. Helst kemur til greina að hér hafi verið heystæði en góðar slægjur eru í mýrinni (engjunum) fyrir ofan. Einnig kemur til greina að pústin sé leifar af mótóft en mógrafir 207 eru skammt undan.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:206** gerði kálgarður

734650 541378

Kálgarður er sunnan undir bæjarhól Vestdals 001. Bæjarhóll Vestdals er áberandi hól í bratttri grasi vaxinni hlið. Vestdalslækur rennur til suðurs fast austan við bæjarhól 001. Kálgarðurinn er á grasi vöxnum stelli fast sunnan undir bæjarhólunum. Stallurinn er um 32 x 14 m að stærð en óljóst innanmál kálgarðsins er 24 x 11 m, snýr ANA-VSV. Grjóti hefur verið hlaðið undir neðri brún bæjarhóls ofan við kálgarðinn og undir suðausturhorn kálgarðsins en að mestu er gróið yfir hleðslur. Kálgarðurinn er um 1,2 m neðan við efri brún bæjarhóls. Kantur sem afmarkar ytri brún kálgarðsins er víðast um 1 m há. ASA-hlið er hærri, um 2



*Kálgarður NM-252:206 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri, horft til VSV*


m. Engar áberandi vegghleðslur eru ofan á stallinum sem afmarkar innri brún kálgarðsins nema á VSV-hlið. Um 4 m frá ANA-hlið eru leifar tveggja járnstaura á stallinum, í stefnu NNV-SSA, leifar af girðingu sem hefur afmarkað kálgarðinn á síðustu notkunarstigi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:207** náma mógrafir

734530 541454

Talsvert stórt en ógreinilegt mógrafasvæði er fast norðvestan við Vestdalskletta ofan við tún Vestdals. Mógrafirnar eru 15 m norðaustan við mógrafir 200 og 12 m norðan við garðlag 221.



*Mörk mógrafa NM-252:207 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til vesturs*


Grasgefið deiglent svæði; hallamýrar ofan og neðan við kletta í halla til suðausturs niður að lækjardrögum. Mörk grafanna eru víðast óljós en á stöku stað sést skýr brún sem gefur til kynna hvar mórinn var stunginn efst á svæðinu, uppi á brekkubrun. Sumstaðar hefur verið farið niður á klöpp. Ummerki um mósukurð sjást á svæði sem er um 80x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:208** gryfja hlutverk óþekkt

734635 541421

Lítill gryfja er í túni um 8,5 m norður af bæjarhól 001 og 35 m ANA við tóft 217. Gryfjan er í þýfðu túninu ofan (norðan) við bæjarhól Vestdals. Vestdalsklettar eru ofan við túnið.



*Gryfja NM-252:208 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til austurs*

Gryfjan er ferhyrnd, um 1,5 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 30 cm djúp, grasi gróin og sker sig ekki úr umhverfi. Þúfa er ofan í gryfunni miðri. Hlutverk gryfunnar er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:209** tóft rétt

734708 541526

Grjóthlaðin tóft er á grónum grjóteyrum vestan við Vestdalslæk og austan við vatnsminni læk norðaustan við Vestdal 001. Tóftin er 15 m sunnan við tóft 211 og 40 m norðaustan við tóft 213 en 130 m norðaustan við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er um einhverskonar aðhald að ræða en einnig kemur til greina að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Grasi gróin en grýtt tunga milli lækja. Víða er grónir farvegir á henni. Tóftin er einföld, 10x8,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er hlaðin inn í aflíðandi halla til suðurs. Norðurveggur tóftarinnar stendur best, en hann er 0,7 m á hæð innanmáls og eru 4 umför greinanleg í honum. Veggir tóftarinnar eru rétt innan við 1 m á breidd og utanmáls eru þeir 0,2-0,3 m á hæð. Op er í norðvesturhorni tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:210** tóft hlutverk óþekkt

734686 541440

Gróin grjóthlaðin tóft er 50 m norðaustan við Vestdal 001, í tungu neðan við grónar grjóteyrar á milli Vestdalslækjar og annars vatnsminni lækjar. Tóftin er á milli Vestdalsbæjarins og tóftar 213 sem er 30 m norðar.



*Tóft NM-252:210 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sömu tóft (til hægri), horft til norðurs*

Tóftin er í túni, nokkuð grýttu og þýfðu. Norðar er minni grasvöxtur og mikið grjót á grónum eyrum milli lækja. Lítil dýjamýri er fast suðvestan við tóftina. Tóftin er einföld, um 7x7 m að stærð. Hún er gróin og sigin og er grafin inn í aflíðandi halla til suðurs. Veggir eru 0,6-0,7 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Innanmáls sjást 2 umför hleðslu og þar er veggur í norðurenda 0,5 m á hæð. Op inn í tóftina er á miðjum suðurvegg. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hér gæti verið um einhvers konar aðhald að ræða. Veggir hennar eru það lágir og mjóir að ólíklegt er að þeir hafi borið þak. Einnig getur verið að hlöðnu veggirnir séu undirstöður timburhúss og það skýri hversu umfangslitir þeir eru.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:211** tóft hlutverk óþekkt

734708 541551

Grjóthlaðin tóft er á grónum grjóteyrum vestan við Vestdalslæk og austan við vatnsminni læk norðaustan við Vestdal 001. Tóftin er 15 m norðan við tóft 209 og 65 m norðaustan við tóft 213 en 145 m norðaustan við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegast hefur hún gegnt hlutverki útihúss.

Grasi gróin en grýtt tunga milli lækja. Víða er grónir farvegir á henni. Tóftin er einföld, grjóthlaðin og gróin. Hún er eggлага, 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Tóftin er hlaðin inn í gróna grjótskriðu. Veggir hennar eru signir, á einum stað sjást 3 umför í hleðslum utanmáls en veggir eru hæstir um 0,5 m.


**Hættumat:** engin hætta



**NM-252:212** garðlag túngarður

734610 541475

Umfangslítill grjótgarður sést á stuttum kafla norðaustarlega á Vestdalsklettum, 70 m NNV við bæ 001 og 65 m vestan við tóft 213. Aldur garðsins er ekki þekktur en hann virðist ekki forn og hefur líklega verið hlaðinn undir girðingu.



*Garðlag NM-252:212 uppmælt (til vinstri) en ljósmynd af sama garðlagi til hægri horft til SV*


Garðurinn liggur eftir grónum klöppum. Í þeim er holtagróður en mýrlent er ofan við þær. Garðurinn er 24 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Í hleðslunni eru ýmsar stærðir af grjóti og sumstaðar stórgrýti sem nýtt hefur verið í hleðslurnar. Garðurinn er 0,3-0,4 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Hleðslur eru hrundar og sjást mest 2 umför.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:213** tóft útihús

734682 541478

Allstór tóft af einhvers konar útihúsi er á gróinni tungu milli efst í túni Vestdals, Vestdalslækjar og annars vatnsminni lækjar. Tóftin er 30 m norðan við tóft 210 og 70 m norðaustan við Vestdalsbæinn 001. Tóftin er í túni, nokkuð grýttu og þýfðu. Norðar er minni grasvöxtur og mikið grjót á grónum eyrum milli lækja.



*Útihústóft NM-252:213 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri, horft til suðurs*

Tóftin er 13x9,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er öll grjóthlaðin og mismikið gróin. Tóftin skiptist í þrjú hól. Aðalrýmið (hólf I) er suðvestast í tóftinni og kann að vera yngri en aðrir hlutar tóftarinnar. Þetta hólf er 4x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því á suðurgaffli, næst austurlangvegg. Innst (nyrst) í hólfinu er hlaðinn stallur undir jötu, eftir öllum gaflveggnum. Hann er 0,5 m á hæð. Mesta hæð veggja innanmáls er 1,2 m á vesturvegg. Þar sjást 4 umför. Lítillega hefur hrúnið úr miðjum veggnum en almennt er fremur lítið hrúnið úr veggjum hólsins. Mesta hæð hólsins og tóftarinnar utanmáls er um 0,5 m. Þar sjást líka 4 umför. Veggir í hófi I eru 0,6-0,7 m á breidd. Hólf II er austan við hólf I og eru veggir þess nánast útflattir. Óvíst er að þeir hafi verið hlaðnir hátt en þessi hluti tóftarinnar gæti líka tilheyrt eldra mannvirki. Hæð veggja í því er 0,1-0,2 m. Hólfid er um 4x2 m að innanmáli og snýr

norður-suður. Op er á því til beggja enda, upp við hól I. Hefur nyrðra opið líklega myndast vegna rofs. Nyrst í tóftinni er hól III sem er að miklu leyti grafið inn í hallann sem túnið er í. Ekki eru grjóthleðslur á vesturvegg þess en á norðurvegg er grjóthlaðinn kantur og hlaðinn veggur er á austurhlið. Op er á því í suðausturhorni. Veggir hólfsins eru signir og líkjast veggjum í hólfi II. Þeir eru 1 m á breidd og 0,2 m á hæð utanmáls.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:214** mannvirki brunnur

734125 541014

Lítið steinsteypt mannvirki frá Innri-Hjalla, um 10 m beint ofan við (norðan við) bæ 027, undir klettum.

Mannvirkið er steinsteypt og er í grasi gróinni brekku sem hallar til suðurs. Mannvirkið er niðurgrafið og byggt utan í klettavegg. Það er um 2 x 1,7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Það er steinsteypt en kletturinn ofan við myndar norðurhlið þess. Mannvirkið stendur mest um 0,2 m upp úr brekkunni en er allt að 1,7 m á dýpt en rusl er nú í botni þess. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni var



*Brunnur NM-252:214 uppmældur (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SSA*


mannvirkið brunnur sem faðir hennar steypiti og veitti köldu vatni úr honum og inn í bæ. Var Hjalli eina húsið í þorpinu með rennandi vatn en brunnurinn þornaði þó stundum og þurfti þá að ná í vatn í brunna í þorpinu og sóttu þau mest vatn í brunn 176 sem var fyrir ofan Pálshús og Róshús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:215** garðlag túngarður

734575 541381

Stórþýfður hryggur sem líkist helst garðlagi er í túni Vestdals undir Vestdalsklettum, fast austan við suðurenda fjárhúsa 131 og 30 m vestan við bæ 001. Meintur garður er á hjalla í mjög stórþýfðum hluta túnsins.



*Túngarður NM-252:215 uppmældur (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til ANA*



Garðurinn sést á 22 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Garðurinn er mjög þýfður og sundurskorinn af fjárgötum sem liggja um svæðið. Hann fjarar út til beggja enda. Hlutverk garðsins er óljóst, mögulega er þetta hluti af gömlum túngarði eða aðhaldi innan túns.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:216** brunnur

734130 541011

Niðurgröftur sem virðist hafa verið grjóthlaðinn að innan og helst er að giska á að hafi verið brunnur er um 4 m norðan við Innri-Hjalla 027 norðanverðan. Brunnurinn er skammt frá brekkurótum. Umhverfis er grasi gróin brekka í halla til suðurs en ofar klettabelti sem markar af hjallann fyrir ofan, Efri-Hjalla.



*Brunnur NM-252:216 uppmældur (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SA*

Niðurgröfturinn er um 1 m í þvermál en þó ívið lengri norður-suður en austur-vestur. Ekki er ljóst hvort hann hefur verið kantaður eða rúnaður þar sem hann er fallinn saman og yfirgróinn og mikið grjót þar að auki í dældinni. Hún er nú aðeins 0,2 m á dýpt. Í framhaldi af niðurgreftinum liggur dæld til austurs og suðurs og virðist þar enda í uppbornaðri lækjarsprænu á flatlendi sem skorið hefur verið inn í brekkuna. Hafi brunnur verið á þessum stað var hann fallinn úr notkun þegar Vilborg Dagbjartsdóttir, heimildamaður fór að muna eftir sér.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:217** tóft útihús

734601 541401

Mjög sigin og þýfð tóft er í túni Vestdals suðaustan undir Vestdalsklettum. Hún er um 20 m norðvestan við bæ 001 og 10 m ANA við garðlag 215. Ætla má að tóftin sé af útihúsi.



*Tóft NM-252:217 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til VNV*



Tóftin er í þýfðu túni ofan við skarð inn í bratta brekku. Tóftin virðist tvískipt en ekki er sýnilegt op á milli hólfa. Hún er 10x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er breiðust í suðausturenda en í norðvesturenda er hún 6,5 m á breidd. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 1,5 m í þvermál og er op inn í það í suðausturenda. Hólf II er einnig um 1,5 m í þvermál en sá hluti tóftarinnar er mun ógreinilegri en suðausturhlutinn og hólf I. Veggir tóftarinnar eru 1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð, hástir í suðausturenda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:218** gryfja brunnur

734148 541034

Lítill yfirgróin dæld eða niðurgroftur er um 27 m norðaustan við Innri-Hjalla 027 en um 12 m vestan við Sigfúsarhús 085. Svo virðist sem brunnur hafi verið á þessum stað og er hugsanlegt að hann hafi verið notaður af íbúum í því húsið sem stóð áður á milli Innri-Hjalla 027 og Sigfúsarhúsi 085, sbr. fornleif 202.



*Gryfja NM-252:218. Á mynd til vinstri er horft til SA en til suðurs á mynd til hægri*


Ekkert verður þó um það fullýrt. Engar hleðslur sjást lengur í brunninum enda er hann yfirgróinn og hefur misst lag sitt. Brunnurinn er nálægt brekkurótum. Umhverfis er grasi gróin brekka í halla til suðurs en ofar klettabelti sem markar af hjallann fyrir ofan, Efri-Hjalla. Dældin er ríflega 1 m í þvermál ANA-VSV en tæplega 1 m á hinn veginn. Dýpt er 0,3 m. Hún er á kafi í grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:219** mannvirki kálgarður

734537 541353

Stallur, hugsanlega kálgarður, er um 11 m suðvestur af tóft 225, 20 m norðan við hleðslu 243 í laut og 85 m suðvestan við bæjarhól Vestdals 001. Stallurinn er í grasivaxinni hlið í halla til suðausturs, um 35 m neðan við Vestdalskletta. Lækir renna niður hliðina austan og vestan við stallinn.



*Kálgarður NM-252:219 uppmældur (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til norðurs*


Stallurinn er alls um 21,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Um 15,5 x 3 m svæði með u.þ.b. 90° hornum, hefur verið grafið út og sléttur rúnnaður stallur útbúinn neðan og til hliðar við það. Stallurinn er 0,5 m á hæð og er grasi gróinn. Grjót sést á stöku stað í þar sem grafið er úr hallanum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:220** brunnur

734204 541035

Stór og vel hlaðinn brunnur er um 20 m neðan við (SSA) Ytri-Hjalla 026. Hann er um 13 m ofan (norðan) við veg 178 en aðeins um 4 m neðan við kálgarð 228. Brunnurinn er framarlega (sunnarlega) á Neðri-Hjalla. Í kring er grasivaxið svæði, nokkuð deiglent fast austan við en þurrara vestar.



*Brunnur NM-252:220 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til ASA*


Brunnurinn sjálfur er tæpur 1 m í þvermál en umhverfis hann er áberandi krugi sem er 4-5 m í þvermál og ber hann um 0,5 m hærra en umhverfið. Brunnurinn er fallega hlaðinn að innan en timburbjálkar mynda ferhyrning yfir hleðsluopinu og er greinilegt að brunnurinn hefur verið byrgður. Vatn er enn í brunninum og eru 0,3-0,4 m niður á það og þar sjást 2-3 umför af grjóti. Um 2 m innan við brunn eru svolitlar steypuleifar, um 30 x 50 cm, yfirgróið um 0,1 m hærra en jörðin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi mannvirki voru gerð en líklegt er að þau tengist veru hersins á þessum slóðum og líklegt að herinn hafi síðast notað brunninn þótt hann kunni upphaflega að hafa tilheyrt Ytri-Hjalla. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur var þessi brunnur djúpur og gott vatn í honum að öllu jöfnu. Hann var hins vegar ekki yfirbyggður og vatnið í honum átti það því til að verða mórætt í miklum rigningum og hann því ónothæfur um skeið. Hún náði stundum í vatn í þennan brunn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:221** garðlag túngarður

734514 541386

Torfhlaðið garðlag er efst í túni Vestdals, liggur til suðvesturs frá Vestdalsklettum, að lægri klettum. Garðurinn er 100 m vestan við bæ 001 og 8 m norðvestan við þúst 223. Hann hefur gegnt hlutverki túngarðs en óvíst er hvort hann hafi tengst garði 212 eða hvort að þeir hafi verið samtíða. Á svæðinu sem garðurinn liggur yfir er stórþýft deiglendi er norðaustast, þá mýri og svo grasi vaxin kinn upp á klapparholt



*Garðlag NM-252:203 uppmælt (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SV*

suðvestast.


Garðurinn er 60 m á lengd, liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,6-0,7 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Girt hefur verið ofan á hann. Garðurinn er að miklu leyti torfhlaðinn en grjót er líka í honum þar sem það er aðgengilegt í umhverfinu. Lægstur er garðurinn þar sem hann liggur yfir mýri og hefur sigið. Garðurinn hættir að sjást við læk næst Vestdalsklettum í norðausturenda, en þaðan og að klettunum er ógreinileg undirhleðsla og einn járnstaur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:222** gryfja herminjar(efnisnáma)

234201 541024

Greinilegur niðurgröftur (mögulega malarnám) er brúninni á Neðri-Hjalla þar sem Hjallabæirnir standa. Gryfjurnar eru tvær saman og eru þær um 25 m neðan SSA við Ytri-Hjalla 026.



*Gryfja NM-252:222 uppmæld til vinstri en á mynd til hægri er horft til SA*

Gryfjurnar eru í suðurenda Neðri-Hjalla og fast suðaustan við þær tekur við brekka niður á sjálfa Vestdalseyrina. Svæðið er vaxið snöggu grasi en stutt er niður í möl. Á þessum stað er sem fyrr segir tvær dældir, á svæði sem er 9 x 7 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Annars vegar er um djúpa laut (01) að ræða en um 1,5 m eru frá botni og upp í topp. Niðurgröfturinn er um 4,5 m í þvermál en rof er í niðurgreftinum norðaustast. Um 1 m ofan við niðurgröftinn á brúninni er önnur dæld þar sem mögulegt




er að einhver jarðvegur hafi verið stunginn upp 1,5 x 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þarna var grafið, líklega er þetta þó malarnám og ekki er ólíklegt að það tengist framkvæmdum hersins á þessum slóðum, t.d. mögulega vegagerð 178.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:223** þúst heystæði

734512 541369

Nokkuð afgerandi þúst, líklega heystæði eða móstæði, er vestast í túni Vestdals fast norðvestan við tóft 225. um 10 m sunnan við túngarð 221 og 100 m vestan við bæ 001. Þústin er á þýfðu svæði neðan við mógrafasvæði 227 og 200.



*Þúst NM-252:223 uppmæld (til vinstri) en til hægri er horft til SV*


Þústin er gróin og smáþýfð. Hún er 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð og virðist torflaðin. Ekki mótast fyrir innanmáli.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:224** þúst brunnur

734153 541039

Þúst sem virðist geta verið ummerki um brunn er um 7,5 m norðvestan við Sigfúsarhús 085 en um 24 m VSV við Ytri-Hjalla 026. Hús sem merkt er inn á kort af Vestdalseyri sjá 106 er um 5 m norðaustur. Um 4 m vestar er dæld 218 sem einnig gæti verið brunnur.



*Brunnur NM-252:224 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til suðurs*


Á Neðrihjalla, grasi grónum hjalla í hlíðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er í kring en ofar er klettabelti. Þústin er í brekkukverkinni. Á þessum stað er fremur hringlaga dæld sem gæti verið leifar af samföllum brunni þótt ekki sé hægt að fullyrða um það enda minjarnar afar óljósar. Þústin sem þarna er, er um 3 m í þvermál ef "kragi" er talinn með. Í þústinni miðri er dæld sem er um 1 m í þvermál. Kraginn er um 0,1 m herra en umhverfið. Þústin er sigin og algróin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

NM-252:225 tóft fjárhús  
541363

734521

Sigin og gróin lítil fjárhústóft er vestast í túni Vestdals fast suðaustan við þúst 223 og 100 m vestan við bæ 001. Leið 227 liggur fast norðan við tóftina.



*Fjárhústóft NM-252:225 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd til hægri, horft til SSA*

Tóftin er ofarlega í þýfðu og grösugu túni sem er í brattri brekku í stöllum. Tóftin er tvískipt, líklega fjárhús og hlaða. Hún er um 10x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir eru signir og grónir, líklega að mestu hlaðnir úr torfi en hvergi sést í grjóti í þeim. Veggirnir eru rúmur 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hólf I, fjárhús, er í SSA-enda tóftarinnar. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er að sjá að hlaðinn veggur hafi verið fyrir SSA-gafl og má ætla að þar hafi verið timburþil. Þar er lágur stallur. Óljóst op er á milli hólfanna en það sést ekki skýrt. Hólf II, hlaðan, er í NNV-enda tóftar og er lítillega niðurgrafið. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


NM-252:226 hleðsla kálgarður

734193 541033

Kálgarður er merktur inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 beint fyrir neðan Ytri-Hjalla 026. Um kálgarðinn er getið í Fasteignamati frá 1916-1918 en þar segir: "Matjurtagarður stærð 273 m<sup>2</sup>" Talsverð ummerki sjást um kálgarðinn þótt umsvif hersins hafi sett mark sitt á svæðið og ekki síður þegar þau ummerki voru afmáð um miðja 20. öld. Þrátt fyrir þetta má greina útlínur kálgarðsins fast SSA við grunn hússins á Ytri-Hjalla en braggi var byggður innan kálgarðsins á stríðsárunum og sést hann á ljósmynd sem tekin er af Vestdalseyrinni frá sjó árið 1941 og birtist í bók Friðþórs Eydals

Á Nedrihjala, grasi grónum hjalla í hlíðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er í kring en svæðinu hefur talsvert verið raskað bæði þegar mikil hernaðarmannvirki (braggar og fleira, sjá t.d. 065, 076, 105, 232, 234, 236 og 242) voru byggð í túninu og svo aftur þegar ummerki um þau voru afmáð um miðja 20. öld.

Af ummerkjum að dæma má giska á að kálgarðurinn hafi verið 28 x 12 m stór og snúið ANA-VSV. Ekki sjást eiginlega vegghleðslur heldur aðeins brúnir þar sem kálgarðurinn endar. Austurhlíð hans



*Kálgarður NM-252:226 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til VSV*

er nú ógreinileg og norðurhliðin endar í upphækkun við grunn íbúðarhúss 026. Vel er hægt að greina hvar garðurinn hefur endað til vesturs (en þar er brún niður af honum) en suðurhliðinni hefur nokkuð verið raskað með byggingu bragga sem nú er horfinn. Undirstöður undir braggann hafa verið byggðar inn í kálgarðsvegginn og er þar öðruvísi hleðsla en í kálgarði og steypuleifar. Um 0,8 m bil er á kafla milli kálgarðsveggs og undirstöðu braggans. Bragginn hefur snúið þvert á kálgarðinn (sjá 105). Herbraggi var byggður ofan í gamla kálgarð Ytra-Hjalla 226 og sést hann á ljósmynd. Ummerkin um braggann eru nú óveruleg nema að suðaustan þar sem hlaðið hefur verið undir suðausturgafi hans. Þar sjást talsvert greinilegar leifar, byggðar ofan í kálgarðsvegg 226. Veggurinn er hlaðinn úr grjóti en límdu með steinlími/steypu. Veggurinn er samtals um 13 m langur en 0,7 m hár.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920 SV, Fremsta víglína, 44, Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 35

**NM-252:227** gata leið

734500 541371

Leið liggur frá bæjarhól 001 um túnið, neðan við fjárhús 131, ofan við meinta fjárhústóft 225 og áfram út úr túni í norðvesturhorni. Þar heldur leiðin áfram eftir sneiðingi til VSV. Ekki er ljóst hvert leiðin liggur en líklegt verður að teljast að hún hafi legið á engjar Vestdals ofan við bæinn og áfram inn í dalinn en einnig að Vestdalsgerði 005. Leiðin er í bratttri grasivaxinni hlíð með lágu klettabeltum í halla til suðausturs. Lækur rennur niður hlíðina fast austan við sneiðinginn.



*Gata NM-252:227. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til austurs á mynd til hægri*

Leiðin sést víðast sem mjó gata sem eingöngu er farin af sauðfé eftir að hætt var að búa í Vestdal þar til kemur á sneiðinginn. Hann er moldartroðningur eða stallur, um 0,3-0,5 m breiður. Sneiðingurinn er um 66 m langur og nær upp að klettum ofarlega í hlíðinni og sést ekki til leiðar þar ofan við. Leiðin frá bæ 001 sem liggur að sneiðingnum er um 150 m löng. Önnur mjó gata liggur á sneiðinginn úr norðaustri fast sunnan við túngarð 221. Hún sést aðeins á 10 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**NM-252:228** mannvirki bryggja/lending

734308 540879

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er lýst "sjógarði með uppfyllingu að nokkru leyti" sem var á kaupstaðarlóðinni á Vestdalseyri og er líklegt að átt sé við bólvirki og bryggju austan við stóru bryggjuna 043. Í lýsingu í fasteignamati segir eftirfarandi. "a. sjógarður með uppfyllingu að nokkru leyti. lengd 56 m. [...] c. tréþallur í framhaldi af sjógarði l. 7 m br. 4 m". Trébryggjan er ekki merkt á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 en greinileg er að bólvirki hefur verið sunnan við Gránufélagshúsin og náð talsvert til vesturs. Af ljósmynd sem tekin var af þorpinu um 1930 má greina litla timburbryggju á þessum slóðum. Af ljósmyndinni að dæma mætti ætla að bryggjan hefði einungis verið 30-40 m ANA við Gránufélagsbryggjuna. Smágrýtisfjara er frá Vestdalseyri og til suðurs á þessum slóðum en ofar slétt og grasivaxin eyri. Af ljósmyndinni að dæma virðist bryggjan hafa verið fremur stutt (minna en 10 m) og virðist hún hafa verið einföld smíði. Hún sést ekki á eldri ljósmyndum af svæðinu og er því líklega byggð eftir 1910/1920.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ljósmynd af Vestdalseyri 1930, BS,112, Fasteignamat 1916-1918: undirskrift Seyðisfjörður, 27-28

Ljósmynd af Gránufélagshúsinu, pakkhúsi og bryggju NM-252:228, tekin um 1930. Myndina tók Eyjólfur Jónsson. Hún birtist áður í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 112

**NM-252:229** þúst hlutverk óþekkt

734473 541338

Allstór grjótpúst sem orðin er jarðlæg er á litlum stalli í klettum innan við túnið í Vestdal. Þústin er um 10 m austan við hleðslu 241 og 22 m sunnan við túngarð 221 en 150 m suðvestan við bæ 001. Bratt er fram af stallinum sem þústin er á til suðurs. Í kringum þústina og neðan við hana er holtamói. Ofan við hana eru grónar klappir.



Grjótpúst NM-252:229 uppmæld til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til NA

Þústin er 1,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,1-0,2 m á hæð, hæst í norðvesturenda. Hlutverk mannvirkisins er óljóst en staðsetning gæti gefið til kynna að þetta væri hrúnið smalabyrgi en er þó full nálægt bæ til að hægt sé að segja það með neinni vissu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**NM-252:230** Kirkjustígur heimild um leið

734265 541039

Áður lá vegur upp á Kirkjuklett að kirkju 143. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir, heimildamanni var vegurinn kerrufær og var alltaf kallaður Kirkjustígur en hann var grasi gróinn þegar hún fór að muna eftir sér. Á ljósmynd Howells sem birtist í bókinni Íslands Howells og tekin er um 1900 má sjá hvar vegurinn hefur legið, í hlykki upp á Kirkjuklett. Vegurinn hefur á kafla verið á svipuðum slóðum og stikaður



*Stígur NM-252:230. Mynd til vinstri er tekin fljótlega eftir 1900 og birtist í bókinni Ísland Howells (bls. 157). Á henni sést stígurinn liggja í sveig upp á klettana neðst til vinstri á mynd. Á hægri mynd sést í sama stíg sem að hluta er nýttur sem gönguleið í dag, horft til NV*

göngustígur liggur nú.

Hluti vegarins var vafalaust skemmdur þegar hernaðarmannvirki (sjá 188 mögulegar skotgrafir) voru gerð austan í Kirkjukletti. Gönguleiðin sem nú liggur um svæðið er á svipuðum slóðum og hlaðið hefur verið undir stígin á kafla í brattanum.

Framan í Kirkjukletti er stallur eða sneiðingur og er það líklega ummerki um eldri leið. Stallurinn er allt að 3 m breiður og flatur í toppinn og má vera að sprengt hafi verið úr klettunum á þessum slóðum. Af ljósmyndinni að dæma hefur vegurinn legið upp með Kirkjukletti að austan, á svipuðum slóðum og herminjar 188 eru nú og þá tekið skarpa beygju til SSV upp klettinn áður en aftur var beygt til VNV. Hluti götunnar virðist hafa verið upphlaðinn, a.m.k. þar sem hann liggur upp á klettinn. Vilborg Dagbjartsdóttir, heimildamaður man ekki eftir veginum öðruvísi en grasi grónum.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ísland Howells, 157

**NM-252:231** gerði rétt

734453 541296

Allstórt gerði er sumpart hlaðið og sumpart grafið út í halla í vestanverðri malartungu á milli túna Vestdals 001 og Gerðis 005. Hleðsla 237 sem var undir girðingu liggur samsíða og fast austan við gerðið. Ekki er ljóst hvort að sú girðing er frá sama tíma eða yngri/eldri. Minjarnar eru ungar og virðast vera leifar af rétt eða vörsluhólf. Innan gerðisins er mjög rýr jarðvegur svo að ólíklegt er að um kálgarð sé að ræða. Austast í gerðinu er eingöngu mól og þar er rofsár í suðausturhorni.



*Gerði NM-252:231 uppmælt (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til suðurs*

Gerðið er í talsverðum halla til suðvesturs ofan í lækjargil á milli tveggja malartungna. Gróíð er í gílinu en á tungunum sjálfum er rýr gróður. Innan gerðis er holtagróður efst (nyrst); mosi, ljónslöpp og blóðberg en neðst (syðst) er meiri grasgróður.

Gerðið er 22x11 m að stærð og snýr nálega norður-suður (NNV-SSA). Ekki eru eiginlegir hlaðnir

veggir í gerðinu. Norður- og austurhliðar eru grafnar inn í hallann. Norðurhliðin um rúman 1 m en austurhliðin er lægri. Hlaðinn kantur er meðfram vesturhlið fyrir utan norðvesturhorn sem er niðurgrafið og hlaðinn kantur er á suðurhlið. Kanturinn á vesturhlið er hæstur, um 1 m. Girðing hefur verið ofan á hliðum gerðisins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:232** þúst herminjar

734234 541038

Hringlaga tóft er frammi á brú Neðri-Hjalla, um 45 m ASA við Ytri-Hjalla 026 en um 20 m VNV við steinsteyptan grunn af fjósi 182.



*Tóft NM-252:232 uppmæld (til vinstri) en á ljósmyndinni til hægri er horft til suðurs*

Lágbarðir klettur eru innar og þar fyrir ofan deiglendi. Ofan (innan og ofar) er deiglent. Tóftin er hringlaga, einföld og 10-11 m í þvermál. Dæld er í norðurhliðina og má vera að op hafi verið á henni þar. Hleðslur eru signar og grónar og 0,3-0,4 m á hæð. Veggir eru meira en 2 m á breidd. Tóftin er grasi gróin. Ekki er auðvelt að ráða í hlutverk tóftar en helst er að giska á að hún tengist veru hersins á þessum slóðum og eru fleiri áþekkar tóftir nærri (sjá 234 og 236). Af ljósmynd af Vestdalseyri frá 1941 (sem birtist í bókinni Í fremstu víglínu) virðist hafa verið braggi 292 og óljós hæð vestan hans 293 á þessum slóðum þá.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Fremsta víglína, 44

**NM-252:233** tóft fjárhús

734495 541249

Tóft af ungum fjárhúsum og hlöðu er þvert á halla til suðurs, neðst í meltungu á milli túna í Vestdal 001 og Vestdalsgerðis 005. Hluti af hleðslu 241 sem var undir girðingu liggur til SSA frá suðvesturhorni tóftarinnar.

Tungan sem tóftin er í er að mestu leyti gróinn melur en í kringum tóftina og neðan við hana er



*Fjárhústóft NM-252:233 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SA*




grasgróður. Lækjargil eru beggja vegna við tóftina og tunguna. Hér hefur staðið timburhús og er grunnur hússins grafinn inn í hallann. Ummerki um húsið sjást á svæði sem er 15x6 m að stærð og snúa ANA-VSV. Ógreinilegur veggur er á ANA-hlið og upphlaðinn veggur er á VSV-hlið en kantur á NNV-hlið og mjög ógreinilegur, lágur og mjór veggur á SSA-hlið. Tóftin er tvískipt og er niðurgrafin hlaða í VSV-enda. Hún er grafin niður um 1 m og er 4,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Fjárhúshlutinn er ANA við hlöðuna og er 3x7 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í veggjum en brakið úr húsunum, timbur og blikk eru í og við tóftina. Innanmál er nokkuð greinilegt í ANA-enda en um miðbikið, í miðri tóft, er bunga á um 3 m löngu svæði. Líklega eru það yfirgrónar byggingaleifar úr húsinu. Veggheðslan á VSV-gafl er 0,5 m á hæð en á ANA-gafl er hún 0,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:234** tóft herminjar

734222 541062

Hringlaga tóft sem líklega er frá hernámsárunum er 34 m norðaustan við Ytri-Hjalla 026 en 25 m suðvestan við brún Vestdalsár. Önnur hringlaga tóft 236 er um 10 m norðaustar og enn önnur 232 um 20 m SSA. Líklegast eru allar þessar minjar herminjar.




*Tóft NM-252:234 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SA*

Grasi gróinn hjalli en nokkuð deiglent er á honum víða. Tóftin er hringlaga, einföld og 8-9 m í þvermál. Tóftin virðist opin til suðvesturs. Hleðslur eru signar og grónar og hvergi sér í grjóti. Hæð mest um 0,3 m og er innri brún veggja óljós. Ekki er auðvelt að ráða í hlutverk tóftar en helst er að giska á að hún tengist veru hersins á þessum slóðum og eru fleiri áþekkar tóftir nærri (sjá 232 og 236). Í bókinni Í fremstu víglínu er að finna ljósmynd af Vestdalseyri frá 1951. Það má sjá mannvirki á þessum slóðum sem herinn hefur reist. Það er hlaðið í grunninn með lágu þaki en ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur þjónað eða hvort það var einmitt þar sem sú þúst sem hér er skráð er eða í nágrenni hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fremsta víglína, 44



Tóft NM-252:235 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SSA

Sigin og gróin tóft er neðarlega í vestasta hluta Vestdalstúnsins, 9 m suðvestan við tóft 245 og 100 m suðvestan við bæ 001. Staðsetning og stærð tóftar gefur helst til kynna að þarna hafi verið útihús.

Túnið er í talsverðum halla til suðurs. Það er stórþýft, sérstaklega ofan/norðan við tóftina, og grösugt. Lækjargil er vestan við tóftina og austan við hana er lítil mýri með áveituskurði 087.


Tóftin er einföld og sést í stöku grjót í henni þannig að ætla má að hún sé torf- og grjóthlaðin. Hún er grafin inn í brekkuna, er 11,5x7,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Op er á henni í suðvesturhorni. Veggir eru breiðastir um 1 m og hæstir um 0,4 m. Veggir eru signir þannig að innri brún SSA-hliðar er ekki mjög skýr og sama má segja um NNV-hlið (ytri brún). Ekki er útilokað að tóftin sé í raun lítill kálgarður.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

#### NM-252:236 mannvirki herminjar

734232 541076

Sigið mannvirki, sjálfsagt grunnur undan mannvirki frá hernámsárunum er á brún Vestdalsár fast vestan stikaðs göngustígs sem liggur upp að Fossi og áfram. Þústin er tæpum 50 m norðaustan við Ytri-Hjalla 026 en 10 m norðaustan við aðra áþekka þúst 234.



Tóft NM-252:236 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SSV


Grasi gróinn hjalli neðan við tóftina er nokkuð deiglent en ofar grasgefið og þurrara. Þústin er hringlaga og einföld. Hún er 11-12 m í þvermál og virðist opin til vesturs. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og innri brún veggja er fremur óskýr. Hún er 0,3 m á hæð en veggir hennar eru 2 m á breidd. Lag tóftarinnar er svolítið frábrugðið tóft 232 og 234 og virðist hún næstum fimmhyrnd, a.m.k. innanvert. Deiglent er inni í tóftinni. Rof er í norðurvegg á einum stað en það er uppgróið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:237** hleðsla túngarður

734478 541248

Grjóthleðsla sem hlaðin var undir girðingu liggur NNV-SSA í hlið ofan (NNV) við tóft 233 og meðfram gerði 231 á milli túna Vestdalsgerðis 005 og Vestdals 001. Hleðslan er ung og er ekki eiginleg fornleif samkvæmt laganna skilningi en var tekin með á fornleifaskrá til að fá heildstæða mynd af mannvistarleifum á svæðinu.



*Túngarður NM-252:237 uppmældur (til vinstri). Til hægri ljósmynd af neðri hluta garðsins, horft til NNV*

Hleðslan er á meltungu í brattri hlið, milli tveggja lækja til austurs og vesturs. Hleðslan er einföld steinlögn, um 0,5 m á breidd og rís hæst 10-15 cm. Grjót er skófum vaxið. Hleðslan sést neðst í hliðinni um 9 m vestur af tóft 233 og liggur um 60 m til NNV þar beygir hún til NV og liggur áfram um 9 m. Um 3 m NNV af þeim punkti þar sem hleðslan beygir liggur önnur hleðsla um 17 m áfram í sömu stefnu. Hleðslan liggur meðfram gerði 231. Víradræsur og fúnir staurar eru við hleðsluna á köflum.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:238** mannvirki herminjar?

734186 541055

Inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 er merkt stakstætt hús fast utan við (norðaustan við) Ytri-Hjallabæinn 026. Leifar húsgrunnns sjást enn á þessum stað en allt eins líklegt er að þær leifar séu ekki af húsinu sem stóð þarna um 1920 heldur af yngri herminjum, eða, í það minnsta að herinn hafi endurnýtt mannvirki á þessum stað.

Á Neðrihjalla, grasi grónum hjalla í hliðinni ofan við Vestdalseyri. Grasgefið og fremur slétt tún er



*Leifar mannvirkja NM-252:238 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til NNA*



í kring. Minjar sjást á þessum stað á svæði sem er um 7-8 m á kant. Grunnurinn er steypdur og eru veggir um 8 cm breiðir en í hluta steypunnar má sjá mynstur eftir múrsteina. Ekki sést veggur að austan og má vera að húsið hafi verið sambyggt Ytri-Hjalla. Grunnurinn er í sömu hæð og veggtoppar kjallarahleðslu Ytri-Hjalla 026. Fyrir framan (sunnan) mitt hús sjást enn 4-5 tröppur sem hafa legið að húsinu. Að austan er torfhleðsla meðfram austurhlíð og er hún um 7 m löng, 0,4 m á hæð en 1m á breidd.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Kort af Vestdalseyri frá um 1920

**NM-252:239** garðlag vörslugarður

734453 541310

Grjóthlaðinn garður er ofan/norðan við gerði 231 undir klettaborg efst í meltungu milli túna Vestdals 001 og Vestdalsgerðis 005. Ætla má að hann hafi gegnt hlutverki vörslu- eða túngarðs og ekki ólíklegt að girt hafi verið ofan á hann. Hann gæti tengst hleðslum 241 og 237 sem eru bæði neðar/sunnar og austar og voru undir girðingum.



*Vörslugarður NM-252:239 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til NV*


Garðurinn er í brattri gróinni hlíð undir klettum. Holtagróður er innan um grjót í hlíðinni. Garðurinn er 15 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,6 m á breidd, hlaðinn milli stórgrýtis í brekkunni og hlykkjast því lítið eitt. Hleðslur eru hrundar en hæstur er hann 0,3 m og sjást 2 umför á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:240** mannvirki herminjar (braggi)

734182 541055

Stór bygging, líklega braggi, virðist hafa staðið fast ofan við (NNV við) Ytri-Hjallabæinn 026. Byggingin hefur verið nærri svæði þar sem líklega var braggahverfi (sjá 076) en virðist stakstæður og var því skráður



*Tóft NM-252:240 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd er horft til austurs*

sérstaklega. Grasi gróinn hjalli í aflíðandi halla til suðurs, ofar er klettabelti og annar hjalli.


Grunnurinn er fast ofan við grunn Ytra-Hjalla 026 og hefur suðurhlíð verið samföst íbúðarhúsi að einhverju leyti. Grunnur braggans er um 15 x 8 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Um svæðið er hryggur eða kragi sem er víða 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Grunnurinn er grasi gróinn og hvergi sjást grjóthleðslur. Í grunninum og umhverfis er talsvert af steypu og annars konar leifum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:241** hleðsla túngarður

734461 541333

Grjóthleðsla sem hlaðin var undir girðingu liggur NNV-SSA í hlíð ofan (NNV) við tóft 233, samsíða hleðslu 237 um 9 m austar sem einnig var hlaðin undir girðingu. Hleðslan er ekki eiginleg fornleif samkvæmt laganna skilningi en var tekin með á fornleifaskrá til að fá heildstæða mynd af mannvistarleifum á svæðinu.



*Hleðsla NM-252:241 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til VNV*

Hleðslan er á meltungu í brattri hlíð halla til SSA, milli tveggja lækja til austurs og vesturs. Hleðslan er einföld steinlögn, um 0,5 m á breidd og rís hæst um 10-15 cm. Hún liggur NNV-SSA, samsíða hleðslu 237, en er mun slitróttari. Hleðslan er á alls um 100 m löngu svæði en sést í fjórum pörtum sem eru 20 m, 12 m, 7 m og 5 m langir, talið ofan frá og eru allt að 18 m milli parta. Neðsti parturinn er fast niður af SV horni tóftar 233. Víradræsur og fúnir staurar eru við hleðsluna á köflum.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:242** mannvirki herminjar

734185 541063

Aflöng þúst er 4 m austan við 240, en um 8 m norðaustan við bæjarstæði Ytri-Hjalla 026 og er líklegast að þarna hafi staðið mannvirki frá hernum. Fast ofan við er talsvert raskað svæði þar sem talið er líklegt að umfangsmeiri braggabyggð hafi verið (sjá 076).

Grasi gróinn hjalli í aflíðandi halla til suðurs, ofar er klettabelti og annar hjalli. Þústin er 8,5 x 6,5 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er alveg opin til vesturs og mögulegt að vesturhliðin hafi einfaldlega verið skemmd. Grunnurinn er algróinn og engar grjóthleðslur sjást í honum. Veggheðslur/undirstaða er mest



*Þúst NM-252:242 uppmæld (til vinstri). Á ljósmynd af sama svæði til hægri, er horft til vesturs*


0,2 m á hæð en 1-1,5 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:243** hleðsla hlutverk óþekkt

734537 541321

Í tungu suðvestan við Vestdalstúnið gengur mjög djúp og afgerandi laut til vesturs frá lækjargili sem skilur á milli túns og tungu. Ofan/norðan við þessa laut eru ýmsar minjar innan túns (túngarður, 221, þúst 223, fjárhústóft 225 og leið 227. Lautin myndar náttúrulegt aðhald og á miðjum suðurjaðri eru leifar af grjóthleðslu sem kann að hafa afmarkað aðhaldið til austurs. Lautin sjálf er grasi vaxin en heldur rýr gróður er neðan við hana til suðurs á meltungu. Litlu norðan við hana er norðvestasti hluti túnsins í Vestdal. Nyrst í lautinni eru háir klettur en grónar lægri hliðar eða kantar til vesturs og suðurs. Lautin er ekki afmörkuð til austurs þar sem hún er opin í lækjargil. Lautin snýr austur-vestur og er í aflíðandi halla til austurs.



*Hleðsla NM-252:243 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til suðurs*

Lautin er um 161x7,5 m að innanmáli og neðst á miðri suðurhlið hennar er lítil grjóthleðsla. Ekki



er útilokað að hún sé leifar af garði sem hlaðinn hafi verið þvert yfir lautina og lokað henni til austurs. Hleðslan er um 1x0,3 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er 0,5 m á hæð og í henni má sjá 2-3 umför hleðslu. Svæðið innan/vestan við hleðsluna er 7,5x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:244** hleðsla hlutverk óþekkt

734704 541211

Einkennileg hleðsla eða kantur er um 2 m ofan við fjöru og 20 m innan við þar sem Smiðjulekur (sjá 009)/Vestdalslækur rennur til sjávar. Við sjávarmálið en ofar tekur við brött og grýtt hlíðin.



*Hleðsla NM-252:244. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til NNA á mynd til hægri*


Hleðslan er í brekkulögginni og markar af brún hennar. Hún er um 6,5 m löng og snýr ANA-VSV. Hleðslan er í raun hlaðin inn í brekkuna. Ytri brún hennar er því skýr en innri brúnnin á kafi í bekkunni. Hleðslan er um 0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför af grjóti í henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún hefur verið gerð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:245** tóft útihús

734580 541307

Óljós tóft er í túni um 110 m suðvestur af bæjarhól Vestdals 001 og 10 m NNA við tóft 235. Ætla má að tóftin sé af útihúsi sé mið tekið af stærð og staðsetningu hennar. Tóftin er í brattri grasivaxinni hlíð í halla til suðausturs. Lækur rennur niður hlíðina um 30 m vestur af tóftinni.



*Útihústóft NM-252:245 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til NNA*

Tóftin er einföld, u.þ.b. kringlótt, 4-5 m í þvermál. Hún er grasi vaxin og mjög hlaupin í þúfur. Breidd veggja er 1-2 m og er op hugsanlega í SSV-horni en gæti einnig verið bil milli þúfna. Hæð veggja er 0,5-0,6 m en mjög stórfýft er á svæðinu og rís tóftin lítið yfir aðrar þúfur umhverfis.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:246** gryfja herminjar?

734305 541060

Stór gryfja er á norðausturbakka Vestdalsár neðst í túni Vestdalsgerðis 005, fast norðvestan við steypuleifar þar sem heimild er um að hús 175 hafi staðið. Líklegt verður að teljast að gryfjan sé frá hernámsárunum en ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi.



*Tóft NM-252:246 uppmæld (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til suðurs*

Grasi gróid er í gryfjunni og allt í kringum hana. Mýrlent er suðaustan við hana á litlu flatlendi niður við sjó en allbrött brekka norðvestan við hana. Rof er í lækjarbakkanum vegna vatnsrennslis í ánni. Gryfjan er um 10x7,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Uppmoksturinn úr gryfjunni er á bökkum hennar, nema að hluta á suðvesturhlið sem er frammi á árbakkanum þar sem hann kann að hafa brotnað af. Uppmoksturinn myndar óreglulegan kraga í kringum gryfjuna sem er 2-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Gryfjan er 0,5-0,8 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:247** gata leið

734679 541338

Óljós ummerki um leið upp að bænum í Vestdal 001 sjást upp með vestanverðum Vestdalslæk þar sem kindastígar liggja upp á bæjarhólinn. Bratt er upp á síðasta hjallann áður en komið er upp á bæjarhólinn.



*Gata NM-252:247. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til ANA á mynd til hægri*

Leiðin liggur um bratt, þýft og grösugt heimatún. Á leiðinni sést aðeins mjó gata sem kindur feta einar eftir að bærinn fór í eyði sem fylgt var frá útihústöft 130 á 73 m löngum kafla. Leiðin liggur norður-suður, upp með læknum og beygir skarpt til vesturs þegar komið er upp að bæjarhólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:248** *Badtjörn* heimild um sundlaug

"Þegar faðir minn var drengur, hann er fæddur árið 1886, var skóli á Vestdalseyri. Strákarnir á Eyrinni lærðu meira að segja að synda, þeir stífluðu læk og gerðu sér litla laug," segir í bók Kristínar Marju Baldursdóttur Mynd af konu: Vilborg Dagbjartsdóttir. Í viðtali við Vilborgu kom fram að á svæðinu ofan við Foss hefðu verið tvær tjarnir og hét sú sem var fjær Lómatjörn en hin, sú sem var neðar Badtjörn og þar hefðu fólk baðað sig og synt. Sú tjörn var grunn og vatnið í henni var volgt á góðviðrisdögum.




**Heimildir:** Kristín Marja Baldursdóttir, Mynd af konu: Vilborg Dagbjartsdóttir, 16

**NM-252:249** gerði kálgarður

734687 541395

Kálgarður er á flata suðaustan undir Smiðjuhóli, sjá 019, niður við Vestdalslæk. Kálgarðurinn er um 22 m austan við bæ 001 og 50 m norðan við útihústöft 190.



*Gerði NM-252:249 uppmælt (til vinstri) en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til SSA*

Kálgarðurinn er á grasgefnu en grýttu svæði á milli hás hól og lækjar. Kálgarðurinn er 14x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Vesturhlíð hans er stunginn út úr brekku mót austri. Hlaðinn veggur er á norður- og suðurhlíðum en ekki sést skýr veggur á austurhlíð. Þar sést innanmál óljóst og virðist þar hafa verið hlaðinn kantur. Suðurveggur er greinilegastur og er hann torf- og grjóthlaðinn. Hann er breiðastur vestast, um 1,5 m næst brekku, en mjókkar lítillga og lækkar að læk til austurs. Utanmáls er hann hæstur um 0,6 m sjást 3 umför hleðslu. Hrunið hefur úr veggnum í austurenda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:250** heimild um brú

"Göngubrú yfir Vestdalsá var einnig komið upp mjög snemma. Hennar er getið í sýslufundargerð 1878 og talið að hún þarfnist viðgerðar. Eftir því hefur hún ekki verið með öllu nýleg. Þessi brú var í gílinu ofan Vestdalseyrar," segir í Bygðasögu Seyðisfjarðar. "Árið 1885 lét Tryggvi Gunnarsson gera nýja brú yfir Vestdalsá. Hún mun hafa staðið fram yfir aldamótin, en þá var gerð timburbrú yfir ána niðri á eyrinni [050]," segir í Bygðasögu Seyðisfjarðar. Ekki er nákvæmlega vitað hvar eldri brúin var, að því frátöldu að hún var í gílinu ofan Vestdalseyrar og því hærra eða NNV en brúin sem síðar var gerð niður á eyrinni (sjá 050). Ekki reyndist því unnt að staðsetja eldra brúarstæði með öruggum hætti.

**Heimildir:** BS, 83

**NM-252:251** heimild um herminjar (braggi)

734249 541056

Af ljósmynd af Vestdalseyri frá 1941 (sem birtist í bókinni Fremsta víglínu) virðist hafa verið braggi og óljós hæð 090 suðvestan hans á Kirkjukletti á stríðsárunum. Bragginn var allra norðaustast á Kirkjukletti og snéri NNV-SSA skv. ljósmyndinni.

Lágbarðir klettur eru innar og þar fyrir ofan deiglendi. Ofan (innan og ofar) er deiglent. Bragginn var af venjulegri gerð með dyrum á miðjum suðurgafli og gluggum beggia vegna til. Engin ummerki sjást um hann nú.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fremsta víglína, 44



*Braggi NM-252:251 eins og hann sést á mynd frá stríðsárunum. Myndin birtist í bók Friðþórs Eydals, Fremsta víglína, bls. 44.*



**NM-252:252** heimild

"Eftir að Skuld lagði upp laupana á Eskifirði 1880 fór aftur að vakna áhugi um stofnun nýs blaðs. Voru þá stofnuð samtök nokkurra áhugamanna og varð það úr að þeir keyptu hina ónotuðu Skuldarprentsmiðju á 1400 krónur, fluttu hana til Vestdalseyrar og settu hana upp þar," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Ekki er ljóst í hvaða húsi Skuldarprentsmiðjan var sett upp á Vestdalseyri en líklega hefur það verið eitt af þeim húsum sem þegar er skráð í þorpinu. Vitað er að prentsmiðja Austri og Skapti voru í Glæðheimum 034 og Austri einnig í Kirkjuholshúsinu 004 en ekki er ljóst hvort prentsmiðja Skuldar var á sama stað. Þriðja prentsmiðjan, Norðanfara (sjá 273) var einnig í þorpinu um tíma en ekki er heldur ljóst hvar hún var til húsa. Prentsmiðjan var flutt á Fjarðaröldu um 1891, skv. BS, 236.

**Heimildir:** BS, 234

**NM-252:253** frásögn rétt

734354 541031

Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur var myndarleg skilarétt með almenningi og dilkum fast neðan (sunnan við) Eyrarveg og fast utan (norðaustan) við Vestdalsá. Réttin var úr grjóti og timbri og stóð þegar Vilborg man fyrst eftir. Í bókinni Úr Þagnarhýl segir: "Landslag breytist ótrúlega hratt eftir að fólk er flutt í burtu. En það hefur líka miklu verið raskað á Vestdalseyrinni. Í Grundarfjöru var mjög finn sandur og þar var stór grasbali fyrir neðan veginn þar sem réttin okkar stóð. Nú nær sjórinn næstum alveg upp af vegi. Fjörusandinn hefur verið mokað upp til að nota í götur og byggingar inni í bæ". Á ljósmynd frá Ljósmyndasafni Austurlands (EIV 1724) má sjá litla, grjóthlaðna rétt á svipuðum slóðum og umrædd rétt en myndin er líklega tekin á seinni hluta 20. aldar. Umrædd rétt virðist grjóthlaðin og einföld og má vera að hún hafi verið síðustu leifar stærri réttar á sama stað eða jafnvel að mannvirkið hafi tekið breytingum þegar svæðið var hernumið. Ekki er hægt að staðsetja réttina mjög nákvæmlega en hún var gróflega staðsett eftir lýsingu og ljósmynd. Engin ummerki sjást nú um rétt fast sunnan við veg og utan við Vestdalsá.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Úr Þagnarhýl, 10

**NM-252:254** heimild um fjós

734313 540958

"Voðalegur húsabruni varð þann 24. nóvember s. l. á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, þar sem öll verslunarhús Gránufélagsins brunnu gjörsamlega á fárra tíma fresti. [...] En mjög nálægt verslunarhúsunum var heyhlaða og fjós og veitingahúsið Glæðheimur [034], og lagði sýslumaður allan hug og kapp á að bjarga þeim húsum; [...] varð bæði heyhlöðunni með fjósi og veitingahúsinu forðað frá að brenna," segir í blaðinu Austri 29.11.1894. Umrætt hús, þ.e. fjós og hlaða við Glæðheimar eldri (034) var stóðu 40-50 m neðan (sunnan) Eyrarvegar 035 og á.a.g. 30-40 m norðaustan við húsgrunn Gránufélagshúsanna 040.

Á þessu svæði er nú graslendi og er talsvert um lágar hæðir á því og rót sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu húsanna en eru of óljósar til að nokkuð sé hægt að segja um það með vissu. Ekki er lengur hægt að greina ummerki þess hvar húsin hafa staðið en samilega hugmynd um staðsetningu þeirra má fá út frá ljósmynd af svæðinu sem tekin var um aldamótin 1900. Ekki er vitað hversu lengi húsið stóð en það virðist a.m.k. hafa verið horfið fyrir 1920 (af ljósmyndum að dæma).

Af ljósmynd sem tekin var af Vestdalseyri rétt um aldamótin 1900 (og birtist í Ísland Howells) að dæma virðist húsið hafa verið einfalt timburhús á einni hæð (með risi) og hefur það snúið nálega norður-suður. Á norðurgaffli virðist hafa verið gluggi. Aðeins hefur verið stutt port á milli hússins og Glæðheima 034 sem var suðaustar. Norðvestan við húsið hefur um aldamótin 1900 verið nokkuð stórt gerði, girt af með timburgirðingu.



Ljósmynd af fjósi NM-252:254 tekin í kringum aldamótin 1900. Myndin er úr Íslandi Howells, bls. 157

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Austri 29.11.1894, 130, Ísland Howells, 157

**NM-252:255** heimild um herminjar(braggi)

734279 540895

Af ljósmynd sem tekin var af sjó og að Vestdalseyri sumarið 1941 (og birtist í bókinni *Fremstu víglínu*) má sjá að þá hefur staðið braggi sunnan við Gránufélagshúsið 040 og að bryggju 043. Nálægt odda Vestdalseyrarinnar. Eyrin er flöt og sum staðar deiglend en ofar taka við grasgefnir hjallar. Sjálf er eyrin nú að mestu vaxin snöggu grasi.

Af ljósmynd sem tekin var af svæðinu sumarið 1941 (og birtist bók Friðþórs Eydals *Fremsta víglína*) má sjá að bragginn hefur verið af hefðbundinni stærð og virðist með hurð á miðjum suðurgafli og glugga beggja vegna við. Húsið hefur nálega snúið norður-suður. Hann var byggður fast sunnan við Gránufélagshúsið 040 og er mögulegt að hann hafi verið áfastur því að norðan. Að sögn staðkunnugra voru flest mannvirki sem byggð voru af hernum rífin niður fljótlega eftir stríðið, fyrir 1950 og ekki sjást ummerki eftir braggann.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** *Fremsta víglína*, 44



*Braggi NM-252:255 fyrir miðri ljósmynd. Myndin er tekin á stríðsárunum og birtist í bók Friðþórs Eydals, *Fremsta víglína*, bls. 44*

**NM-252:256** heimild um herminjar

"Síðar um haustið [1940] var tundurduflum lagt í tveimur röðum yfir fjörðinn þveran út frá eyrinni. Duflin voru tengd til lands með raflögn svo sprengja mætti þau undir óvinaskipum. Var stjórnstöð tundurduflanna reist í skjóli inn með ánni ofan við Vestdalseyri. [...] Lyktir þessa máls urðu þær að skipin Alca og Ringdove tóku upp tundurduflin við Vestdalseyri í október [1942] [...]" segir í *Fremstu víglínu*.

**Heimildir:** *Fremsta víglína*, 44

**NM-252:257** heimild um herminjar (byssustæði)

734326 540981

"Á Vestdalseyri voru tvær stórar fallbyssur múraðar vandlega niður. Þær voru niðri á Eyrinni rétt framan við ána, segir í Seyðfirskum hernámsháttum og annars staðar í sömu heimild: "Kastljós bjart var þar á Eyrinni fyrir utan og ofan fallbyssurnar [157]. Með ljósi þessu var auðvelt að fylgjast með allri skipaferð fram og aftur um fjörðinn, þótt myrkur væri. Þeir sem fóru um ströndina sunnan fjarðarins í myrkri voru oft skoðaðir í þessu ljósi," Í bókinni *Fremstu víglínu* segir ennfremur: "Með þeim [Strandvarnarbyssusveit breska stórskotaliðsins "Alabaster V Coast Battery"] var sérstök virkjaðarsveit landgönguliðs breska flotans og setti byssurnar tvær upp innanvert við ána á utanverðri Vestdalseyri. Voru þær tilbúnar til notkunar í byrjun október. Þessar byssur voru með fjögurra þumlunga hlaupvídd líkt og byssan sem tekin var úr flaki El Grillo á botni Seyðisfjarðar og trónir nú fyrir fram hús Landssímans. Þær drógu um 10 kílómetra. Þá var komið fyrir tveimur öflugum ljóskösturum með þriggja gráða breiðum ljósgeisla beggja vegna vegarins utan við ána sem lýsa skyldu upp skotmarkið. Byssunum skyldi beitt gegn óvinaskipum á leið inn fjörðinn og einnig skotmörkum á strönd fjarðarins allt inn á Strönd að sunnanverðu. Fjölgaði brátt í röðum skotliðanna á Vestdalseyri og var nafni sveitarinnar breytt í "174 Coast Battery" árið eftir." Byssustæðin tvö hafa að líkindum verið neðan við (sunnan við) Eyrarveg 035 nærri ánni en ekki fengust nákvæmar upplýsingar um meinta staðsetningu þeirra og ekki fundust ummerki sem gáfu frekari vísbendingar um staðsetningu þeirra. Norðaustan ár fundust ummerki um herminjar (sjá 157) og gæti það m.a. verið vísbending um staðsetningu ljóskastaranna)

Í austurjaðri grasi gróins svæðis en austar taka áreyrar við. Svo virðist sem Vestdalsáin hafi gengið yfir land á þessum slóðum og sum staðar brotið af því. Ekki var unnt að staðsetja byssustæðin mjög

nákvæmlega. Engin ummerki fundust um byssustæðin og eru þau gróflega staðsett þar sem ekki fékkst nákvæm vitneskja um staðsetningu þeirra.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 73, Fremsta víglína 45-46

**NM-252:258** brunnur

734116 541120

Fallega hlaðinn brunnur er í túninu við Foss 079 um 6 m sunnan við suðurhorn kálgarðs 107 en um 15 m SSA við bæinn í Fossi 079. Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs. Brunnurinn er rétt utan við bæjarþyrpinguna á fremur flötu svæði í túninu



*Brunnur NM-252:258 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SSA*

Brunnurinn sjálfur (brunnopið) er rétt ríflega 1 m í þvermál en 1,5 m á dýpt og í honum sjást 8-10 umför. Umhverfis er kragi sem er algróinn og er hann 3-3,5 m í þvermál. Kraginn er meira áberandi til austurs (og norðausturs) en fellur að nokkru inn í brekkuna ofan við.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:259** Póstafgreiðslan á Vestdalseyri heimild

Póstafgreiðslan á Vestdalseyri telst opnuð 1. mars 1870. H.G. Petersen postinspektor fyrir Eyjasvæðið hafði 18. ágúst 1869 tekið saman skrá um muni sem póstafrgreiðslur skyldu fá ásamt starfsreglum og voru þær ásamt munum sendar með bréfi dagsettu 9. mars 1870. Fékk afgreiðslan á Seyðisfirði sams konar muni til afnota og Reykjavík. Meðal þess sem sent var til Vestdalseyrar voru: bréfastassi, póstsígnit, dagstimpill, ógildingarstimpill, desimalvigt og bréfavigt með lóðum, stimpiláhalð (bakki fyrir svertu) og stimpilfílt. [...]. Þar sem ekkert bréf er þekkt frá eða til Vestdalseyrar er nokkur óvissa um stimplanir. Á frímerki bar að nota ógildingarstimpil þ.e. þriggja hringja stimpil með tölunni 237 (mynd 1). Um tilvist dagstimpils hefur verið nokkur vafi en eftir fund bréfs sem tilgreinir öll sameiginleg gögn nýju pósthúsanna á Íslandi og í Færeyjum er engin vafi lengur að hann var búinn til. [...] Fyrsta áætlunarferð til Seyðisfjarðar Póstgufuskiði DIANA kom við á Vestdalseyri 6 sinnum árið 1870. [...]. Póstafgreiðslunni á Vestdalseyri var lokað 7. nóvember 1870. Ekki er vitað hvar póstafrgreiðslan var til húsa en hún hefur að öllum líkindum verið í einhverjum þeirra húsa sem á eyrinni stóðu áður.

**Heimildir:** Frímerkjablaðið, 2.tbl. 10. árgangur (2008), "Danska pósthúsið á Vestdalseyri", 10-11



**NM-252:260** mannvirki mylla

734064 541206

Í bókinni Ísland Howells frá 1900 er mynd af kofa við Vatnsdalsfoss, skammt frá býlinu Fossi 079 og á sömu síðu er eftirfarandi lýsing: "Hjá Vestdalseyrarfossi stendur lítið hús sem Magnús Sigurðsson [1853-1926] átti, en hann var um þessar myndir að smíða myllu til að mala í henni kornið sitt." Myllan var þar sem þrenging er í ánni, litlu ofar en neðri fossinn í ánni, um 80 m norðvestan við Foss. Ummerki um mylluna eru í árgljúfri á milli fossa. Einstigi er frá Fossi inn í bratt gljúfrið.



*Mylla NM-252:260. Til vinstri sést myllan uppistandandi í kringum 1900 en á mynd til hægri sjást óljós ummerki fyrir grunnni hússins fyrir miðri mynd. Mynd til vinstri er úr bókinni Ísland Howells, bls. 159.*

Lítill ummerki sjást um mylluna og er húsið löngu horfið. Í sunnanverðum árfarveginum hefur bergið verið brotið þannig að neðarlega í honum er 0,5 m breið og 2-3 m löng sylla sem vesturhluti myllupaks hefur líklega hvílt á. Á syllubruninni eru ummerki um fleygun úr berginu. Syllan er um 0,7 m frá botni árfarvegarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ísland Howells, 159

**NM-252:261** heimild um hesthús

Í Fasteignamati 1916-1918 er fjallað um húsakost á Hjalla (þeim innri, sjá 027) og þar kemur fram að hesthús var á lóðinni sbr: "Hesthús, stærð l. 2,5, br. 2,5, h. 2 m. Þak pappaklætt." Hesthúsið hefur verið nærri bænum en ekki er nú vitað nákvæmlega hvar það stóð og það því ekki hnitsett. Innri Hjalli stóð í brekkurótum neðan við klettabelti. Bæjarhlað er fram af bænum og í framhaldi af því er vegur skorinn inn í brekkuna til VSV.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 36

**NM-252:262** mannvirki herminjar (braggi)

734282 541009

Greinilegur steypdur gólflötur, líklega af braggabyggingu, er greinilegur um 15 m vestan við Vestdalsá og um 15 m ofan við (nordan við) Eyrarveg 035.



*Steyp gólflata NM-252:262 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til suðurs*


Flatur grasi gróinn bakki. Líklega hafa a.m.k. tveir braggar verið á þessum stað og eru þeir skráðir saman undir þetta númerið. Svæðið er 33 x 6 m stórt og snýr NNA-SSV. Ummerkin eru greinilegri en ýmsar aðrar herminjar á Vestdalseyri. Gólflatan er nokkuð samfelld nema norðarlega þar sem um 8 m löng eyða er í hana. Eftir plötunni endilangri (miðri) er grasi gróin rák og út frá henni liggja þverrendur til beggja átta. Mögulega markar þessi gróður það hvernig rýminu var skipt upp.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:263** mannvirki herminjar?

734310 541005

Steypdur kassi er við brúaröxul suðvestan við Vestdalsá. Kassi er um 10 m suðvestan við ána og fast ofan við (nordan við) Eyrarveg 035.



*Steypdur kassi NM-252:263 uppmældur (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til NA*


Kassinn er á grónu svæði við ána og bílveginn. Austur af honum lækkar land að Vestdalsá. Kassinn er 2 x 1 m stór og stendur mest upp umhverfinu að norðaustan um 1 m. Annars staðar er hann að mestu niðurgrofinn. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hann var gerður en líklegast er að giska á að hann tengist umsvifum hersins á Vestdalseyri. Í framhaldi af honum er aflöng hæð til norðurs, sjá 204.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:264** mannvirki herminjar (skotgröf)  
541031

734295

Hryggur sem virðist manngerður liggur meðfram Vestdalsá, fast ofan við (nordan við) Eyrarveg 035. Svo virðist sem þarna hafi verið hrúgað upp jarðvegi og þannig myndaður langur hryggur meðfram ánni. Líklegast eru ummerkin herminjar. Hryggurinn nær allt frá vegi og norður að Kirkjukletti þar sem hann endar við aðrar herminjar 188.



*Herminjar NM-252:264 uppmældar (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SSA*


Mannvirkið er um 55 m langt og snýr h.u.b. norður-suður. Það er algróið og aflíðandi og er víða 1,5-2 m á hæð en 2-3 m á breidd. Víðast er það bara stór hryggur. Um miðbik hryggjarins gæti hafa verið op á honum og neðan við (sunnan við) það er líkt og hólfi sé byggt við það að vestan. Hólfið er 6 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því syðst á vesturvegg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi jarðvegi var hrúgað upp á þessum stað en líklegast að það tengist hersetunni á Vestdalseyri og mögulegt að það hafi verið skotgröf.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:265** heimild um herminjar (braggar)

734156 541019

Talsverð braggabyggð virðist hafa verið neðan við Neðri-Hjalla og ofan vegar, vestan við Vestdalsá (sjá



*Á teikningu til vinstri eru mörk braggahverfis gróflega afmörkuð NM-252:265. Mynd til vinstri er af sama svæði á stríðsárunum og birtist hún í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir, bls. 44.*

einnig 158, 172). Undir þessu númeri eru skráðar staðsetning nokkurra bragga sem virðast hafa verið ofan



við (norðan) við þá röð á bröggum sem voru fast ofan við veg en neðan við Pétursborg 036 og sjást af ljósmynd af Vestdalseyri frá hernámsárunum sem birtist í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir. Af ljósmyndinni að dæma hafa verið nokkrir braggar á þessum slóðum, einn húslengd neðan (sunnan við) Pétursborg 036 og snéri hann ANA-VSV en fleiri braggar ANA-ar og hafa þeir mögulega snúið þvert á hann (sjá einnig 158). Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni var meðal annars stór braggi sem notaður sem baðhús/baðskáli fyrir hermennina. Baðhúsið var á þessum slóðum þótt ekki sé nákvæm staðsetning hans ljós en hann var fremur nálægt Hvolsbrunni 180. Á þessum slóðum var einnig verslun en ekki er ljóst hvort hún var einnig á því svæði sem hér er skráð eða þar sem herminjar voru skráðar undir númerunum 158 og 262. Gróin grasslétta er nú (2017) á þessum slóðum. Braggarnir, grunnar þeirra og öll greinileg ummerki um herminjarnar eru nú horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

**NM-252:266** hleðsla herminjar (vörslu-/skotbyrgi)

734008 540943

Lítill hleðsla hefur verið hlaðin inn á milli stórgrýtis í hliðinni innan við Vestdalseyri, um 60 m ofan við (norðan við) Eyrarveg 035 en innan við 10 m ofan við hleðslu 159.



*Hleðsla NM-252:266, í urðinni sem er í hliðinni norðvestan við Vestdalseyri. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til suðurs á mynd til hægri.*

Svæðið er í framhaldi af túni Foss, vestan þess. Nokkuð brött og grýtt brekka er á þessum slóðum. Tóftin er byggð norðan undir kletti, þar sem vik er í klettavegginn og vestan við læk sem rennur niður hliðina á þessum slóðum. Að innanmáli er hún 2 x 1,3 m og snýr norður-suður. Klettaveggur markar af suðurhlið tóftar og stórgrýti að talsverður leyti aðrar hliðar en hlaðið er inn á milli þess. Nokkuð gott útsýni er yfir Seyðisfjörð á þessum stað. Ekkert er vitað hvaða tilgangi hleðslurnar þjónuðu en helst er að gíska á að mannvirkin tengist veru hersins á þessum slóðum og gætu verið eftirlits- eða skotbyrgi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**NM-252:267** heimild um herminjar

734128 540909

Af ljósmynd sem tekin er af Vestdalseyri á hernámsárunum og birtist í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir má sjá að lítið hús, e.k. varðskúr líklega, hefur verið við veginn að Vestdalseyri í vesturjaðri eyrarinnar. Skúrinn var neðan (sunnan) Eyrarvegar 035, aðeins vestar (líklega 10-20 m) en Pálshús 029.

Eyri neðar vegar er vaxinn snöggu grasi en engin ummerki sjást um umrætt hús nú. Af ljósmyndinni að dæma hefur húsið verið lítið, með skúrþaki sem hallaði til suðurs og dyrum austarlega á norðurvegg. Staðsetning gæti bent til þess að þetta hafi verið e.k. varðskúr.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Seyðfirskir hernámsþættir, 44

*Hugsanlegt varðskýli NM-252:267 á ljósmynd sem tekin var á stríðsárunum og birtist í bókinni Seyðfirskir hernámsþættir, bls. 44*

**NM-252:268** heimild um salerni

Húsum í kringum Gránufélagshúsið er lýst Fasteignamati frá 1916-1918. Sum þeirra eru þau sömu og merkt eru inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 (sjá 040-042, 117) en önnur virðast ekki merkt á umrætt kort og er því ekki hægt að staðsetja þau. Sú er sagan með hús d. Salerni. Um það segir í matinu: "e. salerni: Stærð l. 3,6 br. 2 m h. 2,6 . Þak pappaklætt" Húsið hefur verið á Vestdalseyrinni, neðan við veginn sem liggur um eyrina og í námunda við Gránufélagshúsið 040 en ekki er nákvæmlega vitað hvar það stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27**NM-252:269** heimild um bræðsluskúr

Húsum í kringum Gránufélagshúsið er lýst Fasteignamati frá 1916-1918. Sum þeirra eru þau sömu og merkt eru inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 (sjá 040-042, 117) en önnur virðast ekki merkt á umrætt kort og er því ekki hægt að staðsetja þau. Sú er sagan með hús g. Bræðsluhús. Um það segir í matinu: "g. bræðsluskúr: Stærð l. 2,5 br. 2,15 m h. 2. Byggt að mestu með járn á rimlum. Innmúraður bræðslupottur er í skúrnum."

Húsið hefur verið á Vestdalseyrinni, neðan við veginn sem liggur um eyrina og í námunda við Gránufélagshúsið 040 en ekki er nákvæmlega vitað hvar það stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 27, Kort af Vestdalseyri frá því um 1920**NM-252:270** heimild um fiskreit

Fimm fiskireita (Sjá einnig 123-125) er getið í Fasteignamati 1916-1918 en þar segir: "Fiskireitir fimm talsins, stærð alls 1440 m<sup>2</sup>" Fjórir fyrstnefndu reitirnir eru merktir inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 en sá reitur sem hér er skráður er ekki merktur inn á kortið og því ekki hægt að staðsetja hann. Hann hefur því líklega verið fallinn úr notkun þegar kortið var gert.

Reiturinn hefur verið á Vestdalseyrinni, neðan við veginn sem liggur um eyrina og í námunda við Gránufélagshúsið 040 en ekki er nákvæmlega vitað hvar hann var.

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 28, Kort af Vestdalseyri frá því um 1920**NM-252:271** heimild bústað

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um skúr á Kirkjuholslóðinni (sjá einnig 004, 182, 184, 186) en hann virðist ekki merktur inn á kort af Vestdalseyri af Vestdalseyri frá því um 1920 og því er ekki hægt að staðsetja hann. Í fasteignamatinu segir: "Skúr á Kirkjuholslóð á Vestdalseyri. Eignandi og notandi

Ragnheiður spunakona Jónsdóttir: Íbúðarskúr stærð l. 3,8 m br. 2 m h. 2,2 m. Þak pappaklætt". Ekki er nákvæmlega vitað hvar skúrinn stóð. Skúrinn hefur verið á Kirkjuholsslóðinni, undir Kirkjukletti en ekki er nákvæmlega vitað hvar hann var.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 31, Kort af Vestdalseyri frá því um 1920

**NM-252:272** heimild safngryfju

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um tvær safngryfjur hjá Fossi sem hér eru skráðar undir sama númeri. Um þær segir í Fasteignamati: "2 steinlímdar safngryfjur." Ekki er vitað nákvæmlega hvar safngryfjurnar voru en þær hafa verið í næsta nágrenni bæjarins, sjá 079. Foss er á Efsta Hjalla sem er grasi gróin sylla eða hjalli í hlíðinni sem hallar til suðurs eða suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 34

**NM-252:273** tóft herminjar (vörslu-/skotbyrgi)

734054 541064

Nokkur mannvirki (152, 281 og 100) eru byggð utan í klettabrúnina fyrir ofan bæinn Foss 079 og eru þau að öllum líkindum frá hernámsárunum. Þrjú þeirra (281, 273 og 100) eru í hnapp 60-70 m SSV við bæinn í Fossi 079, mannvirki 273 er milli 281 og 100. Mannvirkið er byggt utan í klettabrúnina ofan við Efri-Hjalla



*Óljósar mannvistarleifar (NM-252:273) líklega frá hernámsárunum á Vestdalseyri. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til SA á mynd til hægri.*

Mannvirki hefur verið gert utan í brúnina ofan við Foss með því að sprengja eða höggva inn í klöppina. Innanmál þess er 11-12 x 4 m að stærð. Klapparveggurinn er bogadreginn og náttúrulegur að vestan en örlítil hleðsla er hér og þar. Að norðan er klöppin afgerandi (og hefur verið mótuð) en þar má samt líka sjá glitta í hleðslu. Að sunnan er örlítil grjóthleðsla út frá vesturhlíð tóftar/klöpp. Hleðslan er 1,5-2 m á lengd og 0,2-0,3 m á hæð en verulega ómerkilegt og fjarar út um miðbik tóftar. Mannvirkið er grasi gróið í botninn. Á "veggjartoppi"/klappartoppi að norðan er jafnslétt að botni tóftar 281 og því er tóft 282 mun lægra í klettana en 281. Mjög gott útsýni er frá staðnum yfir allan Seyðisfjörð. Líklegast er að mannvirkið hafi verið byggt til að fylgjast með mögulegri umferð óvina eða sem skotbyrgi.

**Hættumat:** hætta

**NM-252:274** heimild um fjárhús

734130 541007

Í Fasteignamati 1916-1918 er fjallað um húsakost á Hjalla (þeim innri sjá 027) og þar kemur fram að fjárhús var á lóðinni sbr: "Fjárhús, stærð l. 6,25, br. 3,75, h. 4 m (u.h. 1,75). Tímurhús, þaki og veggir pappaklætt." Á kort sem gert er fyrir 1920 af Vestdalseyri má sjá að stakstætt hús hefur verið fast ofan við íbúðarhúsið og aðeins gangvegur á milli. Að öllum líkindum er umrætt hús fjárhúsið. Þegar Vilborg Dagbjartsdóttir mundi eftir sér var hænsnakofi á þessum stað. Innri Hjalli stóð í brekkurótum neðan við klettabelti. Bæjarhlað er fram af bænum og í framhaldi af því er vegur skorinn inn í brekkuna til VSV. Fjárhúsið hefur verið fast ofan við bæ en rétt er að geta þess að það hús sem síðast stóð á staðnum var endurbyggt um 1930. Ekki sjást lengur yfirborðsummerki um fjárhúsið

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 36



**NM-252:275** tóft herminjar

733970 540937

Lítil, hlaðin tóft, líklega ummerki frá hernum er byggð inn í skarð í áberandi klett sem er ofan við Vestdalseyri. Tóftin er um 10 m utan (vestan) þess svæðis sem skráð var við deiliskráningu á Vestdalseyri sumarið 2017 en var þó tekin með á fornleifaskrá.

Tóftin er byggð við klettana ofanverða (norðanverða) austarlega í austurhlið skarðsins sem þarna er á milli kletta. Frá staðnum er gott útsýni yfir fjörðinn. Að sunnan markar klettaveggurinn tóftina. Á milli þeirrar tóftar sem hér er skráð og 276 er grasi gróinn hvammur en um hann rennur lítill lækur. Ofar er svo tóft 276.

Tóftin er 6-7 m á kant og er einföld. Klettarnir mynda suðvesturhlið hennar en aðrir veggir eru hlaðnir úr grjóti. Hledslur eru 0,2 m á hæð. Þær eru grónar grasi og lyngi. Op virðist hafa verið á tóftina norðarlega á vesturvegg. Ekki er vitað hvaða tilgangi hún þjónaði en líklegt virðist að hún tengist veru hersins á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:276** tóft herminjar

733961 540969

Einföld tóft er byggð utan í hlið hvamms um 27 m norðan við tóft 275 og um 100 m ofan (NNV) við veginn sem liggur um vestanverðan Seyðisfjörð (og Vestdalseyri). Tóftin er um 20 m utan (vestan) þess svæðis sem skráð var við deiliskráningu á Vestdalseyri sumarið 2017 en var þó tekin með á fornleifaskrá. Tóftin er bygg í halla til suðurs í norðurhlið hvammsins. Hún er mjög gróin og eru grjóthledslurnar alveg lyngivaxnar en innan í tóft er lyngi- og grasivaxið. Klettar eru ofan við (norðvestan) við.

Tóftin er 5 x 5 m að stærð, alveg grjóthlaðin. Hún rís um 0,2 m hærra en umhverfið en ekki er hægt að greina eiginlega innri brún veggja. Flatur botn í halla til suðurs. Ekkert op er greinilegt. Veggir eru um 1 m á breidd. Tóft 275 og 276 eru svolítið áþekkar og sjónlína er á milli. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en á þessum slóðum er talsvert af herminjum og er líklegast að hún sé hluti af þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:277** tóft herminjar

733960 540999

Ferhyrnd er norðan við hvamminn sem tóftir 275-276 eru í/við, um 24 m norðan við 276. Tóftin er um 27 m utan (vestan) við mörk deiliskipulagssvæðis sem skráð voru 2017 en hún var engu að síður skráð með við fornleifaskráningu.

Tóftin er ofan Efri-Hjalla en þar skiptast á klettabelti og deiglendi. Rétt ofan við (NNV við) er klettur og neðan við (NNA) lá klettanibba þannig að tóftin er í hálfgerðri dæld. NNA við lágu klettanibbuna rennur lækur og í þeirri dæld er hleðsla 280.

Tóftin er 5 x 4,5 m, einföld norðaustur-suðvestur. Veggir tóftar eru lágir en hlaðnir úr stóru grjóti en talsvert grjót er líka inni í henni. Veggir hafa líklega verið allt að 1,2 m á breidd en aðeins 0,2 m á hæð. Sæmilega skýr horn má greina á tóftinni en veggir eru þó yfirgrónir og talsverður mosi vex á þeim. Við norðausturhorn er ryðgaður járnstaur. Ekkert op sést á henni. Allir veggir eru greinilegir nema sá sem vísar upp í brekkuna sem er óljós þó óljóst megi greina innri brún þar. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en á þessum slóðum er talsvert af herminjum og er líklegast að hún sé hluti af þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:278** tóft herminjar

733941 541032

Niðurgröftur, greinilega manngerður er um 35 m NNV við 227 og tæpum 30 m ANA við 154. Tóftin er um 60 m utan (VNV) við mörk deiliskipulagssvæðis sem skráð voru 2017 en hún var engu að síður skráð með við fornleifaskráningu.

Tóftin er ofan Efri-Hjalla en þar skiptast á klettabelti og deiglendi. Deiglent er sunnan við niðurgröftinn.

Á þessum stað er ferhyrningslaga niðurgröftur, um 3,7 x 3,1 m stór. Í norðurhorni er stór klettur og stór steinn er einnig upp við austurhliðina. Niðurgröfturinn er 0,2-0,6 m á dýpt. Ekki er auðvelt að átta sig á hlutverki þessa staðs en á þessum slóðum er talsvert af herminjum og er líklegast að hún sé hluti af þeim. Niðurgröfturinn á þessu svæði er mjög skýr en mögulega hefur verið niðurgröftur víðar á þessum slóðum þótt hann sé nú orðinn óljós. Erfitt að leita að sér allan grun á þessu svæði og draga mörk milli greinilegra mannvirkja og annars.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:279** tóft herminjar

733976 541028

Einföld tóft er um 20 m utan (VNV) við mörk deiliskipulagssvæðis sem skráð voru 2017 en hún var engu að síður skráð með við fornleifaskráningu. Hún er um 33 m austan við niðurgröft 278 en 17 m norðan við tóft 280.

Tóftin er ofan Efri-Hjalla en þar skiptast á klettabelti og deiglendi. Skammt fyrir neðan (sunnan) tóftina er dæld eða lækur og yfir honum er mannvirki á einum stað 280. Enn minni lækur seytla niður rétt hjá tóftinni. Mýrlent er norðan og austan við tóftina.

Ferhyrnd tóft 6,5 x 5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þrír af veggjum hennar eru torfhláðnir en sá fjórði, suðvesturveggurinn er stór og voldugur grjótveggur. Hann er mest 0,4 á hæð en torfhleðslan er hvergi hærri en 0,3 m. Ekkert op er á tóftinni. Veggir eru nokkuð breiðir. Flag er fyrir ofan (norðan) tóftina og er norðurveggur hennar svolítið skemmdur af rofi. Ekki er auðvelt að átta sig á hlutverki þessa staðs en á þessum slóðum er talsvert af herminjum og er líklegast að hún sé hluti af þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:280** tóft herminjar?

733981 541004

Einföld tóft er innan við 10 m utan (VNV) við mörk deiliskipulagssvæðis sem skráð voru 2017 en hún var engu að síður skráð með við fornleifaskráningu. Tóftin er um 13 m austan við tóft 277 en 16 m sunnan við tóft 279.

Tóftin er ofan Efri-Hjalla en þar skiptast á klettabelti og deiglendi. Staðsetning tóftar er fremur einkennileg enda er hún í einhverskonar deiglendri dæld eða lækjardragi. Grunnur skurður eða dæld liggur að henni úr austri og nær hann alla leið að Vestdalsárgili. Helst virðist sem tóftin sé yfir rennunni og nú seytla vatn í gegnum tóftina og lítill lækur er sunnan hennar. Ummerkin gætu verið frá hernámsárunum þótt rétt er þó að taka fram að rennan gæti verið yngri. Austan og norðan við eru Mýrar en landi hallar landi til suðurs eða SSV niður í þann hvamm sem lýst var í tengslum við minjastað 275-276.

Tóftin er einföld og um 7 x 6 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthleðslan er 0,2 m á hæð en torfveggir mest 0,4 m á hæð. Veggir tóftarinnar eru yfirgrónir en svolítið grjóthrun er þó frá þeim stað þar sem vatn seytla í gegnum tóftina. Norðurgafi tóftarinnar er lægri um miðbikið og tekur þannig lag af dældinni sem tóftin er byggð inni. Tóftin er grasi gróinn í botninn. Til norðurs frá henni er sem fyrr segir renna sem er greinileg í um 150 m til norðurs að Vestdalsárgili. Ekki er auðvelt að átta sig á hlutverki þessa staðs en á þessum slóðum er talsvert af herminjum og er líklegast að hún sé hluti af þeim.


**Hættumat:** engin hætta

**NM-252:281** tóft herminjar (vörslu-/skotbyrgi)

734059 541073

Nokkur mannvirki (152, 281-282 og 100) eru byggð utan í klettabrúnina fyrir ofan bæinn Foss 079 og eru þau að öllum líkindum frá hernámsárunum. Þrjú þeirra (281-282 og 100) eru í hnapp 60-70 m SSV við bæinn í Fossi 079, mannvirki 281 er nyrst þeirra. Mannvirkið er byggt utan í klettabrúnina ofan við Efri-Hjalla

Þústin er um 6,5 m á kannt og er einföld. Ytri brún mannvirkis sést ágætlega að austan, norðan og



Þúst NM-252:281 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til SSV

vestan en er óljósari að sunnan og eitthvað rof er þar. Óljóst má sjá móta fyrir innri brún á stöku stað en talsvert rof er við alla veggir að innan þannig að lítið er hægt að segja um innra lag. Suðurhlið/suðausturhlið er alveg í brun hjallans þannig að erfitt er að ganga hana til að mæla. Norðvesturhorn þessarar tóftar og SA horn tóftar 282 skarast eiginlega. Líklegast er að mannvirkið hafi verið byggt til að fylgjast með mögulegri umferð óvina eða sem skotbyrgi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

#### NM-252:282 gata leið

734365 541179

Brunnur 163 er skammt innan við bæjarstaði Vestdalsgerðis 005. Frá bæ og að brunni er gata sem skráð er undir þessu númeri. Bæjarstaði Vestdalsgerðis er 350 m suðvestan við bæjarhól Vestdals 001, ofarlega í túni í brattri brekku sem hallar til suðausturs.

Grasi gróid er á bæjarstaðinu og í kringum það. Túnið austan og norðaustan við bæjarstaðið er fremur rýrt og talsverður harðbali efst en verður grösugra eftir því sem neðar dregur. Lágur stallur er meðfram suðausturhlið á tóft A á bæjarstaði Vestdalsgerðis 005. Hann liggur í um 6 m til suðurs frá bæ 005 en beygir þá í 90° og liggur tæpa 20 m til vesturs, að brunni. Stallurinn virðist hafa verið stétt eða stígur að brunni 163. Hann er 0,1-0,2 m á hæð og er grasi gróinn en grjót sést í honum í norðausturenda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




*Brunnur NM-252:163 en gata NM-252:282 liggur að honum.*

#### NM-252:283 þúst óþekkt

734330 541032

Þúst er á milli túngarðs 119 og vegar, alveg við brúna yfir Vestdalsá. Ekki er vitað hvaða hlutverki þústin gegndi. Næst ánni er grýtt og rof á bakkanum sem hefur gróid. Er flatlent svæði. Þústin er 8x4,5 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,3-0,4 m á hæð. Hún er smáþýfð og grösug eins og umhverfið.



*Þúst NM-252:283 uppmæld (til vinstri) en á ljósmynd til hægri er horft til NV*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



## 6. Helstu niðurstöður

Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreits við Vestdalseyri var unnin í júlí 2017. Rannsóknarsvæðið var sem fyrr segir um 26 ha stórt og var gengið kerfisbundið um það í leit að fornleifum. Ágætisveður var á svæðinu mestallan tímann sem skráð var og gekk vettvangsvinnan vel þótt fjöldi minja hefði verið umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir fyrirfram eða 229 minjar. Tíu minjanna voru rétt utan marka deiliskipulags og því 219 minjar innansvæðis. Hér verður fjallað um helstu minjaflokka á svæðinu og ástand þeirra.

### *Bústaðir*

Innan deiliskipulagsreits voru skráðir 26 bústaðir og býli.<sup>47</sup> Eru þá ekki taldir þeir bústaðir/braggar sem herinn kom sér upp á svæðinu á hernámsárunum en um þær minjar verður fjallað saman í umfjöllun um herminjar síðar í kaflanum. Auk bústaðanna 26 innan deiliskipulagsmarka voru heimildir voru um fjóra bústaði til viðbótar í landi Vestdals utan þess svæðis sem var til rannsóknar 2017 (Eiríksstaðir NM-252:006, Haraldsstaðir NM-252:007, Ingimundarhús NM-252:011 og Eyjólfsbú NM-252:051) og verður því ekki fjallað um þá (eða aðrar minjar utan reits) hér.

Elsta byggðin á skráningarsvæðinu er, eftir því sem best er vitað, á sjálfu bæjarstæði Vestdals (NM-252:001). Ekki er þó vitað með vissu hvenær byggð hefst í Vestdal en eins og áður er getið bendir allt til að það hafi verið snemma (sjá 4. kafla um sögu jarðar) og engar vísbendingar eru um annað en að bærinn í Vestdal hafi ætíð verið á þeim stað þar sem hann stóð þegar jörðin fór í eyði 1928. Þar sjást enn tilkomumiklar rústir síðasta bæjarins á staðnum sem og stór og myndarlegur bæjarhóll sem án efa geymir sögu margra alda. Bæjarhólnum hefur ekki verið raskað og er mikilvægt að tryggja áframhaldandi varðveislu hans sem og s.k. Smiðjuhóls (NM-252:019) sem er við hann. Í Smiðjuhóli fundust þrjár beinagrindur um 1880<sup>48</sup> og er næsta víst að þar hefur verið kirkjugarður og bænhus eða kirkja. Svolítið rof er í hólnum á einum stað og minjum þar er nokkur hætta búin af landbroti af völdum lækjarins sem rennur meðfram honum að hluta.

Elsta þekkta hjáleigan/býlið innan landamerkja Vestdals er Vestdalsgerði eða Gerði eins og hún var oftast nefnd (NM-252:005) sem er um 330 m VSV við Vestdalsbæinn. Elsta heimildin um býlið er í manntali frá 1703.<sup>49</sup> Samkvæmt því manntali voru aðeins tvær manneskjur til

---

<sup>47</sup> Eru þá talin þau hús sem voru byggð sem íbúðarhús. Við þau bætast íbúðir í Stórhúsinu og síðar Gránu og íbúðarhúsnæði ofan Skólans en um alla staðina er fjallað í kaflanum

<sup>48</sup> Kristján Róbertsson. 1995: 129-130

<sup>49</sup> Hjáleigan er reyndar ekki nafngreind í manntalinu en staðkunnugir telja víst að átt sé við Vestdalsgerði.

heimilis í Gerði en af sóknarmanntali frá 1886 má sjá að þá eru tvö heimili á Gerði og 11 íbúar samtals. Á korti af Vestdalseyri frá því um 1920 virðast vera þrjú hús og tveir kálgarðar á bæjarstæðinu. Sú mynd sem þar er dregin upp af húsaskipan er talsvert ólík þeim leifum sem nú sjást á yfirborði. Á bæjarstæðinu eru aðeins tvær allstórar tóftir og engin ummerki um kálgarða.

Aðrir bústaðir og býli sem skráð voru innan úttektarsvæðis eru yngri og voru byggð á tímabilinu 1851-1930. Í hópi elstu húsa á Vestdalseyri er Stórhúsið og þyrping húsa í kringum það (NM-252:092) sem byggð voru um 1851 og brunnu öll árið 1894. Stórhúsið var að hluta nýtt til íbúðar en flest hinna húsanna voru verslunar-, vinnslu- og þjónustuhús. Engin ummerki sjást um elstu húsin á þessu svæði enda var strax byggt aftur á svæðinu eftir brunann, m.a. stórhýsið Gránu eða Gránufélagshúsið (NM-252:040) sem þjónaði að hluta til einnig sem íbúðarhúsnæði. Gránufélagshúsið var eitt þeirra húsa sem stóð hvað lengst á Vestdalseyri en það var rífið árið 1963 að sögn Vilborgar Dagbjartsdóttur heimildamanns. Grunnur þess stendur þó eftir og setur mark sitt á svæðið.

Af elstu húsum Vestdalseyrar má nefna hús sem gekk undir ýmsum nöfnum s.s. Magnúsarhús, Næstved og Sýslumannshús (NM-252:049) og var byggt einhvern tíma fyrir 1864. Húsið var aðsetur sýslumanns um skeið, prestsbústaður og á tímabili heimili Magnúsar Einarssonar kaupmanns. Húsið stóð skammt utan við Vestdalsá, ofan við veg var flutt til Skála árið 1914 og endurbyggt þar. Þó nokkur hús af Vestdalseyrinni hlutu áþekk örlög, þ.e. voru flutt annað. Hemmertshús eða Hammershús er annað dæmi um hús sem byggt var snemma. Það stóð líklega á sama stað og Bergþórshús (sjá NM-252:038) stóð síðar og var fyrrnefnda húsið líklega byggt í tíð O.C. Hammers sem var framkvæmdastjóri á Vestdalseyri á árunum 1866-1870. Bergþórshús var stundum var líka nefnt Hammershús og undir venjulegum kringumstæðum mætti telja það sterka vísbendingu um að um eitt og sama húsið væri að ræða en það virðist óhugsandi þar sem Bergþórshús er ekki byggt fyrr en 1888-1890 samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918. Það gefur til kynna að það hafi í raun ekki verið hið upphaflega Hammershús. Ekki er hins vegar ólíklegt að það hafi verið endurbyggt á grunni eldra húss og nafnið því færst á það. Bergþórshús var rífið árið 1937 og sjást svolítill ummerki eftir húsagrunninn þar sem það stóð. Eitt af elstu húsunum sem vitað er að risu á Vestdalseyri er Rekhdalshús (NM-252:097) sem Norðmaðurinn P. Rekdahl byggði á Vestdalseyri um miðja 19. öld. Ekki er vitað hvar húsið stóð og er mögulegt að það hafi staðið á sama stað og síðar risu önnur hús. Án frekari upplýsinga verður ekkert um það sagt. Þó er ljóst að húsið hefur ekki staðið í húsapýrpingunni við Stórhúsið á eyrinni sjálfri þar sem það varð ekki brunanum 1894 að bráð heldur var flutt til Seyðisfjarðar árið 1899. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að húsið á Vestdalseyri var 105 m<sup>2</sup> að stærð en var stækkað nokkuð þegar það var flutt inn í bæ og stóð við Oddagötu 2b. Á ljósmynd

sem til er af Vestdalseyri frá 1866<sup>50</sup> má sjá tvö stakstað íbúðarhús í þorpinu, annað virðist nærri eyrinni, (mögulega á svipuðum slóðum og Kirkjuholshúsinn og Guðnahús stóðu) og hitt nokkru innar og utar og má vera að annað þeirra sé Rekðalhús.

Annað hús sem lítið er vitað um á Vestdalseyri er Brunsverslun (NM-252:096) þar sem Brynjólfur Sigurðsson ljósmyndari rak verslun. Brynjólfur byggði íbúar- og verslunarhús á Seyðisfirði árið 1907 og flutti þangað frá Vestdalseyrinni en ekki er ljóst hvað varð um húsið á Vestdalseyri og ekki er vitað hvar það stóð. Brynjólfur rak ljósmyndastofu þá er Hallgrímur Einarsson stofnaði á Vestdalseyri árin 1905-1907 og er hugsanlegt að verslunin hafi einnig verið í sama húsi (Myndahúsinu). Einnig er hugsanlegt að það hafi síðar orðið þekkt undir öðru nafni eða það hafi verið flutt til Seyðisfjarðar. Önnur þekkt hús á Vestdalseyri voru flest (eða níu hús) byggð á 9. áratug 20. aldar. Sú er raunin með Litlu-Pétursborg (NM-252:037) sem var líklega rífin um 1930, Ytri-Hjalla/Rauðhús (NM-252:026) sem fór í eyði 1939 en var notað yfir stríðsárin, Pálshús/Ármannshús (NM-252:029), Guðnahús (NM-252:033) og Pétursborg/Stóra-Pétursborg (NM-252:036) sem voru öll í notkun fram yfir hernámssárin, Rósuhús (NM-252:030) sem var í notkun til 1953, Kirkjuhol/Hildarhús/Sigurðarhús (NM-252:004) sem búið var í fram til 1953 og brann 1955 og Smiðju/Lækjarhús (NM-252:009) sem fór í eyði 1956.

Á tíunda áratug 19. aldar risu svo sjö hús til viðbótar. Í húsinu Grund (NM-252:010) var búið fram á miðja 20. öld og stóð það nokkuð lengur (a.m.k. til 1977), í Innri-Hjalla eða Kvennabrekku (NM-252:027) var búið fram til 1954.en húsið stóð enn 1977.<sup>51</sup>

| Samtala    | Heiti                                     | Annað heiti                   | Tegund     | Upphaf byggðar            | Í eyði                 |
|------------|---|-------------------------------|------------|---------------------------|------------------------|
| NM-252:001 | Vestdalur                                 | Védalur                       | bæjarhóll  | landnám                   | 1928                   |
| NM-252:003 | Höllin                                    | Tommahöllin                   | hús        | 1930-40                   | 1963, stendur enn      |
| NM-252:004 | Kirkjuhvoll og Efri- og Neðri-Kirkjuhvoll | Hildarhús og Sigurðarhús      | mannvirki  | 1884-1886                 | 1953,brann 1955        |
| NM-252:009 | Smiðja                                    | Lækjarhús                     | bæjarstaði | 1886-1888                 | 1956                   |
| NM-252:010 | Grund                                     |                               | þúst       | 1896-98                   | um 1950                |
| NM-252:026 | Ytri-hjalli                               | Rauðhús                       | mannvirki  | 1882-1884                 | 1939 stóð á stríðsárum |
| NM-252:027 | Innri-hjalli og Hjalli                    | Kvennabrekka og Hjallavegur 7 | mannvirki  | 1898-1900 endurbyggt 1930 | 1956                   |
| NM-252:028 | Brautarholt                               | Gunnlaugshús?                 | heimild    | 1904/1907                 | a.m.k. 1920            |
| NM-252:029 | Pálshús                                   | Ármannshús                    | heimild    | 1886-1888                 | a.m.k. til 1944        |
| NM-252:030 | Rósuhús                                   |                               | mannvirki  | 1880-1882                 | 1953                   |
| NM-252:033 | Guðnahús                                  |                               | mannvirki  | 1881-1883                 | a.m.k. til 1944        |
| NM-252:036 | Pétursborg                                | Stóra-Pétursborg              | mannvirki  | 1881-1883                 | a.m.k. 1941            |
| NM-252:037 | Litla-Pétursborg                          |                               | heimild    | 1881-1883                 | um 1930                |

<sup>50</sup> Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar. 1995: 10.

<sup>51</sup> Þess skal reyndar getið að húsið sem stóð á þessum stað á síðustu stigum þess var endurbygging eldra húss frá því um 1930.



|            |                                  |                             |            |                               |                             |
|------------|----------------------------------|-----------------------------|------------|-------------------------------|-----------------------------|
| NM-252:038 | Bergþórshús<br>og<br>Borgþórshús | Hemmertshús                 | heimild    | 1870 annað hús<br>1888-1890   | 1937                        |
| NM-252:049 | Magnúsarhús                      | Næstved og<br>Sýslumannshús | þúst       | fyrir 1864                    | 1914 flutt                  |
| NM-252:085 | Sigfúsarhús                      | Smíðja<br>Guðmundar         | mannvirki  | fyrir 1894                    | um 1900 flutt               |
| NM-252:092 | Stórhúsið                        |                             | heimild    | 1951                          | 1894                        |
| NM-252:093 | Myndahúsið                       |                             | þúst       | fyrir 1897                    | 1912 flutt til<br>Seyðisfj. |
| NM-252:094 | Jónshús                          |                             | heimild    | 1900                          | 1916                        |
| NM-252:096 | Brunsverlsun                     |                             | heimild    | óþekkt                        | fyrir 1916/18               |
| NM-252:097 | Rekdalhshús                      |                             | heimild    | 1850                          | 1899 flutt Seyðisfj.        |
| NM-252:132 |                                  |                             | hleðsla    | stóð um 1920                  | stóð um 1921                |
| NM-252:202 |                                  |                             | heimild    | fyrir 1894                    | Óþekkt                      |
| NM-252:079 | Foss                             |                             | tóft       | 1901-1903,<br>annað hús fyrir | um 1950                     |
| NM-252:005 | Vestdalsgerði                    | Gerði                       | bæjarstæði | fyrir 1703                    | 1934                        |

*Tafla yfir bústaði á skráningarsvæðinu og áætlað upphaf og endalok þeirra*

Gunnlaugshús/Brautarholt (NM-252:028) eru tvö nöfn sem gætu hafa verið á sama húsinu þótt e.t.v. sé líklegra að þar hafi staðið tvö hús á svipuðum stað (og voru þau skráð undir sama númeri). Eldra húsið var kennt við Gunnlaug Oddsen og byggt einhvern tíma fyrir 1894 en síðar stóð þarna hús sem jafnan var nefnt Brautarholt og er í Fasteignamati sagt byggt 1905-1907. Sigfúsarhús (NM-252:085) var byggt einhvern tíma fyrir 1894 en flutt inn í bæ um 1900. Myndahúsið (NM-252:093) var byggt rétt fyrir 1897 en flutt inn í bæ 1912, Jónshús var líklega byggt um 1895 en var horfið fyrir 1920 og sömu sögu er að segja um ónefnt íbúðarhús á milli Hjallabæjanna og Sigfúsarhúss (NM-252:202) sem stóð 1894 en virðist hafa horfið snemma. Yngstu íbúðarhúsin sem vitað er til að hafi verið byggð á Vestdalseyrinni eru sem fyrir segir Brautarholt (sem var byggt eða endurnýjað rétt eftir 1900), Hjalli (endurbyggt um 1930) og Foss (NM-252:079) sem var byggt 1901-1903 en þá líklega á grunni eldra húss, a.m.k. var býlið fyrst byggt upp á seinni hluta 19. aldar samkvæmt örnefnaskrá. Allra yngsta húsið í þorpinu (fyrir utan mannvirki hersins) var svo Höllin/Tommahöllin (NM-252:003) sem byggð var á 4. áratug 20. aldar og er það eina húsið sem enn stendur undir þaki í þorpinu. Um tvö íbúðarhús er hins vegar lítið sem ekkert vitað. Annað húsið (NM-252:132) var utan við Vestdalsá og er sýnt er á korti frá því um 1920 en ekki er ljóst hvað var kallað, hvenær það er byggt eða fer í eyði en þar er steipt gólfplata enn vel sjáanleg. Hitt húsið (NM-252:271) er kallað „íbúðarskúr“ í fasteignamati frá 1916-1918 og var á Kirkjuholtslóðinni. Ekkert er vitað um byggingarár þess eða niðurrif en eigandi var þá Ragnheiður spunakona Jónsdóttir samkvæmt Fasteignamatinu. Ekki er nákvæmlega vitað hvar skúrin stóð.

Í flestum tilfellum eru ummerki húsanna á svæðinu fremur máð. Í mörgum tilfellum sjást þó einhver ummerki um grunna húsanna en þau eru sum staðar að verða óljós og komin á kaf í gras auk þess sem umsvif hersins um miðja 20. öld afmáðu merki sumra þeirra húsa sem þá voru

horfin. Greinilegust ummerki eftir húsin í og við þorpið eru eftir Hjallabæina, Sigfúsarhús, Foss og Kirkjuhol en óljósari ummerki sjást, sem fyrr segir um mörg hinna húsanna.

#### *Önnur hús með margvísleg hlutverk*

Sökum eðlis byggðarinnar innan deiliskipulagsreits voru skráð mörg mannvirki og hús með nokkuð óvenjuleg hlutverk miðað við það sem algengast er í fornleifaskráningu í dreifbýli. Á Vestdalseyri var þéttbýlt um næstum aldarskeið og einkennir það minjastaðina sem þar voru, eins og gefur að skilja. Sum húsanna voru í grunninn byggð sem íbúðarhús en gegndu einnig ýmsum öðrum hlutverkum. Eitt slíkt hús var sjálft Stórhúsið (NM-252:092) sem áður hefur verið minnst á og var stærsta hús þorpsins. Þar var, auk íbúðarherbergja, verslun og geymsla. Gránuhúsið (NM-252:040), sem reis eftir að fyrrnefnt hús brann árið 1894, gegndi svipuðu hlutverki, þ.e. í því var verslun og vöruheymsla ásamt því að hluti húss var nýttur til íbúðar. Auk verslunar í umræddum húsum eru heimildir þekktar um verslun í Ármannshúsi/Pálshúsi (NM-252:029), í s.k. Grúðabúð og Grúðahúsi (NM-252:186) og í Vestdalsgerði (NM-252:005). Í Ármannshúsi var um skeið bóksala og síðar verslun og þar var rekið þvottahús á stríðsárunum, í Grúðahúsi/-búð var sölubúð og geymsla og í Vestdalsgerði var um skeið verslun. Í þorpinu var einnig Brunsverslun (NM-252:096) þar sem var líklega bæði íbúð og sölubúð en ekki er vitað hvar hún var. Í Rósuhausi (NM-252:030) var rekin veitingasala á tímabili og stúlnaskóli einn vetur, í kjallara Kirkjuholshúsanna (NM-252:004) var prentsmiðja um skeið, í kjallara Guðnahúss (NM-252:033) var skósmiðaverkstæði á tímabili, við Sigfúsarhús (NM-252:085) var smiðja þar sem smíðað var og selt og í Myndahúsinu (NM-252:093) var ljósmyndastofa.

Önnur hús á Vestdalseyri sem byggð voru í tengslum við verslun og þjónustu (en ekki var búið í) voru t.d. nokkur pakkhús og skemmur sem stóðu niður á eyrinni og tengdust húsunum þar (bæði fyrir og eftir bruna, NM-252:041, 042, 117, 145, 146 og 148) og einnig bræðsluskúr (NM-252:269) með innmúruðum bræðslupotti og salerni (NM-252:268). Nokkur fjöldi af öðrum húsum var í þorpinu sem voru byggð í öðrum tilgangi en til íbúðar (þótt í mörgum tilfellum hafi einhvers konar íbúðarkytrur verið útbúnar innanhúss) og verða hér nefnd þau helstu. Skólinn (NM-252:031) var byggður um 1892 og stóð líklega fram til um 1940 og var lítil íbúð útbúin í risi skólahússins ofan við kennslustofuna. Glæðheimar var veitinga- og gistihús en prentsmiðja var um tíma í kjallara þess (NM-252:034). Húsið var risið um 1880 og stóð fram yfir 1900 (en var a.m.k. horfið fyrir 1920). Yngra samkomuhús (NM-252:032) var nefnt eftir þessu húsi og einnig kallað Glæðheimar (NM-252:032). Það reis á grunni kirkjunnar eftir að hún var flutt inn í bæ eftir 1922 og stóð fram á seinni hluta 20. aldar. Þar fóru fram margvíslegar skemmtanir, leikrit sett upp og böll haldinn. Á stríðsárunum var þar mótuneyti hersins og haldnar bíósýningar. Grunnur

samkomuhússins er enn mjög greinilegur enda stóð húsið nokkuð fram eftir síðustu öld. Enn er ónefnd póstaðgreiðslan á Vestdalseyri (NM-252:259) sem opnuð var 1870 en ekki er vitað hvar var til húsa og Skuldarprentsmiðja sem var til húsa á Vestdalseyri um skeið (NM-252:252) en ekki er ljóst hvar (þótt ekki sé ólíklegt að það hafi verið í kjallara Glaðheima eða Kirkjuholshúss). Að lokum er vert að minnast á Vestdalseyrarkirkju. Árið 1882 var sóknarkirkja Dvergasteinssóknar færð frá Dvergasteini að Vestdalseyri og þar byggð stæðileg kirkja á Kirkjukletti ofan við Eyrina (NM-252:143). Þar stóð kirkjan í 12 ár þar til hún fauk af grunni sínum og var þá færð neðar, á sjálfa eyrina, ofan vegar (NM-252:002) þar sem hún stóð fram til 1921 er hún var flutt til Seyðisfjarðar þar sem hún stendur enn. Á hvorugum umræddra staða var nokkru sinni tekin gröf og engin ummerki er lengur að sjá um grunna kirkjubýgginganna sem þar stóðu.

### *Útihús*

Þrátt fyrir að minjar á úttektarsvæðinu við Vestdalseyri hafi borið mörg einkenni þéttbýlis og þar hafi verið talsverður fjöldi mannvirkja sem tengja má verslun og þjónustu þá var einnig stundaður hefðbundinn landbúnaður á svæðinu. Talsverður búskapur var stundaður í Vestdal sjálfum, í Vestdalsgerði, Grund og á Fossi. Að auki tengdist einhverskonar búskapur flestum húsum í þorpinu, sérstaklega á síðari stigum búsetu. Það þarf því ekki að koma á óvart að talsverður fjöldi minja ber vitni um skepnuhald á svæðinu. Sjö útihús voru skráð þar sem ekki var vitað hvaða hlutverki húsið gegndi nákvæmlega. Tóftir fimm slíkra húsa voru skráðar í túninu við Vestdal (NM-252:190, 213, 217, 235 og 246) og áttu þau það öll sameiginlegt að þeirra var ekki getið í rituðum heimildum svo vitað sé. Tvö hús sem töldust líkleg útihús voru skráð á sjálfri Vestdalseyri og voru þau bæði merkt inn á kort af Eyrinni sem gert var um 1920. Greinileg tóft fannst þar sem annað húsið stóð (NM-252:106) milli Hjallabæjanna og óljósari merki um hitt húsið (NM-252:113) sem var innan lóðarmarka Litlu-Pétursborgar.

Af útihúsum með þekkt hlutverk voru skráð flest fjárhús en átta slík hús voru þekkt innan úttektarsvæðis. Flest hafa fjárhúsin án efa tilheyrt Vestdal en sú var raunin með stæðilega fjárhústóft og sambyggða hlöðu (NM-252:131) skammt vestan við bæjartóftina í Vestdal og líklega hefur fjárhús með hlöðu sem stóð aðeins innan við túnið (NM-252:225) einnig tilheyrt bænum. Annað fjárhús (NM-252:233) sem stendur innar og neðar virðist hafa staðið lengi (sést á loftmynd frá 1977) og hefur líklega verið nýtt frá einhverju öðru býli eða bæ á svæðinu. Tvö fjárhús voru skráð sem líklega hafa verið frá Vestdalsgerði (NM-252:165 og 179) og sáust tóftir þeirra beggja. Tvö fjárhús voru skráð hjá Fossi, annað við sjálf bæjarhúsin (NM-252:151) en hin vestar, við túnjaðar (NM-252:108). Ummerki um bæði hús sjást enn þótt leifar húsanna í túnjaðrinum séu mun greinilegri. Fjárhús tilheyrði Ytri-Hjalla (NM-252:274) og er þess getið í



Fasteignamati frá 1916-18. Af korti af Vestdalseyri sem gert er á svipuðum tíma að dæma virðist hús hafa staðið fast ofan við íbúðarhúsið og er það líklega umrætt fjárhús. Síðar stóð hænsnakofi á svipuðum slóðum og ekki sjást lengur ummerki eftir fjárhúsin.

Fjögur hesthús voru skráð innan marka úttektrareits og var þeirra allra getið í Fasteignamati frá 1916-18. Tveimur af hesthúsunum sem var lýst í fasteignamatinu voru við Vestdal en ekki var hægt að staðsetja annað þeirra (NM-252:088) þótt mögulegt sé að það hafi verið einhver af þeim óræðu tóftum sem skráðar voru í túni (með óþekkt hlutverk, NM-252:210, 217 eða 225). Sambyggð hlaða var við hitt hesthúsið (NM-252:130) í Vestdal og eru það líklega sömu hús og merkt voru á kort af Vestdal/Vestdalseyri frá því um 1920. Af þeim sjást enn greinilegar tóftir. Lítil hesthúskofi (NM-252:261) var samkvæmt Fasteignamatinu við Hjalla en ekki er nú ljóst hvar hann var og ekki sjást ummerki um hann lengur. Líklega hefur lítil hesthúskofi við Foss sem getið er í sömu heimild verið þar sem enn er tóft sem hartnær virðist byggð ofan í bæjarhlaðið (NM-252:127).

Hlöður hafa án efa verið víða og gjarnan sambyggðar gripahúsum. Auk slíkra bygginga hafa verið nokkrar stakstæðar hlöður á svæðinu og er getið um fjórar slíkar í Fasteignamati frá 1916-18. Hlaða var á bæjarhóli Vestdals (NM-252:001B) og er þar greinileg tóft. Hlaða var í námunda við Pétursborg (NM-252:111) og á sömu slóðum er sýnt hús, líklega umrædd hlaða, á korti af Vestdalseyri frá því um 1920. Óljós ummerki eftir tóft eða þúst eru á svipuðum slóðum en þau koma illa heim og saman við lögun og stærð hússins af kortinu og eru líklega leifar yngra húss á sama stað. Hlaða (NM-252:184) var talin upp á meðal húsa við Kirkjuhol í Fasteignamatinu og tvö stakstæð hús eru merkt inn á kort af Vestdalseyri í Kirkjuholspýrpingunni. Líklegast var talið að hlaðin hafi verið nyrðra húsið en viðbyggt henni var þurrkhús. Á þessum stað eru óljós merki um grjótdreif undir gróðurhulu og ljóst er að stutt er niður á mannvistarleifar þótt þær séu fremur ógreinilegar þegar gróður er sem mestur á svæðinu. Hlaða (NM-252:203) var einnig talin upp með húsakosti Vestdalsgerðis í Fasteignamatinu og var hún líklegast þar sem nú sést fremur ógreinileg tóft skammt innan við tóftir Vestdalsgerðis.

Fjós var á bæjarhóli Vestdals (NM-252:001) og sambyggt Pálshúsi (NM-252:029) samkvæmt Fasteignamati frá 1916-18 og voru skráð með íbúðarhúsum á báðum stöðum. Stakstæð fjós voru hins vegar við veitingahúsið Glæðheima (NM-252:254) og Kirkjuhol (NM-252:182) og er það síðarnefnda líklega það hús sem enn stendur að nokkru leyti enda var húsið samkvæmt fasteignamati steipt og líklega nýbyggt 1916-18. Fjós var við Gránu samkvæmt Fasteignamatinu en ekki er alveg ljóst hvert húsanna sem merkt eru inn á kort af Vestdalseyri frá 1916-18 hafi verið fjósið. Líklegast var þó talið að það væri það hús sem skráð var undir númerinu NM-252:041.

Fjölmörg önnur hús sem flokka mætti sem e.k. skúra/kofa eða útihús tengd byggðinni voru skráð á Vestdalseyri og tengjast flest þeirra ákveðnum bústöðum. Stakstætt geymsluhús (NM-252:098) var talið upp með Rósuhúsi í Fasteignamati 1916-1918 og merkt á kort af Vestdalseyri frá svipuðu skeiði. Húsið var timburhús og sést á mörgum ljósmyndum frá því á fyrri hluta aldarinnar. Í nágrenni við Fossbæinn stóð mylla (NM-252:260) við Vestdalsá og má enn sjá hvar hún hefur verið. Að húsabaki hjá Fossi var einnig skráð tóft sem líklega er heytóft (NM-252:150) og önnur ógreinilegri þúst (NM-252:149) sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi. Við bæinn voru einnig skráðar tvær safnþrær sem getið er í heimildum en ekki er vitað nákvæmlega hvar voru. Nokkrar tóftir með óræð hlutverk voru líka skráðar í túni Vestdals. Þar var tóft sem gæti verið af fjárhúsi (NM-252:167) skráð efst í túni og grjóthlaðin en gróin tóft NM-252:210 sem líklega var einhvers konar útihús, var skammt norðan við bæ á lítilli tungu sem tveir lækir mynda. Lítið hús (NM-252:175) stóð áður nærri Vestdalsá ekki langt frá Vestdalsgerði og tvö óræð mannvirki voru skráð annars staðar í og við tún þar (NM-252:181 og 183) en ekkert er vitað um hlutverk þessara kofa. Safnþró var nærri Gránu og er staðsetning hennar þekkt þótt lítil sem engin ummerki sjáist um hana lengur þar sem hún er merkt inn á hið geysimerka kort af Vestdalseyri frá því um 1920. Ljóst er að fleiri geymsluskúrar og skemmur hafa verið á Vestdalseyri, ýmist stakstæðir skúrar eða sambyggðir öðrum húsum. Óræðar mannvistarleifar voru einnig skráðar víða á svæðinu þar sem ekki var unnt að ákvarða hlutverk minjastaðar. Slíkir staðir voru af margvíslegum toga, t.d. niðurgroftur og gryfjur, stutt garðlög eða hleðslur, undirstöður mannvirkja og þústir (sjá t.d. NM-252:171, 173, 177, 193, 197, 199, 208, 229, 243, 244 og 293).

#### *Kálgarðar og garðlög*

Miklir kálgarðar voru innan skráningarsvæðisins og voru margir þeirra merktir inn á kort af Vestdalseyri/Vestdal frá því um 1920. Vilborg Dagbjartsdóttir heimildamaður sem ólst upp á svæðinu segir grænmetisrækt hafa verið einkar blómlega í þorpinu og samkvæmt henni voru þar ræktaðar kartöflur, rófur, næpur, gulrætur, radísur, rauðbeður, grænkál, sólber, ribsber og rabarbari.<sup>52</sup> Samtals voru skráðir 14 kálgarðar (NM-252:018, 099, 101-104, 107, 110, 112, 201, 206, 219, 226 og 249) innan úttektarsvæðis og voru merki þeirra misgreinileg þótt einhver ummerki sæjust nær alltaf. Heillegasti kálgarðurinn á svæðinu var líklega sá sem var neðan við bæinn Foss (NM-252:107) en hann er vel hlaðinn og alveg óraskaður. Tveir trjágarðar voru skráðir á Vestdalseyri og voru báðir merktir inn á kort af svæðinu frá því um 1920, annar vestan við Gránufélagshúsið (NM-252:116) en hinn (NM-252:114) sunnan við Kirkjuholshúsin.

---

<sup>52</sup> Þorleifur Hauksson. 2011: 9.

Garðinum við Gránufélagshúsið er lýst í fasteignamati 1916-18 en þar er hann sagður um 20 m<sup>2</sup> stór blómagarður með afgirtri trégirðingu. Engin merki sjást nú um umrædda garða.

Talsverður fjöldi garðlaga, eða 13 garðlög, voru skráð (NM-252:082, 086, 118, 119, 120, 169, 194, 212, 215, 221, 237, 239 og 241) innan úttektarsvæðis. Hafa þau flest verið einhvers konar túngarðar, þ.e. markað af túnbletti á svæðinu. Vestan Vestdalsárinnar var skráður stæðilegur túnarður umhverfis túnið í Fossi (NM-252:182) en hann hlóð Magnús Sigurðsson ábúandi á Fossi úr grjóti sem hann sprengdi úr klöppunum ofan við. Stærstur hluti af þeim garðlögum sem skráð voru á svæðinu reyndust austan Vestdalsár og hefur stór hluti þeirra verið til að marka tún Gerðis og Vestdals, og smærri túnskika á þeim slóðum. Á svæðinu eru ýmis fleiri garðlög eða girðingaleifar flest í túni Vestdalsgerðis en ekki er að sjá að þau hafi tengst. Af þeim eru garðlög 118-119 og 221 umfangsmest. Miklar breytingar virðast verða á landnotkun upp úr aldamótunum 1900 og skýrir það að einhverju leyti fjölda ótengdra túngirðinga.

### *Brunnar*

Full ástæða er að fjalla sérstaklega um brunna innan skráningarsvæðis enda óhætt að segja að þeir hafi verið óvenjulega margir og ummerkin víða veruleg. Samtals voru skráðir 11 brunnar á svæðinu og sáust alls staðar einhver ummerki um þá. Brunnur (NM-252:081) var áður við Stórhúsið/Gránufélagshúsin. Getið er um brunninn í Fasteignamati 1916-1918 og er hann þar sagður „með steyptri umgjörð og tréhusi yfir“. Samkvæmt lýsingu var vatnsleiðsla í járnröri frá brunninum í Gránufélagshúsið var sogdæla í kjallara þess. Brunnurinn er enn greinilegur. Hann er þornaður en hleðslur sjást vel og er talsverður kragi umhverfis hann þótt engin merki sjáist um brunnhúsið eða vatnsleiðsluna. Hvolsbrunnur (NM-252:180) var kenndur við Kirkjuholshúsin en einnig notaður af íbúum í Bergþórshúsi, Pétursborg, Guðnahúsi og fleiri húsum á Eyrinni. Byggt var yfir brunninn og skjóla geymd við hann og stór brunnsveif var á honum. Vilborg Dagbjartsdóttir getur um brunninn í umfjöllun um lífið á Vestdalseyri og segir að eitt helsta leiksvæði barna á Eyrinni hafi verið við brunninn þegar hún var að alast upp. Greinileg ummerki um brunninn sjást enn og eru fallegar grjóthleðslur í honum innanverðum þótt hann sé þurr. Rósuhúsbrunnur (NM-252:176) var ofan við Rósuhús og Pálshús og notað af íbúum þess auk þess sem fólkið á Hjalla sótti stundum vatn í brunninn. Greinileg ummerki brunnsins sjást enn og stóð vatn í honum þegar hann var skráður í júlí 2017. Líklega hefur ekki alveg gengið þrautarlaust að finna góð brunnstæði á Neðri-Hjalla. Þar var reyndar stór brunnur (NM-252:220), neðan við Ytri-Hjalla og sóttu báðir Hjallabæirnir vatn í hann (og sjálfsagt íbúar í Sigfúsarhúsi og fjórða húsinu á hjallanum á meðan búið var þar). Brunnurinn er fallega hlaðinn að innan en timburbjálkar mynda ferhyrning yfir hleðsluopinu og er greinilegt að brunnurinn hefur verið



byrgður. Vatn er enn í brunninum og í honum sjást bæði hleðslu- og steypuleifar. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur var þessi brunnur djúpur og gott vatn í honum að öllu jöfnu. Hann var hins vegar ekki yfirbyggður og vatnið í honum átti það því til að verða mórætt í miklum rigningum og hann þá ónothæfur um skeið. Til að tryggja betri aðgang að vatni steypiti faðir hennar því „brunn“ í klettana ofan við Hjalla þar sem safnað var rigningarvatni og veitti köldu vatni úr honum og inn í bæ. Var Hjalli þannig eina húsið í þorpinu með rennandi vatn en brunnurinn þornaði þó stundum og þurfti þá að ná í vatn í aðra brunna á svæðinu. Skammt frá stóra brunninum á hjalla (NM-252:220) voru óljós ummerki um niðurgrafið og samfallið, kassalaga mannvirki sem líklega var annar brunnur minni (NM-252:055) sem bar þess merki að vera yngri og gæti jafnvel verið frá hernámsárunum á Vestdalseyri. Á sama hjalla voru skráðir þrír staðir til viðbótar þar sem talið var líklegt að væru samfallnir brunnar (NM-252:216, 218 og 224) sem gætu verið eldri. Þessi mikli fjöldi brunna á litlu svæði getur e.t.v. bent til þess að einhverjum erfiðleikum hafi verið háð að grafa góða brunna á þessum slóðum og líklegt að þeir brunnar sem skráðir voru á hjallanum hafi ekki allir verið samtíða. Stórir og fallegir brunnar voru skráðir við býlin Foss (NM-252:258) og Vestdalsgerði (NM-252:163) og mögulegur brunnur á bæjarhóli Vestadals (NM-252:001) en þó hefur þörfin fyrir brunn þar líklega verið minni en víða annars staðar á svæðinu þar sem bæjarlækur rennur niður hlíðina fast utan við bæjarhólinn.

#### *Minjar í úthaga; Áveitur, mógrafir o.fl.*

Sumarið 2017 var aðeins skráður lítill hluti Vestdalsjarðarinnar og ljóst að mikill hluti minja í úthögum fellur utan úttekarsvæðis. Sökum þessa var ekkert af þeim seljum sem þekkt eru innan landamerkja Vestdals skráð og ekki var heldur skráður stekkur innan úttekarsvæðis en ekki er óhugsandi að slíkar leifar hafi áður verið innan reitsins en vikið í þéttbýlismyndun á 19.-20. öld. Tvær réttir voru reyndar skráðar og taldi Vilborg Dagbjartsdóttir að önnur þeirra (NM-252:253) hefði verið skilarétt en öll ummerki um hana eru horfin. Hin réttin (NM-252:231) er aðeins stakt hólfi í hlíðinni milli Vestdals og Vestdalsgerði og er ekkert vitað um til hvers það var notað nákvæmlega.

Góðar engjar voru einn af mörgum landkostum Vestdals og þegar fram liðu stundir var engjalandi á Vestdalnum skipt upp reiti sem voru leigðir smábændum á Vestdalseyri og víðar. Stærstur hluti engjalsins var utan skráningarsvæðis en þó voru nokkrir staðir skráðir sem eru til vitnis um engjaslátt og nýtingu votlendis. Tvö líkleg heystæði voru skráð (NM-252:205 og 223), bæði skammt ofan við Vestdal í votlendi. Áveitugarðar voru skráðir á tveimur stöðum innan úttekarsreits (NM-252:189 og 195) en ekki er langt á milli garðanna og mögulegt að þeir hafi verið hluti af sömu áveitunni, í mýrinni ofan við Vestdalsgerði. Hluti af mýrinni er utan úttekarsvæðis

og leynast þar frekari áveitumannvirki. Handgrafnir skurðir voru skráðir á nokkrum stöðum. Fyrir ofan Foss voru skurðir (NM-252:128-129) sem greinilegt er að hafa gegnt því hlutverki að veita vatni sem safnaðist saman í brekkunni fram hjá bæjarstæðinu til beggja átta og svipaður skurður (NM-252:087) er neðan við Vestdal en með honum var vatni veitt úr dýjauppsprettu í farveg svo það rynni ekki yfir túnið.

Mógrafir voru skráðar á fimm stöðum (sá sjötti sem var skráður NM-252:153 var utan marka úttektaarreis og því ekki fjallað um hann hér). Ljóst er að talsvert fleiri og umfangsmeiri mógrafir voru utan þess svæðis sem tekið var út 2017. Mógrafirnar sem voru skráðar voru austan við Vestdalsá og flestar þeirra voru í námunda við gamla Vestdalstúnið. Þrennar mógrafir voru skráðar ofan við túnið vestan bæjar (NM-252:198, 200 og 207) en einar mógrafir voru í deiglendi innan túns í Vestdal, neðan við bæ (NM-252:089). Mógrafir (NM-252:187) voru einnig í deiglendinu ofan túna í Vestdalsgerði og þar fannst einnig tóft af mókofa (NM-252:185) við grafirnar.

#### *Minjar um sjósókn*

Eins og áður er getið er líklegt að íbúar í Vestdal hafi ætíð reitt sig nokkuð á fiskveiðar. Til að fá betri mynd af sjósókn og fiskveiðum í Vestdal væri mikilvægt að ljúka skráningu á jörðinni en talsverður fjöldi minjastaða sem tengist fiskveiðum var þó skráður innan úttektaarsvæðis, eða 18 staðir. Rétt er að taka fram að líklegt er að mannvirki tengd sjósókn (s.s. lending, naust og sjóhús) hafi lengi verið á/við Vestdalseyri og er ekki ólíklegt að slík mannvirki hafi verið á svæðinu þegar þéttbýlismyndun þar hefst enda virðist Vestdalseyrin þá vera þekkt sem ákjósanlegt hafnarstæði og lending. Engar heimildir fundust hins vegar um eldri mannvirki á svæðinu né heldur sjást þeirra merki á yfirborði enda hefur þéttbýlið á Vestdalseyri afmáð öll yfirborðsummerki um eldri minjar, hafi þær verið þar.

Á svæðinu sem tekið var út 2017 voru skráðar sex bryggjur. Sú stærsta þeirra var hafskipabryggja Gránufélagsins, Gránubryggja (NM-252:043) sem gegndi lykilhlutverki fyrir byggðina á Vestdalseyri framan af. Bryggjan var um 70 m löng og sjást enn talsverðar leifar grjóthleðslu (um 25 m löng) þótt hún hafi talsvert látið á sjá og timburverkið sé löngu horfið. Eftir bryggjunni gengu járnbrautateinar sem lágu upp að Gránufélagshúsinu. Sjórinn er nú smátt og smátt að vinna á þessum minjum eins og fleiri minjum við sjávarmálið. Aðrar bryggjur á skráningarsvæðinu voru minni. Ein þeirra (NM-252:228) var á Vestdalseyraroddanum, skammt austan við Gránubryggju. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er lýst „sjógarði með uppfyllingu að nokkru leyti“ og lítill „tréfallur“ frá honum á kaupstaðarlóðinni á Vestdalseyri og er líklegt að átt sé við umrædda bryggju og bólvirki austan við stóru Gránubryggjuna 043. Af korti því sem gert

var af Vestdalseyri fyrir 1920 (mögulega á árunum 1913-17) er ekki sýnd bryggja á umræddum stað þótt bólvirkið virðist til staðar. Engin ummerki sjást nú um bryggjuna. Steinbryggja (NM-252:044) var nokkru innar, nálægt jaðri úttektarsvæðis og þar innan við voru fleiri bryggjur og sjóskúrar sem voru utan úttektarsvæðis og því ekki skráðir. Engin ummerki sjást um Steinbryggjuna og liggur vegöxl Eyrarvegar hartnær ofan í fjöru á þessum stað. Milli Steinbryggjunnar og Sjóhúss Einars Sigurðssonar og Gísla í Pétursborg (NM-252:061-063 – utan svæðis) var svo vör (NM-252:064). Þar má greina óljós merki um rudda vör þótt Eyrarvegur leggist nokkuð þétt að minjum á þessum slóðum. Utan við Vestdalsá voru skráðar tvær bryggjur. Sú vestari (NM-252:122) var niður undan Vestdalsgerði og er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 en sú austari er s.k. Smiðjubryggja (NM-252:068) sem var við Smiðjulæk og tilheyrði Sigurjóni Oddsyni í Smiðju/Lækjarhúsum. Á þeim slóðum sjást enn þrír bryggjustólpar, einn undir hlíðinni og tveir úti í sjó sem líklega eru leifar af umræddri bryggju. Í örnefnaskrá er getið um steinbryggju og vör utan við Vestdalsá (NM-252:066-067) en lýsingin er svo takmörkuð að ekki var hægt að ákvarða hvort umrædd bryggja væri sú sama og NM-252:122 þótt það þætti líklegast en engin merki fundust um rudda vör á þessum slóðum. Auk þeirra mannvirkja sem hér hafa verið nefnd er rétt að geta þess að uppsátur (NM-252:161) var í fjörunni suðvestan við Gránufélagshúsið. Uppsátrið sést á fjölmörgum ljósmyndum af þorpinu (t.d. á ljósmynd af því frá því um 1895 sem birtist í Íslandi Howells) þar sem má sjá að bátar hafa verið geymdir á þessum slóðum. Samkvæmt ævisögu Vilborgar Dagbjartsdóttur (Þorleifur Hauksson. 2011: 34) var lengi uppsátur á þessum slóðum og voru m.a. geymdir þar bátar afa hennar Guðmundar Einarssonar í Kirkjuholli og Foss-báturinn og voru hlunnarnir hvalskíði sem bátar voru dregnir eftir upp á land. Svæðinu var mikið umturnað á hernámsárunum og þar er nú þúst eftir mannvirki frá því skeiði.

Mikið af sjóhúsum/sjóskúrum hafa verið í landi Vestdals en stærstur hluti þeirra var utan þess svæðis sem tekið var út 2017. Tveir sjóskúrar eru þó þekktir innan svæðis. Annar þeirra (NM-252:109) var nálægt suðvesturjaðri úttektarsvæðis þar sem áður voru nokkrar bryggjur og sjóskúrar. Umrætt sjóhús er merkt inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 skammt ofan við vör (NM-252:064) en engin ummerki sjást um það nú og er svæðið undir vegöxl við fjöruborðið. Hinn sjóskúrinn sem skráður var innan svæðis (NM-252:121) var einnig merktur á sama kort nálægt steinbryggju NM-252:122. Hlutverk hússins kemur raunar ekki fram á kortinu en líklegast er að það hafi verið sjóskúr af einhverju tagi, líklega frá Vestdalsgerði eða Grund. Engin ummerki um skúrinn fundust og er hann að líkindum horfinn undir Vestdalseyrarveg.

Auk áðurgreindra minja voru skráðir fiskreitir á sex stöðum innan úttektarsvæðis. Stærstir voru reitirnir við Gránufélagshúsin en þar voru skráðir fimm stórir fiskreitir (NM-252:123-126).



Fjórir þeirra eru merktir inn á kort af Vestdalseyri frá því um 1920 en þess fimmta aðeins getið í Fasteignamati frá 1916-18 og því reyndist ekki unnt að staðsetja hann nákvæmlega. Umsvif hersins voru mikil umhverfis Gránu á stríðsárunum og sjást engin merki fiskreitanna lengur. Sjötti fiskreiturinn sem skráður var á svæðinu var án efa annars eðlis en hinir en hann var á húsalóð Smiðju/Lækjarhúss (NM-252:009) heima við bæ, ásamt fiskiskúr og fleiri minjum sem skráðar voru undir sama númeri en hafa alveg verið máðar út.

### *Samgönguminjar*

Á skráningarsvæðinu voru 11 minjastaðir sem gætu flokkast undir samgönguminjar. Þar ber fyrst að nefna Vestdalseyrarveg eða Eyrarveg (NM-252:035) sem lá innan úr bæ, til Vestdalseyrar og áfram til austurs með ströndinni. Vegurinn var á löngum köflum á svipuðum slóðum og núverandi vegur og á myndum af Vestdalseyri frá því um 1900 má sjá að hann hefur að hluta til verið upphlaðinn en slíkar leifar sáust ekki innan skráningarsvæðis. Aðrar leiðir sem voru skráðar voru allar styttri vegir. Kirkjustígur (NM-252:230) lá áður að Kirkjunni á Vestdalseyri, þ.e. þeim stað þar sem hún var fyrst byggð á Eyrinni NM-252:143 uppi á Kirkjukletti. Umræddur spotti var stuttur og náði að öllum líkindum frá Eyrarvegi og upp að kirkju. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttir, var vegurinn kerrufær og á ljósmynd sem tekin var rétt fyrir 1900 og birtist í bókinni Ísland Howells sést hann þar sem hann liggur í krókum upp á Kirkjuklettinn á svipuðum slóðum og stígur fyrir göngufólk liggur nú. Tvær götur voru skráðar í Vestdalstúninu. Önnur (NM-252:247) lá upp að bænum, líklega frá Eyrarvegi en ummerki eftir hana eru nú að verða óljós. Hin gatan (NM-252:227) lá upp frá bæ og hefur líklega annað hvort legið til Vestdalsgerðis eða til engja og sáust greinileg ummerki um hana efst í túninu. Tvær götur voru skráðar frá Fossi og báðar þeirra gerði Magnús Sigurðsson ábúandi á Fossi. Önnur þeirra (NM-252:083) var eins konar sneiðingur frá bænum og upp á klettana fyrir ofan bæinn og sprengdi Magnús skarð í klettana þar til að greiða götuna. Ummerki um götuna sjást enn vel og þar sem sprengt hefur verið í klettana má lesa nokkrar áletranir og er þar mest áberandi áletrunin „GUD BLESSI FOSS“ (NM-252:084) sem Pétur skósmiður Sigurðsson sem bjó á Fossi hjó í bergið. Á þessum slóðum var talið að huldufólk byggi og urðu sumir þorpsbúar varir við ljósagang og fleira yfirsíkilvitlegt í klettunum. Áður en klettarnir voru sprengdir birtist huldukona ítrekað í draumi Hallfríðar konu Magnúsar á Fossi (sem sprengdi klettana) og varaði við því að ef klettarnir yrðu sprengdir þá myndi hún leggja Vestdalseyri í eyði. Vildu sumir meina að það hefði ráðið nokkru um örlög þorpsins.

Magnús í Fossi gerði einnig götu frá túnjaðri og niður á Eyrarveg (NM-252:039) og þar

gerði hann einnig gangstíg úr tilhöggnum steinum, setti upp handrið úr járnteinum, sem hann festi með blýi í hleðsluna, og streng á teinana. Ummerki um báðar götur eru enn vel greinileg. Á Fossi var að auki upphlaðið bæjarhlað (NM-252:021) sem lá meðfram allri bæjarþyrpingunni og hefur verið notað sem hálfgerð gata eða heimreið.

Vegur lá frá Eyrarvegi og upp á neðri hjallann (NM-252:204), að Hjalla (NM-252:027) og sjást greinileg merki hans enn þótt hann sé yfirgróinn. Vegur þessi varð reyndar nokkuð frægur á stríðsárunum þar sem hann varð bitbein hersins og íbúa Hjalla. Aðgangur upp á hjallann var annars erfiður en umræddur vegur var of mjór fyrir hertrukkana og því ákváðu forsvarsmenn herliðsins á Vestdalseyri að breikka veginn og ætluðu að lengja hann að Ytra Hjalla og braggahverfinu sem þar var. Þeir hófu það verk í leyfisleysi (og samkvæmt heimildum var skálahverfið við Ytri-Hjalla einnig byggt í leyfisleysi) en umferðin um hann olli talsverðum óþægindum á Innri-Hjalla. Því fór það svo að í eitthvert sinn þegar trukkarnir þeystu inn túnið í Hjalla og hermennirnir voru með hróp og köll ofbáuð Erlendínu Jónsdóttur húsfreyju á Hjalla svo hún reif fram rifill (óhlaðinn) og miðaði á hermennina sem urðu dauðskelkaðir. Málalyktir urðu þær að herinn myndi ekki nota umræddan veg heldur gera nýjan veg upp brattann hjallann utar (NM-252:178) enda hefði vegurinn eyðilagt afkomu fólksins á þremur heimilum sem öll voru með kýr.<sup>53</sup> Nýji vegurinn reyndist hins vegar ekki vel enda var upp talsverðan bratta að fara. Ummerki um báða umrædda vegi sjást enn vel.

Heimildir eru þekktar um tvær brýr á svæðinu, báðar á Vestdalsá. Eldri brúin (NM-252:050) var göngubrú og er hennar er getið í sýslufundargerð 1878 og þess getið að hún þarfnadist viðgerðar og því líklegt að hún hafi þá staðið um skeið. Staðsetning þessarar brúar er nú týnd að öðru leyti en því að hún var í gili ofan við Vestdalseyri. Líklega hefur sú brú sem Tryggvi Gunnarsson lét byggja 1885 verið á sama stað og áðurgreind göngubrú en sú brú stóð fram yfir aldamótin 1900 samkvæmt heimildum. Þá var gerð ný brú (NM-252:050) niðri á eyrinni og var hún endurbyggð á svipuðum stað eftir að flóð í ánni hafði skolað eldri brú í burtu árið 1930. Þetta yngra brúarstæði var á svipuðum stað og þar sem enn er brú á Eyrarvegi.

### *Herminjar*

Herminjar eru skráðar með fornleifum við fornleifaskráningu þótt þær nái ekki lágmarksaldri til að teljast til fornleifa í hefðbundnum skilningi (en miðað er við 100 ára reglu við mat á þeim). Herminjar eru hins vegar til marks um skammvinnt en merkt skeið í sögu þjóðar og hafa herminjar að auki víðari tilvísun í heimssöguna. Að auki eru þær, eins og margar aðrar nýminjar,

---

<sup>53</sup> Þorleifur Hauksson. 2011: 51-52, Seyðfirskir hernámsþættir, 46-49.

mannvistarleifar sem hafa horfið gríðarlega hratt á síðustu áratugum og er því mikilvægt að skrá og vernda.

Eins og áður hefur komið fram voru umsvif hersins á Vestdalseyri gríðarleg á stríðsárunum. Vestdalseyrinni var lokað báðum megin með vöktuðum hliðum og þurfti að sýna vegabréf til að fá leyfi til að fara þar í gegn og siglingar voru einnig takmarkaðar. Talið er að á Eyrinni hafi risið allt að 50 braggar í nokkrum hverfum og þar verið allt að 1000 hermenn þegar mest var. Auk bragganna voru byggð fjölmörg önnur mannvirki s.s. byssustæði, loftvarnarbyrgi, skotbyrgi, hlið inn og út af svæðinu, stæði undir ljóskastara o.s.frv. Herinn leigði öll þau hús sem voru fól í þorpinu. Höfuðstöðvar þeirra voru gamla Gránufélagshúsinu og þeir tóku einnig yfir Samkomuhúsið og Skólahúsið. Auk auki bjuggu offiserar t.d. um sig í efra húsinu á Hvoli og á Ytri-Hjalla bjuggu yfirmenn sjóhersins.<sup>54</sup> Á Vestdalseyri var hvorki rafmagn né rennandi vatn en herinn kom sér upp rafstöð og rennandi vatni og reistu m.a. baðhús.<sup>55</sup> Þeir byggðu hersjúkrahús og verslunarhús og notuðu samkomuhúsið sem matstað og samkomuhús. Margir íbúar á svæðinu fengu vinnu hjá hernum við hitt og þetta, foreldrar Vilborgar Dagbjartsdóttur ráku m.a. þvottahús fyrir herinn um skeið og Guðný systir hennar vann í matsölunni.<sup>56</sup>

Til eru góðar lýsingar á lífinu á Vestdalseyri á stríðsárunum, s.s. skrif Vilborgar Dagbjartsdóttur og umsvifunum hefur líka verið lýst, t.d. í bókunum Seyðfirskir hernámsþættir, Stríðsárin 1938-1945 og Fremstu víglínu. Nokkra hugmynd má einnig fá um umsvif hersins af ljósmyndum sem sýna þorpið á þessum tíma. Þær eru þó sorglega fáar og við skráningu fannst ekki kort sem hægt var að nota við staðsetningu einstakra mannvirkja né heldur skýrar loftmyndir af svæðinu frá þessum tíma. Staðsetning herminja byggði því að stærstu leyti á ljósmyndum og lýsingum annars vegar og hins vegar þeim ummerkjum sem sjást á yfirborði. Þau eru hins vegar minni en sumstaðar annars staðar þar sem talsverð áhersla var lögð á að fjarlægja ummerki eftir herinn í stríðslok og „hreinsa“ svæðið. Samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur fengu heimamenn eftir stríðslok vinnu við að afmá minjar eftir veru hersins og borguðu Bretar fyrir vinnuna. Faðir hennar vann m.a. að þessu um skeið og skýrir það þá staðreynd hversu umfangslítills ummerki um hernámsárin í þorpinu eru í raun, þótt þau megi reyndar greina víða þegar vel er að gáð. Ekki er vitað hvað varð um efnivið og byggingar af Vestdalseyri en þær hafa líklega verið seldar og efniviður endurnýttur, a.m.k. er þess getið í Húsa sögu Seyðisfjarðar að á Bjólfsgötu 1/Litla gula húsinu hafi Hjálmar Níelsson reist bátaskýli úr gömlum setuliðsskúr af Vestdalseyri.<sup>57</sup>

---

<sup>54</sup> Þorleifur Hauksson. 2011: 47.-51.

<sup>55</sup> Þorleifur Hauksson. 2011: 48-49 og Páll Baldvin Baldvinsson, 2015: 291.

<sup>56</sup> Sjá t.d. Þorleifur Hauksson. 2011: 49, Seyðfirskir hernámsþættir. 1977, 45, Páll Baldvinsson. 2015, 291, 328, 355.

<sup>57</sup> Húsa sönnun Seyðisfjarðar. 1995:145.



Þrátt fyrir að ummerki um herminjar séu víða talsvert mál á skráningarsvæðinu voru skráðir 47 slíkir staðir skráðir innan marka skipulagsreits sumarið 2017 og voru sumir þeirra þyrpingar, s.s. smærri skálahverfi. Umsvif hersins á skráningarsvæðinu voru mest á sjálfri Vestdalseyrinni og á hjöllum þar fyrir ofan en þau náðu víðar, bæði í hliðina ofan við og utar í landareignina.

Skálahverfi og ýmis mannvirki því tengd voru ofan við og allt í kringum Gránu (NM-252:077, 080, 148, 161, 162, 164, 255) og nokkrir braggar til viðbótar voru vestast ár Eyrinni neðan vegar (NM-252:166). Þar nálægt virðist einnig hafa verið varðskúr við veginn (NM-252:167) og líklega hlið en miklar girðingar voru reistar beggja vegna eyrarinnar (NM-252:155-156) til að takmarka aðgengi að henni.

Neðan við veginn var á þessum slóðum s.k. Gránubali, tjörn sem lagði oft á vetrum. Hann fylltu hermenn og útbjuggu þar fótboltavöll NM-252:168 börnunum í þorpinu til lítillar ánægju.

Lítið skálahverfi var fast ofan við Eyrarvegin, í námunda og kringum þau íbúðarhús sem þar stóðu enn á hernámsárunum (NM-252:158, 170, 172, 174, 264 og 265) og fram hjá umræddum bröggum hefur legið vegurinn (NM-252:178) sem herinn lét leggja upp á næsta hjalla, sem áður er getið. Allra austast á þessu svæði, við Vestdalsána voru skráð tvö tröllaukin mannvirki sem líklega eru leifar af einhvers konar virkjum/skotgröfum (NM-252:188 og 264). Neðan við þær, við brúna yfir Vestdalsá er steinsteyptur kassi NM-252:263 við veginn sem líklegast tengist veru hersins á þessum slóðum. Á Eyrinni voru tvær stórar fallbyssur, múraðar niður (NM-252:157), rétt við Vestdalsá. Þar fyrir ofan var mikið kastljós (NM-252:257) sem notað var til að fylgjast með skipaumferð um fjörðinn. Á umræddu svæði fundust óljós ummerki, mögulega undirstöður ljóskastaranna.

Braggahverfi og fjölbreytilegar herminjar voru á mið hjallanum þar sem Hjallabæirnir stóðu. Ekki fundust góðar ljósmyndir af svæðinu en á einni af fáum yfirlitsmyndum sem fundust (og birt var í bókinni *Fremsta víglína*) mátti sjá glitta í einn af bröggunum við Ytri-Hjalla (NM-252:105) sem byggður var inn í kálgarð við Ytra-Hjalla. Talað er um að braggahverfi hafi verið við Ytri-Hjalla en engar ljósmyndir fundust af því. Af misskýrum yfirborðsummerkjum mátti hins vegar merkja talsverð umsvif í kringum húsið og á svæðinu ofan og utan við (NM-252:065, 076, 238, 240 og 242). Braggi virðist einnig hafa staðið utar og neðar, við Kirkjuklett (NM-252:251) og sést hann á ljósmynd af Vestdalseyri frá 1941 (sem birtist í bókinni *Fremstu víglínu*) ásamt óljósu mannvirki suðvestan hans. Afar lítil ummerki sjást um herminjar á þessum slóðum en þar var m.a. víghreiður með loftvarnarbyssu samkvæmt Vilborgu Dagbjartsdóttur heimildamanni. Innar var mögulegur brunnur eða renna sem gæti hafa tilheyrð hernum og áður er minnst á og gryfjur

sem líklegast tengjast honum (NM-252:055, 178 og 222). Fleiri mannvirki frá hernum voru ofar, við Vestdalsgilið á þessum slóðum. Á þremur stöðum voru skráð hringlaga mannvirki sem ekki er ljóst hvaða tilgangi hafa þjónað (NM-252:232, 234, 236) en á ljósmynd virðist mega greina einhvers konar byrgi eða hlaðin hús á svipuðum slóðum.

Ofarlega á skráningarsvæðinu, ofan við Foss og innar með hlíðinni var talsvert af herminjum skráð, flestar þeirra eru einfaldar og margar niðurgrafnar og ekki er ólíklegt að þær hafi flestar verið einhvers konar byrgi, mögulega skotgrafir eða eftirlitsmannvirki (NM-252:082, 100, 152, 159, 181, 182 og 266). Enn ofar voru skráð fleiri mannvirki sem líklegast eru frá hernámsárunum en þau reyndust utan úttektarsvæðis og verður ekki fjallað sérstaklega um þau.

Minna var um herminjar utan Vestdalsár en þar var þó skráð möguleg undirhleðsla undir loftvarnabyssu efst í túni Vestdalsgerðis (NM-252:192), stór gryfja (NM-252:246) á norðausturbakka Vestdalsár sem talin var tengjast umsvifum hersins og tveir óræðir minjastaðir við Vestdalseyri (NM-252:191 og 196) voru einnig taldir hugsanlegar herminjar þótt ekki væri hægt að fullyrða um það.

#### *Samantekt og niðurstöður*

Ljóst er að mikill fjöldi minjastaða er innan deiliskipulagsreits á Vestdalseyri, í raun svo mikill að svæðið er nokkuð einstætt. Minjarnar spanna að líkindum allt tímabil búsetu í Vestdal, allt frá fyrsta landnámi (en líklega er mjög fornar minjar að finna í og við bæ og bænhús í Vestdal) og allt fram á 20. öld (en hluti minja sem skráður var eru herminjar frá miðri 20. öld).

Almennt má segja að elstu „þekktu“ minjarnar innan svæðis séu að líkindum við sjálfan Vestdalsbæinn og í túninu þar í kring. Ekki er vitað um upphaf búsetu á Vestdalsgerði, annað en það að hjáleigan er að öllum líkindum sú sem komin var í byggð fyrir 1703. Ekki eru þekktar eldri minjar á Vestdalseyri en þær sem tengjast iðnaði og þéttbýlismyndun þar sem hófst um miðja 19. öld. Ekki er þó ólíklegt að einhver mannvirki hafi verið þar áður og mögulega um aldir, en hafi slíkar minjar verið á svæðinu þegar þéttbýlismyndun hófst hafa öll yfirborðsummerki um slíkt verið afmáð.

Ástand minja á skráningarsvæðinu ber þess merki að þar var að stórum hluta þéttbýlt fram eftir 20. öld. Því hafa eldri minjar í þorpinu víða vikið, sumar mögulega á hernámsárunum. Eftir stríðslok var mikið af mannvirkjum hersins fjarlæggt og á seinni hluta 20. aldar voru hús og grunnar felldir og fjarlægðir á Eyrinni. Talar Vilborg Dagbjartsdóttir um að „hreinlætisæði“ hafi gripið Seyðfirðinga á þessu skeiði<sup>58</sup> en sú var auðvitað raunin víða um land að yfirgefin mannvirki

---

<sup>58</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir. 1989:411.

og tóftir þættu lýti á landslaginu og þjóðþrifaverk að afmá slík ummerki. Á allra síðustu árum hafa litlar framkvæmdir verið á svæðinu en malarplan var þó gert fyrir fólksbíla fast neðan við Eyrarveg og ofan við Gránufélagsgrunninn og göngustígur hefur einnig verið stikaður upp brekkuna á vesturbakka Vestdalsár.

Þrátt fyrir að talsvert af minjum á Vestdalseyri og nágrenni hafi vikið að hluta eða fullu eru enn talsverð ummerki um minjastaði innan skipulagsreits og frekari ummerki án efa undir sverði víða. Þótt yfirborðsummerki um horfin hús láti stundum lítið yfir sér mátti í mörgum tilfellum í það minnsta sjá hvar mannvirki höfðu staðið og mörk þeirra. Í tæplega fjórðungi tilfella var þó engin merki að sjá um þekkta minjastaði. Þar sem ummerki sáust voru í ríflega fjórðungi tilfella um að ræða hleðsluleifar sem stóðu misvel (voru ýmist signar eða stóðu grónar) en algengast var að annars konar ummerki sæjust um minjastaði (s.s. leifar af húsgrunnum, steypuleifar, götur, varir o.s.frv.). Minjastaðirnir innan deiliskipulagsreits voru flestir metnir í almennri hættu vegna þess að hugmyndir eru uppi um framkvæmdir innan þess. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að minjastaður teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á honum sé óhjákvæmilegt, aðeins að hann sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir skemmi ekki minjar. Það er ljóst að mörgum staðanna ætti lítil hætta að vera búin. Fjórir staðir voru taldir í hættu vegna nálægðar við Eyrarveg (staðsetning þriggja húsa NM-252:010, 049 og 093) auk þess sem endurbygging vegarins hefur máð út ummerki eldri vegar (NM-252:035). Landbrot ógnaði fimm minjastöðum (NM-252:092, 094, 104, 121 og 228) og voru tveir þeirra taldir í stórhættu, báðir vegna ágangs Vestdalsár. Staðirnir sem taldir voru í stórhættu voru annars vegar útihústöft austan Vestdalsár (NM-252:190) og hins vegar staði myllu sem var við Foss á vesturbakka Vestdalsár.

Ljóst er að minjar um þorpið á Vestdalseyri eru merkar í sögu þjóðarinnar og innan deiliskipulagsmarka eru fjölmargir staðir sem mætti kynna fyrir heimamönnum jafnt sem ferðamönnum. Mikilvægt er að öll uppbygging á þessum slóðum taki mið af sögu svæðisins og sé gerð í náinni samvinnu við minjayfirvöld.

Að lokum er rétt að benda á að skráning sem þessi er aldrei endanleg. Ekki er útilokað að forn og áður óþekkt mannvirki gætu komið í ljós á framkvæmdasvæðinu við framkvæmdir. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir skal samkvæmt lögum stöðva framkvæmdir og tilkynna um fundinn til Minjastofnunar Íslands. Þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.



## Heimildaskrá

**Alþýðublaðið:** *Alþýðublaðið*. 1936. „Stórbruni á Vestdalseyri“ Pétur Sigurðsson. 3. árgangur, 15. tölublað. 5. apríl 1936, bls. 2, 6-8.

**Alþýðublaðið 1955:** *Alþýðublaðið*. Fimmtudagur 24. marz 1955. „Aldraður maður brann inni á Seyðisfirði í fyrrinótt. Forsíðufrétt. 36. árgangur, 69. tbl.

Austri, 10.05.1884. [auglýsing án titils]. *Austri*. 10. maí 1884. (1. árgangur 10. tölublað, dalkur 120).

Austri 18.04.1885. [auglýsing án titils]. *Austri*, 18. apríl 1885 (2. árgangur, 4. tölublað, bls. 16)

Austri 29.11.1894. „Voðalegur húsabruni.“ *Austri*, 29. nóvember 1894 (4. árgangur, 30. tölublað, bls. 130-131).

Austri 09.04.1898. „Hús til sölu“. *Austri*, 9. apríl 1898 (8. árgangur, blað nr. 10, Auglýsing á forsíðu).

Austri 17. 03.1906. [Auglýsing]. *Austri*, 17. mars 1906 (8. tölublað. bls. 32, Auglýsing á forsíðu)

Austri 25.10.1910. „Vestdalseyrarskólinn“. *Austri*, 25. október 1910 (19. árgangur, 34 tölublað. Forsíða.)

**ÁFÍ 2005:** Hjörleifur Guttormsson. 2005. *Ferðafélag Íslands. Árbók 2005: Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

**BS:** Kristján Róbertsson. 1995. *Byggðasaga Seyðisfjarðar. Fyrri bindi*. Seyðisfirði: Seyðisfjarðarkaupstaður.

**Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi*. I–II. bindi. 1858–1878.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag,

Dagblað 11.01.1926. „8 - átta – verslunarstaðir til sölu“ *Daglað* 1. árgangur 1925-26, 288. tölublað, bls. 4

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I–XV. bindi. 1857–1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

**Eimreiðin 1903:** Þorsteinn Erlingsson. 1903. „Seyðisfjörður.“ *Eimreiðin* 2, bls. 85-110.

**Fremsta víglína:** Friðþór Eydal. 1999. *Fremsta víglína: Átök og hernaðarumsvif á Austurlandi í heimsstyrjöldinni síðari*. Reykjavík: Bláskeggur.

Friðrik G. Olgeirsson. 2000. *Langnesingasaga II: Saga byggðar á Langanesi 1918-2000*. Reykjavík: Þórshafnarhreppur.

- Frimerkjabláðið*. 2008. "Danska pósthúsið á Vestdalseyri", 2.tbl. 10. árgangur, bls. 10-11.
- Hernámsþættir/Seyðfirskir hernámsþættir: Hjálmar Vilhjálmsson. 1977. *Seyðfirskir hernámsþættir*. [Án útgáfustaðar]: Örn og Örlygur.
- Hjálmar Vilhjálmsson. 1976. „Hugleiðingar um landnám í Seyðisfirði“. *Múlaping* 8. Bls. 34-47.
- Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar:** Þóra Guðmundsdóttir. 1995. *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Seyðisfjörður: Safnastofnun Austurlands/ Seyðisfjarðarkaupstaður.
- Hæfir 06.06.1925. „Hús til sölu“ . Hæfir, 3. árgangur, 24. tölublað, bls. 4.
- ÍF I:** Íslensk fornrit I. 1933. Reykjavík: Fornritafélagið.
- Ísland Howells:** *Ísland Howells: 1890-1901*. 2004. (Frank Ponzi tók saman). Mosfellsbær: Brennholtsútgáfan.
- JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi. 1847*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Kirkjur Íslands 25:** *Friðaðar kirkjur í Múlaprófastsdæmi II: Bakkegerðiskirkja, Eiðakirkja, Hjaltastaðakirkja, Klyppstaðakirkja, Seyðisfjarðarkirkja, Þingmúlakirkja*. 2015. Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa.
- Jón Jónsson. 1936. „Úr minnisblöðum“. *Líf* 1. árgangur 1936\_2.tölublað, bls. 140-151.
- KK IV:** Kálund, Kristian.1986. *Íslenskir sögustaðir*. Austfirðingafjórðungur IV. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Kristín Marja Baldursdóttir. 2000. *Mynd af konu: Vilborg Dagbjartsdóttir*. Reykjavík: Salka.
- Múlaping II:** *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. II. bindi. 1975. Ármann Halldórsson (ritstj.) Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.
- Norðanfari*. 1865. „Frjettir innlendar“. 4. árgangur 1865, 31-32. tölublað, 7. nóvember. Bls. 64.
- Norðanfari*. 1865. „Frjettir innlendar“. 4. árgangur 1865, 35.-36. tölublað, 23. desember. Bls. 69-70.
- Páll Baldvinsson. 2015. *Stríðsárin 1938-1945*. Reykjavík: JPV.
- Reykjablíðarætt: niðjadal Sr. Jóns Þorsteinssonar í Reykjablíð og konu hans Þuríðar Hallgrímsdóttur og barnsmóður hans Þorbjargar Þorláksdóttur*. 1993. Ættfræðistofa Þorsteins Jónssonar tók saman. Reykjavík:Líf og saga.
- Ritþing Gerðubergs 2005: Vilborg Dagbjartsdóttir. 2. apríl 2005. *Ritþing Gerðubergs 2005*. Reykjavík: Gerðuberg.

- Sigurður Vilhjálmsson. 1966. „Seyðisfjörður (til siðaskiptanna 1550)“. *Múlaping 1*. Bls. 151-165.
- Skriðuföll og snjóflóð:** Ólafur Jónsson. 1957. *Skriðuföll og snjóflóð*. I.-II. bindi. Akureyri: Norðri.
- Smári Geirsson. 1989. *Frá eldsmíði til elexírs: Iðnsaga Austurlands I. bindi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Smári Geirsson. 1995. *Frá skipasmíði til skógerðar: Iðnsaga Austurlands II. bindi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Smári Geirsson. 2015. *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*. Reykjavík: Sögufélag.
- Steinn Stefánsson. 1989. *Safn til sögu Seyðisfjarðar – Skólasaga Seyðisfjarðar*. Reykjavík: Seyðisfjarðarkaupstaður.
- Sýslu- og sóknahýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874: Múlasýslur*. 2000. Reykjavík: Sögufélag.
- Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.
- „Áætlun yfir tekjur og gjöld Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1930“ *Hæfir*, 8. árgangur, 1930, 3. tbl., 4
- „Vestdalsárbrúin“. 1951. *Austurland*, 1.árgangur (11 tölublað), bls. 1.
- Vilborg Dagbjartsdóttir/Silja Aðalsteinsdóttir (tók viðtalið). 1989. „Andlit í djúpinu, brosandir: Viðtal við Vilborgu Dagbjartsdóttur, skáld“. *Tímarit Máls og menningar*, 50. árgangur, 4. tölublað. Bls. 407-429.
- Vilborg Dagbjartsdóttir. 1984. „Allt annað land en hér“ *Þjóðviljinn* 23. desember 1984. Bls. 18-19.
- Þorleifur Hauksson. 2011. *Úr þagnarhyl: Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur*. Reykjavík: Mál og menning
- ÞSS III: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. III. bindi. 1982. Sigfús Sigfússon safnaði. Ný útgáfa. Reykjavík: Þjóðsaga.

## Óprentaðar heimildir

- Bjarki Borgþórsson og Sigurður Snæbjörn Stefánsson . 2016. *Drög að skráningarskýrslu fyrir Vestdalseyri*. 2016. Handrit í vörslu höfunda.
- Erindi til Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna uppbyggingar á Vestdalseyri*. Bréf frá Dýra Jónssyni til bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar, dagsett 24. ágúst 2015.



Kort NA. *Seyðisfjörður. Frá Vestdal að Grýtá*. Uppdráttur af Vestdal/Vestdalseyri. Ekki merktur höfundur. Ótímasettur en frá því um eða fyrir 1920. Sótt 8. maí 2017 af [http://www.sfk.is/static/files/byggingafulltrui/vestdalseyrigryta\\_kort.pdf](http://www.sfk.is/static/files/byggingafulltrui/vestdalseyrigryta_kort.pdf)

KortSV. *Seyðisfjörður. Frá Vestdalseyri að Vestdal*. Uppdráttur af Vestdalseyr. Ekki merktur höfundur. Ótímasettur en er frá því um eða fyrir 1920. Sótt 8. maí 2017 af <http://www.sfk.is/static/files/byggingafulltrui/vestdalseyri-kort.pdf>

### **Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.**

Ö-Vestdalur HA: Örnefnaskrá Vestdals. Haraldur Aðalsteinsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

Ö-Vestdalur JJ: Örnefnaskrá Vestdals. Jón Jónsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1943.

### **Þjóðskjalasafn Íslands**

Fasteignamat 1916-1918: *Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Seyðisfjarðarkaupstað*. 1916-1918. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Manntalið frá 1703 er á vef Þjóðskjalasafns Íslands:

[http://manntal.is/myndir/geymsluskar\\_stafræn\\_afrit/Rentukammer/IS\\_THI\\_0038\\_1928\\_011\\_D\\_D1\\_0001\\_01/Mulasysla\\_2\\_012.jpg](http://manntal.is/myndir/geymsluskar_stafræn_afrit/Rentukammer/IS_THI_0038_1928_011_D_D1_0001_01/Mulasysla_2_012.jpg)

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 1871-1883:

[http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAIapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Dvergasteinss%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201871-1883/\\_/Vestdalseyri/](http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAIapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Dvergasteinss%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201871-1883/_/Vestdalseyri/)

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 1894-1903:

[http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAIapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Dvergasteinss%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201894-1903/\\_/Vestdalseyri/](http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAIapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Dvergasteinss%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201894-1903/_/Vestdalseyri/)

Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir árin 1904-1912:

<http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAlapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Vestdalseyrars%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201904-1912/1/>

Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands fyrir árin 1913-1918:

<http://salnaregistur.manntal.is/Fletta/Su%C3%B0ur-M%C3%BAlapr%C3%B3fastsd%C3%A6mi/Dvergasteinn%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i/Vestdalseyrars%C3%B3kn/S%C3%B3knarmannatal%201913-1918/1/>

### Ljósmyndir frá Ljósmyndasafni Austurlands

EIV0418/EB\_Mynd0896: Kirkja og skóli á Vestdalseyri, tekið fyrir 1922. Emelía Blöndal.

Fólk59 einnig merkt sem EB\_Mynd1928.jpg: fólk við kirkju en hús á Hjallanum sjást í baksýn.

<http://www.herad.is/y02/2008-10-09-vestdalseyri-seydisfjordur/html/Vestdalsfoss-02-1955.htm>

: Mynd af Fossi, líklega frá því um 1955.

<http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=666799> Mynd af Rósu húsi tekin um 1907.

Loftmynd frá 1977, merkt LMI-Kort-F05-F-0918-qv.jpg

<https://www.lmi.is/landupplýsingar/loftmyndasafn-2-2/>

„Við þurfum að fara að hugsa hnattrænt“ 2015. Viðtal Magnúsar Guðmundssonar við Vilborgu Dagbjartsdóttur. *Vísir* 12. september 2015. Birtist á: <http://www.visir.is/g/2015150919656>  
Hlaðið niður 20.01. 2018.

Örnefnasjá Landmælinga Íslands, <http://ornefnasja.lmi.is/>. Skoðað 1. júní 2017.


### Heimildamenn:

Vilborg Dagbjartsdóttir fædd 18. júlí 1930.

Jóhann B. Sveinbjörnsson fæddur 18. febrúar 1934.








## Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Uppistandandi hús
- Bæjarhóll
- Torfhleðsla
- Torf- og grjóthleðsla
- Grjóthleðsla
- Grjóthlaðið og steipt
- Steinsteipt
- Þúst
- Hryggur
- Jarðvegskragi
- Niðurgroftur
- Trjágarður
- Kantur
- Leið
- Mógrafir
- Skurður/renna
- Á/lækur/sjór
- Útlinur bæjarkorts frá 1920
- Náttúrulegt
- Klettur

## Yfirlitskort 1






# Yfirlitskort 2























## Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Uppistandandi hús
- ▤ Bæjarhóll
- Torfhleðsla
- ▨ Torf- og grjóthleðsla
- ▨ Grjóthleðsla
- ▨ Grjóthlaðið og steipt
- ▨ Steinsteipt
- ▨ Þúst
- ▨ Hryggur
- Jarðvegskragi
- ▨ Niðurgroftur
- ▨ Trjagarður
- ▨ Kantur
- ▨ Leið
- ▨ Mógrafir
- ▨ Skurður/renna
- Á/lækur/sjór
- ▨ Útlinur bæjarkorts frá 1920
- ▨ Náttúrulegt
- ▨ Klettur




### Yfirlitskort 3

## Skýringar

- Skráðar fornleifar     Grjóthleðsla     Niðurgröftur     Á/lækur/sjór  
 Uppistandandi hús     Grjóthlaðið og steyp     Trjárarður     Útlínur bæjarkorts frá 1920  
 Bæjarhóll     Steinsteyp     Kantur     Náttúrulegt  
 Torfhleðsla     Þúst     Leið     Klettur  
 Torf- og grjóthleðsla     Hryggur     Mógrafir     0    20    40    60 m  
 Jarðvegskragi     Skurður/renna







## Skýringar

|                         |                      |               |                             |
|-------------------------|----------------------|---------------|-----------------------------|
| • Skráðar fornleifar    | Grjóthleðsla         | Niðurgroftur  | Á/lækur/sjór                |
| ■ Uppistandandi hús     | Grjóthlaðið og steyp | Trjágarður    | Útlínur bæjarkorts frá 1920 |
| □ Bæjarhóll             | Steinsteypt          | Kantur        | Náttúrulegt                 |
| ■ Torfhleðsla           | Þúst                 | Leið          | Klettur                     |
| ■ Torf- og grjóthleðsla | Hryggur              | Mógrafir      |                             |
|                         | Jarðvegskragi        | Skurður/renna |                             |

## Yfirlitskort 4






## Yfirlitskort 5

### Skýringar

|                         |                      |               |                             |
|-------------------------|----------------------|---------------|-----------------------------|
| • Skráðar fornleifar    | Grjóthleðsla         | Niðurgroftur  | Á/lækur/sjór                |
| ■ Uppistandandi hús     | Grjóthlaðið og steyp | Trjagarður    | Útlínur bæjarkorts frá 1920 |
| □ Bæjarhóll             | Steinsteypt          | Kantur        | Náttúrulegt                 |
| ■ Torfhleðsla           | Þúst                 | Leið          | Klettur                     |
| ■ Torf- og grjóthleðsla | Hryggur              | Mógrafir      |                             |
|                         | Jarðvegskragi        | Skurður/renna |                             |

0 20 40 60 m



## Yfirlitskort 6

### Skýringar

|                         |                       |               |                             |
|-------------------------|-----------------------|---------------|-----------------------------|
| • Skráðar fornleifar    | Grjóthleðsla          | Niðurgröftur  | Á/lækur/sjór                |
| ■ Uppistandandi hús     | Grjóthlaðið og steipt | Trjágarður    | Útlínur bæjarkorts frá 1920 |
| □ Bæjarhóll             | Steinsteypt           | Kantur        | Náttúrulegt                 |
| ■ Torfhleðsla           | Púst                  | Leið          | Klettur                     |
| ■ Torf- og grjóthleðsla | Hryggur               | Mógrafir      |                             |
|                         | Jarðvegskragi         | Skurður/renna |                             |

0 20 40 60 m